

Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum

Áfangaskýrsla II



Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis:
Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir



FS527-07252
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík
2014

Efnisskipan í þessari skýrslu er með þeim hætti að á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í fjórða kafla er svo sjálf fornleifaskráin. Í henni er skrá yfir allar þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla er fjallað stuttlega um byggðasögu sveitarfélagsins og í 6. kafla er samantekt um helstu minjaflokka á svæðinu. Í 7. kafla er svo fjallað um minjavernd og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim.

II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greiftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. SKÝRINGAR

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:GK-123:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúruferi og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað
tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. úthús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa

ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. FORNLEIFASKRÁ

GK-137 Hlöðunes

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 127. 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr.), Hlöðunes (20 hdr.), tvenna Ásláksstaði (40 hdr.), Knarrarnes tvö (30 hdr.), Breiðagerði fyrir (10 hdr.). DI IV 707-708. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 4 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26.

1703: Hlöðuneskot GK-139 eina hjáleigan. JÁM III, 129. 1847: Hjáleigur í byggð eru Narfakot [GK-138] og Hlöðuneskot [GK-139]. JJ, 90. "Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [021], Narfakot [GK-138], Miðhús [022], Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]." Ó-Hlöðunes, 3, 5. Klöpp 052 var einnig afbýli sem fór í eyði fyrir aldamótin 1900. GJ: Mannlíf og mannvirki, 253.


Jörðin einnig nefnd Hlöðversnes. Þar var tvíbýli og seinni bærinn nefndur Hlöðversneskot, Gilsbakki og Vesturkot (sjá Hlöðuneskot GK-139).

1703: "Túnin brýtur sjór með sandi og grjóti æ meir og meir. Engjar eru öngvar. Úthagar litlir um sumar, nær öngvir um vetur nema fjaran." JÁM III, 129.

1919: Tún 3,6 teigar, garðar 1500m² samkvæmt túnakorti.

GK-137:001 Hlöðunes bæjarhóll bústaður

64°00.490N 22°21.415V



Minjar á bæjarhól Hlöðuness 001, horft til NNW



Kjallari A og grunnur B á bæjarhól 001 horft til VSV

Bæjarhóll Hlöðuness er á náttúrulegri hæð í miðju túni. Jörðin fór í eyði í kringum 1960 og er nú í eigu Nesbús sem rekur eggjabú á jörðinni suðaustan við gamla heimatúnið, fast norðan við Vatnsleysustrandarveg. Á

bæjarhólnum sjást nokkrir grunnar, m.a. líklega síðasta íbúðarhússins. Engar vísbendingar eru um annað en að bærinn í Hlöðunesi hafi staðið á þessum stað um aldir.

Í túninu eru grónar hæðir og suðaustan við bæinn hefur verið tjörn eða mýrlendi en það var þurr þegar skráningarmaður var á ferð í júní 2012. Vegur 045 liggur upp á bæjarhólinn fast suðvestan við minjar um síðasta

bæinn í Hlöðunesi.

Sem fyrr segir er bæjarhóll Hlöðuness á náttúrulegri hæð og er bæjarhóllinn sjálfur ekki afgerandi. Hann virðist vera um 30x25 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hann er um 1 m á hæð. Á bæjarhólnum er hlaðinn grunnur íbúðarhúss og ummerki um tengd hús. Húsgrunnurinn (kjallarinn) A snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 7x5 m að stærð. Op er á honum á miðri suðvesturhlið. Þar eru þrep ofan í kjallarann. Í veggjum er sementslím milli steina og eru þeir múraðir að utan að hluta. Kjallarahleðslurnar standa um 0,6 m upp úr jörðu. Kjallarinn er um 1,2 m á dýpt og sjást 8 umför í hleðslum. Veggir eru 1-1,5 á þykkt. Hlaðinn skorsteinn er í kjallaranum. Hann er um 1,2 m á hæð og 0,5 m á kant og sjást í honum 6 umför. Leifar af timburgólfi og járnri hafa hrunið ofan í kjallarann. Fast norðvestan við kjallarann eru óljós ummerki um mannvirki sem er horfið en engar hleðslur sjást. Grunnur B er um 2 m norðaustan við kjallara A. Hann er um 3,5x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er mjög skýr í suðausturenda þar sem sjá má hlaðinn grunn undir timburhús sem er 0,1-0,2 m á hæð. Og sést 1 umfar hleðslu. Á milli grunnanna er brotin, steipt plata sem kann að hafa verið gangur eða stétt milli húsanna sem þarna hafa staðið. Meðfram suðaustanverðum grunnnum A og B er gróin, hellulögð stétt. Hún er um 1 m á breidd meðfram grunni A en um 0,5 m á breidd meðfram grunni B. Um 2 m norðvestan við grunn B eru hleðslur C sem liggja meðfram brún bæjarhólsins á svæði sem er um 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þetta er einföld röð steina 0,2-0,3 m á hæð og breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:002 tóft útihús

64°00.500N 22°21.432V



Á vinstri mynd er tóft 002 A, horft til suðurs. Á hægri mynd er kálgarður 002B, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús með áföstum kálgarði um 20 m norðvestan við bæ 001. Tóft útihússins og kálgarðsins sjást enn.

Minjarnar eru á náttúrulegri hæð í túninu, fast vestan og norðvestan við bæjarhól 001. Uppþornuð tjörn er meðfram vestur- og suðvesturhliðum kálgarðsins.

Minjarnar eru á svæði sem er um 50x30 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hvert mannvirki fær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Kálgarðurinn B er um 38x26 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er grjóthlaðinn og stendur víðast hvar en á löngum kafla á vesturhliðinni sést hann aðeins sem hlaðinn kantur. Mesta hæð er um 1,1 m og mest sjást 6 umför hleðslu. Við norðurenda vesturveggjar kálgarðsins er lítil tóft C áföst honum að innanverðu. Hún er um 3x2 m að stærð ef ekki er talinn með kálgarðsveggurinn og snýr hún norður-suður. Hún virðist vera torf- og grjóthlaðin en er gróin. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Hlutverk hennar er ekki þekkt. Tóft A er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á norðurgafli en sá veggur er mjög hruninn. Aðrir veggir standa nokkuð vel. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1,4 m og sjást 7 umför. Ekki er vitað nánar hvaða hlutverki tóftin þjónaði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:003 tóft útihús

64°00.503N 22°21.449V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús með áföstum kálgarði um 30 m norðvestan við bæ 001. Minjarnar sjást enn.

Minjarnar eru hlaðnar norðan í og norðan við hólinn sem útihús 002 og bæjarhóll eru á. Fast norðvestan við útihúsatóftina eru leifar af steiptu útihúsi, líklega fjósi.

Minjarnar eru á svæði sem er um 20,5x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hvert mannvirki fær bókstafi til

aðgreiningar í lýsingu. Tóftin A er í suðvesturhorni svæðisins. Hún er um 6x7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og einföld. Hleðslur í henni eru hrundar að hluta. Inngangur í tóftina er á suður-langvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m og mest sjást 6 umför. Tóftin er í halla til norðurs. Sementslím er í hleðslum. Kálgarður B er um 17x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn en vestur- og norðurveggir hafa verið rifnir að miklu leyti. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Kálgarðurinn er gróinn en á einum stað sjást 3 umför. Suðurhlið kálgarðsins er um 2 m hár kantur sem hefur verið grjóthlaðinn en hleðslurnar eru hrundar. Frá inngangi inn í tóftina er hlaðinn kantur C sem er um 0,5 m á hæð og er um 12 m á lengd. Mest sjást 3 umför hleðslu í kantinum sem liggur suðvestur-norðaustur. Mögulega hefur kanturinn átt að auðvelda rekstur inn í útihúsið en hlutverk þess er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Tóft og kálgarður 003, horft til suðvesturs

GK-137:004 gryfja



Pró 004, horft til norðvesturs

64°00.510N 22°21.455V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 40 m norðvestan við bæ 001 og 10-15 m NNV við útihús 003. Þróin sést enn vel.

Þróin er í túni fast norðvestan við hólinn sem bærinn 001 og útihús 002 eru á. Fast sunnan við þróna eru leifar af steypu útihúsi, líklega fjósi.

Þróin hefur verið steypd að innan og var notuð sem haughús fyrir steypa fjósið en er líklega nokkuð eldri en það. Hún er um 9x5 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Hún er um 0,6 m á dýpt. Ekki er steypur veggur á innanverðri SSA hlið þróarinnar en þar er hleðsla sem er hrúin. Ekki sést heldur steypur veggur á ANA langvegg þróarinnar nema í norðausturhorninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:005 Hlöðunesbrunnur brunnur brunnur

64°00.537N 22°21.432V

"Hlöðunesbrunnur. Halldórsstaðabrunnur [046] og þá Narfakotsbrunnur [138:007] voru allir skammt frá bæjum í Túnunum," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 80 m norðan við bæ 001 og er það að líkindum Hlöðunesbrunnur. Brunnurinn er enn greinilegur.

Brunnurinn er í fremur sléttu og flatlendu túni.

Brunnurinn er byrgður og því sést ekki ofan í hann. Hann stendur nokkuð upp úr túninu og er um 3x3 m að stærð og 0,4 m á hæð. Brunnurinn er gróinn. Ekki fengust upplýsingar um það hversu djúpur hann er en ætla má að hann sé grjóthlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7; Túnakort 1919



Hlöðunesbrunnur 005, horft til vesturs

GK-137:006 tóft útihús

64°00.565N 22°21.503V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 140 m norðvestan við bæ 001. Tóftin sést enn.

Tóftin er á hæð í norðvesturjaðri túnsins ásamt tóft 007.


Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er allgróin og ekki útilokaða að torf hafi einnig verið notað í veggjahleðslur. Meðfram innanverðum langveggjum stallur sem er um 0,2 breiður og 0,4 m á hæð. Líklegt er að jötur hafi verið á stöllum og að útihúsið hafi verið fjárhús. Tóftin er um 5,5x8,5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Op er á suðausturgafli. Mesta hleðsluhæð er 1,6 m og sjást 5 umför.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Tóftir 006 og 007, horft til vesturs



Tóftir 006 og 007

GK-137:007 tóft útihús

64°00.570N 22°21.502V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 150 m norðvestan við bæ 001 og fast norðan við útihús 006.

Tóftin er á náttúrulegri hæð í túni sem nýtt er til beitar.


Tóftin er grjóthlaðin, gróin og einföld. Hún er um 6x5,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðaustur-langvegg, nokkuð hefur hrunið ofan í það. Í miðri tóftinni eru leifar af skiptingu innan hennar. Þar er gróin grjótröð eflir endilangri tóftinni. Röðin er um 1,5x0,3 m að stærð og 0,2 m á hæð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er um 1,3 m hæð þar sem hún er hæst og þar sjást 6 umför í innanverðum veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:008 tóft útihús

64°00.577N 22°21.502V



Tóft 008



Tóft 008, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þrískipt útihús um 160 m norðvestan við bæ 001. Tóftin sést enn.

Tóftin er á klapparhól í norðvesturjaðri túnsins og er bratt niður frá tóftinni til norðvesturs. Um fjórum metrum norðaustan við tóftina er tóft 009.


Tóftin er grjóthlaðin en gróin. Hún skiptist í þrjú hólf. Hún er um 11x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1,6 m og sjást mest 7 umfö. Víðust er hún þó 1-1,2 m á hæð. Í suðvesturenda er hólf I. Það er um 4x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á hólfinu í norðurhorninu en gengið er út til norðausturs. Hólf II er fast norðaustan við hólf I. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru úr því til norðvesturs. Hólf III er fast norðaustan við hólf II og er af sömu stærð og snýr eins og það. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:009 tóft útihús

64°00.582N 22°21.493V



Tóft 009, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús

um 165 m norðvestan við bæ 001 og 5-10 m norðaustan við útihús 008 og sést hún enn.


Tóftin er á klapparhól í norðvesturjaðri túnsins. Um fjórum metrum suðvestan við hana er tóft 008.

Tóftin er grjóthlaðin úr höggnu grjóti og er sementslím í hleðslum. Tóftin er um 7x5 m að stærð, tvískipt og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í norðvesturenda. Það er um 3x4 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á því til norðvesturs. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er um 4x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á því til norðvesturs. Suðausturgafllinn á hólfi I er múraður að innanverðu. Veggjaþykkt er mest 0,5 m og mesta hæð veggja er 1,6 m. Mest sjást 6 umföer í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en líklega hefur þetta verið herslubyrgi eða fiskhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:010 gryfja
64°00.587N 22°21.475V



Tóft 010, horft til SSV

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 165 m NNV við bæ 01 og 15-20 m norðaustan við útihús 009 og sést gryfjan enn.

Gryfjan er hlaðin innan í sprungu í grónum hraunhól sem er í norðvesturjaðri túnsins. Suðvestar á sama hól eru tóftir 008 og 009.

Gryfjan er um 5,5x3 m að innanmáli, er einföld og snýr NNA-SSV. Ekki er sýnilegt op á henni. Mesta hleðsluhæð utanmáls er 0,5 m en um 1 m á sitthvorum endanum innanmáls. Þar sjást 4 umför og sementslím í hleðslunni. Hlaðið er ofan á sprunguveggina og á milli þeirra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:011 garðlag túngarður 64°00.631N 22°21.511V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 250 m NNV við bæ 001 og var það áfast túngarði sem afmarkaði norðvestur- og suðvesturhlið túnblettis fast norðvestan aðaltúns Hlöðuness. Túngarður Hlöðuness 020 afmarkaði suðausturhlið túnsins og garður 012 ásamt áföstum mannvirkjum afmarkaði túnið til norðausturs. Leifar af túngarðinum og ummerki um útihúsið sjást enn.

Minjarnar eru fast austan við sjávarkambinn, á mörkum túns sem nýtt er til beitar og mölendis. Grasi gróíð er hér allt í kring.

Minjarnar sjást á svæði sem er um 178x76 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda svæðisins sjást ummerki um útihúsið A. Þar er gróin grjótpúst sem er um 3x3 m að stærð og um 0,2 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Annað hvort hefur útihúsið verið rífið eða það hefur horfið að mestu vegna ágangs sjávar. Um 95 m suðvestan við þústina sjást leifar af túngarðinum B á um 20 m löngum kafla þar sem hann liggur meðfram norðanverðum hól sem tóft 070 er á. Þar er garðurinn hvað greinilegastur og er hann 0,6-1 m á breidd og 1,1 m á hæð þar sem hann er hæstur og sjást mest 4 umför hleðslu. Garðurinn hverfur þar sem hólnum sleppir en sést aftur um 25 m suðvestar þar sem hann sést á svæði sem er um 45x30 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Þessi hluti garðsins tengist túngarði 020.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919


GK-137:012 Hlöðunesnaust tóftir útihús

64°00.633N 22°21.507V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var garðlag með áföstum tveimur útihúsum og einu hrófi á milli útihúss 011A og hjalls 014, um 250 m norðan við bæ 001. Í örnefnaskrá segir: "Allar varir Hlöðuneshverfis voru nefndar einu nafni Hlöðunesvarir. Vestust var Hlöðunesvör [034]. Ofan vararinnar var Hlöðuneskampur og á honum var Hlöðuneskamphús, og Hlöðunesnaust eða Hlöðuneskiparétt." Hlöðuneskamphús er líklega það útihús úr timbri á túnakorti áfast garðlagi um 220 m norðan við bæ 001 og Hlöðunesnaust eða Hlöðuneskiparétt er líklega þar sem hróf er merkt inn á túnakort um 225 m norðan við bæ 001. Leifar af öllum mannvirkjunum sem sýnd eru á túnakorti sjást enn, s.s. Garðlagið, hrófið (Hlöðunesnaust), þúst þar sem Hlöðuneskamphús stóð, og tóft af ótilgreindu útihúsi. Garðlagið er sjóvarnargarður en afmarkaði einnig, til norðausturs, sama túnblett og garður 011B. Allar þessar minjar eru samtengdar og skráðar saman undir einu númeri.

Minjarnar á grasi grónu en grýttu flatlendi á mörkum túns og fjöru.

Minjarnar eru á svæði sem er um 58x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í norðvesturenda svæðisins. Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 4x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á norðvesturhlið tóftarinnar er aðeins lágur gróinn veggur og kann þar að hafa verið timburþil með dyrum eða að hleðslurnar séu að mestu leyti hrundar á þeirri hlið. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 5 umför í hleðslunni. Laust grjót er framan við tóftina til norðvesturs en ekki er að sjá að það hafi hrunið úr henni. Líklega er það grjót sem sjórinn hefur borið á land. Tóftin er áföst garðlagi B sem liggur frá henni til suðausturs að hrófi eða nausti C. Garðurinn er grjóthlaðinn en hruninn. Hann er um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Naust C er á u.þ.b. miðju svæðinu, um 30 m suðaustan við tóft A. Það er um 9x13 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er veggur meðfram norðvesturhlið naustsins nema að hluta. Ekki er ljóst hvort það var þannig upphaflega eða hvort ágangur sjávar hafi brotið af norðausturenda veggjarins. Ekki er



hlaðið fyrir norðausturhlið naustsins. Veggjahleðslurnar í naustinu standa víða enn og eru hæstar m 1,2 m. Mest sjást 6 umför í hleðslum og eru hleðslur víðast um 1 m á breidd. Um 1,5 m suðaustan við naustið er þúst D þar sem Hlöðuneskamphús stóð. Þústin er grasi vaxin en grjóthleðslur má greina í henni. Þústin er um 9x3,5 m að stærð og



Tóft 012A og hluti af varnargarði 012B, horft til suðurs. Hlöðunesnaust/-skiparétt 012C, horft til vesturs

snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hæð er um 1 m og sjást 3 umför í hleðslu. Ekki er útilokað að grjóthleðslan hafi tilheyrt garði B frekar en útihúsinu. Garður B heldur áfram frá þúst D að hjalli 014.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hlöðunes, 5

GK-137:013 hleðsla
64°00.624N 22°21.464V

Veggjahleðsla er fast norðaustan við þúst 012D af Hlöðuneskamphúsi og um 250 m NNV við bæ 001. Minjarnar eru í grýttri fjöru.

Veggjahleðslan er úr grjóti, um 4,5x1,5 m að stærð og er hann um 1 m á þykkt. Veggurinn snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,6 m á hæð og sjást 4 umför í hleðslu. Aðrir hlutar mannvirkisins eru líklega horfnir vegna landbrots.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:014 heimild um hjall
64°00.619N 22°21.440V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hringlaga grjóthjallur um 220 m norðan við bæ 001.

Hjallurinn var á lítilli klöpp þar sem Miðhúsagarður 022B og garður 012B mætast fast sunnan við sendna klapparfjöru.

Ekki sjást leifar af hjallinum á klöppinni en þar eru leifar af garði 022B sem liggur eftir brún klapparinnar og meðfram sjávarbakkanum til suðausturs. Ef til vill hefur hjallurinn verið rifinn eða hann hefur horfið vegna landbrots.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-137:015 hleðsla
64°00.570N 22°21.179V

Jarðlæg hleðsla er um 130 m austan við Narfakot 138:001 og um 240 m norðaustan við bæ 001.



Hleðsla 013, horft til suðausturs



Hleðsla 015, horft til suðurs

Hleðslan hafði áður númerið 075 í umsögn til Minjastofnunar Íslands vegna fyrirhugaðrar veglagningar að sjóvarnarmannvirkjum í byrjun árs 2014.


Hleðslan er í móa sem nýttur er fyrir hrossabeit af ábúendum í Narfakoti. Fast sunnan við hleðsluna eru tvö lítil timburhús og er annað þeirra notað sem hænsnahús. Á þessum stað var áður sumarhús.

Hleðslan er um 6x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún stendur lítið sem ekkert upp úr jörðu en grjótraðir eru meðfram norðurhlið, lítillaga bogadregin í austurenda, og að hluta meðfram suðurhlið. Þarna virðist hafa verið hlaðinn grunnur eða hlaðið með innri brún gryfju. Fyllt hefur verið upp í meintan grunn með jarðvegi, grjóti og brotajárni. Hlutverk eða aldur minjanna er ekki þekktur en líklegt er að um ungar minjar sé að ræða og óvíst að þær nái 100 ára aldri og geti þær með talist fornleifar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-137:016 tóft útihús

64°00.454N 22°21.290V



Tóft 016, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús áfast túngarði 020 um 110 m suðaustan við bæ 001. Tóft þessa útihúss sést enn, hún er þó ekki sambyggð túngarði.

Tóftin er í suðaustanverðum túnjaðri. Suðaustan við hana er flagmói. Túngarðurinn virðist hafa verið rifinn á löngum kafla beggja vegna við tóftina.

Tóftin er einföld, gróin og grjóthlaðin. Hún er um 5x11 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hæð veggja er 1,6 m og að innanverðu sjást 7 umför í hleðslum. Veggjahleðslur standa nokkuð vel en hafa að hluta til hrunið inn í tóftina. Langveggir tóftarinnar mjókka efst þegar komið er upp fyrir 1 m hæð. Op er á tóftinni til norðvesturs. Ekki er nákvæmt hlutverk tóftarinnar þekkt en líklegt er að hér hafi verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Hlöðunessel Gamla 017, tóft A til vinstri, tóft B til hægri. Horft til austurs á báðum myndum

GK-137:017 *Hlöðunessel Gamla* tóftir sel
 Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hlöðunesskinn, og eru þar hagar bjarglegar en vatnsból í lakasta máta, so orðið hefur fyrir vatnsskort að flytja heim úr selinu." "... þaðan beina línu sunnan til við Ásláksstaðaholt upp í Hrafnhóla og þaðan beina línu sunnan til við Hlöðunessel Gamla, til Fjalls" segir í Örnefnaskrá um sama stað. "Undir Hlöðunesskinn í lægð mót austri stóð Gamla-Hlöðunessel eða Hlöðunessel, þar sjáum við tvær mjög gamlar tóftir en túnið er svo til horfið vegna uppblásturs sem hefur verið mikill þarna," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Selið er um 7,1 km suðaustan við bæ 001.


Selið er langt uppi í heiði þar sem uppblástur er nokkuð mikill. Selið er í brekku móti austri og hefur verið ágætt seltún austan við það í skjóli hliða til suðurs og suðausturs. Nánast allt seltúnið er horfið vegna uppblásturs en enn sést grænn graskragi í brekkurótum til suðurs og suðausturs. Uppblásturinn er kominn mjög nærri tóftunum sem enn sjást á svæðinu og stafar þeim mikil hætta af honum.

Minjar í selinu eru á svæði sem er um 90x10 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu fundust tvær tóftir og varða og fær hvert mannvirki fær bókstafi í lýsingu til aðgreiningar. Í norðurenda svæðisins eru tvær fornlegar og grónar tóftir. Tóft A er nyrst. Hún er um 5x4,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftin er einföld og hefur líklega verið grjóthlaðin því það finnst fyrir grjóti undir þykku lagi af mosa og lyngi sem hylur tóftina. Dyr eru nærri miðjum suðurvegg. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,3 m en hvergi sést í hleðslur. Tóft B er um 1 m sunnan við tóft A. Hún er tvískipt og grjóthlaðin en tóftin er mjög gróin. Tóftin er um 7x4,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í vesturenda tóftarinnar er óljóst hól I sem er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést op á hólfinu. Hól II er í austurenda tóftarinnar og er það um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það mjókkar til austurs. Ekki sést skýrt op á hólfinu. Sunnan við tóftirnar virðist vera náttúruleg brún og þar er tóft B greinilegust og veggir hennar hæstir, eða 0,5 m á hæð. Í vesturenda tóftarinnar sjást 3 umför hleðslu en annars eru allar hleðslur hrundar. Syðst á minjasvæðinu er varða C. Hún er á klöpp efst á mosavaxinni en uppblásinni hraunhæð. Varðan er gróin og sigin. Hún er um 0,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást aðeins 2 umför.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs


Heimildir: JÁM III, 128; Ö-Hlöðunes, 1; SG: Örnefni og gönguleiðir, 87

63°57.380N 22°16.276V



GK-137:018 *Stássbyrgi* varða herslubyrgi

64°00.331N 22°20.856V



Stássbyrgi 018, horft til norðausturs

"Stássbyrgi heitir grjóthrúga á hól fyrir austan Kirkjuvörður [047 og 048]. Þarna hefur verið stór varða sem er nú hrunin að mestu. Fiskibýrgi var byggt við vörðuna að ofanverðu og ein hlið hennar notuð sem veggur. Byrgið var kennt við mann sem hét Sigurður og var kallaður Siggí Stáss og átti heima í kotinu Fagurhóli sem stóð þarna rétt neðan við Strandarveg," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Minjarnar eru um 235 m suðaustan við Nyrðri-Kirkjuvörðu 048 og um 540 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á grónum klapparhól í hraunmóa sem er gróinn að miklu leyti en ógróin flög eru hér og hvar. Alls eru mannvirkin 5x3 m að stærð og snúa norðaustur-suðvestur. Varðan er í norðausturendanum. Hún er ferhyrmd, um 2x2 m að stærð og er um 1,2 m á hæð. Í henni sjást mest 5 umfö. Grjót hefur hrúnið úr vörðunni til norðausturs en aðallega til norðvesturs. Fiskibyrgið er fast suðvestan við vörðuna og er um 2x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðvesturhlið byrgisins er óskýr en þar hefur að líkindum verið op inn í byrgið. Innanmál byrgisins er 2x2 m. Lágur hleðslur eru í norðvestur- og suðausturveggjum þess. Mesta hæð þeirra er 0,3 m og sjást mest 2 umfö. Mögulega hefur byrgið verið mjörra en hér hefur kemur fram en hleðsluleifar eru um 0,5 m innan við innribrún norðvesturveggjar og eru þær um 1 m á lengd og 0,3 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 43-44

GK-137:019 garðlag
64°00.470N 22°21.317V

Sigið garðlag er í túni um 90 m suðaustan við bæ 001.

Garðlagið er í sléttlendu en hæðóttu túni.

Garðlagið snýr nálega norður-suður og er um 18 m á lengd. Það er 0,5-1 m á breidd og mesta hæð þess er 0,2 m. Garðlagið er mjög gróið og jarðlægt en hér og hvar sést glitta í grjót. Garðlagið myndar gerði með lágum hólum í túninu. Gerðið er um 15x40 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sjást hleðslur annarsstaðar í þessu "gerði" þó að það séu bil á milli hólanna. Hlutverk gerðisins er óljóst. Mögulega hefur verið kálgarður innan þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag 019, horft til suðurs

GK-137:020 garðlag túngarður

64°00.546N 22°21.575V



Á vinstri mynd er hluti af túngarði 020A, horft til suðurs. Á hægri mynd er kálgarður 020B, horft til austurs


"Að sunnan er Hlöðunes - Tún þess takmarkast af Grjótgarði, að sunnan, vestan og norðan" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti afmarkaðist tún Hlöðuness af garði sem skildi á milli túns Hlöðuness og Narfakots 138:001. Frá þeim garði liggja mörk milli Halldórsstaða 021 og Hlöðuness til suðurs en samkvæmt örnefnaskrá lá vírgirðing frá garði milli Narfastaða og Hlöðuness að kálgarði 041 sem tilheyrði Halldórsstöðum. Þaðan lágu merkin eftir kálgarði 029 og áfram eftir Austurtraðarvegg 028. Í örnefnaskrá segir einnig: "Hlöðunes stóð í Hlöðunestúni, sem var umgirt Hlöðunesgrjótgördum sem síðan voru nefndir eftir áttum Suðurgarður, Vesturgarður og Norðurgarður. Einnig Austurgarður sem liggur milli Hlöðunes[s], Halldórsstaða og Narfakots og liggur hann upp í Heiðargarð [040], en svo nefnist garðurinn ofan túnanna." Ekki er ljóst hvar Austurgarðurinn hefur verið en eins og fyrr hefur verið rakið er ekki samfelldur garður meðfram austurhlið Hlöðunestúns og eru kálgarðar skráðir sér og traðir og túngarður Narfakots. Túngarðurinn sést enn afmarka gamla heimatúnið á köflum og er einn kálgarður sambyggður honum.

Túngarður liggur á mörkum túns og mólendis. Nokkuð er um mishæðir í túninu sem garðurinn liggur yfir.


Sjá má grjóthlaðinn túngarð A á köflum meðfram vestur- og suðurhlíðum túns Hlöðunes. Garður meðfram norðurhlíð túnsins er skráður með Narfakoti 138:008. Túngarðar afmörkuðu svæði sem er um 330x250 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar sem garðurinn stendur enn er hann hæstur um 1,2 m og sjást mest 6 umför hleðslu. Garðurinn er um 0,6 m á breidd en breiðari þar sem hleðslur eru hrundar. Kálgarður B sem er sambyggður túngarði er um 15 m vestan við tóft 008 og um 20 m austan við tóft 070. Hann er hlaðinn ofan á og á milli klappa í túnjaðri. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en hleðslan er óvönduð og er víða hrinin. Stórgryti hefur víða verið notað í veggina. Kálgarðurinn er um 15x18 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 3 umför hleðslu. Ekki sést skýrt op á kálgarðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 2, 6



GK-137:021 Halldórsstaðir bæjarstaði býli



64°00.527N 22°21.246V

"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir, Narfakot [GK138:001], Miðhús [022], Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]." segir í örnefnaskrá. Utan um Halldórsstaðatún er túngarður. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Jörðin var byggð úr 1/4 af torfunni. Búið að slétta allt." Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru Halldórsstaðir um 150 m norðaustan við bæ 001. Jörðin fór í eyði á síðari hluta 20. aldar. Á túnakortinu eru sýnd 5 útihús, einn brunnur, ein þró og þrjár kálgarðar. Fyrir utan bæjarstaðið sáust þrjár tóftir (ein þeirra er ekki sýnd á túnakorti), leifar af brunni og leifar af tveimur kálgörðum. Á túnakorti er afgirt tún NNA við tún Halldórsstaða og stendur þar að það sé útgræðsla og að þar hafi þurrabúðin Bjarghóll 023 staðið en búið sé að slétta úr minjum um það. Ekki er ljóst hvort að útræktin hafi tilheyrt Halldórsstöðum eða Narfakoti á fyrri hluta 20. aldar þegar túnakortið var gert. Í dag (2012) tilheyrir það hins vegar

ábúendum í Narfakoti.

Túnið á Halldórsstöðum er nokkuð flatlent nema meðfram austurjaðri þess en þar eru grónar klappir. Vegur heim að Narfakoti 138:001 liggur austan og norðaustan við túnið og hefur valdið raski á þeim kálgarði sem er næstur bæjarstaðinu.

1919: Tún 1,9 teigar, garðar 1300m². Hér eru þær minjar sem tilheyra býlinu skráðar saman undir einu númeri en hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Minjasvæðið er um 145x50 m að stærð og snýr norður-suður. Leifar af íbúðarhúsi og sambyggðu útihúsi A eru norðarlega í túni Halldórsstaða. Þarna eru hlaðinn og steyp hús saman sem ná yfir svæði sem er um 20x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Íbúðarhúsið var í austurenda svæðisins og var grunnflötur þess um 9x10 m að stærð og sneri það norður-suður. Í norðaustasta hluta hússins er hlaðinn kjallari undir hluta hússins sem er búið að rífa að öðru leyti. Kjallarinn er um 4x4 m að innanmáli en mjókkar til suðurs. Hann er um 1 m á dýpt og sjást 5-6 umför í hleðslum sem eru með sementslími. Kjallarinn er fullur af rusli og steypubrotum. Kjallarinn virðist ekki vera niðurgrafinn, heldur er hann hlaðinn í sprungu í lágum




Á vinstri mynd er bæjarstaði Halldórsstaða 021A, horft til austurs. Á hægri mynd er pró 021B og hluti af kálgarði 021K, horft til norðvesturs



Á vinstri mynd er tóftir 021E, horft til norðurs. Á hægri mynd eru tóftir 021H og 021I, horft til NNV

hraunhól sem húsið stóð á. Leifar af steiptum skorsteini sjást í vestasta hluta hússins. Sunnan við íbúðarhúsið er steinlögð stétt. Hæstu hlöðnu veggirnir í húsinu eru um 1,3 m á hæð og sjást 6 umför í hleðslum og sementslím. Vestan við íbúðarhúsið er hús sem er grjóthlaðið og er sementslím í hleðslum. Líklegt er að í þessu húsi hafi verið hlaða. Það er um 4x8 m að stærð og snýr norður-suður. Inni í því er mikið af rusli og byggingaleifum. Op er á vesturlangvegg inn í útihús sem er steipt að hluta og hlaðið og múrað að hluta. Þetta hús er um 7x8 m að stærð og snýr norður-suður. Það skiptist í tvö jafnstór rými sem eru um 2,5x7 m að innanmáli en á milli þeirra eru steiptir stokkar og renna á milli stökkanna. Líklegt er að hér hafi verið fjós. Sunnan við íbúðarhúsið er steinlögð stétt. Útihús G sem samkvæmt túnakorti var um 5 m sunnan við íbúðarhúsið er líklega horfið undir íbúðarhúsið vegna stækkunar íbúðarhúss til suðurs. Ógreinilegar leifar af útihúsi E sjást um 5 m SSA við íbúðarhús A. Þar sjást útlínur tóftar sem er um 3x3 m að stærð. Stórt grjót er í norðvestur- og suðvesturhornum tóftarinnar. Ekki sjást skýr ummerki um útihús C eða D sem voru 5 m norðvestan við íbúðarhús A. Um 4 m norðan við íbúðarhús A er 8 m langur grjóthlaðinn kantur M, líklega leifar af vegi að bænum. Til norðausturs frá þeim kantum er annar grjóthlaðinn kantur N sem liggur til norðausturs og er um 160 m á lengd og í honum sést 1 umfar




steina. Hlutverk þessa kants er óljóst en hann kann að vera leifar af austurhlið kálgarðs K. Þró B sést enn en hún er um 7 m norðan við útihús sem er áfast íbúðarhúsi A. Þróin er tvískipt og nær yfir svæði sem er um 6x3 m að stærð og snýr norður suður. Hvor hlut þróarinnar er um 2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 2 m breitt haft er á milli þeirra. Þróin er um 1 m á dýpt. Hún er gróin að innan og hefur ýmiskonar rusli verið holað þar niður. Kálgarður K er fast norðan við þró B og útihús C og D. Hann er grjóthlaðinn, er um 16x26 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur eru hrundar en hæstar eru þær um 0,6 m og víða 1,5 m á breidd. Ekki sést fjöldi umfara. Austurhlið kálgarðsins hefur orðið fyrir raski vegna vegafframkvæmda. Ekki var hlaðinn veggur meðfram suðurhlið garðsins. Kálgarður F var í suðausturhorni Halldórsstaðatúns, hann er horfinn. Gerði L sem afmarkaði kálgarð og túnblett auk tveggja áfastra tófta eru á milli bæjarstæðis A og kálgarðs F. Gerðið er um 40x30 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið en hleðslurnar eru víðast hrundar og grónar eða hafa verið rifnar. Hleðslur sjást naumlega á norðurhlið. Mesta hæð veggja er um 0,3 m og víða eru þeir 1,5 m á breidd vegna þess hversu útlattir þeir eru. Tóft H er í suðausturhorni gerðisins. Hún er grjóthlaðin og tvískipt, er um 7x5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hólf I er um 1,5x1,5 m að innanmáli en mikið hefur hrunið inn í það úr SSA-vegg. Op er á þessu hólf til NNV. Hólf II er VSV við hólf I. Það er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sést op á því en þó virðist hafa verið op á því til SSA. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m utan máls og sjást 5 umför í innanverðum veggjum. Tóft I er fast vestan við tóft H. Tóftin er hlaðin utan í hæð í túninu og mögulega niðurgrafin að hluta til. Hún er torf- og grjóthlaðin og er einföld. Hún er um 5x6 m að stærð og snýr SSA-NNV. Op er í suðausturhorni tóftarinnar en hrunið hefur ofan í það. Tóftin er mjög gróin og veggir standa lítið upp úr jörðu. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m, ekki sést fjöldi umfara. Á túnakorti sést einnig að brunnur J var um 10 m norðaustan við kálgarð K. Þar er nú vegur sem liggur að Narfakoti 138:001 og líklegt að brunnurinn hafi farið undir hann. Hins vegar er annar brunnur skráður á númer 046 og hefur hann að öllum líkindum tilheyrð Halldórsstöðum. Ekki er útilokað að brunnurinn sem merktur er á túnakort sé sá sami og skráður var á númer 046. Brunnur 046 er um 20 m suðaustan við meinta staðsetningu brunns 021J. Túngarður O meðfram austurmörkum Halldórsstaðatúns sést um 20 m suðaustan við tóft 021H og um 75 m sunnan við Halldórsstaði 021A. Garðurinn sést á um 25 m löngum kafla á brún hæðarhyggjar. Garðurinn snýr nálega norður-suður. Hann er útlattur, mesta hæð er um 0,3 m, og ekki sést fjöldi umfara. Það er breiðast um 1,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 255-257; Túnakort 1919

GK-137:022 *Miðhús* bæjarstæði býli
64°00.600N 22°21.402V



"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldri bær. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [022], Narfakot [138:001], Miðhús, Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]." segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Miðhús er álitíð að sé 10 álnir, að fornu mati úr Hlöðuneshverfi. Lóð sú er býli því fylgir, sem er upphaflega Matjurtagarður og Stakksstæði, er öll afgirt með Grjótgörðum og liggur við sjóinn ...". Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Miðhús var eignarland með lítilsháttar grasnyt og var í Hlöðversneslandi." Miðhús fóru í eyði



Bæjartóft Miðhúsa 022A, horft til norðurs



Tún Miðhúsa afmarkað af túngarði 022B, horft til norðvesturs

upp úr aldamótunum 1900 og lagðist býlið undir Narfakot. Minjar um Miðhús eru um 200 m norðan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tún Miðhúsa afmarkað með túngarði B og innan hans voru tvö mannvirki, líklega bæjarhús A og útihús C.

Minjarnar eru í suðausturhorni lítils túns niður við sjó sem afmarkað er með grjótgörðum. Sjórinn hefur mjög gengið á land á þessum stað og brotið af túninu. Meint bæjartóft er á hól í túninu.

Minjar um Miðhús sjást á svæði sem er um 50x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Svæðið er afmarkað af túngarði B. Hann er víðast nokkuð stæðilegur þó að hleðslur séu sumstaðar fallnar. Hann er um 1,5 m að breidd og víðast um 1 m á hæð. Mest sjást 6 umfö. Líklega hefur túngarðurinn verið endurhlaðinn eftir að býlið fór úr byggð. Í austurhluta svæðisins liggur túngarðurinn utan í hól sem bæjartóftin A er á. Þar er hann einungis grjóthlaðinn kantur á svæði sem er um 10x6 m og snýr norður-suður. Við norðurenda kantsins eru leifar af Narfakotsnausti 138:010. Hleðsluhæð kantsins er mest í norðurenda, 0,7 m og sjást 3 umfö. Bæjartóftin A er orðin nokkuð sigrin. Hún er um 9x6 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin. Óljóst má greina þrjú hólf í henni. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er þar norðan við. Það er um 2x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Þetta hólf er skýrasta hólfíð í tóftinni. Í norðurenda tóftarinnar er afar ógreinilegt hólf III sem er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru útlattir nema í suðurenda. Engir skýrir inngangar eru inn í tóftina eða op milli hólfa. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 5 umfö. Á milli hleðslu á austurhlíð hól og tóftar er rof sem hefur gróið. Útihús C sem merkt er á túnakort var 35-40 m norðvestan við bæjartóft A. Þar sem það stóð að líkindum er grýtt klapparfjara. Það er því horfið vegna landbrots.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 251

GK-137:023 *Bjarghóll* bæjarstæði býli

64°00.562N 22°21.256V



Bæjarstæði Bjarghóls 023, horft til suðvesturs

"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [021], Narfakot [138:001], Miðhús [022], Bjarghóll, Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Jörðin fór í eyði fyrir aldamótin 1900." Á túnakorti frá 1919 er staðsetning býlisins Bjarghóls sýnd en þar stendur einnig að öll ummerki um býlið séu horfin. Býlið var um 60 m norðan við Halldórsstaði 021A og um 185 m norðaustan við Hlöðunes 001.

Bjarghóll var á fremur litlum og lágu hól í flatlendu og sléttlendu túnstykki norðaustan við veg heim að Narfakoti 138:001. Í norðausturhorni túnsins er allhár hól sem er að hluta innan túns og að hluta utan þess. Hlaðinn garður er meðfram

túni og tengist Narfakotstúngarði 138:008 og er skráður með honum.

Engar minjar um býlið Bjarghól sjást á vettvangi og hefur það líklega allt verið rífið og sléttað út við túnærkt. Ekki er hægt að útiloka að einhverjar leifar af því leynist enn undir sverði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 253; Túnakort 1919

GK-137:024 *Nýlenda* bæjarstæði býli

"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [021], Narfakot [138:001], Miðhús [022], Bjarghóll [023], Nýlenda, Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Nýlenda var í landi Hlöðversness. ... Fjölskyldan flutti til Reykjavíkur um 1900 og þá lagðist Nýlenda í eyði." Ekki fengust neinar upplýsingar um það hvar Nýlenda var og því var ekki unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju. Ekki er útilokað að Nýlenda hafi verið þar sem tóft 070 var skráð en þar er líklegt að hafi verið hjáleiga.

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 250

GK-137:025 *Holt* bæjarstæði bústaður


"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldir bæir. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [021], Narfakot [138:001], Miðhús [022], Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði

[140:051] og Atlagerði [140:049]," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Holt var sem fyrr segir þurrabúð í Hlöðunestúni." Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Bærinn byggðist fyrir aldamót." Ekki fengust neinar upplýsingar um það hvar Holt var og því var ekki unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju. Ekki er útilokað að Holt hafi verið þar sem tóft 070 er skráð.

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5,6

GK-137:026 tóft fjárskýli

63°59.815N 22°20.536V



Fjárskýli 026, horft til suðausturs


Á heimasíðu Ferlis segir: "Í henni [dalkvosinni Kúadal] er heillegur og fallega hlaðinn stekkur, tvíhólfa. Þarna er líklega um að ræða stekk [059] frá Ásláksstöðum [GK-140]. Ofar í holtinu, að norðanverðu mótar fyrir gömlum stekk eða öðru mannvirki." Líklegt er að það mannvirki sem hér er nefnt sé tóft sem er 1,44 km suðaustan við bæ 001 og um 580 m sunnan við stekk 027. Tóftin er efst í hæsta hól Arnarbælis en það er nef á grösugu og háu holti í heiðinni suður af ströndinni. Tóftin er efst í sprungnum hraunhól.

Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin. Hún er um 10x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda tóftarinnar. Það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er úr því í hólf II til norðvesturs sem er allt fallið saman og fullt af grjóti. Það er um 6x0,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegt op er úr því, út úr tóftinni, til norðvesturs. Suðausturhluti tóftar, hólf I, er mjög grasi gróið og ekki sést í grjót þar. Norðvesturhluti tóftar, hólf II, er mun minna gróinn og sést grjót vel í þeim hluta tóftarinnar en þó er ekki hægt að greina fjölda umfara í hleðslum. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,3 m en innanmáls er mesta hæð um 1 m. Ekki er vitað með vissu hvert hlutverk tóftarinnar var en út frá fjarlægð frá bæ og staðsetningu uppi á hól er líklegt að þetta séu leifar af fjárskýli.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: <http://www.ferlir.is/?id=3940>

GK-137:027 tóft stekkur
64°00.116N 22°20.721V



Stekkur 027, horft til SSA

Stekkjartóft er um 895 m suðaustan við bæ 001 og um 200 m suðvestan við Árnastekk 049.

Stekkurinn er í grasi gróinni brekku mót norðvestri. Uppblástur er á flatlendi norðvestan við hann og nær fast upp að stekknunum.

Tóftin er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er mjög sigin og gróin. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m og ekki sést fjöldi umfara. Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hólf II er í SSA-enda. Það er um 2x1 m að innanmáli en mikið hefur hrunið inn í það úr veggjum og veggir þar eru mjórri en annarsstaðar í tóftinni. Op er úr hólf II til NNV í hólf I sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Óljóst op er úr því til NNV.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

GK-137:028 Hlöðunestraðir hleðsla traðir

64°00.443N 22°21.373V



Hlöðunestraðir 028, horft til norðurs

"Aftur á móti eru skili[n] milli Hlöðunes[s] og Halldórsstaða [021] um Austurtraðarvegg og þar liggja svo Traðirnar, Hlöðunestraðir eða Hlöðunesheimreið og þá Vesturtraðarveggur," segir í örnefnaskrá. Austurtraðarveggur sést enn skýrt og liggur frá suðurhorni kálgarðs 029 til suðausturs nærri suðurmörkum túns.

Traðir eru austan við uppornaða tjörn í hólóttu en nokkuð sléttlendu túni.

Austurtraðarveggur er um 70 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er torf- og grjóthlaðinn, er hæstur um 1 m en hann er gróinn og fjöldi umfara sést ekki. Hann er víðast um 1 m á breidd en er breiðastur um 1,5 m í suðausturenda. Frá suðausturenda traðanna er 15 m langt framhald af hleðslu að túnjaðri en þessi hleðsla er mun lægri og umfangsminni en traðarveggurinn og virðist túnið hafa verið fært lítilliga út til suðausturs. Vesturtraðarveggur sést ekki en hlaðinn vegur 045

er fast vestan við Austurtraðarvegg og er hann um 4 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 6

GK-137:029 Hlöðugarður gerði kálgarður

64°00.484N 22°21.402V



Hlöðugarður 029, horft til vesturs

"Eftir Austurtraðarvegg [sjá 028] liggur heim að Matjurtagarði ..." "Þá er nefndur Hlöðugarður [svo], sem var matjurtagarður," segir í örnefnaskrá. Kálgarður er fast suðaustan við bæjarhól 001.

Kálgarðurinn er hlaðinn suðaustan í náttúrulegan hól sem bærinn var á.

Kálgarðurinn er gróinn, er um 15x13 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Myndarlegir veggir eru meðfram norðaustur- og suðausturhliðum. Suðvesturveggur er hlaðinn kantur en kann að hafa staðið upp úr jörðu áður fyrr. Meðfram suðvesturhlið er hlaðinn vegur 045 og kann kálgarðsveggurinn að hafa raskast við lagningu vegarins. Norðvesturveggur er uppi á brún bæjarhólsins og er aflíðandi halli niður af honum. Í suðurhorni kálgarðsins er þúst sem er um 6x2 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hún snýr suðvestur-norðaustur. Þar kann að hafa verið

mannvirki. Mesta hleðsluhæð veggja er um 1,2 m og mest sjást 6 umför hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5-7

GK-137:030 heimild um rétt

64°00.640N 22°21.514V


Á túnakorti frá 1919 stendur að fjárrétt hafi verið skammt norðan við útihús 012, utan túns. Líklega hefur réttin verið um 290 m norðan við bæ 001.

Sennilega var réttin á grastanga sem liggur til norðurs frá túninu, á milli útihúss 012 og hjalla 031. Ekki sést til minja um réttina og er líklegt að hún hafi horfið vegna landbrots.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5

GK-137:031 *Krummahjallur* þúst hjallur 64°00.653N 22°21.514V



Leifar af Krummahjalli 031, horft til vesturs

"Hlöðunesi tilheyrir einnig fjara frá Krummahjalli eða Kletti þeim, sem Hjallurinn stendur á ..." segir í örnefnaskrá. Sennilega er þetta sami hjallur og nefndur er Hlöðuneshjallur við Krummaklett. Grjótpúst á Krummakletti er um 310 m norðan við bæ 001 og um 35 m norðan við útihús 012.

Minjarnar eru á hól á grastanga sem liggur út í fjöru til norðurs. Fjaran er komin fast upp að minjunum úr öllum átum nema suðri.

Þústin er um 10x10 m að stærð. Allar hleðslur eru hrundar en ytri brún suðurveggjar er nokkuð skýr. Vestast og efst á hólnum er nokkuð skýrt hól í þústinni og standa hleðslur þess enn. Hólfið er um 2x2 m að stærð ef veggir þess eru taldir með en að innanmáli er hólfið 0,5x0,5 m. Alls sjást 6 umför og er mesta hleðsluhæð 0,5 m. Fast austan við þetta hól er grjótlaus grastorfa þar sem kann að hafa verið annað hól. Torfan er um 3x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 2, 7

GK-137:032 *Sundvarða* varða 64°00.609N 22°21.215V

"Fjörur þær er tilheyra Halldórsstöðum [021] eru: Frá Sundvörðu, er stendur á Malarkampi ..." segir í örnefnaskrá.

Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu vörðunnar en líklegt er að hún hafi verið um 275 m norðaustan við bæ 001. Varðan er horfin.

Varðan var á breiðum malarkambi sem gróinn er að nokkru að innanverðu, til suðausturs, en grýtt fjara er til norðvesturs.

Ekki sést til minja um vörðuna og er líklegt að hún hafi horfið vegna landbrots.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3

GK-137:033 þúst
64°00.550N 22°21.598V

Grjótpúst er utan gamla heimatúnsins en innan túns sem garðlag 011B og garðlag 012B afmörkuðu, um 185 m norðvestan við bæ 001 og um 60 m suðvestan við tóft 070.

Þústin er á gróinni, lágrí klöpp í túni. Til suðurs mynda klapparhólar bogadregið gerði.



Þúst 033, horft til norðurs

Þústin er um 2 m í þvermál. Í henni er mikið af fremur smáu grjóti. Hún stendur lítið sem ekkert upp úr jörðu. Sjá má litla fúna spýtu standa upp úr þústinni. Óvíst er hvaða mannvirki er hér en ekki er útilokað að hér hafi verið brunnur sem fyllt hafi verið upp í. Hann hefur þá mögulega tilheyrt meintu býli 070.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 2, 5

GK-137:034 *Hlöðunesvör* renna lending

64°00.634N 22°21.458V

"Allar varir Hlöðuneshverfis voru nefndar einu nafni Hlöðunesvarir. Vestust var Hlöðunesvör," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Hlöðunesi tileyrir einnig fjara frá Krummahjalli [031] eða Kletti þeim, sem Hjallurinn stendur á, sem er Stór Klettur eða Klöpp fyrir vestan Hlöðuneslendinguna í Lóni ...". Hlöðunesvör er um 270 m norðan við bæ 001.

Vörin er í jafnlendri klapparfjöru með skeljasandi. Vörin er rudd og hafa veggir verið hlaðnir beggja vegna við hana. Hún er um 20x20 m að innanmáli og liggur hún norðaustur-suðvestur. Norðvesturveggur er mjög skýr og stendur á um 13 m löngum kafla, er um 1 m á hæð og sjást 3 umför.

Suðausturveggurinn er lægri og ógreinilegri, sést á um 10 m löngum kafla, er 0,5 m á hæð og sjást 2 umför. Mögulega hefur suðausturveggurinn ekki verið hlaðinn, heldur myndast þegar vörin var rudd.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 5, 2




Hlöðunesvör 034, horft til norðausturs

GK-137:035 garðlag

64°00.562N

22°21.565V



Garðlag 035, horft til norðvesturs

Gróið garðlag er um 30 m sunnan við tóft 070 og um 170 m norðvestan við bæ 001.

Garðlagið er um 5 m norðvestan við túngarð, innan hluta túns sem er afmarkaður sérstaklega. Garðlagið er á flatlendum bletti og myndar gerði með lágum grónum hólum í kring.

Garðlagið afmarkar svæði sem er um 9x6 m að stærð en það er L-laga. Með hólunum sem það er hlaðið á milli myndar það gerði sem er um 12x7,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið er grjóthlaðið en gróið og hvergi sést í stein. Hann er hæstur um 0,3 m og hlaupinn í þúfur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið þjónaði en líklegt er að það hafi verið hluti af rétt eða kálgarði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-137:036 hleðsla


64°00.250N

22°20.811V

Ungleg hleðsla er um 665 m suðaustan við bæ 001 og um 155 m sunnan við Stássbyrgi 018.

Hleðslan stendur lágt í grónum hraunmóa.

Grjóthlaðin hleðslan er ferhyrind og er um 1x1 m að stærð. Í henni er einföld grjótröð á þykktina en hún er um 0,6



Hleðsla 036, horft til suðausturs

m á hæð og sjást 4 umför. Op er í norðurhorni. Hlutverk minjanna er óljóst en þær eru unglegar og óvíst að þær geti með réttu talist til fornleifa miðað við 100 ára aldursreglu laganna. Um 170 m sunnan við hleðsluna eru tvær vörður. Um þær segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir: "Fyrir ofan Strandarrétt [þá sem enn stendur] standa tvær háreistar vörður þétt saman en þær hlóðu sér til gamans tveir vikapiltar á Sjónarhóli fyrir fáum áratugum." Þar sem vitað er að vörðurnar eru ungar teljast þar af leiðandi ekki til fornleifa voru þær ekki skráðar sérstaklega.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 42

GK-137:037 *Halldórsstaðavör* heimild um lendingu

64°00.630N 22°21.113V

"Hér í fjörunni er svo Halldórsstaðavör eða Halldórsstaðalending og þá heitir vörin einnig Álfasundsvör," segir í örnefnaskrá. Halldór Halldórsson, heimildamaður, taldi vörina vera í Álfasundi um 220 m norðaustan við Halldórsstaði 021A og um 20 m austan við tóft 050A.

Vörin er þar sem náttúrulegt vik hefur myndast á milli klappar og malarkambs við lítt gróinn hraunmóa. Ekki sést til minja um lendingu og er líklegt að hér hafi verið náttúruleg lending en vikið á milli malarkambsins og klapparinnar er um 15 m breitt og 15-20 m langt, snýr norður-suður. Tóftir 050 tengjast að öllum líkindum útræði frá þessari vör.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 6

GK-137:038 *Nýjavör* hleðsla lending

64°00.640N 22°21.204V

"Halldórsstaðafjara nær að Nýjuvörinni undir Marbakkanum með Sundvörðunni [032]," segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni í örnefnaskrá að dæma var Nýjavör um 315 m norðaustan við Hlöðunes 001, um 200 m NNA við Halldórsstaði 021A og um 155 m norðaustan við Narfakot 138:001. Ekki er ljóst frá hvaða bæ eða býli var róið úr Nýjuvör en hún var á mörkum milli fjörunnar sem tilheyrði Halldórsstöðum og þeirrar sem tilheyrði Narfakoti.

Vörin er í sendinni og grýttri fjöru, norðaustan við klöpp í fjörunni sem heitir líklega Litli-Bróðir.

Einu manngerðu ummerkin um vör á þessum stað er



Halldórsstaðavör 037, horft til norðurs



Hleðsla við Nýjuvör 038, horft til norðvesturs


hleðsla sem liggur frá klöppinni Litla-Bróður upp í fjöruna og hefur líklega verið lent norðaustan við hana við hana þar sem eru mjótt sund. Hleðslan snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 15 m á lengd, 1,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hún er þakin þara og ekki sést fjöldi umfara. Tóft 053 tengist útræði frá þessari vör.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 6

GK-137:039 tóft

64°00.616N 22°21.165V



Tóft 039, horft til suðausturs

Ógreinileg tóft er um 20 m suðaustan við tóft 053 og um 20 m suðvestan við tóft 050B en um 180 m norðan við Halldórsstaði 021A.


Tóftin er uppi á sprungnum hraunhól suðaustan við gróinn fjörukamb. Rosagerði 042 er suðaustan við tóftina.

Tóftin er á norðausturenda hólsins og er hlaðin á milli sprunguveggja og ofan á þeim. Tóftin er sigin og gróin en er grjóthlaðin og mögulega líka torfhlaðin. Tóftin er um 4,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld, um 2x1,5m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er inn í hana úr norðaustri. Veggur á norðvesturhlið eru ógreinilegur en mestahæð veggja er um 0,5 m á suðvesturhlið. Ekki sést fjöldi umfara. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst.

Hættumat: engin hætta

GK-137:040 *Heiðargarður* garðlag vörslugarður

64°00.472N 22°21.087V



Heiðargarður 040 og sambyggtur kálgarður, horft til austurs

"Einnig Austurgarður [sjá 020] sem liggur milli Hlöðunes [001], Halldórsstaða [021] og Narfakots [138:001] og liggur hann upp í Heiðargarð, en svo nefnist garðurinn ofan túnanna," segir í örnefnaskrá. Ef Heiðargarði er fylgt frá merkjum á móti Ásláksstöðum stærri GK-140 til vesturs liggur garðurinn yfir mólendi á kafla en hverfur við veg sem liggur að Narfakoti. Mögulega hefur hann tengst suðurhlið túngarðs 020. Grjóthlaðið gerði er sambyggt utanverðum garðinum nærri merkjum móti Ásláksstöðum

stærri. Þar hefur líklega verið kálgarður.

Garðurinn liggur á mörkum túns og hraunmóa.

Garðurinn sést á um 85 m löngum kafla á milli vegar heim að Narfastöðum og merkja á mótí Ásláksstöðum. Þar er mesta hleðsluhæð um 0,5 m og sjást 2 umför. Búið er að taka mikið af grjóti úr garðinum. Gerðið B er grjóthlaðið og gróið. Það er sunnan við austurenda garðsins. Norðausturhorn þess liggur upp á hól nærri merkjum en að öðru leyti er gerðið á sléttlendi. Það er um 12x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir þess eru 1-1,5 m á breidd og mesta hleðsluhæð 0,3-0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 6

GK-137:041 *Halldórsstaðagarður* garðlag



Leifar af Halldórsstaðagarði 041, horft til SSA

suðurenda veggjarins. Opið er um 0,5 m á breidd en grjót hefur hrunið í það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7; Túnakort 1919

GK-137:042 *Rosagerði* garðlag vörslugarður

64°00.555N 22°21.112V



Garðlag 042, horft til norðurs

garðurinn liggur um sést að sjór gengur þar á land. Er nokkuð flatlent innan (vestan) garðs og grösugt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7; Ö-Hlöðunes AG, 1

GK-137:043 *Halldórsstaðastígur* heimild um leið

64°00.512N 22°21.312V

"Halldórsstaðir [021] stóðu í Halldórsstaðatúni og í því rétt við Halldórsstaðastíginn er svo nefnt Hlöðversleiði [044]," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst af lýsingu í örnefnaskrá hvert Halldórsstaðastígur lá en líklegt má teljast að

hann hafi legið á milli Halldórsstaða og Hlöðuness 001. Ef til vill hefur verið gengið um opið á Halldórsstaðagarði 041 á þeirri leið.

Leiðin hefur líklega legið um tún Halldórsstaða sem er fremur sléttlent.

Ekki sáust nein ummerki um Halldórsstaðastíg á vettvangi og er hann horfinn í tún. Ekki er útilokað að stígurinn hafi legið annarsstaðar en hér er gengið út frá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7

GK-137:044 Hlöðversleiði heimild um legstað

64°00.530N 22°21.386V



Meintur legstaður 044B á lágum hól, horft til norðurs

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "Firir utan þennan Hól eru hér í Sókninni 3 önnur Fornmannaleiði; þar af, 2 á Asláksstöðum [142:015] sitt yfir hverju fyrstu Híóna þar / að sagt er/ 1 á Hlöðunesi, Öll þessi snúa að Höfudgafli í Midmundastad, 9 álma að leingd hvert, og nær 2 al: breid ofan, eru grasi vaxinn, svo sem þau eru í midjum Túnum, innan smárra gamallra Gyrdinga sem aðeins síást hinar sydurstu Rústir af, og eru enn nú kölluð Korngerði, líkleg til að hafa á fyrri öldum til Kornfædis höfð, þó nú séu þýfd orðin; hid minsta þeirra er 49 fadmar hit stærsta herum 250." Halldórsstaðir [021] stóðu í Halldórsstaðatúni og í því rétt við Halldórsstaðastíginn [043] er svo nefnt Hlöðversleiði. Á þar að vera heygður landnámsmaður Hlöðuness, sem þá ætti að heita Hlöðversnes og er af sumum nefnt," segir í

örnefnaskrá. Fjallað er um Hlöðversleiði á heimasíðu Ferlis: "Helgi [Dávíðsson frá Asláksstöðum stærri] sagði fyrrnefnt leiði [Hlöðversleiði] vera í eða upp á litlum ílöngum hól í Hlöðunestúninu, milli Narfakots [138:001] og Hlöðuness [001]. Hann hafi einhverju sinni sett stein upp á hólinn, en steinninn væri nú horfinn. Hlöðversleiðið væri ómerkt, en enn væri vitað hvar það væri. Sesselja Guðmundsdóttir sagði að Klemens Kristmannsson (f. 1917, d. 2005) hafi gengið með henni um túnið í júní 2004 og sýnt henni staðinn þar sem Hlöðvershaugur stóð, ílöng þúst, líktist leiði. Túnið var sléttað út ca 1944. Húsfreyjan þá, Silla, var ekki ánægð með rótið þegar hún frétti af því. [...] Helgi sagði reyndar tvö fornmannaleiði vera við Hlöðunes. Guðrún Kristmannsdóttir, dóttir Kristmanns Runólfssonar, bónda í Hlöðunesi, sýndi honum þau. Það austara er vestast í túni Halldórsstaða, austan í lágum grönum hól. Á því er lítill steinn. Helgi sagði Kristmann hafi eitt sinn þurft að bregða sér til Reykjavíkur, en þá hefðu komið menn að bænum til að plægja. Hann hafði gleymt að segja þeim frá leiðinu svo þeir plægðu yfir það. Þetta hefði Kristmanni leiðst mjög. Helgi sagði Guðrúnu og hafa sýnt honum annað leiði, vestar, norðan undir bæjarhólnum. Þar ætti að vera svonefnt Hlöðversleiði, en líklega hefði Hlöðunes heitið Hlöðversnes fyrrum. Á því er einnig lítill steinn. Leiðið er á tiltölulega sléttu túni og rétt sést móta fyrir því, óreglulega. Mörkin á Halldórsstöðum og Hlöðunesi voru þarna við hlaðinn garð, sem enn sést að hluta. Kom garðurinn þar rétt austan við brunninn. Svonefnt Hlöðversleiði er því innan garðs á Hlöðunesi, en hitt leiðið, austara, er í Halldórsstaðatúni." Helgi Dávíðsson fór með skráningarmanni á vettvangi í þeim tilgangi að staðsetja Hlöðversleiði eins nákvæmlega og hægt er. Hann gekk beint að þeim stað sem er sá austari (hnit A) af þeim tveimur stöðum þar sem talið er að Hlöðversleiði hafi verið. Sá staður er um 80 m NNA við bæ 001. Vestari staðurinn (hnit B) er um 60 m VSV við þann austari. Hlöðversleiði eru bæði talin vera í túni, það austara á lágum hól en það vestara á flatlendi norðan við bæjarhólinn. Túnið hefur allt verið sléttað og er nýtt fyrir hrossabeit.

Engin ummerki sjást um leiðina á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF, 239; Ö-Hlöðunes, 7; <http://ferlir.is/?id=4388>



Vegur 045, horft til SSA

GK-137:045 vegur samgöngubót 64°00.427N 22°21.368V
Upphlaðinn vegur liggur að bæ 001 frá Strandarvegi sem liggur um Vatnsleysuströnd.

Vegurinn liggur um gróinn hraunmóa og tún.

Vegurinn er um 85 m að lengd og snýr SSA-NNV. Hann er um 4 m á breidd og hæstu hleðslur eru um 1 m þar sem hann liggur yfir lægð á milli gróinna hraunhóla. Þar sjást 3-4 umför. Vegurinn er sléttur og grasi gróinn. Vesturtraðarveggur (sjá 028) hefur líklega horfið við vegagerðina. Vegurinn er ekki kominn þegar túnakortið fyrir jörðina var gert 1919 og er því ekki fornleif lögum samkvæmt. Hins vegar er hann til vitnis um gamalt verklag við samgöngubætur og er því hafður með í fornleifaskrá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-137:046 *Halldórsstaðabrunnur* brunnur brunnur 64°00.536N 22°21.219V



Halldórsstaðabrunnur 046, horft til norðvesturs

"Hlöðunesbrunnur [005]. Halldórsstaðabrunnur og þá Narfakotsbrunnur [138:007] voru allir skammt frá bæjum í Túnunum," segir í örnefnaskrá. Minjar um brunninn sjást fast austan við afleggjara heim að Narfakoti 138:001. Þær eru um 20 m norðaustan við Halldórsstaði. Ekki er útilokað að þessi brunnur sé sá sami og skráður var með býlinu Halldórsstöðum eftir merkingu á túnakorti frá 1919 en staðsetning hans er þó ekki nákvæmlega sú sama og var hann því skráður á sér númer.

Brunnurinn er fast austan við malarveg í hraunmóa sem nýttur er fyrir hrossabeit.

Brunnurinn hefur verið fylltur með grjóti. Hann er hlaðinn úr grjóti, er um 1,5 m í þvermál að utanmáli og standa hleðslur um 0,1 m upp úr jörðu. Brunnurinn er gróinn en á einum stað sést að steinlím var notað milli steina í hleðslunni. Ekki sést ofan í brunninn og ekki fengust nánari

upplýsingar um gerð hans eða aldur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7

GK-137:047 *Kirkjuvarða Syðri* örnefni 64°00.399N 22°21.139V

"Kirkjuhvoll, Ungmennafélagshúsið, var byggt milli tveggja hárra hóla, en nefndust Kirkjuvörður, Kirkjuvarða Syðri og Kirkjuvarða Nyrðri [048]," segir í örnefnaskrá. Hóllinn Kirkjuvarða Syðri er um 280 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m sunnan við Strandarveg. Um 100 m eru á milli hæstu punktanna á hólunum tveimur.

Hóllinn er hár og allbrattur hraunhóll sem gróinn er að mestu leyti. Malbikaður vegur, Strandarvegur, er fast norðan við hólinn og fast vestan við hann er gamalt ungmennafélagshús, Kirkjuhvoll.

Efst á hólnum er stór hundapúfa, grasi vaxin. Í henni sést í laust grjót í sverði sem gætu mögulega verið leifar af vörðu en að öðru leyti sjást engin ummerki um vörðu á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7

GK-137:048 *Kirkjuvarða Nyrðri* örnefni 64°00.430N 22°21.038V

"Kirkjuhvoll, Ungmennafélagshúsið, var byggt milli tveggja hárra hóla, en nefndust Kirkjuvörður, Kirkjuvarða Syðri [047] og Kirkjuvarða Nyrðri," segir í örnefnaskrá. Hóllinn Kirkjuvarða Nyrðri er um 325 austan við bæ 001 og um 10 m sunnan við Strandarveg. Um 100 m er á milli efstu punkta Kirkjuvörðuhólanna.

Hóllinn er allhár hraunhóll sem er gróinn að mestu leyti. Hann er fast sunnan við malbikaðan veg sem liggur um sveitina.

Ekki sést varða uppi á hólnum. Þar er hundapúfa en engin ummerki eru um laust grjót í henni sem gæti gefið vísbindingu um að þarna séu vörðuleifar. Ef varða var á þessum stað hefur hún verið rifin.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7

GK-137:049 *Árnastekkur* tóftir stekkur 64°00.180N 22°20.522V

"Suður af Hellum og suðvestan Vorkvía [143:022] er Árnastekkur sem snýr mót austri og fast neðan hans er Árnastekkhæð. Sumar heimildir kalla stekkin Arnastekk og hæðina Arnastekkhæð [...]," segir í Örnefnum og gönguleiðum. "Ofar nokkuð í Strandarheiði [en Kirkjuvörður 047-048] var Árnastekkur við Árnastekkhæð," segir í örnefnaskrá Hlöðunes. Árnastekkur er um 925 m suðaustan við bæ 001.

Stekkurinn er sunnan undir grónum hraunhól í tiltölulega grónum móa. Þó er flagmói fast suðaustan við stekkurinn.



Stekkjartófti 049A, horft til norðurs

Tvær tóftir eru á svæði sem er um 5x10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóft A er grjóthlaðin, um 5x7 m að stærð og snýr VSV-ANA. Hún skiptist í tvö hólf, inngangur er á SSA hlið. Stærri hólfíð I er um 4x3 m að innanmáli, snýr eins og tóft og er L laga. Hólf II er óljóst vegna mikils hruns í VSV-enda tóftar en virðist vera um 1x1 m að innanmáli. Líklega hefur verið gengt inn í það úr ANA. Aðeins er hlaðið að hluta meðfram NNV hlið tóftarinnar en klapparveggur notaður að hluta. Mesta hleðsluhæð tóftar er 0,5 m og mest sjást 4 umför hleðslu. Lítil gróin tóft B er um 2 m vestan við tóft A, í brekku hólsins sem stekkurinn stendur undir. Tóftin er einföld, um 1,5x2 m að stærð, snýr norður-suður. Ekki sést inngangur í tóftina. Lágur klapparveggur myndar vegg til vesturs. Mesta hæð veggja er um 0,3 m.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 42; Ö-Hlöðunes, 7

GK-137:050 tóftir

64°00.63 IN

22°21.142V



Tófti 050A, horft til norðvesturs

Tvær tóftir eru um 25 m austan við tóft 053, um 20 m vestan við Halldórsstaðavör 037 og um 40 m austan við Nýjuvör 038.

Minjarnar eru í grónum móa fast suðaustan og suðvestan við malarkamb sem liggur í sveig utan um þær. Sjór gengur á land fast suðaustan við þær en þær er gróið engu að síður.

Minjarnar eru á svæði sem er um 18x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er í norðausturenda svæðisins. Hún er um 8x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í

suðvesturenda er skýr tóft sem er um 3,5x3,5 m að stærð. Op er á henni til suðvesturs. Hún er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Innri línur eru mjög skýrar og reglulegar. Norðausturhluti tóftarinnar er útflattur eða er grjóthlaðinn

kantur. Líklegt er að timbur- og bárujárnsbyggingar hafi verið á þessum stað en eru horfnar að öðru leyti en því að grunnurinn sést enn. Mesta hæð tóftar er um 0,6 m. Ekki sést fjöldi umfara. Tóft B er um 4 m suðvestan við tóft A. Hún er torf- og grjóthlaðin og tvískipt. Tóftin er gróin og grösug. Ekki sést í hleðslur. Tóftin er um 5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Í vesturenda er lítið hólf II sem er um 1x0,5 m að innanmáli og op er úr því til austurs en austurveggur er siginn og ógreinilegur. Hólf I er í austurenda og er um 1,5x2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til vesturs. Op er á tóftinni í kverkinni þar sem hólfín mætast, á suðurhlíð. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hlutverk tóftanna er ekki ljóst en líklegt er að þær tengist báðar sjósókn og er tóft A sennilega leifar af sjóhúsi.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Tóft 050B, horft til vesturs

GK-137:051 *Hlöðunessstígur* gata leið

63°58.518N 22°17.338V

"Heiman úr Hlöðuneshverfi lá Hlöðunessstígur upp heiðina að Hlöðunesseli [017]," segir í örnefnaskrá. Stígurinn lá frá Hlöðunessbæ og að selinu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar hann lá í námunda við Reykjanesbraut og ekki eru merki hans greinileg við hana brautina en óljós ummerki sjást ofarlega í Strandarheiði.

Mosavaxið hraun.

Skráning 2012: Ofarlega í Strandarheiði sést nokkuð samfelld gata á um 500 m löngum kafla sem endar um 190 m norðan við selið. Stígurinn er mjó kindagata sem hlykkjast um mosavaxið hraun og uppblásin svæði og liggur norðvestur-suðaustur þar sem hún var skoðuð. Gatan er 0,1-0,2 m á breidd að innanmáli og 0,1-0,2 m á dýpt. Hún er víðast gróin. Líklegt er að hún sjáist á lengri kafla en leiðinni var ekki fylgt nema frá þeim stað sem hún fannst og að selinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7



Hlöðunessstígur 051, horft til norðvesturs

GK-137:052 *Klöpp* bæjarstæði bústaður

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir að býlið Klöpp hafi farið í eyði fyrir aldamótin 1900. Ekki fengust neinar upplýsingar um það hvar býlið Klöpp var og því var ekki unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju. Í bók Guðmundar kemur fram að býlið sé horfið þannig að litlar líkur eru á að mikil ummerki um það sjáist enn.

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 253

GK-137:053 tóft


64°00.625N 22°21.179V

Grjóthlaðin tóft er um 25 m suðaustan við Nýjuvör 038 og 55 m vestan við Halldórsstaðavör 037. Tóftin er um 190 m norðan við Halldórsstaði 021A en líklegt er að tóftin tilheyri því býli.

Tóftin er á malarkambi sem gróinn er að suðaustanverðu en aflíðandi sand- og malarfjara er til norðvesturs.



Tóft 053, horft til suðvesturs




Tóftin er sem fyrr segir grjóthlaðin og hún skiptist í tvö hólf. Tóftin er um 8x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Í suðvesturenda er hólf I sem er um 2x2 m að innanmáli en ekki eru veggir til suðvesturs og norðvesturs, líklega vegna rofs en inngangur hefur líklega verið á norðvesturhlið. Hólf II er norðaustan við hólf I og er allt hrúnið og innanmál þess er ekki hægt að mæla af þeim sökum. Í hólfi I er sementslím í innanverðum hleðslum sem að gefa til kynna að það sé yngri viðbygging. Mesta hleðsluhæð tóftar er í suðvesturenda þar sem veggir eru 1,4 m á hæð og sjást 6 umför. Mesta hæð í norðausturhluta tóftarinnar er 0,5 m og þar sjást 3 umför. Ekki er útilokað að 3 hólf hafi verið í tóftinni en í norðausturenda er grjótlaut svæði sem er um 1,5x1 m að innanmáli og er mögulega op á því til

suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-137:054 hleðsla

64°00.603N 22°21.186V



Hleðsla 054, horft til norðvesturs

Hleðsla er um 10 m norðan við tóft og garðlag 068 um 280 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru í grónum móa suðaustan við malarkamb og litla tjörn sem sjór safnast í á flóði.

Grjóthleðslur eru á svæði sem er um 9x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tvær samsíða grjótraðir liggja frá litilli klöpp til norðvesturs að sjá og enda við litla tjörn innan við sjávarkamb. Grjótraðirnar eru um 0,5 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Um 2 m suðaustan við norðvesturenda raðanna virðist vera hólf en þó er það óljóst. Þar breikkar svæðið litillega og óljóst mótar fyrir þverhleðslu á milli grjótraðanna. Breikkunin er 3,5x3,5 m að stærð. Hlutverk minja er óljóst en þær eru líklega ekki ýkja gamlar og er líklegt að þær tengist útræði úr Nýjuvör 038. Á klöppinni við suðausturenda minjanna er stórgrýti og spýtnabrák, mögulega leifar af fiskhúsi.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-137:055 hleðsla

63°59.454N 22°19.322V

Grjóthleðsla er um 2,6 km suðaustan við bæ 001.



Hleðsla 055, horft til norðurs

Hleðslan er allhátt í heiðinni suður af ströndinni í grónu hrauni.

Hleðslan stendur allhátt og sést nokkuð víða að. Hún er um 1x0,3 m á stærð og snýr austur-vestur. Hleðslan er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Hrunið hefur úr henni til suðurs. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt en mögulega hefur þetta verið skotbyrgi.

Hættumat: engin hætta

GK-137:056 tóftir fjárskýli

63°59.558N 22°19.452V



Á vinstri mynd er tóft 056A, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 056B, horft til norðausturs


"Ofan sléttlendisins sem er austur af Lynghól [sjá 058] liggur stór hlaðinn grjóthringur uppi á klapparholti og er hann u.þ.b. 8 m í þvermál og innan í honum sléttur bali. Vegg hæðin er mjög lág og svo virðist sem þarna hafi átt að byggja fjárborg á stærð við Staðarborg en verið hætt við verkið af einhverjum ástæðum. Einnig gæti svo sem verið að unglingar hefðu gert sér það til dundurs að mynda hringinn," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Tvær tóftir fundust á þessum stað, um 2,4 km suðaustan við bæ 001.

Tóft meints fjárskýlis er uppi á nokkuð flötum hraunhól í heiðinni suður af ströndinni. Dálitil grashvilt er NNA við hana sem þó er að blása upp að hluta og er hin tóftin í hvilftinni.

Minjarnar eru á svæði sem er um 24x24 m að stærð. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er af meintu fjárskýli. Hún er einföld og hringlaga, um 8 m í þvermál. Veggir hennar eru grjóthlaðnir en signir og grónir, um 0,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Ekki sést fjöldi umfara. Mesta breidd veggja er um 1 m. Op er á tóftinni til norðurs. Tóft B er um 10 m norðaustan við tóft A. Hún er um 10x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Eitt hólf er greinilegt í tóftinni sem er um 7x5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki sést skýrt op inn í hólfid. Í vesturenda er þúst sem hlaupin er í þúfur og ekki sést hvort annað hólf hefur verið þar en þó er það líklegt. Hólfid sem áður er lýst gæti þá mögulega verið lítið gerði. Mesta hæð tóftarinnar er um 0,5 m. Hvergi sést í grjót í hleðslum en líklegt er að grjót hafi verið notað í hana, að minnsta kosti að hluta til. Tóftin er mjög grasi vaxin og sker grasvöxtur á henni sig úr öðrum gróðri í nágrenninu. Tóftin er öll hlaupin í þúfur. Ekki er augljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt en mögulega hefur þarna verið stekkur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 50



GK-137:057 þúst

63°59.571N 22°20.107V

Tvær þústir eru í heiðinni um 2 km suðaustan við bæ 001, skammt norðan við Lynghól (sjá 058).


Þústirnar eru á lágum hraunklapparhól í heiðinni.



Á vinstri mynd er hleðsla 057A horft til vesturs. Á vinstri mynd er hleðsla 057B horft til suðurs

Minjarnar eru á svæði sem er um 18x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Þúst A er í vesturenda svæðisins. Hún er um 2x2 m að stærð. Hún er úr grjóti en er lítillega gróin. Ekki stendur steinn yfir steini og mesta hæð er um 0,4 m. Nokkuð bein lína er á norðurhlið þústarinnar en annars eru útlínur óskýrar. Þúst B er um 14 m austan við þúst A. Hún er úr grjóti og ekkert gróin. Hún er nokkuð ferköntuð, er um 2x2 m að stærð. Mesta hæð er um 0,6 m og sjást 3 umföð. Hlutverk þústanna er óljóst. Þær standa ekki hátt og því ekki mjög sennilegt að hér sé um smalakofa að ræða. Þetta gætu verið skotbyrgi en ekki er hægt að segja neitt með vissu um hlutverk minjanna.


Hættumat: engin hætta



Hleðslur 057

GK-137:058 tóft fjárskýli

63°59.629N 22°20.165V



Fjárskýli 058, horft til norðurs

"Spöl fyrir ofan og sunnan Kúadal, u.þ.b. 600

m, er nokkuð stór og áberandi höll sem heitir Lynghóll. Á sléttlendi neðan hólsins hefur verið fjárborg endur fyrir löngu sem nú er hrúnin og uppgróin [...]. Það er erfitt að koma auga á rústirnar við fyrstu sýn, svo vel hafa þær samlagast umhverfinu," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Tóftin er um 1,9 km suðaustan við bæ 001.

Tóftin er á litlum náttúrulegum hól í grónum hraunmóa. Norðan við hana er dálítið flatlendi, gróið á köflum.

Tóftin er um 8 m í þvermál en um 4 m langur aðrekrstrargarður liggur frá inngangi hennar í sveig til suðvesturs. Hún er því samtals 12x8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og grjóthlaðin en veggjahleðslur eru hrundar inn í hana. Á einum stað sjást þó þrjú umföð. Veggir eru hæstir um 0,5 m og eru gróinir að utanverðu. Einnig er gróið svæði í kringum tóftina.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 50

GK-137:059 Ásláksstaðastekkur tóft

stekkur

63°59.693N

22°20.478V



Ásláksstaðastekkur 059, horft til norðurs

"Stuttu ofan og sunnan við Arnarbæli er klapparholt og þar í djúpri kvos mót suðvestri er stór og fallegur stekkur sem líklega heitir Ásláksstaðastekkur. Stekkurinn liggur rétt

austan fjárgirðingarinnar en kvosin sjálf heitir Kúadalur," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Stekkurinn er um 1,7 km SSA við bæ 001 og um 1,5 km sunnan við Ásláksstaði 140:001.

Stekkurinn er í allstórrí hvílt innan hraunhólakraga. Hvilftin er gróin og grösug. Stekkurinn er í austurbrekku hólkrags. Hvilftin er opin til vesturs.

Stekkurinn er grjóthlaðinn og skiptist í þrjú hólf. Hann er um 10x7 m að stærð og snýr VNV-ASA. Í vesturenda tóftarinnar eru tvö samliggjandi hólf I og II sem hvort um sig er um 1x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II sem er sunnar er þó ívið mjórri en hólf I. Lítið op er á því í suðvesturhorni og sést hraunhella yfir opinu í hrunum veggnum. Ekki sjást önnur op á þessum hluta tóftarinnar. Vestan við hólf I og II er hólf III. Það er rétt sem er um 4x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfid breiðkar lítillega til suðurs. Ekki er veggur fyrir suðurenda og klettur í hólbrekku mynda norðurvegg. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1 m og mest sjást 5 umför. Hleðslur eru víðast fallnar niður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 49

GK-137:060

Rauðstekkur

tóft


stekkur

63°59.990N

22°20.265V



Rauðstekkur 060, horft til suðurs



Í örnefnaskrá Ásláksstaða segir: "Fyrir innan Arnarbælishólana er Rauðstekkur, og var grjóthruga uppi á hólum, sem hét Rauðhóll." Í sömu heimild segir:

"Rauðstekkur eru stórpýfðir móar eða holt, sem snúa í norðvestur. Komið er að Rauðstekk, ef stefnt er þvert af gamla veginum frá grútarbræðslunni aðeins vestan við deili og gengið 7-8 mínútur. Ekki man Guðjón eftir mannvirkjum þar." Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Rauðstekkur er nafn á hól eða grjóthleðslum sem standa rétt suðvestan Krummhóls [143:030] og er u.þ.b. 8 mínútna gangur þangað frá Vatnshólum og Gamlavegi með stefnu á Keili. Í Rauðstekk var farið með kýrnar frá Sjónarhóli í tíð Magnúsar Jónssonar (1881-1963). Ekki er ljóst af hverju nafnið er dregið." Stekkurinn er enn greinilegur. Hann er um 1,3 km suðaustan við bæ 001 og um 580 m NNA við Ásláksstaðastekk 059.

Stekkurinn er á grónu og nokkuð sléttu svæði. Allt umhverfis er hins vegar hraunlendi þar sem mikið er um hæðir og dældir.

Stekkurinn er 13x3,5 m á stærð, snýr norður-suður og hallar talsvert til suðurs og er torfhláðinn að mestu en grjóthláðinn að hluta. Hann skiptist í 4 hólf. Hólf I er syðst. Það er sporöskjulaga og er innanmál þess 3x2 m og snýr norður-suður. Op er á hólfid á suðvesturvegg. Hólf II er norðan við hólf I. Innanmál þess 1,5x1 m og í veggjum þess sjást grjóthleðslur. Hólf III norðan við hólf II. Það er 2,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í veggjum þess sjást grjóthleðslur líkt og í hólf II. Á milli hólfis II og III er grjóthláðinn veggur. Hólf IV er norðan við hólf III og á milli þeirra er grjóthláðinn veggur. Hólf IV er sporöskjulaga og er op á suðvesturhlíðinni. Innanmál hólfisins er 4x3 og það snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 4, 12-13; SG: Örnefni og gönguleiðir, 48-49

GK-137:061 varða
63°58.874N 22°18.515V

Varða er í heiðinni suður af Reykjanesbraut, um 110 m norðan við Hrafnagjá þar sem fyrst sést til Knarrarnesselstígs 143:024. Varðan er um 3,8 km suðaustan við bæ 001.

Varðan stendur lágt á lágum hraunhól. Frá henni sést ekki víða.

Varðan er um 1 m á kant að grunnfleti og um 0,7 m á hæð. Hún er ekki vandlega hlaðin og virðist fremur ungleg. Mest sjást 3 umför í hleðslunni. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulega hefur hún varðað Knarrarnesselstíginn 143:024.

Hættumat: engin hætta



Varða 061, horft til vesturs

GK-137:062 heimild um sel 63°58.257N 22°17.562V

"Austur með klifgjánni er Ásláksstaðaholt, margklofið og gengur gjáin í gegn um það. ... Í smá graslendi rétt neðan við Ásláksstaðaholt er vatnsstæði en það þornar tiltölulega fljótt upp á vorin. Sagnir eru til um sel neðan við holtið en engar tóftir eru þar sjáanlegar," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Meint selstæði er um 4,9 km sunnan við Ásláksstaðir stærri 140:001 og um 5,2 km suðaustan við bæ 001.

Norðvestan undir Ásláksstaðaholt og Klifgjá er nokkur uppblástur á annars grónum svæðum í hrauninu. Klifgjáin er hrikaleg fast sunnan við meint selstæði.

Ekki er vitað hvar þetta sel var nákvæmlega og engar minjar um það sáust á vettvangi. Ef sel hefur verið hér er líklegt að það hafi orðið uppblæstri að bráð. Líklegt hlýtur að teljast að selið hafi verið við gjárvegginn.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 80

GK-137:063 varða
63°58.773N 22°18.881V

Stæðileg varða er norðvestan við línuveg, um 80 m suðaustan við vörðu 064 og um 3,8 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á klapparhól í hraunmóa.

Varðan er um 1 m á kant og 1,7 m á hæð. Í henni sjást 10 umför. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi.

Hættumat: engin hætta



Varða 063, horft til norðvesturs

GK-137:064 varða 63°58.807N 22°18.940V

Varða er um 80 m norðvestan við vörðu 063 og um 3,7 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á klapparhól i hraunmóa.

Varðan er um 0,6 m á kant og 0,6 m á hæð. Í henni sjást 5 umför. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gengdi.

Hættumat: engin hætta

GK-137:065 varða
63°58.875N 22°19.107V



Varða 065, horft til austurs

GK-137:066 varða
63°58.925N 22°19.047V

Hrunin varða er í hrauninu um 105 m norðaustan við vörðu 065 og um 3,5 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á grónum hraunhól í móa.

Varðan er nú um 1x1,2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Miðhluti hennar hefur hrunið til norðvesturs en enn standa báðir endar uppi. Varðan er um 0,6 m á hæð og sjást 4 umför. Grjótið í henni er fremur þunnt og flatt, gott hleðslugrjót. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi.

Hættumat: engin hætta

GK-137:067 *Ásláksstaðarétt* heimild um rétt

64°00.230N 22°20.899V

"Fast við réttina [steinsteypa Strandarétt] að austanverðu stóð Ásláksstaðarétt en grjótið úr henni var notað í vegalagningu á þessum slóðum," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Ásláksstaðarétt var líklega um 185 m sunnan við Stássbyrgi 018, um 640 m suðaustan við bæ 001 og 10-20 m austan við Strandarétt, steypa rétt.

Austan við steypu réttina er langur hólhryggur sem liggur suðaustur-norðvestur og er líklegt að réttin hafi verið suðvestan undir honum.

Engar minjar sjást um réttina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 42

GK-137:068 tóft+garðlag
64°00.587N 22°21.202V

Gróin tóft og garðlag eru um 65 m norðaustan við Bjarghól 023 og um 250 m norðaustan við Hlöðunes 001.



Varða 064, horft til norðvesturs

Varða er um 185 m norðvestan við vörðu 064 og um 3,5 km suðaustan við bæ 001.

Varðan stendur á sprungum klapparhól i hraunmóa.

Varðan er um 0,6 m í þvermál og um 1 m á hæð. Hleðslan er óvönduð en í henni sjást 4 umför. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gengdi.

Hættumat: engin hætta



Varða 066, horft til norðausturs



Tóft og garðlag 068, horft til suðvesturs

Minjarnar eru á fremur flatlendu svæði fast austan við hól og sem túngarður Narfakots 138:008 liggur um.

Minjasvæðið er um 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Á því eru tóft A og garðlag B. Tóft A er vestast á svæðinu. Hún er hlaðin austan undir lágan hraunvegg. Hún er sigin og gróin og orðin óljós en er líklega grjót- og torfhlaðin. Hún virðist vera einföld. Tóftin er um 3x3 m að stærð og líklega var op á henni á norðurhlið, næst hraunveggnum. Mesta hleðsluhæð eru um 0,3 m en ekki sést fjöldi umfara í veggjum vegna gróðurs. Fast sunnan við tóftina er grjót sem kann að hafa hrunið úr henni eða öðru mannvirki. Garðlag B sem er um 33 m á lengd og liggur í boga frá suðvestri til norðvesturs afmarkar svæði sem er um 20x30 m að stærð með hólnum sem tóftin er fast við. Garðurinn er hruninn, í honum er stórt grjót og ekki stendur steinn yfir steini. Hann er 0,5-1 m á breidd. Innan gerðisins er flatlent grösugt svæði en sjá má að sjór flæðir inn á þetta svæði á flóði. Hlutverk minjanna er óljóst en mögulega hefur þetta verið útihús og aðhald frá Bjarghóli, Narfakoti eða Hlöðunesi.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-137:069 garðlag vörslugarður
64°00.411N 22°21.347V




Garðlag 069, horft til SSA

GK-137:070 tóft
64°00.577N 22°21.566V



Tóft 070 og túngarður 011B, horft til austurs

Tóft er á hól við norðvesturjaðar túnsins um 200 m norðvestan við bæ 001.




Jarðlægt garðlag liggur meðfram vegi 045 frá túngarði 020 um 110 m sunnan við bæ 001.

Garðlagið liggur um gróinn hraunmóa.

Garðlagið snýr NNV-SSA. Það er um 50 m á lengd, er 0,3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki sést steinn yfir steini. Mögulega eru þetta leifar af hleðslu undir vírgirðingu en líklegt er að garðlagið hafi þjónað sem vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar




Tóftin er á allháum hól niður við fjöru þar sem grasi vaxnar, flatar klappir eru í flæðarmálinu. Hún er innan túns því túngarður liggur neðst í norðanverðum hólnum, en er utan gamla heimatúnsins. Vírnetsgirðing er fast austan við hólinn sem tóftin er á þannig að hún er ekki innan afgirts svæðis sem nýtt er fyrir hrossabeit.

Tóftin er um 9x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er orðin sigin og óskýr en þó er hægt að greina 3 hólf í henni. Hólf I er í norðvesturhluta tóftarinnar, nokkurn veginn fyrir miðri tóft. Það er um 1x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegt op er á því til norðvesturs. Frá sama opi er op til suðvesturs inn í hólf II sem er í vesturhorni tóftar. Það er um 1,5x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustan við hólf II er hólf III sem er um 3,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er fullt af grónu grjóti og er ekki sýnilegur veggur til suðvesturs. Hólfíð er í halla mót suðvestri. Ekki er hægt að greina fleiri skýr hólf í tóftinni. Á norðausturhlíð tóftarinnar er hrunin grjóthleðsla en annars sést óviða í grjót í tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og líklega er tóftin úr torfi og grjóti. Túngarður 011 liggur meðfram norðanverðum hólnum sem tóftin er á. Mögulega er tóftin leifar af útihúsi en líklega er að hér hafi verið hjáleiga, t.d. Nýlenda 024, Holt 025 eða Klöpp 052 og er líklegt að túngarður 011B hafi afmarkað tún hennar en þó er ekki hægt að slá því föstu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-137:071 tóft útihús

64°00.433N 22°21.378V



Tóft 071, horft til suðurs

Tóft er nærri tröðum 028 rétt sunnan túns, um 110 m sunnan við bæ 001 og fast vestan við veg 045.

Tóftin er á flatri klöpp í grónum hraunmóa. Til vesturs er þýfður mói og til austurs er gamall vegur 045.

Tóftin er einföld, grjót- og torfhláðin. Hún er mjög gróin og nokkuð sigin. Tóftin er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er opin til suðurs þar sem ekki er veggur en hefur ef til vill verið timburþil. Rof er komið í vestur-langvegg tóftarinnar. Mesta veggjahæð er um 0,4 m. Á stöku stað sést í steina í veggjum en ekki er hægt að greina fjölda umfara. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en hún er að öllum líkindum af útihúsi og gæti hún verið af hesthúsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-137:072 tóft útihús

64°00.497N 22°21.545V

Tóft er í túni um 105 m vestan við bæ 001 og um 60 m sunnan við þúst 073.

Tóftin er á hárrí hæld í túninu sem er sléttlent.

Tóftin er gróin og grjóthláðin en ef til vill er einnig torf í veggjum. Hún er tvískipt og er um 8,5x8,5 m að stærð. Í norðurenda er hólf I. Það er um 1x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í vesturenda er grjóthrúga. Líklega hefur verið op á hólfinu til austurs en það er ekki skýrt. Hólf II er samsíða hólf I og er um 3x1 m að innanmáli og er op úr því til austurs. Mesta hæð tóftarinnar er um 1 m en hún er hæst í vesturenda. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en líklega er hún af gömlu útihúsi. Það er ekki merkt inn á túnakort sem bendir til þess að ekki hafi verið búið að byggja það 1919 eða að þá hafi það verið fallið úr notkun. Í





Tóft 072, horft til vesturs

samanburði við útihús sem enn sést til og eru merkt inn á túnakort er líklegt að þetta útihús hafi verið fallið úr notkun fyrir 1919. Ekki er útilokað að tóft þessi sé af býlinu Klöpp en ekki er vitað hvar það var eða hvort það var í túni Hlöðuness.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-137:073 þúst útihús
64°00.530N 22°21.552V



Tvær þústir eru í heimatúninu um 130 m norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á suðurenda hólís í túninu sem er nokkuð flatlent allt í kring.

Minjarnar eru á svæði sem er um 11x8 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrst á svæðinu er þúst A. Hún er um 7x7 m að stærð. Greinilegasti hluti hennar er um 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Í þeim hluta má sjá móta fyrir hólfi sem er um 0,5x3 m að innanmáli. Líklega hefur verið op á henni virðist vera torf og grjót. Þúst B er syðst á svæðinu, um 2 m sunnan við þúst A. Hún er um 2x2,5 m á hæð og snýr norður-suður. Hún er hlaupin í þúfur og er um 0,2 m á hæð. Ekki sést gjót í henni. Staðsetning þústanna bendir til að þær hafi verið útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

hólfinu til austurs. Mesta hæð þústarinnar er um 0,5 m og



Þúst 073A, horft til suðurs

GK-138 Narfakot

Hjáleiga Hlöðuness 1847. JJ, 90.

1919: Tún 1,7 teigar, garðar 700 m² samkvæmt túnakorti.

GK-138:001 *Narfakot* bæjarhóll bústaður

64°00.571N

22°21.339V

Gamli bærinn í Narfakoti stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús, á fremur lágum hól í miðju Narfakotstúni. Heilsársbúseta er í Narfakoti.

Umhverfis núverandi íbúðarhús eru kálgarðar 004 og 012 til norðvesturs og suðvesturs. Suðaustan við húsið er sléttuð flöt sem er að hluta grasi gróin og að hluta hellulögð.

Engar minjar um gamla bæinn sjást og ekki virðist um uppsöfnun mannvistarlaga að ræða á bæjarstæðinu svo að hægt sé að tala um bæjarhól. Ekki virðist vera kjallari undir íbúðarhúsinu en ætla má að eitthvert rask hafi orðið á bæjarstæðinu við byggingu þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 255; Túnakort 1919



Bæjarstæði Narfakots 001, horft til norðausturs

GK-138:002 heimild um útihús

64°00.575N 22°21.338V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var fjórskipt útihús um 5 m norðaustan við bæ 001 og um 5 m suðaustan við kálgarð 012.

Útihúsið var líklega á hólnum sem bærinn var á og þar sem nú er stórt íbúðarhús.

Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi horfið vegna niðurrifs eða bygginga.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:003 hleðsla útihús

64°00.578N

22°21.322V



Hleðsla 003, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m NNA við bæ 001. Hleðsluleifar eru um 5 m norðan við íbúðarhúsið í Narfakoti. Líklegt er að þær séu leifar af útihúsinu.

Minjarnar eru í túni.

Hleðsluleifarnar sem sjást eru líklega leifar af norðaustur-útvegg útihússins. Hleðslan er um 6 m löng og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1,5 m á breidd, 0,4 m á hæð og sjást 2 umför hleðslu. Laust grjót hefur nýlega verið sett ofan á hleðsluna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919


GK-138:004 þúst útihús

64°00.572N

22°21.346V



Púst 004 og hluti kálgarðs, horft til suðvesturs



Púst og kálgarður 004

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús sambyggt kálgarði fast vestan við bæ 001. Kálgarðurinn sést enn og þúst sem er á sama stað og útihúsið var.

Kálgarðurinn er fast suðvestan við íbúðarhúsið á bæjarstæðinu og þúst útihússins er fast vestan við húsið. Minjarnar eru á svæði sem er um 26x24 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kálgarðurinn er um 25x24 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er grjóthlaðinn og er enn stæðilegur en gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m utanmáls, ekki sést fjöldi umfara. Innan kálgarðs er grasi gróið og hefur lítill matjurtagarður verið gerður nýlega innan hans. Flöt sem er suðaustan við íbúðarhúsið hylur hluta af suðausturkálgarðsvegg. Einu sýnilegu leifarnar af útihúsinu er þúst sem er á milli kálgarðsveggjar og íbúðarhúss í norðurhorni kálgarðsins. Þústin er um 5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Laust grjót er suðaustan og norðaustan við þústina. Mesta hæð hennar er um 0,2 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:005 heimild um

64°00.567N

22°21.348V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró innan kálgarðs sem skráður er með útihúsi 004.

Þróin var innan kálgarðs, mögulega þar sem upphækkuð flöt er suðaustan við íbúðarhúsið.

Ekki sést til minja um þróna og hefur að öllum líkindum verið fyllt upp í hana.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:006 tóft útihús

64°00.593N

22°21.293V



Tóft 006



Tóft 006, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 55 norðaustan við bæ 001. Þar sést nú þrískipt tóft en hefur skipist í 4 hólf samkvæmt túnakortinu.

Tóftin er norðarlega í túni Narfakots 10-15 m sunnan við fjörुकamb. Túnið er eggslétt og er nýtt fyrir hrossabeit. Tóftin er grjóthlaðin og nokkuð gróin. Hún er um 15x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er þrískipt. Í vesturenda er hólf I. Það er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Hólf II er samsíða hólf I, er um 3,5x1,5 m að innanmáli. Op er á því til norðurs. Hólf III er óljóst og útflatt. Það virðist vera um 3x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Allir veggir þess nema vesturveggur eru útflattir. Fast austan við austurenda tóftarinnar er túngarður Narfakots 008. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m og mest sjást 5 umför. Líklegt er að útihúsið hafi þjónað sem fjárhús en það er ekki vitað með vissu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:007 Narfakotsbrunnur brunnur



Brunnur 007, horft til suðausturs

brunnur 64°00.571N 22°21.290V



"Hlöðunesbrunnur [137:005]. Halldórsstaðabrunnur [137:046] og þá Narfakotsbrunnur voru allir skammt frá bæjum í Túnunum," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá 1919 um 40 m austan við bæ 001. Hann sést enn.

Brunnurinn er fast suðaustan við hæð í túni, um 10 m norðaustan við heimreið að íbúðarhúsi.

Brunnurinn er byrgður og ekki hægt að sjá ofan í hann. Hann stendur um 0,3 m upp úr jörðu og er um 3 m í þvermál. Hann er grjóthlaðinn en gróinn. Ferkantaður viðarrammur er ofan á brunninum sem er um 2x2 m að stærð. Hann er með hlera og ofan á hleranum er grjót.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7; Túnakort 1919

GK-138:008 garðlag túngarður



Túngarður 008, horft til suðausturs

64°00.548N 22°21.448V

"Narfakotstúnið takmarkast af áður nefndri Vírgirðingu, sem er á milli Halldórsstaða og Narfakotstúna, þá eftir Grjótgarði að S-Au. og Au. Að Norðan afmarkast af Sjávargarði [014] [...]," segir í örnefnaskrá. Enn sjást leifar af túngarði Narfakots á tveimur stöðum, annars vegar um 85 m vestan við og hins vegar um 65 m norðaustan við bæ 001.

Túngarðurinn liggur um flatlent slétt tún að vestanverðu en um hóla í austurhluta.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 200x100 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn en hleðslur eru hrundar og hann hefur verið rifinn á köflum. Hann er víða 1 m á breidd og hæstur um 0,4 m, mest sjást 2 umför. Garðurinn sem afmarkar austurhluta túnsins er í kringum útgræðslu þar sem býlið Bjarghóll GK-137:023 stóð áður en óvíst er að túngarðurinn hafi tilheyrt

því býli. Samkvæmt túnakorti frá 1919 náði norðurendi þess hluta túngarðsins sem afmarkaði vesturhlíð túnsins að túngarði Miðhúsa GK-134:022 en nú er um 4 m bil á milli þeirra.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3

GK-138:009 Narfakotsvör hleðsla lending

64°00.623N 22°21.398V



Narfakotsvör 009, horft til norðausturs

"Frá miðri Narfakotsvör, að austan þvert niður til sjávar, allt vestur í svo nefndan Krummahjall [137:031]" segir í örnefnaskrá. Hlaðið er meðfram norðvestanverðri Narfakotssvör sem er um 105 m norðvestan við bæ 001.

Vörin er í lágri klapparfjöru með ljósum skeljasandi.

Vörin er 20-30 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er þrengst yst, norðaustast, þar sem hún er um 10 m breið en víkkar svo út og verður mest 15-20 m breið næst landi. Ljós skeljasandur er í botni vararinnar. Hleðsla er meðfram norðvesturhlið hennar sem er 20-30 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Áætluð breidd hennar er um 1 m og hún er um 0,6 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara vegna þangs sem þekur hleðsluna.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3-4

GK-138:010 Narfakotsnaust hleðsla naust

64°00.604N 22°21.388V



Narfakotsnaust 010, horft til austurs



Teikning sem sýnir minjar um Narfakotsnaust og Miðhús 137:022

"Hér fram undan er líka talað um Syðri-Vararós og ofan varar Narfakotskamp með Narfakotsnaust ofan varar [009]," segir í örnefnaskrá. Narfakotsnaust var að líkindum þar sem tvö hróf eru merkt saman á túnakorti frá 1919 fast NNA við Miðhús 137:022. Þar eru óljósar minjar um naust um 70 m norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á flatlendu svæði í túni fast sunnan við sjávarkamp.

Veggur eða hleðsla er við enda hleðslu GK-137:022B til norðurs þar sem hún liggur meðfram austurhlið hólis. Þar er hún greinileg á um 2 m löngum kafla en verður svo afar óskýr og jarðlæg en má greina á svæði sem er um 9x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjarnar eru útlattar. Líklega eru þetta leifar af austara hrófinu sem merkt er á túnakort á þessum stað. Ekki sjást skýr ummerki um vestara hrófið og er líklegt að það hafi verið rífið eða að það hafi horfið vegna ágangs sjávar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 6; Túnakort 1919



Gryfja 011, horft til austurs

GK-138:011 gryfja

64°00.598N 22°21.289V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 10 m norðaustan við útihús 006 og um 65 m norðaustan við bæ 001. Óljósar leifar af þrónni sjást enn.

Minjar um þróna eru á sjávarkambi og er sjávarrofið komið fast að henni. Sunnan við þær er grasi gróið tún og fast suðaustan við þær eru leifar af túngarði Narfakots 008.

Óljóst sést móta fyrir lægð sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er full af timbur- og járnrusli en aðallega grjóti sem sjórinn hefur borið á land. Líklega hefur þróin verið grjóthlaðin en það er erfitt að sjá vegna rofs og grjóts.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:012 gerði kálgarður



Kálgarður 012, horft til suðausturs

64°00.582N 22°21.346V



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 15 m norðan við bæ 001. Leifar hans sjást enn.

Kálgarðurinn er í halla til norðvesturs frá hólnum sem bærinn stóð á. Íbúðarhús er um 10 m suðaustan við hann. Innan kálgarðsins er grasi gróið og nokkuð grýtt og þar er einnig rotþró fyrir íbúðarhúsið.

Kálgarðurinn er um 16x14 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur fyrir suðausturhlið og norðvesturlangveggur er aðeins 11 m langur. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 4 umfö. Rof er komið í vegg í suðvesturenda kálgarðs og norðvesturveggur er nokkuð óskýr.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:013 heimild um leið

64°00.594N 22°21.389V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá bæ 001 til norðvesturs að Miðhúsum 137:022 og/eða að Narfakotsvör 009. Leiðin lá um sléttað og flatlent tún.

Ekki sést til leiðarinnar í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-138:014 *Sjávargarður* hleðsla
varnargarður

64°00.601N 22°21.277V "

Að Norðan afmarkast [Narfakotstún] af Sjávargarði [...]," segir í örnefnskrá. Leifar af Sjávargarði sjást á tveimur stöðum í sjávarkampi, um 70 m norðan við bæ 001 og um 75 m norðaustan við bæ 001.

Leifar af Sjávargarðinum eru í sjávarkampi, á mörkum fjöru og túns.

Hleðslur í Sjávargarði sjást á tveimur stöðum á svæði sem er um 80x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hleðsla A er um 75 m norðaustan við bæ 001. Hún sést á 2 m löngum kafla, snýr austur-vestur, er



Sjávargarður 014, horft til suðurs

um 0,5 m á hæð. Í hleðslunni má greina þrjú umfær grjóts. Ekki er hægt að sjá breidd garðsins vegna grjóts sem safnast hefur fyrir innan hann. Um 65 m vestan við hleðslu A er hleðsla B en hún sést á um 12 m löngum kafla sem snýr VNV-ASA. Allt í kringum hana er grjót sem sjórinn hefur borið upp að Svárgarðinum og yfir hann. Aðeins sést óljóst hvar garðurinn er og stendur hann nánast ekkert upp úr grjótinu en er skófum vaxinn og sker sig þannig lítillega úr sjóborna grjótinu. Er um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þar sem ekki sést til garðsins getur hann verið horfinn eða falinn undir grjóti í sjávarkampinum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3

GK-139 Hlöðuneskot

Hjáleiga Hlöðuness 1703 og 1847. JJ, 90. Jarðardýrleiki óviss 1703. JÁM III, 129.

GK-139:001 *Hlöðuneskot* bæjarhóll bústaður


Ekki er vitað hvar Hlöðuneskot var og ekki reyndist því unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Ekki er ósennilegt að þetta býli hafi verið á sama stað og eitthvert þeirra býla sem nú eru þekkt undir öðrum nöfnum s.s. Halldórsstaðir 137:021 eða Miðhús 137:022 en hvorki fundust heimildir né heimildamenn sem gátu varpað ljósi á það.

GK-140 Áslákstaðir stærri (ytri)

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 131. 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr.), Hlökkunes (20 hdr.), tvenna Ásláksstaði (40 hdr.), Knarrarnes tvö (30 hdr.), Breiðagerði fyrir (10 hdr.). DI IV 707-708. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 3 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26. 1547-48 er Minni og Stærri Ásláksstaða getið í fögetareikningum. DI XII, 115.

Atlagerði 049 er hjáleiga árið 1703. JÁM III, 131. Ásláksstaðakot GK-141 hjáleiga 1847. JJ, 90. "Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: Rás [053], Fagurhóll [052], Gerðar [051], út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot [050] og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann. Þá er Miðbær [010], og eitt sinn var svo nýbýli ofan þjóðvegjar, Garðhús [011] ... "Þá eru grasbýlin. Syðst og vestast er Móakot [035], og norðaustur frá Ásláksstöðum er Hallandi [010], eða Nýibær, en undir því nafni gengur bærinn nú. Þá er Sjónarhóll [GK-142:012], sem er innsti bær í Ásláksstaðahverfi." Ó-Ásláksstaðahverfi, 8. Bærinn fór í eyði fyrir 10-20 árum. 1703: Túnunum segir bóndinn að spilli tjörn, sem þar liggur innan mitti túninu og líka nokkur önnur tjörn minni, ogso innangarðs, líka gjörir sjáfarangur nokurt mein, þó ei til stórbaga á heimajörðinni. Engjar eru öngvar. Útihagar um sumar og vetur í lakasta máta og nær öngvir nema fjaran." JÁM III, 131. 1919: Tún alls 1,84 teigar, garðar 1020m².

GK-140:001 Ásláksstaðir stærri (ytri) bæjarhóll bústaður 64°00.508N 22°20.678V



Horft til austurs að bæjarstaði Ásláksstaða stærri 001



Bæjarstaði Ásláksstaða stærri 001, horft til vesturs

"Á Ásláksstöðum var áður þríbýli, og var bæjaröðin norðaustan við núverandi íbúðarhús, sem byggt var um 1884," segir í örnefnaskrá. Af tilvísuninni að framan má skilja að allir bæirnir þrír hafi verið á bæjarhólnum í röð. Ef til vill var Miðbær 005 eitt býlanna þriggja en það var þó líklega fast norðaustan við bæ 001. Bærinn var fast norðvestan við merkin við Ásláksstaði innri GK-142 og íbúðarhúsið frá 1884 stendur enn á þessum stað. Á túnakorti sést að kálgarður vestan við bæinn var áfastur íbúðarhúsinu. Hann er því einnig skráður sama númeri. Bærinn fór í eyði fyrir 10-20 árum og húsin sem enn standa eru í niðurniðslu. Bærinn er í grónu túni á dálítilli náttúrulegri hæð sem hallar til norðausturs og er allmikil tjörn skammt norðan við hann.

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Ásláksstaðahúsið sem nú

stendur var byggt um 1883-4 úr kjörviði sem seldur var á uppboði úr skipinu James Town, er strandaði í Höfnum ..." Ekki sést eiginlegur bæjarhóll á Ásláksstöðum stærri. Sem fyrr segir er bærinn á lágum náttúrulegum hól en ekki er að sjá að á honum sé mikið af uppsöfnuðum mannvistarleifum. Íbúðarhúsið sem byggt var 1884 stendur enn en það er nú ónýtt. Húsið sjálft er um 5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Með viðbyggingum er það 10x8 m að stærð og snýr eins. Ekki sést hvort grunnur hússins er hlaðinn eða steiptur. Hlaðinn kantur er VSV við húsið. Hann er um 1 m á hæð og um 14 m á lengd, snýr NNV-SSA. Í kantinum sjást 3 umför hleðslu. Fast NNV við íbúðarhúsið er uppistandandi hlaða úr timbri og bárujárni og steipt fjós með niðurgröfðu haughúsi. Þar sem bæjarröðin var, norðaustan við íbúðarhúsið sem enn stendur, er nú slétt plan og um 10 m norðan við íbúðarhúsið er hlöðutóft 005 og sambyggður kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GJ: Mannlif og mannvirki, 266; Ö-Ásláksstaðir, 9; Túnakort 1919

GK-140:002 heimild um útihús 64°00.512N 22°20.632V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús fast norðvestan við bæ 001.

Útihúsið var á dálitilli náttúrulegri hæð í túninu.

Ekki sést til útihússins en þar sem það var stendur nú hlaða. Hún er um 8x4 m að stærð og snýr VSV-ANA, bárujárnsklædd, á steiptum grunni. Ekki er útilokað að þetta hús sé það sama og er á túnakorti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:003 heimild um útihús 64°00.513N 22°20.686V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m norðvestan við útihús 002 og um 20 m norðvestan við bæ 001.

Útihúsið var á dálitilli náttúrulegri hæð í túninu.

Þar sem útihúsið var stendur nú steinsteipt fjós sem byggt var á fyrri hluta síðustu aldar. Undir því er niðurgrafð haughús. Alls er fjósbyggingin um 9x8,5 m að stærð og snýr NNV-SSA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:004 heimild um 64°00.515N 22°20.695V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró fast norðvestan við útihús 003, um 25 m norðvestan við bæ 001.

Útihúsið var fast norðvestan við dálitla náttúrulega hæð í túninu.

Ekki sést til þróarinnar en hún var að líkindum þar sem nú er haughús í steinsteiptu fjósi (sjá fornleif 003).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:005 *Miðbær* tóft+garðlag hlaða 64°00.514N 22°20.684V



Á vinstri mynd er tóft 005A, horft til SSA. Á hægri mynd er þúst 005C, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús og sambyggður kálgarður um 10 m norðan við bæ 001. Tóftin og kálgarðurinn sjást enn. Samkvæmt Helga Davíðssyni, heimildamanni, var hlaða og síðar fjárhús í tóftinni. "Sjónarhóll [142:012] stendur í Sjónarhólstúni og takmarkast af Heiðargarðinum [142:014] að ofan, en gegnt Ásláksstöðum af ytri traðargarði í Markastein," segir í örnefnaskrá. Ytri traðargarður er líklega hluti af kálgarðinum sem hér er skráður og sést hann um 25 m suðaustan við bæ 001. "Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: Rás [053], Fagurhóll [052], Gerðar [051], út á Grandanum nefnist einnig

Gerðakot [050] og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann. Þá er Miðbær, og eitt sinn var svo nýbýli ofan þjóðveggar, Garðhús [011]," segir í örnefnaskrá. Í landamerkjalytingu Ásláksstaðahverfis sem birt er í örnefnaskrá Ásláksstaðahverfis segir að Miðbær hafi átt nokkrar túnskákir í túni Ásláksstaða stærri. Býlinu tilheyrðu einnig matjurtagarðar í vesturhorni á norðurgarði Ásláksstaða stærri sem er að líkindum kálgarðurinn sem hér er einnig skráður. Í lýsingunni segir einnig: "Ennfremur fylgir tóftarbrot eða lóð undan bæjartóft fyrir austan hlöðuna." Líklega er hlaðan sem um ræðir sú sama og skráð er hér. Tóftarbrot eða lóð undan bæjartóft kann að eiga við um dálitla þúst fast austan við hlöðutóftina, innan kálgarðs, um 15 m norðaustan við bæ 001. Hér er skráð saman: hlöðutóft áföst kálgarði sem að hluta var notaður sem traðarveggur. Innan kálgarðs er svo skráð þúst sem er meint bæjarstæði Miðbæjar.

Minjarnar eru á dálitilli náttúrulegri hæð í túninu, fast sunnan við litla tjörn. Rabarbari vex í suðausturenda gamla kálgarðsins við merki á móti Ásláksstöðum innri.

Minjarnar ná yfir svæði sem er um 77x18 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Tóftin A er litlu norðvestan við miðjan kálgarð, við suðvesturhlið hans. Hún er einföld og grjóthlaðin, um 7x5 m að stærð, snýr NNV-SSA. Op er á tóftinni í vesturhorni. Mesta hleðsluhæð að utanverðu er um 1,2 m og sjást 7 umföer í innanverðum veggjum. Mikið af grjóti hefur hrunið inn í tóftina úr suðvesturvegg og hefur hrunið hálfyllt hana. Kálgarður B er áfastur tóft A og er um 77x18 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hann er grjóthlaðinn, um 1 m á hæð og breidd og sjást mest 5 umföer hleðslu í honum. Skarð er í kálgarðinn í vesturhorni. Frá tóft A að vesturhorni sést aðeins innri brún kálgarðsveggjarins og á norðausturhlið kálgarðsins sést aðeins ytri veggjarbrún. Samkvæmt túnakorti virðist kálgarðurinn hafa náð að merkjum á milli Ásláksstaða stærri og Ásláksstaða innri. Suðausturhluti hans sem var á milli tóftar A og merkja hefur verið rifinn að mestu leyti, ef til vill þegar vegur 019 var lagður að Hallanda/Nýjabæ 010. Um 14 m langur jarðlægur bútur er þó enn sýnilegur í suðausturenda kálgarðsins, næst merkjum. Hann er um 1 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Líklega er þessi bútur ytri traðargarður sem getið er um í örnefnaskrá. Enn vex rabarbari næst merkjunum. Engin ummerki um annan traðargarð eru sýnileg. Þúst C, meint bæjarstæði Miðbæjar, er um 4 m austan við tóft A. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr SSV-NNA. Hún er grasi vaxin og ekki hærri en 0,5 m, hæst til austurs. Í vesturhorni er grjóþúst sem er um 1,5x1 m að stærð, snýr NNA-SSV og er um 0,3 m á hæð. Vegur 019 sem liggur að Hallanda/Nýjabæ 010 liggur fast sunnan við upphækkunina og kann að hafa raskað býlisrústum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Ásláksstaðahverfi, 4-5, 8, 12

GK-140:006 heimild um útihús 64°00.511N 22°20.677V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús fast suðaustan við tóft 005 og um 5 m norðaustan við bæ 001. Útihúsið var á dálitilli náttúrulegri hæð í túninu.

Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið rífið. Grjót sést í grassverði þar sem útihúsið stóð og kann það að vera úr húsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:007 heimild um útihús 64°00.507N 22°20.674V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 5 m austan við bæ 001.

Útihúsið var á dálitilli náttúrulegri hæð í túninu. Þar sem það stóð er vegur heim að bæ 001 og áfram að Hallanda/Nýjabæ 010.

Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið rífið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:008 tóft hesthús

64°00.510N 22°20.812V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 100 m VSV við bæ 001. Tóft útihússins sést enn og samkvæmt Helga Davíðssyni, heimildamanni, var það hesthús.

Tóftin er í vesturjaðri hæðótts túns.

Tóftin er grjóthlaðin, um 7x4 m að stærð, snýr norður-suður. Hún virðist skiptast í 2 hól en það er óljóst. Hólf I er um 2x2 m að innanmáli og er í norðurenda tóftar. Ekki sést skýrt op á því. Hólf II er afar óskýrt, er um 1x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Mögulega hefur verið inngangur í tóftina í þessum enda tóftarinnar en suðurveggur hennar er afar óskýr. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 4 umföer



Hesthústóft 008, horft til norðurs

af hleðslu en tóftin er gróin. Dálítil grjóthruga er við suðvesturhorn tóftar og kann það að hafa verið tint úr túninu eða hrúnið úr tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:009

Ásláksstaðabrunnur

brunnur


brunnur

64°00.528N

22°20.703V



Ásláksstaðabrunnur 009, horft til vesturs



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 40 m sunnan við bæ 001. "Ásláksstaðir eiga þrjú túnstykki í Norðurtúni. Túnstykki niður við Tjörn, túnstykki niður að Vesturkofa [029] og túnstykki niður á Ásláksstaðabrunni," segir í örnefnaskrá. Þar stendur einnig: "Hallandabrunnur var framan bæjar í túninu." Hallandabrunnur hét Nýjabæjarbrunnur eftir að nafni Hallanda var breytt í Nýjabæ. Ásláksstaðabrunnur og Hallandi-brunnur/Nýjabæjarbrunnur eru að öllum líkindum sami brunnurinn og á

túnakorti sést leið 028 liggja frá Hallandi/Nýjabæ 010 að brunninum. Brunnurinn er fast norðan við kálgarð 005.

Brunnurinn er grjóthlaðinn en bygður þannig að ekki sést ofan í hann og ekki ljóst hversu djúpur hann er. Hann er um 3x2,5 m að utanmáli og um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er gróinn að utan. Að sögn heimildamanns, Helga Davíðssonar, var gott vatn í brunninum og vatn er í honum enn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:010

Hallandi

bæjarstæði

býli


64°00.551N

22°20.629V

"Þá eru grasbýlin. Syðst og vestast er Móakot [035], og norðaustur frá Ásláksstöðum er Hallandi, eða Nýibær, en undir því nafni gengur bærinn nú," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Nýibær í Ásláksstaðahverfi stendur enn með litlum breytingum síðan árið 1917. Nýjabæjarjörðinni var skipt út úr Ásláksstöðum í upphafi, en var fyrir nokkrum árum, eða um 1970, keypt aftur undir Ásláksstaði." Á túnakorti er sýnd bæjarröðin A, lítið útihús B, útihús í norðausturenda túnsins C, og kálgarðar D umhverfis bæ. Bæjarröðin var 80-90 m norðaustan við bæ 001. Útihús B var um 5 m NNV við bæjarröðina A. Útihús C var 160 m NNA við bæjarröð A. Auk þessara minja voru skráðar hleðslur E og F, vör G, mannvirki H og garðlag I sem taldar eru tilheyra Hallanda/Nýjabæ. Býlið fór í eyði um 1970.

Bærinn er í túni suðaustan við litla tjörn, á mörkum milli Ásláksstaða stærri og Ásláksstaða innri GK-142.

Á túnakorti frá 1919 eru tvö Nýjabæjartún, alls 1,9 teigar, garðar 700m². Minjar sem tilheyra Hallanda/Nýjabæ eru á svæði sem er um 210x40 m að stærð og snýr NNA-SSV. Minjar um bæinn A sjást enn en þær eru að hluta hlaðnar og að hluta steyptar. Bærinn sjálfur er um 19x9 m að stærð, snýr





Minjar á og við bæjarstæði Hallanda 010



Á vinstri mynd eru byggingaleifar á bæjarstæði Hallanda 010A, horft til suðurs. Á hægri mynd er tóft 010C, horft til norðausturs



Á vinstri mynd er meint vör 010G, horft til norðurs. Á hægri mynd er mannvirki 010H og garðlag 010I, horft til norðausturs




VSV-ANA og skiptist í 7 hólf. Aðeins hólf III og IV eru hlaðin en hin eru steipt. Í VSV enda bæjarraðarinnar er hólf I sem er um 5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ekki er greinilegt op á því en veggur á SSA-gafli sést ekki. Hólf II er þar næst til ANA. Það er um 3x5 m að innanmáli, snýr eins og hólf I og op er á því til NNV. Næst í röðinni er hólf III sem er um 5x6 m að innanmáli og snýr eins og hólf I og II. Ekki sést op á hólfinu en á NNV-hlið er kantur niður í hólfid en ekki sést veggur upp úr jörðu á þeirri hlið. Hleðslurnar í hólf III hafa verið múraðar að hluta. Hæstu hleðslur eru um 1,5 m, sjást 8 umför. Lítið hólf IV er einnig hlaðið aftan við hólf III til suðausturs en

veggir þess eru grónir og aðeins um 0,3 m á hæð. Hólf V er næst ANA við hólf III. Það er um 3x6 m að innanmáli og snýr NV-SSA. Op er á því til NNV. Hólf VI og VII eru ANA við hólf V. Hólf VI er aftan við hólf VII til SSA. Það er um 3x4 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Ekki sést op á því. Hólf VII er um 2x4 m að innanmáli, snýr eins og hólf VI og það er opið til ANA þar sem ekki er veggur á þeirri hlið. Hlaðinn kantur E er norðvestan við alla bæjarröðina og nær að vegi 019. Hleðslan verður hærrí og greinilegri eftir því sem lengra er farið til suðvesturs. Hleðslan er um 40 m löng, er hæst um 1 m og mest sjást 4 umför. Önnur hleðsla F er frá vegi 019 og áleiðis að bæ A. Hún er hlaðin utan í lágan hól, er um 8 m á lengd og um 0,4 m á hæð, sjást 2 umför. Ógreinileg ummerki kálgarðs D sjást um 13 m vestan við bæ A en þar er 7 m langur kantur niður við tjörn sem snýr eins og bærinn. Ekki sést til útihúss B og hefur það líklega verið rífið. Tóft C er um 155 m norðvestan við bæ A. Hún er grjóthlaðin og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er um 10x4 m að stærð og er á grónum klapparhól niður við sjó. Eitt greinilegt hólf er í tóftinni sem er um 5,5x2 m að innanmáli. Líklega hefur verið op í suðvesturenda en það er óljóst. Hlaðinn kantur er áfastur tóftinni í austurhorni sem er um 3 m á lengd og um 0,5 m á hæð. Suðvesturhluti tóftarinnar er óljós og þar er timburrukl, grjót og annað drasl. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 5 umför. Hrúnið hefur úr tóftinni í norðurhorni. Sennilega er tóftin af nausti og/eða fiskhúsi. Líklegt er að vör G hafi verið norðan við tóftina en ekki sjást óbyggjandi mannaverk á henni. Hún er um 10x30 m að innanmáli og snýr norður-suður. Um 30 m norðaustan við tóft C og um 185 m NNA við bæ A er grjóthlaðið mannvirki H og garðlag I á svæði sem er um 9x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðurhorni svæðisins er ferkantað grjóthlaðið mannvirki H sem er um 2,5x1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er um 0,5 m á hæð og sjást 2 umför. Lítilsháttar timburleifar eru í því. Um 4 m sunnan við það er lítið grjóthlaðið garðlag I sem er um 5,5 m á lengd, snýr VSV-ANA og er um 0,3 m á hæð og breidd. Ekki stendur steinn yfir steini. Óvist er hvaða hlutverki tvær síðastnefndu minjarnar gegndu en líklegt er að þarna hafi fiskur verið þurrkaður.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Ásláksstaðahverfi, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 263



"Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: Rás [053], Fagurhóll [052], Gerðar [051], út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot [050] og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann. Þá er Miðbær [005], og eitt sinn var svo nýbýli ofan þjóðvegjar, Garðhús," segir í örnefnaskrá. "Garðshús stóðu rétt austan við fjósið [líklega er hér átt við fjós á Sjónarhóli GK-142:012 en í því húsi var áður eldra íbúðarhús Sjónarhóls], sem enn stendur. Konráð Andrésón bjó þar síðastur fram undir 1940," segir í örnefnaskrá "Garðhús byggði Konráð Andrésón árið 1917 og var það jarðlaust í landi Sjónarhóls, við mörk Knarraresshverfis," segir í bókinni Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Ásláksstaða eftir Vilborgu Magnúsdóttur kemur fram að Garðhús hafi verið í byggð löngu fyrir minni hennar en hún er fædd á Innri-Ásláksstöðum 1892. Samkvæmt túnakorti frá 1919 tilheyrði Garðhúsum bærinn A, útihús B, túngarður C og kálgarður D. Auk þessara minja var skráð þró E og dæld F sem einnig eru skráð undir sama númeri. Býlið var um 310 m suðaustan við bæ 001.

Bæjarstæði Garðhúsa er á hól í litlu túni sem er í grónum klapparmóa skammt neðan/norðan við veg um Vatnsleysuströnd.

1919: Tún 0,34 teigar, garðar 310m². Minjar um býlið sjást á svæði sem er um 70x70 m að stærð. Hér er hverri einingu gefinn bókstafur til aðgreiningar. Í suðurhorni svæðisins er bæjarstæðið A. Á því standa steypptir veggir lítills húss sem er um 4x3 m að stærð og snýr NNV-SSA en á túnakorti eru sýnd fjögur sambyggð hús á bæjarstæðinu. Um 3 m norðaustan við húsið er niðurgrafin þró, E, sem er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr



Á vinstri mynd eru leifar af steyptu húsi á bæjarstæði Garðhúsa 011A auk leifa af kálgarði 011D, horft til norðurs. Á hægri mynd er þró 011E, horft til norðausturs



Á vinstri mynd er tóft 011B, horft til suðurs. Á hægri mynd er hluti af túngarði 011C, horft til norðurs

norður-suður. Hún er um 1 m á dýpt. Um 7 m vestan við húsið er dæld F sem er um 4x3 m að innanmáli og er talsvert af grjóti í henni. Líklega eru þetta leifar af mannvirki sem kann að hafa tilheyrt bæjarröðinni. Tóft B er um 45 m austan við bæjarstæðið. Tóftin er á hæð í túninu. Hún er einföld, 5,5x4 m á stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin en yfirgróin að hluta. Veggir tóftar eru mest um 1 m á hæð og í þeim sjást 4 umför af hleðslu. Op inn í tóftina er á miðjum vesturgafli. Að mestu er nú hrunið fyrir opið og í því liggur steinahrúga. Í suðausturhorni tóftar er önnur steinahrúga sem einnig er vegghrun. Inni í tóftinni eru vírar og spýtur úr gamalli girðingu. Dálitill halli er niður af tóftinni til norðurs og austurs. Leifar af kálgarðshleðslum D sjást um 10 m sunnan við steipt hús á bæjarstæði A. Þær eru á hólbrún og sjást á svæði sem er um 9x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Svo virðist sem grjóti hafi verið hrúgað þarna saman, mögulega við túnasléttun eftir að kálgarðurinn var rifinn. Leifar af túngarði C sjást meðfram suðausturhlið túnsins og NNV-hlið þess. Samtals afmarka garðleifarnar svæði sem er um 50x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Meðfram suðausturhliðinni er 75 m langur garður, hann liggur frá fjöru norðvestur-suðaustur á um 40 m löngum kafla en beygir svo til SSA og heldur þeirri stefnu á 35 m löngum kafla. Nyrðri hluti garðsins er mun greinilegri en sá syðri og virðast vera skil á honum þar sem hann beygir. Hæstur er garðurinn 0,5 m og breiðastur um 1 m. Garðurinn sem afmarkar túnið til NNV er mun stæðilegri en sá fyrrnefndi. Hann er 33 m á lengd, snýr ANA-VSV, er um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur og sjást 4 umför í hleðslu. Einkennandi fyrir þennan hluta garðsins eru hvítar skófir á grjótinu í honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8; Ö-Ásláksstaðir, 1, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 274; Túnakort 1919

GK-140:012 hleðsla hjallur 64°00.655N 22°20.818V

Í örnefnalýsingu Ásláksstaða segir: "Norðan eða utan við sjávarhúsin frá Móakoti var skiparétt [014] þar sem skip voru geymd og hlaðið í kring." Að öllum líkindum eru sjávarhúsin tvískipt hús sem sýnt er á túnakorti frá 1919 og er um 150 m norðaustan við Móakot 035A og um 290 m norðan við bæ 001. Húsið var þar sem sjóvarmargarður



Brak úr hjalli 012, horft til austurs

025 endar til norðvesturs. Norðan við það var Móakotsskiparéttin 014.

Sjávarhúsin voru á sjávarkampi fast norðaustan við Móakotstún.

Sjávarhúsin stóðu þar til fyrir skömmu en þau fuku í óveðri og sést brakið úr þeim enn á sjávarkampinum. Þau voru úr timbri og bárujárn, líklega hjallur og salthús. Líklega hefur verið hlaðinn grunnur undir húsunum að hluta eða öllu leyti en óljósar hleðsluleifar sjást undir brakinu. Brakið þekur svæði sem er um 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluleifarnar sjást á 3 m löngum kafla meðfram vesturhliðinni. Þær eru um 0,2 m á hæð en hvorki var hægt að greina breidd eða fjölda umfara á vettvangi.

Hættumat: hætta, vegna landbrots


GK-140:013 *Móakotslending* heimild um landingu 64°00.650N 22°20.784V
 "Hér er Móakotskampur og framundan honum Móakotslending eða Móakotsvör og Móakotsskiparétt [014] með skiparéttargarðinum innri. Skiparéttin eða Uppsátur var þetta líka nefnt," segir í örnefnaskrá. Móakotslending var um 275 m norðan við bæ 001 og um 140 m norðaustan við Móakot 035A. Landingin var að öllum líkindum vestarlega í allstóru viki inn í ströndina. Allhátt er upp úr flæðarmálinu á grýttan sjávarkampinn.

Ekki sjást mannaverk á vörinni þar sem landingin hefur að líkindum verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8-9

GK-140:014 *Móakotsskiparétt* 64°00.658N 22°20.818V
 tóft naust



Móakotsskiparétt 014, horft til vesturs

"Hér er Móakotskampur og framundan honum Móakotslending eða Móakotsvör [013] og Móakotsskiparétt með skiparéttargarðinum innri. Skiparéttin eða Uppsátur var þetta líka nefnt," segir í örnefnaskrá Ásláksstaðahverfis. Í örnefnaskrá Ásláksstaða segir: "Norðan eða utan við sjávarhúsin [012] frá Móakoti var skiparétt þar sem skip voru geymd og hlaðið í kring." Leifar skiparéttarinnar eru

um 300 m norðan við bæ 001 og um 160 m norðan við Móakot 035A.

Tóft skiparéttarinnar er á milli sjávarhúsa 012 og Túngerðis 031. Til austurs er grýtt klapparfjara en fast vestan við Skiparéttina er lítil tjörn í norðurhorni Móakotstúns.

Tóftin er grjóthlaðin og virðist vera einföld. Hún er um 8x8 m að stærð, snýr ANA-VSV. Hún er ekki sambyggð en er fast við SSA-vegg Túngerðis 031. ANA veggur er lágur og ógreinilegur og suðurveggur sést ekki. Hann kann að vera hulinn braki úr sjávarhúsum 012. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m og sjást 4 umför. Rof er á VSV-vegg og er

líklegt að þar hafi verið inngangur inn í skiparéttina af Móakotstúni. Gamall bátur lá á hvolfi í Skiparéttinni þegar vettvangsvinnan fór fram 2011.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8-9; Ö-Ásláksstaðir, 10

GK-140:015 *Atlagerðisvör* renna lending

64°00.730N 22°21.047V



Atlagerðisvör 015, horft til norðvesturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir. "Túnum hjáleigunnar [Atlagerðis 049] spillir sjóagangur til stórmeina, þar með líða þau og stóran átroðning af skipsáróðarmönnum heimabóndans, sem fyrir sína nauðsyn verður að brúka hjer skipsuppsátur árið um kring." "Sunnan við Tangann er Stóralón, og þar er einnig Litlalón. Hér er svo Atlagerðisvörin, og á Tanganum er Atlagerðisvitinn [016], en hér mun hafa verið reistur einhver fyrsti viti við strendur landsins," segir í örnefnaskrá. Líklegt er að Atlagerðisvör hafi verið um 30 m ASA við Atlagerði 049 og um 510 m norðvestan við bæ 001.

Vörin er í Litlalóni, fast sunnan undir háum grjótkampi í góðu skjóli. Til suðurs er grýtt fjara. Þegar bátum var lent á þessum stað var líklega komið úr norðvestri og lent sunnan undir háum grjótkampi. Renna liggur þaðan til NNV og er hún

líklega leifar af Atlagerðisvör. Rennan er um 10x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sjást hleðslur í henni en allar líkur eru á að hún sé manngerð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM III, 131; Ö-Ásláksstaðahverfi, 9

GK-140:016 *Atlagerðisviti* heimild um

64°00.741N 22°21.106V

"Sunnan við Tangann er Stóralón, og þar er einnig Litlalón. Hér er svo Atlagerðisvörin [015], og á Tanganum er Atlagerðisvitinn, en hér mun hafa verið reistur einhver fyrsti viti við strendur landsins," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir: "Árið 1886 var þar byggð varða og upp úr henni var staur allhár og var olíuljósker halað upp og niður, eftir því hvað við átti. ... Ljóskerstaurinn var látinn duga þar til viti, sá sem enn stendur, var byggður árið 1918." Vitinn sem nú stendur er um 560 m norðan við bæ 001 og um 30 m norðvestan við Atlagerði 049 og af lýsingum má ætla að elsti vitinn hafi verið á sama eða svipuðum stað.

Vitinn stendur á gróðurlausri klöpp á tanga. Vik eru inn í ströndina suðvestan við hann og norðan við hann.

Ekki sést til minja um vörðuna sem var forveri núverandi vita. Líklegast hefur sjórinn tekið hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 9; GJ: Mannlíf og mannvirki, 255

GK-140:017 *Ásláksstaðanaust* heimild um naust

64°00.668N 22°20.826V

"Þá er komið að Ásláksstaðakiparétt, eða þá Ásláksstaðanausti, og niður undan er Ásláksstaðavör [018], eða Ásláksstaðalending," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvar þetta mannvirki var en mögulega var það um 320 m norðan við bæ 001, fast norðaustan við Túngerði 031.

Naustið var að líkindum á grýttum sjávarkampi.

Mögulegt er að naustið hafi verið við utanvert horn á Túngerði 031 en það er um 6x8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Á þessu svæði er mikið af aðbornu fjórugrjóti. Önnur mannvirki sjást ekki á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 9



Aðstaður við utanvert horn á Túngerði 031 þar sem ætla má að Ásláksstaðanaust 017 hafi verið, horft til suðausturs

GK-140:018 *Ásláksstaðalending* hleðsla
"Þá er komið að Ásláksstaðakíparétt, eða þá Ásláksstaðanausti [017], og niður undan er Ásláksstaðavör, eða Ásláksstaðalending," segir í örnefnaskrá. Ásláksstaðalending var um 335 m norðan við bæ 001.

Lendingin er í grýttri fjöru sem er aflíðandi til norðausturs.

Ekki sjást önnur ummerki um lendingu en 8 m löng hleðsla sem snýr norðaustur-suðvestur. Þetta er einföld röð stórra steina sem eru um 0,5 m á hæð og breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 9

GK-140:019 vegur leið
64°00.520N 22°20.663V



Vegur 019, horft til norðausturs

suðvestur-norðaustur. Hann er um 3 m á breidd og hæstar eru hleðslurnar í norðvesturkanti um 0,5 m. Mest sjást 2 umför hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-140:020 garðlag
64°00.600N 22°20.904V

Ógreinilegt garðlag liggur suðvestan við tún Móakots 035, um 220 m norðvestan við bæ 001 og fast norðaustan við Hallandagarð 021.

Garðlagið liggur undir dálitilli brekku í þýfðum og grýttum hraunmóa. Það nær frá Hallandagarði 021 að vesturhorni Móakotstúngarðs 035L.

Garðurinn sést á um 70 m löngum kafla og snýr NNV-SSA. Ekki stendur steinn yfir steini, garðurinn er gróinn á köflum. Mesta hæð hans er 0,5 m og mesta breidd 1 m. Mögulega er garðurinn leifar af eldri túngarði Móakots eða hleðsla undir vír- eða netagirðingu.

Hættumat: engin hætta

GK-140:021 *Hallandagarður* heimild um kálgarð 64°00.476N 22°20.853V

"Þar nokkru ofar [en Álfrhóll 023] er svo Þúfuhóll, og þar er Hallandagarður, matjurtagarður frá Hallanda [010]. Þar nálægt var Móakotsfjárhús [035I]," segir í örnefnaskrá. Líklega er Þúfuhóll um 155 m VSV við bæ 001 og um 230 m suðvestan við Hallanda 010A. Móakotsfjárhús eru sennilega tóft innan Móakotstúns, um 260 m norðan við Þúfuhól. Ef til vill er hér einhver ruglingur á ferð í örnefnaskránni því Hallandi átti líka kálgarð utan garðs fyrir

lending 64°00.680N 22°20.804V



Hleðsla í Ásláksstaðavör 018, horft til austurs

Hlaðinn og gróinn vegur liggur á milli bæjar 001 og Hallanda/Nýjabæjar 010. Hann tengist heimreið að bæ 001. Hvorki þessi vegur, né heimreið að bæ 001 eru á túnakorti frá 1919 og eru líklega yngri en það. Vegurinn milli bæjar 001 og Hallanda/Nýjabæjar er þó skráður þrátt fyrir að hann sé ekki fornleif samkvæmt lögum því hann er til vitnis um gamla vegagerð sem ekki sést víða. Heimreið að bæ 001 er hins vegar ekki skráð vegna þess að á honum eru yngri vegabætur og elsta gerð hans sést ekki. Vegurinn liggur um gróið tún í austurjaðri túns Ásláksstaða stærri.

Vegurinn er um 55 m að lengd og liggur



Garðlag 020, horft til norðurs

vestan Móakotsfjárhús (sjá 024).

Þúfuhóll er fremur lágur hóll utan túns en móinn í kringum hann hefur verið sléttaður að hluta.

Ekki sáust skýr ummerki um kálgarð við Þúfuhól og Helgi Davíðsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þennan kálgarð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 4, 10

GK-140:022 *Gullkistubakki* álagablettur 64°00.643N 22°20.802V

"Niður frá bænum er kofarústin [líklega 025], og þar neðar er sjávargarðurinn [025] á bakkanum, sem einnig nefnist Gullkistubakki. Þar var í fyrndinni grafinn fjársjóður. Þegar eftir var leitað og grafið í bakkann, sýnist allt Ásláksstaðahverfið standa í ljósum logum. Var þá hætt að grafa," segir í örnefnaskrá. Bakkinn er 270 m norðan við bæ [001] og 45 m sunnan við túngerði [031]

Á þessum stað er sjávarbakkinn allhár og nær tún fast að honum.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 10

GK-140:023 *Álfhóll* örnefni huldufólksbústaður 64°00.569N 22°20.985V

"Vestan við Móakotstún [sjá 035] er, milli þess og Halldórsstaðatúns, hóllinn Álfhóll í mörkum," segir í örnefnaskrá. Álfhóll er um 275 m VNV við bæ 001.


Álfhóll er ekki ýkja hár hóll en lítillaga strýtulagaður og gróinn. Umhverfis hann er hraunmói, gróinn á köflum.

Nafnið bendir til huldufólkstrúar en ekki eru þekktar sögur um hólinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 10

GK-140:024 hleðsla kálgarður 64°00.586N 22°20.900V



Kálgarður 024, horft til vesturs

Kálgarður er um 230 m norðvestan við bæ 001 og um 75 m norðvestan við Móakot 035A.

Kálgarðurinn er í móa vestan við Móakotstún.

Líklega hefur ekki verið hlaðið gerði umhverfis kálgarðinn sem er um 12x12 m að stærð. Svo virðist sem grjót hafi verið hreinsað úr garðinum og raðað á jaðar hans. Garðurinn virðist hafi verið stækkaður út til suðvesturs því innan svæðisins er lág og ógreinileg hleðsla sem afmarkar svæði sem er um 8x8 m að stærð. Ekki er að sjá að hleðslur hafi verið fyrir norðausturhlíð, hvorki á innri né ytri hleðslunum. Mesta breidd hleðslunnar er um 0,5 m og mesta hæð um 0,4 m. Hvergi stendur steinn yfir steini. Ekki er ljóst hvort kálgarðurinn tilheyrði Ásláksstöðum stærri eða hjáleigum bæjarins. Mögulega er þetta kálgarður frá Hallanda en það býli átti kálgarð vestan við Móakotsfjárhús 035I sbr. Örnefnaskrá Ásláksstaðahverfis.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 4

GK-140:025 tóft+garðlag varnargarður

64°00.623N 22°20.722V

Sjóvarnargarður liggur efir sjávarkambinum suðvestan við sandfjöru, um 215 m norðan við bæ 001. Einföld tóft er áföst innanverðum garðinum og er hún um 215 m norðan við bæ 001 og um 120 m norðaustan við Móakot 035.




Á vinstri mynd er tóft 025B, horft til norðurs. Á hægri mynd er varnargarður 025A og tóft 025B, horft til austurs

Minjarnar eru á sjávarkambinum á mörkum túns og fjöru. Sunnan við tóftina er lítil tjörn og hallar landi niður að henni..

Minjarnar eru á svæði sem er um 110x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Varnargarðurinn A er um 125 m á lengd og liggur í boga frá austri til norðvesturs. Hann er grjóthlaðinn, um 1 m á hæð og í honum sjást mest 6 umför af hleðslu. Sjávarmegin við hann hefur fyllst að honum og er aflíðandi brekka frá honum að sjó. Hann er annars frekar heillegur. Tóftin B er um 20 m vestan við austurenda varnargarðsins. Hún er einföld, um 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin en gróin. Tóftin er opin til suðurs en ekki er veggur á þeirri hlið. Veggirnir eru mest 0,5 m á hæð og í þeim sést mest 4 umför af hleðslu. Innanmál tóftar er 2x4 m og mikið af rusli er inni í henni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en hún hefur verið einhvers konar útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 10



Tóft 025B, áföst varnargarði 025A

GK-140:026 varða
63°58.651N 22°17.701V

Varða er í heiðinni suður af Reykjanesbraut. Hún er um 780 m suðaustan við vörðu 137:061 og um 3,9 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á klapparholti og stendur allhátt í landslaginu. Frá henni sést víða.

Uppistaðan í vörðunni eru fjórir stórir steinar. Hún er um 1,2x0,6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1,1 m á hæð og mest sjást 3 umför. Hlutverk vörðunnar er óljóst en mögulega hefur hún varðað Knarrarnesselsstíg GK-143:024. Þó er hún um 190 m ANA við næsta sýnilega hluta stígsins.

Hættumat: engin hætta



Varða 026, horft til norðvesturs

GK-140:027 Móakotsstígur kantur leið 64°00.636N 22°20.806V

"Móakotsstígur lá fram túnið í Móakotshlið," segir í örnefnaskrá. Stígurinn lá væntanlega frá Móakoti 035A að Móakotslendingu 013 en Móakotshlið er á sjóvarnargarði 025 um 30 m suðvestan við lendinguna.

Stígurinn lá um sléttlent og nokkuð flatlent tún.

Líklega sjást leifar af þessari leið fast vestan við íbúðarhús Móakots 035A en þar er 4 m langur grjótkantur, um 0,1 m á hæð. Hann snýr nálega norður-suður. Ekki sjást aðrar minjar um leiðina í túninu en svo er Móakotshlið á varnargarði 025 til marks um legu leiðarinnar niður í lendinguna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:028 heimild um leið
64°00.528N 22°20.688V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá Hallanda/Nýjabæ 010 að brunni 009. Leiðin lá fast sunnan við tjörnina í túninu. Engin merki um leiðina fundust á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:029 Vesturkofi heimild
"Ásláksstaðir eiga þrjú túnstykki í Norðurtúni. Túnstykki niður við Tjörn, túnstykki niður að Vesturkofa og túnstykki niður að Ásláksstaðabrunni [009]," segir í örnefnaskrá. Heimildamaður, Helgi Davíðsson, kannaðist ekki við Vesturkofa sem nefndur er í örnefnaskrá og ekki tókst að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Ef til vill er Vesturkofi nafn á tóft sem áföst er varnargarði 025. Hún er í Norðurtúni, litlu vestan við mitt túnið.
Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:030 Traðir gata leið



Traðir 030, horft til ANA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 15

GK-140:031 Túngerðið gerði túngarður
64°00.661N 22°20.838V
"Túngerðið er upp undan Ásláksstaðalendingu [018]," segir í örnefnaskrá. Túngerðið sést enn og er 310 m norðan við bæ 001 og fast suðvestan við Byrgistóft 046. Túngerðið er stakstæður túnskiki en ekki er útilokað að hjáleiga hafi verið á þessum stað á einhverjum tímapunkti ein innan gerðisins er stór þúst þar sem líklegt er að mannvistarleifar leynt.
Túngerðið er í norðurhorni Móakotstúns við sjávarkambinn. Norðan og sunnan við túngerðið eru tjarnir og vestan við það er þýfður mói.
Túngerðið er 40x28 m á stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er grjóthlaðið. Veggir þess eru vel staðilegir, mest um 1,5 m á hæð. Í þeim sjást 7 umföer af hleðslu. Tæpa 10 m




Hlaðinn kantur á Móakotsstíg 027, horft til norðvesturs

64°00.514N 22°20.805V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá útihúsi 004 til vesturs í gegnum túnið. Gata sést enn á þessum stað en Helgi Davíðsson, heimildamaður, man eftir því að kýr voru reknar eftir götunni á beit í Gerðum. Leiðin hefur líklega verið farin til og frá bænum áður en núverandi heimreið var gerð en í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Ásláksstaða innri segir að Traðir hafi legið í gegnum Öskuhaug 048. Ef þarna hafa verið upphlaðnar traðir hafa þær líklega verið rifnar við túnasléttun.

Leiðin liggur um fremur flatlendan hluta mishæðotts túns.

Gatan er gróin og liggur í sveig til vesturs frá útihúsi 004. Hún sést á um 90 m löngum kafla, er um 0,3 m á breidd og dýpt. Hún liggur yfir Öskuhaug 048 og fast norðan við tóft 008. Eftir að komið er framhá tóftinni verður gatan óljósari en hún virðist liggja að Fagurhóli 052 og áfram til vesturs.



Túngerðið 031

frá austurhorni á suðausturvegg liggur L-laga grjóthleðsla sem skiptir Túngerðinu í tvennt. Með suðvesturhluta gerðisins afmarkar þessi grjóthleðsla svæði sem er 9x10 m stórt. Hleðslurnar í því eru signar og grónar og eru 1 m á breidd og 0,4 m á hæð og sjást 2 umför af hleðslu. Í miðju Túngerðinu, í suðvesturhluta þess, er þúst sem er 26x12 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulegt er að þar leynist mannvistarleifar undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:032 *Ásláksstaðastígur* kantur
leið
64°00.520N 22°20.701V



Ásláksstaðastígur 032, horft til austurs



Túngerðið 031, horft til norðausturs

"Heiman frá bæ [001] liggur svo sjávangatan, eða Ásláksstaðastígur, niður í vörina [018]." segir í örnefnaskrá. Leiðin sést VSV við kálgarð 005, um 20 m norðvestan við bæ 001.

Leiðin liggur á milli útihúsa á bæjarstæðinu áleiðis að Móakoti 035 og hefur haldið áfram í Móakotstúni, eða meðfram því, að vörinni.

Hlaðinn kantur er á stuttum kafla á leiðinni og eru það einu sýnilegu ummerkin um leiðina. Frá NNV-enda kálgarðs 005 liggur hleðsla samsíða kálgarðinum til SSA. Hún er um 11 m löng og um 0,3 m á hæð. Aðeins sést einföld röð steina. Þessi hleðsla myndar 2 m breiðan veg með kálgarðsveggnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:033 *Ásláksstaðatúngarður* garðlag
túngarður 64°00.529N 22°20.907V
"Á útmörkum liggur Ásláksstaðatúngarður," segir í örnefnaskrá. Túngarður Ásláksstaða sést enn á stuttum kafla á vesturjaðri túnsins, um 180 m VNV við bæ 001. Hann afmarkaði túnið ásamt garði 034 sem tengist Heiðargarði 142:014 í landi Ásláksstaða innri og liggur út fyrir gamla túnið og nær alla leið að merkjum móti Hlöðunesi GK-137. Þar sem túngarðurinn sést enn er hann á mörkum túns og móa í mishæðóttu landslagi. Innan við garðinn, austan við hann, var að sögn Helga Davíðssonar, heimildamanns, stór kartöflugarður þar sem rækta átti kartöflur til að selja. Miklu grjóti úr kartöflugarðinum hefur verið safnað saman í hrúgur.

Á túnakorti frá 1919 sést að tún Ásláksstaða stærri var um 360x170 m að stærð og sneri norðaustur-suðvestur. Sá hluti garðsins sem enn sést afmarkar svæði sem er um 35x12 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er grjóthlaðinn, er einföld röð steina á breiddina en er hæstur um 1,1 m. Mest sjást 6 umför hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 12

GK-140:034 garðlag túngarður

64°00.463N 22°20.850V



Ásláksstaðatúngarður 033, horft til norðausturs

Grjótgarður (heiðargarður) er við útjaðar núverandi túns Ásláksstaða stærri en túnið hefur verið fært út til suðvesturs að þessum garði síðan túnakortið var gert árið 1919. Garðurinn sést um 160 m suðvestan við bæ 001.

Garðurinn er á mörkum túns og óræktaðs móa skammt norðvestan við malbikaðan veg um sveitina.

Garðurinn er um 165 m langur og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er grjóthlaðinn en víðast er hleðslur hrundar. Breiðastur er hann um 2 m á hæð og hæstur um 1,5 m. Mest sjást 4 umför hleðslu en garðurinn er gróinn neðst. Girt hefur verið ofan á garðinn með gaddavír og rafmagnsvír. Garðurinn þjónaði bæði sem túngarður og vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919



Túngarður 034, horft til norðvesturs

GK-140:035 Móakot bæjarstaði býli

64°00.573N 22°20.812V



"Þá eru grasbýlin. Syðst og vestast er Mókot, og norðaustur frá Ásláksstöðum er Hallandi, eða Nýibær [010], en undir því nafni gengur bærinn nú," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Mókot var tómthús frá Ásláksstöðum, en varð síðar grasbýli og um tíma tvíbýli. Það er á suðurhluta Ásláksstaðajarðar og er nú sameinað aðaljørðinni." Samkvæmt sömu heimild var búið í Mókoti 1 og 2 um aldamótin 1900. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var í túni Mókotsbærinn A, tvískipt útihús B, þró C, lítið útihús og áfastur kálgarður D, brunnur E, kálgarður F, útihús G, þrískipt útihús H, annað þrískipt útihús I, þró J, kálgarður K áfast sjávargarði 025 og túngarður L sem afmarkar túnið og er jafnframt merkjagarður. Bærinn A var um 160 m NNV við bæ 001. Útihús B var fast NNV við bæ A. Þró C var fast norðvestan við bæ A. Útihús D var 20 m suðvestan við bæ A. Brunnur E var 10-15 m ASA við bæ A. Kálgarður F var fast SSA við bæ A. Útihús G var 40 m norðvestan við bæ A. Útihús H var 60 m norðvestan við bæ A. Útihús I var 100 m norðan við bæ A. Þró J var 110 m NNA við bæ A. Kálgarður K var um 110 m norðaustan við bæ A. Túngarður L afmarkar vesturhlíð túnsins en er horfinn á norðurhlíð þess. Auk þessara minja var skráður brunnstígur M á milli brunns og bæjar og kálgarður áfastur útihúsi I.

Mókot er í sléttlendu en dálítið mishæðottu túni sem er nyrst túna við Ásláksstaði stærri. Það nær niður að sjó til norðausturs en vestan við það er óræktaður mói.

1919: Tún 1,4 teigar, garðar 620m². Túnið í Mókoti er afmarkað af sýnilegum túngarði til vesturs, Túngerði 031 til norðurs og sjávargarði 025 til norðausturs. Ekki sést lengur garður sem var á kafla á milli túna



Á vinstri mynd er bæjarstæði Móakots 035 með húsi A, tóft B og áfastur kálgarður, horft til suðurs. Á hægri mynd er brunnur E og upphlaðinn brunnstígur M, horft til suðausturs

Móakots og Ásláksstaða. Minjarnar í túni Móakots eru á svæði sem er um 115x140 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Bærinn A í Móakoti er sunnarlega í túninu en þar stendur nú niðurnítt bárujárnshús sem er um 8,5x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Steyptur grunnur er undir því en ekki virðist hafa verið mikil uppsöfnun mannvistarleifa á þessum stað. Hlaðin stétt er meðfram húsinu að norðaustan. Hleðslur í henni eru um 0,3 m á hæð. Fast NNV við húsið er grjóthlaðin tóft B. Hún er einföld, um 5x5 m að stærð, inngangur á suðurvegg. Tóftin er full af spýtnabraki og öðru rusli. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m og sjást 5 umför hleðslu. Tóftin er lítið gróin. Hún virðist hafa verið lengri til austurs og sjást lítilsháttar veggjaleifar fast austan við tóftina á svæði sem eru um 3x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mikill haugur af rusli er ofan á þessum minjum þannig að ekki er hægt að átta sig vel á umfangi þeirra. Kálgarður er áfastur tóft B í vesturhorni hennar. Hann er grjóthlaðinn og er um 27x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur í veggjum eru að mestu leyti hrundar en breidd veggja er um 1,5 m og mesta hæð er um 1 m. Mest sjást 5 umför í hleðslum. Garðurinn virðist hafa verið endurhlaðinn frá vesturhorni tóftar B að norðurhorni gerðisins. Innan kálgarðs var þró C samkvæmt túnakorti en hún er horfin og hefur að líkindum verið fyllt upp í hana. Um 5 m suðaustan við suðurhorn kálgarðs var útihús D en þar er nú dálítill lægð og óljós veggjabrot innan hennar. Lægðin er um 1,5x5 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur, er um 0,2 m djúp. Fyrir u.þ.b. miðri lægð eru veggjabrot sem eru um 2x2 m að stærð og mynda lítið hölf í lægðinni. Ekki sést steinn yfir steini. Lítil klöpp er fast austan við minjarnar. Brunnur E er um 9 m ASA við bæ 001. Upphlaðinn brunnstígur M er á milli bæjar og brunns. Hann er um 1 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Brunnurinn er hringlaga og grjóthlaðinn. Hann er um 2,5 m í þvermál og stendur um 0,4 m upp úr jörðu. Ekki



Á hægri mynd er gamalt hús A á bæjarstæði Móakots 035, horft til norðurs. Á vinstri mynd er tóft B, horft til norðausturs

sést til botns í honum vegna fleka sem er yfir honum með vatnsdælu. Ekki er ljóst hversu djúpur hann er. Móakotsstígur 027 sést fast norðaustan við íbúðarhúsið en þar er dálítill hlaðinn stígur sem stefnir á Móakotshlið (sjá 027).

Tóft G er um 5 m norðvestan við vestur horn kálgarðs B, áfast túngarði L sem tengir tóft G og kálgarð B. Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 4x4 m að stærð og er opin til suðvesturs og vesturs. Vesturhorn hennar er horfið, líklega vegna niðurrifs, en óljóst er hvort hlaðinn veggur hafi verið á suðvesturhlið. Grjót hefur hrunið inn í tóftina. Mesta hæð veggja er um 1,2 m og mest sjást 4 umför í hleðslu. Tóft H er áföst innanverðum túngarði L. Hún er grjóthlaðin og gróin, er um 15x6 m að stærð snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op inn í tóftina. Suðausturveggur er mjór og lágur og ekki útilokað að timburpil hafi verið á þeirri hlið og inngangur á því. Hæstir eru veggir um 1 m fyrir utan túngarðsvegg sem myndar suðvesturhlið hennar. Ekki sést fjöldi umfara. Hólfaskipting í tóftinni er óskýr en nálega fyrir miðri tóft er óljós veggur sem skiptir tóftinni í tvo hluta en opið er á milli hólfanna við norðausturvegg tóftarinnar. Hólf I í suðvesturenda er um 6x4,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er í norðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 5x4 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Í norðvesturenda tóftarinnar eru tvö lítil hólf. Hólf III er í vesturhorni tóftarinnar og er um 1,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðausturs. Fast norðaustan við það, í norðurhorni tóftar er grjóthruða sem er um 2x2 m að stærð. Fast sunnan við hólf III er ógreinilegt hólf IV eða hleðsla upp við túngarðsvegg sem er um 2,5x1 m að stærð. Ekki sést op inn í meint hólf. Tóft I er grjóthlaðin og þrískipt. Hún er um 8x11 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð veggja er um 1,6 m og sjást 6 umför í hleðslum. Í suðausturenda tóftar er



Á hægri mynd er tóft H, horft til NNV. Á vinstri mynd er tóft I og hluti af sambyggðum kálgarði, horft til norðausturs


hólf I sem er um 2,5x3 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Inngangur er á því til suðvesturs en hrunið er fyrir hann. Hólf II er í norðurhorni tóftar. Það er um 4x5x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á hólfinu til norðvesturs. Hólf III er samsíða II, er um 4x1,5 m að innanmáli en hrunið hefur inn í það í suðausturenda. Op hefur líklega verið til norðvesturs en hrunið er ofan í það. Túngarður L tengist norðurhorni og suðurhorni tóftarinnar. Líklega hefur þessi tóft verið fjárhús en samkvæmt örnefnaskrá átti Hallandi kálgarð 024 vestan við Móakotsfjárhús (ekki sami og Hallandagarður 021). Í örnefnaskrá segir einnig að Móakoti tilheyrir lítill matjurtagarður utan túngarðs við Móakotsfjárhús. Þrjár kálgarðar eru utan túngarðs við tóft I. Túngarðurinn hefur verið færður út á einhverjum tímamarki eftir að túnakortið var gert og gerðir kálgarðar á milli nýja og gamla túngarðsins vestan við tóft I. Um þrjá afmarkaða en samtengda kálgarða er að ræða. Norðvestan við tóft I er grjóthlaðið gerði sem er um 9x7 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Fast suðvestan við hann er annað grjóthlaðið gerði sem er um 13x10 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Þriðji kálgarðurinn er um 25x9 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Hann er afmarkaður með grjótgörðum. Hæstir eru grjótgarðar umhverfis kálgarða um 1 m og sjást 4 umför. Túngarðurinn L liggur frá kálgarði B að Tóft I. Þaðan lá hann áfram til norðausturs að Túngerði 031 en hefur verið rifinn á um 60 löngum kafla þó að ummerki um hann sjáist enn undir sverði. Eftir að túnakortið er gert 1919 hefur túngarðurinn verið færður út til norðvesturs og liggur þar í horn í stað þess að liggja í boga eins og áður. Nýi garðurinn (sjá 020) endar líka við Túngerði 031. Skarð er í túngarðinn á milli tófta G og H. Garðurinn er víða niðurfallinn og er þar um 1,5 m á breidd. Hæstur er hann um 1 m og sjást mest 5 umför. Beðasléttur sjást enn í norðurenda Móakotstúns. Engin ummerki fundust á vettvangi um þró J eða kálgarða K og F.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Ásláksstaðahverfi, 7, 8, 10; GJ: Mannlíf og mannvirki, 262; Túnakort 1919

GK-140:036 tóftir fjárskýli

64°00.262N 22°20.261V



Tóftir 036, horft til austurs

"Hann [Sigurður hálfbróðir Vilborgar Magnúsdóttur, heimildamanns] reisti og kindabyrgi, líklega skammt frá Garðhúsum [011]," segir í örnefnaskrá. Lítill tóft auk annarrar ógreinilegrar tóftar er um 570 m sunnan við bæ 001 og 300 m SSA við Garðhús 011. Óvíst er að hér sé um kindabyrgi að ræða en ekki fundust aðrar minjar sem koma frekar til greina.

Minjarnar er fast suðaustan undir löngum og allháum hraunhól. Til suðausturs er tiltölulega flatlendur hraunmói. Minjarnar eru á svæði sem er um 11x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í norðausturenda svæðisins. Hún er grjóthlaðin og einföld. Hún er hlaðin utan í lágan klappavegg sem myndar norðvesturlangvegg tóftarinnar. Hún er um 3x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst op er í suðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 3 umförl. Mikil hefur hrunið inn í tóftina af grjóti. Lítill og ógreinileg tóft, B, er um 1,5 m suðvestan við tóft A. Hún er hringlaga, um 3 m í þvermál. Hún er algróin og op virðist vera á henni til norðvesturs. Norðurhluti hennar er óljós en hún er í dálitlum halla til suðurs. Mesta hæð veggja er um 0,3 m. Hlutverk þessarar tóftar er óljóst. Mögulegt er að hér sé um stekk að ræða en fjarlægð minja frá bæ, gerð tófta og staðsetning benda til þess.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 2

GK-140:037 garðlag
64°00.725N 22°21.006V



Garðlag og þúst 037, horft til suðausturs



Garðlag og þúst 037

Um 40 m norðvestan frá Gerðakoti 050 og um 480 m norðvestan við bæ 001 er garðlag og þúst á granda en Gerðistangaviti stendur á enda grandans.

Minjarnar eru á mjóum og grýttum gróðurlitlum tanga.

Minjarnar eru á svæði sem er um 24x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvert mannvirki fær hér bókstaf til aðgreiningar. Garðlag A er um 24 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Það er um 0,5 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini og er það algroðið. Við norðvesturenda garðsins er grjóthlaðinn kantur eða hölf áfast garðinum suðvestanverðum sem er um 4x1 m að stærð og snýr eins og garðlagið. Kanturinn er um 0,3 m á hæð. Kantur þessi er hluti af þúst sem garðurinn liggur ofan á. Hún er undir norðvesturenda garðlagsins og er um 7x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð hennar er um 0,5 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en þó er líklegt að þær hafi tengst fiskveiðum og kann garðlagið að vera gamall þurrkgarður.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-140:038 hleðsla
64°00.491N 22°20.821V

Hleðsla er um 120 m vestan við bæ 001.

Hleðslan er utan gamla túnsins í þýfðum móa.

Hleðslan er um 2x3 m að stærð og stendur vart steinn yfir steini en grjótið er allstórt. Mesta hæð er um 0,4 m og sjást 2 umför á einum stað. Hleðslan snýr norðaustur-suðvestur. Hlutverk hleðslunnar er ekki ljóst en mögulega eru þetta leifar af túngarði 033 sem lá á þessum slóðum og hefur verið rifinn á löngum kafla.


Hættumat: engin hætta



Hleðsla 038, horft til norðausturs

GK-140:039 hleðsla

64°00.591N 22°20.937V



Hleðsla 039



Hleðsla 039, horft til austurs

Hleðsla er um 260 m norðvestan við bæ 001.

Hleðslan er á litlum klapparhól í grónum móa vestan við Móakotstún.

Hleðslan er um 4x2 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er hæst um 0,6 m og sjást 2 umför. Rúnuð horn eru á hleðslunni í vesturenda og óljóst sést móta fyrir hólfi í þeim enda sem er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Nokkuð hefur hrunið hleðslunni og spýtnabrak er ofan á henni. Óvist er um hlutverk hennar n hún gæti verið leifar af herslubyrgi.

Hættumat: engin hætta

GK-140:040 varða
64°00.116N 22°19.949V

Varða er í hraunmóanum um 940 m sunnan við bæ 001. Varðan er á lágum hraunklapparhól í hraunmóa. Hún stendur ekki ýkja hátt í landinu.

Varðan er um 0,5x0,3 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför



Varða 040, horft til norðurs

hleðslu. Varðan er lítilfjörleg og óvönduð. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-140:041 brunnur brunnur

64°00.350N 22°20.255V

Brunnur er 450 m suðaustan við bæ 001. Hann er 105 m vestan af bæjarstæðinu á Hellnum GK-144:012A.

Brunnurinn er í móanum sunnan við veginn í lægð á milli klapparhóla.

Brunnurinn er 2,5x2 m að utanmáli. Hann er hringlaga og um 1 m í þvermál að innan. Hann er 0,5 m djúpur og sjást 2 umför og hleðsluhæðin frá yfirborði er um 0,3 m. Hrúnið hefur inni hann en grjótið er mosavaxið.

Hættumat: engin hætta



Brunnur 041, horft til norðausturs

GK-140:042 varða samgöngubót

64°00.337N 22°20.282V



Á vinstri mynd er Varða 042B, horft til austurs. Á hægri mynd er hleðsla 042A, horft til suðvesturs

Varða og hleðsla eru um 450 m suðaustan við Ásláksstaði stærri 001 og um 70 m austan við Digruvörðu GK-143:009.

Minjarnar eru á allháum hraunhól, um 50 m sunnan við Vatsleysustrandarveg. Til suðurs er dálítið flatlendi sem er að mestu leyti flagmói.

Minjarnar eru á svæði sem er um 45x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan A er lítilfjörleg og hefur mögulega verið hlaðin undir girðingu. Hún er L-laga og afmarkar svæði sem er um 45x5 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Víðast er hleðslan aðeins einföld röð steina en á einum stað í suðvesturenda sjást tvö umför og hleðsluhæðin þar er um 0,5 m. Í norðausturenda svæðisins er varða B. Hún er um 1,5 m í þvermál og er um 0,5 m á hæð. Hleðslur í henni eru hrundar en þó má sjá 3 umför. Siglingamerki úr tré liggur við hliðina á vörðunni og má ætla að hún hafi verið innsiglingamerki.

Hættumat: engin hætta

GK-140:043 tóft

64°00.355N 22°20.420V

Agnarsmá tóft er um 350 m sunnan við bæ 001.

Tóftin er á litlum sléttuðum bala í hraunmóa fast sunnan við veg í dálitilli kvos.

Tóftin er um 2x1 m að stærð, snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Tóftin er 1x0,3 m að innanmáli.



Tóft 043, horft til austurs

Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún er að öllum líkindum fremur ung.

Hættumat: engin hætta

GK-140:044 tóft
64°00.334N 22°20.548V



Tóft 044, horft til vesturs

Lítill tóft og hleðsla eru um 340 m SSA við bæ 001. Tóftin er í grónum hraunmóa, fast austan við lágan hraunhól. Minjarnar eru á svæði sem er um 7x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er í suðvesturenda svæðisins. Hún er einföld, um 3x3 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og er inngangur á norðausturgafli. Tóftin er grjóthlaðin en gróin. Um 4 m löng hleðsla eða kantur liggur frá norðvesturlangvegg tóftar til norðausturs. Hleðslan er gróin. Mesta hæð hennar er um 0,3 m. Hleðslan er neðan við lágan bergvegg, um 1 m suðaustan við hann. Við norðausturenda hleðslunnar er dálítið laust grjót á milli hennar og bergveggjarins. Mögulega hefur verið aðhald þarna og tóftin gæti verið af stekk.


Hættumat: engin hætta

GK-140:045 þúst




Gerði og þúst 045, horft til SSV


Birgir Þórarinnsson í Minna-Knarrarnesi, heimildamaður, benti skráningarmanni á lítið hringlaga gerði og þúst innan þess á merkjum milli Stóra-Knarrarness GK-143 og



Tóft 043



Tóft 044




Gerði og þúst 045

Ásláksstaða stærri. Minjarnar eru um 160 m suðaustan við fjárskýli 036 og um 705 m suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru á flatlendi á milli hraunhóla í nokkuð grónum móa sunnan við Tröðugerði í landi Stóra-Knarrarness en þar hafa verið ræktað tún sem að líkindum hafa tilheyrt býlinu Hellum GK-144:012. Minjarnar eru á svæði sem er um 48x37 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthlaðið gerði hefur afmarkað svæðið en það hefur að mestu leyti verið rífið þó að enn séu sýnilegir jarðlægir steinar úr því. Í suðvesturenda svæðisins, innan gerðis, er stór þúst sem er um 14x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást skýrar útlínur hólfa eða hleðslur en í norðausturenda sést þó óljóst móta fyrir hólfi sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð þústarinnar er um 0,7 m. Við norðvesturjaðar svæðisins, fast við innanvert gerðið, er grjótdreif á svæði sem er um 9x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Líklegt er að eitthvert mannvirki hafi verið á þessum stað sem hefur verið rífið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt en þær eru nokkuð fornlegar. Ekki er útilokað að hér hafi verið lítið býli en engar heimildir eru þekktar um það. Þá geta minjarnar verið leifar af rétt en ekki verður hægt að segja neitt með vissu um hlutverk þeirra nema með frekari rannsókn.

Hættumat: engin hætta

GK-140:046 Byrgi tóft herslubyrgi

64°00.669N 22°20.813V



Byrgi 046, horft til austurs

"Þar [við Ásláksstaðavör 018] stendur Byrgi," segir í örnefnaskrá. Byrgistöftin er enn greinileg um 310 m norðan við bæ 001 og fast norðaustan við Túngerði 031.

Tóftin er fast norðaustan við Túngerði 031 og við sjávarbakkann. Á þessum slóðum er sjávarbakkinn er grýttur og túnið í kring er nokkuð grýtt.

Tóftin er 4x2 m á stærð en mögulegt er að hún hafi áður verið lengri en brotnað í sjó. Tóftin er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin en talsvert er hrúnið úr hleðslum. Veggirnir hafa hrúnið inn í tóftina og til austurs. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 6 umför í veggjum en ekki sést neitt op á henni. Í hleðslum má sjá steinlím og bendir það til þess að tóftin sé ekki mjög gömul. Innanmál tóftar er 1,5x3 m á stærð. Tóftin hefur líklega verið notuð til að þurrka fisk í.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 10

GK-140:047 garðlag landamerki

64°00.593N 22°20.589V

"Að norðan liggur tún Sjónarhóls [142:012] allt að sjó; að vestan takmarkast það af grjótgardi, sem er á milli Hallanda [010] og Sjónarhólstúns [...]," segir í örnefnaskrá. Garðurinn sést um 110 m norðaustan við bæ 001 og um 25 m norðaustan við Hallanda 010.

Garðurinn liggur í túni, á merkjum.

Garðurinn er mjög ógreinilegur og líkist helst undirhleðslu undir vírgirðingu. Aðeins sést í stöku stein og er garðurinn breiðastur um 0,4 m og hæstur um 0,3 m. Hann er um 90 m langur og snýr SSV-NNA. Garðurinn tengist mögulega sjávargarði Ásláksstaða innri 142:023.




Garðlag 047, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 11

GK-140:048 Öskuhaugur öskuhaugur

64°00.522N 22°20.788V



Öskuhaugur 048, horft til norðvesturs

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Ásláksstaða innri segir: "Í Ásláksstaðatúni eru öskuhólar, þrjár eða fjórir hólar, og er einn stærstur. Hann er kallaður Öskuhóll. Traðir [sjá 030] liggja í gegnum hann." Öskuhaugurinn er í túninu, um 90 m norðvestan við bæ 001. Farið var með öskuna í hauginn í tíð

Helga Davíðssonar, heimildamanns. Líklegt er að hann hafi verið lengi í notkun.

Haugurinn er í fremur sléttlendum og flatlendum hluta túnsins.

Öskuhaugurinn er um 16x16 m að stærð og skiptist í 3 hóla. Ef til vill er einhver þeirra náttúrulegur í grunninn. Hæstur er haugurinn um 1,5 m og hann er algróinn. Gata 030 liggur í gegnum hauginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 15

GK-140:049 Atlagerði tóft býli

64°00.740N 22°21.084V



Atlagerði 049, horft til vesturs



Hjáleiga 1703 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. "Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: ... [...], út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot [050] og Atlagerði, sem stóð alveg út við vitann," segir í örnefnaskrá. "Þar var býlið Atlagerði, fjárrétt og túnblettur," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Atlagerði er í landi Ásláksstaða sem er móðurjörð þessa hverfis. Bærinn markaði upphaf Gerðistanga, en á þeim tanga stendur Gerðistangaviti, sem áður hét Atlagerðisviti [016]." Tóft Atlagerðis sést enn. Hún er 540 m norðvestan við bæ 001

og 110 m norðvestan við Gerðakot 050.

"Túnnum hjáleigunnar spillir sjóagangur til stórmeina, þar með líða þau og stóran átroðning af skipsáróðarmönnum heimabóndans, sem fyrir sína nauðsyn verður að brúka hjer skipsuppsátur árið um kring," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1703. Tóftin er á klöpp og allur gróður er horfinn af henni, nema á tóftinni og á litlum kruga meðfram henni. Allt í kringum tóftina er klapparfjara.

Tóftin er 6x3 m á stærð, tvískipt og snýr norðaustur suðvestur. Norðvesturhlíðin er hrunin í hólfi I og norðvestur- og suðvesturhlíðar hólfs II eru horfnar. Mesta hæð veggja er 1 m og sjást 4 umför af hleðslu í þeim. Innanmál hólfs I er 4x2 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Hólf II er suðvestan við hólfi I og er innanmál þess 2x2,5 m og snýr það norðvestur-suðaustur. Frá miðjum suðurvegg tóftarinnar liggur garðlag í sveig til austurs og er það líklega leifar gerðis. Garðlagið er grjóthlaðið og er 7 m í suður og beygir svo 2 m í austur. Hleðslan er 0,5 m á hæð og breidd og sjást mest 3 umför.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM III, 131; Ö-Ásláksstaðahverfi, 8; Ö-Ásláksstaðir, 10; GJ: Mannlíf og mannvirki, 261

GK-140:050 Gerðakot tóft býli



Gerðakot 050, horft til norðausturs



"Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: [...] ..., út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann [016]," segir í örnefnaskrá. Tóft Gerðakots sést enn. Ekki er vitað hvenær býlið var í ábúð en ástand býlistóftarinnar gefur til kynna að hún sé ekki mjög forn og er líklegt að þarna hafi verið búíð á síðari hluta 19. aldar og fram undir aldamótin 1900. Ekki er þó hægt að útiloka að býlið hafi verið í byggð með hléum á fyrri öldum. Hún er um 445 m norðan við bæ 001 og 110 m sunnan við Atlagerði 049.

Tóftin er fast suðvestan við sjávarkambinn en mjó jarðvegsræma liggur eftir honum. Sjórinn nær upp að norðvestanverðri tóft og liggur alveg að henni á flóði.

Tóftin er 9x9 m á stærð. Hún er L-laga, grjóthlaðin og þrískipt. Veggir tóftarinnar eru um 1,3 m á hæð og sjást mest 6 umför af hleðslu. Hólf I er í suðvesturhorni tóftarinnar og er 3x3 m að innanmáli. Op er á norðausturvegg þess en ekki innangengt úr því í önnur hólfi. Vesturveggur hólfsins er hruninn. Hólf II er austan við hólfi I og er 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur suðaustur. Op er á því á norðausturvegg, yfir í hólfi III. Hólf III er 2x2 að innanmáli. Nokkuð hefur hrunið úr norðurhorni tóftarinnar vegna landbrots.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8


GK-140:051 Gerðar þúst býli

64°00.693N 22°20.939V

"Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: Rás [053], Fagurhóll [052], Gerðar, út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot [050] og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann [016]," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvenær Gerðar voru í ábúð en aðeins er þúst sýnileg þar sem talið er að býlið hafi verið. Það getur bent til þess að nokkuð langt sé síðan það fór í eyði og eru minjar um það t.a.m. mun fornlegri en minjarnar um Gerðakot 050. Gerðar eru fast suðvestan við fjöruna, um 400 m norðan við bæ 001. Í tíð heimildamanns, Helga Davíðssonar, voru kýr reknar á beit í Gerðunum.

Minjarnar eru nýrst í þýfðum móa, fast suðvestan við sjávarkamb. Vestan við minjarnar er svæði sem fer á kaf í flóði og virðist sjórinn þá ná alveg upp að minjunum. Til austurs er lítil tjörn.

Minjarnar eru á svæði sem er um 33x31m stórt og snýr suðvestur-norðaustur. Tvö gerði og fjórar þústir eru á



Gerðar 051, þúst A og gerði B, horft til suðvesturs

svæðinu og fær hver staður bókstaf í lýsingunni hér á eftir til aðgreiningar. Í norðurhorni svæðisins er þúst A þar sem líklegt er að bærinn hafi staðið. Þústin er um 16x13 m að stærð og snýr VSV-ANA. Hún er sléttlend og engin mannvirki sjást á henni nema grjótkantur á VSV hlið sem er um 0,5 m á hæð og er um 12 m á lengd. Í honum sjást 3 umför í hleðslu. Umhverfis þústina er grjóthlaðið gerði B sem er um 28x17 m að stærð og snýr eins og þústin. Veggir þess eru um 1 m á breidd og hæstir um 1 m en víðast 0,5 m eða lægri. Hleðslurnar eru hæstar á NNV hlið og þar sjást 2 umför hleðslu. Áfast gerði B til SSA er gerði C sem er grjóthlaðið. Það er um 14x16 m að stærð og snýr eins og gerði B. Það er að hluta gróið en þar sem hleðslur standa eru þær um 1 m á hæð, sjást 4 umför. Veggur í ANA enda er óljós. Þúst D er fast ANA við gerði C. Það er þýfður höll og sést klöpp undir hluta hans. Þústin er um 10x9 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hún er um 1 m á hæð. Tvær þústir E eru þétt saman, fast ANA við þúst A. Þær eru hvor um sig um 5x5 m að stærð og þýfi á milli þeirra. Þær eru grónar og eru hæstar um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna landbrots


Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8

GK-140:052 Fagurhóll bæjarstaði býli

64°00.503N 22°20.851V



Fagurhóll 052, horft til austurs



Tóft og gryfja 052

"Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: Rás [053], Fagurhóll, Gerðar [051], út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot [050] og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann [016]," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Fagurhóll var í suðausturhorni Ásláksstaðajarðar, rétt utan túngarðsins. Hann var jarðlaus. Lítið veit ég um þetta kot, en fyrir aldamótin bjuggu þar hjón ..." Fagurhóls er ekki getið í Jarðatali Johnsens frá 1847 og ætla má að býlið hafi byggst upp á síðari hluta 19. aldar og líklega farið í eyði um og upp úr aldamótunum 1900. Ástand býlistóftarinnar styður þá grófu aldursgreiningu. Ekki er þó útilokað að býlið hafi verið í byggð með hléum á fyrri öldum. Tóft Fagurhóls og lítil gryfja eru um 140 m vestan við bæ 001.

Minjarnar eru á grónum klapparhól í grónum móa við túnjaðar.


Minjarnar eru á svæði sem er um 14x14 m að stærð. Bæði mannvirki fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Tóftin A er grjóthlaðin og þrískipt. Hún er um 13x7 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Inngangur inn í tóftina er á vesturhlið. Á hægri hönd þegar komið er inn í tóftina er lítið hólfi II sem er um 2x1,5 að innanmáli, snýr norður-suður. Gengið er beint inn í hólfi I þegar er komið er inn í tóftina. Það er L laga og er um 5x6 m að stærð, snýr austur-vestur. Ílöng grjóthruga er í stórum hluta hólsins. Hún er um 4x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð er um 0,5 m. Ekki er ljóst hvort þetta er hrun eða hvort þarna hafi verið veggur sem skipti tóftinni frekar upp. Ekki er innangengt úr hólfum I og II, sem mynda stærstan hluta tóftarinnar, inn í hólfi III í austurenda tóftarinnar. Það er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á hólfinu til suðurs. Mesta hleðsluhæð er um 1,4 m og sjást 6 umför hleðslu í utanverðum veggjum. Dálítil veggþútur, um 1 m á lengd liggur til suðvesturs frá vesturhorni tóftarinnar. Ef til vill eru þetta leifar af hólfi sem hefur verið rífið. Um 5 m sunnan við tóftina er lítil gryfja B sem er um 2x2 m að innanmáli og 1 m á dýpt. Hún er gróin en grjót sést í innanverðum veggjum svo hún kann að vera hlaðin. Óvíst er um tilgang gryfjunnar en líklegt er að hún hafi tilheyrt býlinu og að lífrænum úrgangi hafi verið safnað í hana og hann svo notaður sem áburður.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 262

GK-140:053 Rás tóft býli

64°00.432N 22°20.439V



Rás 053, horft til suðurs

"Þá hafa verið nefndar nokkrar þurrabúðir, sem nú eru allar óbyggðar: Rás, Fagurhóll [052], Gerðar [051], út á Grandanum nefnist einnig Gerðakot [050] og Atlagerði [049], sem stóð alveg út við vitann [016]." segir í örnefnaskrá. Heimildamaður, Helgi Davíðsson, kannaðist ekki við býlið og vissi ekkert um staðsetningu þess. Á Örnefnauppdrætti eftir Ingólf Einarsson er býlið merkt við tjörn skammt frá Garðhúsum 011. Þar er ein tóft um 240 m suðaustan við bæ 001. Ekki er vitað hvenær býlið Rás var í ábúð. Margrét Þórarinsdóttir, sem fædd var 1911 í Minna-Knararnesi, og maður hennar Brynjólfur Brynjólfsson sem bjó í yfir 40 ár á sömu jörð gerðu athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Ásláksstaðahverfis árið 1972. Þau könnuðust ekki við að örnefnið Rás ætti við þurrabúð en afrennsli úr Sjónarhólstjörninni var kallað Rás. Býlið hefur líklega dregið nafn sitt af þessari afrennsli. Fyrst Margrét og Brynjólfur könnuðust ekki við býlið er líklegt að það sé orðið alllangt síðan það fór í eyði en ekkert verður sagt nánar um hvenær það var nema með frekari rannsóknum.

Tóftin er fast austan við tjörn, skammt vestan við sjávarbakkann.

Tóftin er tvískipt og gróin en hefur að líkindum verið grjóthlaðin. Hún er um 8x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hólfi I er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í norðurhorni. Hólfi II er um 2x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru ógreinilegri en í hólfi I. Op er inn í hólfi II á suðausturgafli og í norðurhorni en ekki er opið á milli hólfá. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8; Ö-Ásláksstaðir, 4, 5; IE-Örnefnauppdráttur, Ásláksstaðir

GK-140:054 heimild um samgöngubót

65°58.880N 22°19.929V

"Austur af Fögrubrekkum og rétt ofan við Ásláksstaðaklofninga, sem fyrr voru nefndir, var jarðfall sem hét Freygerðardalur en það er nú komið undir Reykjanesbraut. ... Fé átti það til að komast í sjálfheldu í Freygerðardal og því voru hlaðnar "tröppur" í jarðfallið svo það kæmist upp af eigin rammleik," segir í Örnefnum og

gönguleiðum. Freygerðardalur er nú kominn undir Reykjanesbraut en hann hefur verið vestan við Línuvegsafleggjarann en austan Fagradals.

Engin ummerki sjást nú um dalinn eða tröppurnar.

"Sagan segir að þar hafi stúlkan Freygerður frá Hlöðuneshverfi borið barn sitt út og af því sé nafnið dregið."

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 53

GK-140:055 tóft beitarhús



Beitarhúsatóft 055, horft til vesturs

63°59.967N 22°19.927V



Tvískipt tóft er um 1,2 km suðaustan við bæ 001.

Tóftin er á flatlendi ofan/suðvestan við gróinn og nokkuð grösugan lautarbolla. Dáltil brekka er til norðurs frá tóftinni.

Tóftin er grjóthlaðin og tvískipt og snýr nálega norður-suður. Hún er um 8,5x6 m að stærð. Mesta hæð veggja er um 0,5 m og sjást 2 umför hleðslu. Vesturhluti tóftar er gróinn og sést ekki í hleðslur þar. Hólf I er nyrst í tóftinni, það er um 5x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki virðist vera veggur fyrir austurhlíð hólfinsins og er það því opið til þeirrar áttar. Hólf II er samsíða hólf I en ógreinilegra. Það er um 5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því. Líklegt er að þarna hafi verið beitarhús en lag tóftarinnar, staðsetning hennar og fjarlægð frá bæ bendir allt til þess hlutverks.

Hættumat: engin hætta

GK-140:056 tóft skotbyrgi



Skotbyrgi 056, horft til norðausturs

63°57.525N 22°16.050V

Grjóthlaðið byrgi er um 325 m norðaustan við Gamla-Hlöðunessel 137:017 og um 7,02 km suðaustan við bæ 001.

Tóftin er suðaustan við flatlent, mosavaxið svæði. Suðaustan við tóftina er hraunheiði, uppblásin á köflum.

Tóftin er hlaðin á lágan hraunhól sem er á sprunginn og eru hleðslurnar ofaná og á milli sprunguveggjanna. Sprungan er grunn. Tóftin er grjóthlaðin sem fyrr segir og einföld. Ekki sést op á henni. Hún er um 4x3 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hleðslan er óvönduð, hún er um 0,5 m á hæð og sjást 2 umför. Líklegast er að þetta sé skotbyrgi og fundust drykkjarumbúðir inn í henni.

Hættumat: engin hætta

GK-140:057 tóft skotbyrgi
63°57.474N 22°15.861V



Skotbyrgi 057, horft til norðvesturs

norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á tóftinni. Veggjarhleðslur eru óvandaðar og eru hæstar um 0,5 m og sjást 3 umför. Drykkjarumbúðir sjást í tóftinni. Að öllum líkindum skotbyrgi.

Hættumat: engin hætta

GK-140:058 þúst legstaður
64°00.544N 22°20.773V




Þúst 058, horft til norðausturs


Grjóthlaðið byrgi er um 180 m suðaustan við byrgi 056.

Tóftin er í grýttri en mosavaxinni heiði. Uppblásin svæði eru í kringum hana.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin, um 3x2,5 m að stærð og snýr



Skotbyrgi 056



Skotbyrgi 057

Helgi Davíðsson, heimildamaður, greindi frá því að hann teldi legstað vera í túni Ásláksstaða stærri, um 100 m norðvestan við bæ 001.

Meintur legstaður er í sléttuðu og nokkuð flatlendu túni.

Helgi telur litla þúst í túninu mögulega vera legstað. Þústin er um 5x2 m að stærð og snýr norður-suður, mjókkar lítillega til suðurs. Hún er 0,2-0,3 m á hæð, hæst í suðurenda. Í suðausturhorni þústarinnar eru ummerki um að grafið hafi verið í hana. Helgi hefur rekið járntein í þústina og fundið grjót undir sverði. Ekki er ósennilegt að lítil klöpp sé undir sverði og að um náttúrufyrirbæri sé að ræða en einföld rannsókn getur skorið úr um það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-141 **Áslákstaðakot**

Hjáleiga Ásláksstaða stærri (GK-140) árið 1847. JJ, 90. Hjáleigan er ekki merkt inn á túnakort Ásláksstaða stærri frá 1917 og kann því að hafa farið í eyði fyrir þann tíma ef það hefur verið í eða við tún heimajarðarinnar.

GK-141:001 *Ásláksstaðakot* bæjarhóll bústaður


Engar þekktar heimildir eru til um þetta býli og er staðsetning þess ókunn. Helgi Davíðsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta býli og ekki er minnst á það í örnefnalýsingum fyrir Ásláksstaðahverfi. Ef til vill er Ásláksstaðakot eldra nafn á Miðbæ 140:005 eða Hallanda 140:057 en þau býli voru í túni Ásláksstaða stærri. Líklegt er að Ásláksstaðakot hafi verið í túni Ásláksstaða stærri en ekkert er vitað um hvar það var nákvæmlega og því ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

GK-142 Áslákstaðir innri (minni)

Jarðadýrleki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 131. 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Ásláksstaði (40 hdr), Knarrarnes tvö (30 hdr), Breiðagerði fyrir (10 hdr). DI IV 707-708. 1547-48 er Minni og Stærri Ásláksstaða getið í fógetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 4 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og vogar, 26.

Býlið var þurrabýli á þessari öld og átti engin tún. Ö-Ásláksstaðahverfi, 2. Bærinn oft nefndur Mangabær. Ö-Ásláksstaðir, 3. Jörðin lagðist undir Sjónarhól 012. GJ: Mannlíf og mannvirki, 272. Í eyði um 1920.

1703: "Túnin spillast af sjáfarágangi mikilega. Engjar er öngvar. Útigangur um vetur og sumur í lakasta máta og nær öngvir nema fjaran." JÁM III, 132-133. 1919: Tún 1,6 teigar, garðar 360m².



GK-142:001 Ásláksstaðir innri (minni) bæjarhóll bústaður 64°00.480N 22°20.569V

"Í tíð Vilborgar [Magnúsdóttir, f. 1892 á Innri-Ásláksstöðum] voru Innri-Ásláksstaðir þurrabúð. Bærinn stóð á gamla bæjarstæðinu norðan við traðirnar [009] fáein skref austan við hlöðuna [002] á Sjónarhóli [012]. Vilborg man fyrst eftir torfbaðstofu, sem var tvær rúmlengdir, og sneru bæjardyr upp að vegi, en síðar var reist timburhús. Það hús flutti Magnús, faðir hennar, sem síðastur bjó á Innri-Ásláksstöðum, til Hafnarfjarðar, er hann fluttist þangað," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamanni, Helga Davíðssyni, var ekki búið á Ásláksstöðum innri eftir 1920. Bæjarhóllinn er um 100 m suðaustan við Ásláksstaði stærri og tæpa 50 m norðaustan við Sjónarhól 012. Bæjarhóllinn stendur allhátt í hæðóttu túni skammt vestan við ljöruna.

Bæjarhóllinn á Ásláksstöðum innri er ekki afgerandi og er líklegt að bærinn hafi í grunninn verið byggður á náttúrulegri hæð í túninu. Af bæjarhólnum er hæst niður til suðurs og vesturs en minni halli til annarra átta. Hóllinn er um 20x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er hæstur um 1,5 m. Á hólnum eru tvískipt tóft A og ein ógreinileg tóft B auk kálgarðs C. Að auki voru skráðir kálgarðar sunnan og austan við hólinn (sjá 017-018). Tóftir A og B eru í austurhluta bæjarhólsins. Tóft A er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 10x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð veggja er um 1,5 m og sjást 4 umför í hleðslum. Eitthvert rask hefur orðið í austurenda í hólfi I. Hólf I er um 5,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur hefur verið inn í það í



Á vinstri mynd sér yfir bæjarhól Innri Ásláksstaða, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 001A, horft til norðausturs

norðausturhorninu en hrúnið hefur úr veggjum fyrir opið. Mikið af rusli hefur verið safnað saman í hólfið. Hólf II er um 2,5x3,5 m að innanmáli en lítið sést ofan í það. Það er eins og hólfið hafi fyllst af byggingarefni, t.d. úr þakinu. Dálítið skarð er í norðvesturhorni hólfins og kann að hafa verið inngangur þar. Tóft B er óskýr en hún er um 2 m sunnan við hólf I í tóft A. Hún er um 4x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru mjög óljósir og grónir og sjást aðeins á suður- og austurhlið. Mesta hæð þeirra er um 0,1 m. Grjóthlaðinn kálgarður C er umhverfis bæjarhólinn. Hann er gróinn á norðurhlið en annarsstaðar sést í grjóthleðslur. Gerðið er um 31x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sést veggur fyrir vesturhlið hans og rof er í hann í norðausturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 4 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, I; Túnakort 1919

GK-142:002 hús hlaða



Hlaða 002, horft til suðurs

sem er niðurgrafið en með því er mesta hleðsluhæð 2,7 m. Steypt hefur verið ofan á hlöðnu veggina og steypir veggir eru í norðurhluta hússins þar sem það hefur verið stækkað. Steinlím er í hleðslum. Alls sjást 15 umför hleðslu í veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919


GK-142:003 þúst útihús

64°00.510N 22°20.511V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús í austurjaðri túnsins, um 70 m norðaustan við bæ 001. Þar sést nú (2011) aðeins þúst.

64°00.477N 22°20.595V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m austan við bæ 001. Þar stendur enn hús sem er að hluta hlaðið og að hluta steyp. Það var hlaða frá Sjónarhóli 012 samkvæmt Helga Davíðssyni, heimildamanni. Húsið hefur verið stækkað til norðurs og er líklegt að það hafi upphaflega tilheyrð Ásláksstöðum innri. Húsið er fast austan við bæjarhól Ásláksstaða innri, í austurjaðri kálgarðs 001C sem þar er.

Húsið er um 9x5 m að stærð, snýr norður-suður. Það er niðurgrafið um 1 m. Dyr eru á austurvegg og á norðurgaffli er hlaðið fyrir hann að hluta en hann er að hluta opinn og má ætla að þar hafi verið timbur- eða bárujárnsþil. Hlaðni hluti hússins í suðurenda, og að líkindum elsti hluti þess, er um 5x6 m að stærð. Mesta hæð hleðslunnar er um 1,7 m fyrir utan það



Þúst 003, horft til suðausturs

Þústin er í túnjaðri, fast vestan við grýtta klapparfjöru.

Þústin er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð er um 1,3 m. Þústin er gróin og grasi vaxin en uppi á miðri þúst sést lítillaga í grjóthleðslu. Eins sést í grjót við norðaustur- og suðausturhorn þústarinnar þar sem sjórinn hefur brotið af henni. Ógreinilegur veggur eða garðlag liggur til norðurs frá norðausturhorni. Hann er um 3 m á lengd og um 1 m á breidd, 0,2 m á hæð. Líklega er þetta framhald sjóvarnargarðs 007.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-142:004 heimild um 64°00.524N 22°20.520V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró í austurjaðri túnsins, um 90 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m norðan við þúst 003.

Þar sem þróin hefur verið er deiglent og grýtt í túnjaðri fast vestan við grýtta klapparfjöru. Dálítil lægð er í túninu á þessum stað.

Ekki sést til minjanna og er líklegt að fyllst hafi upp í hana af sandi og möl sem sjórinn ber á land eða að hún hafi verið fyllt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots


Heimildir: Túnakort 1919

GK-142:005 *Sjávarhús* tóft hjallur

64°00.540N 22°20.514V



Leifar af Sjávarhúsi 005, horft til norðurs



Sjávarhúsi 005

"Sjávarhús var nefnt vestan við Sjónarhólslendi [021]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var

útihús við austurjaðar túnsins, um 120 m norðaustan við bæ 001 og er afar líklegt að það sé það sama og Sjávarhús það sem nefnt er í örnefnaskrá. Tóft er enn sýnileg á sjávarbakknum á þessum stað, um 25 m norðvestan við Sjónarhólslendi.

Tóftin er í austurjaðri túnsins, fast vestan við klapparfjöru. Dálítið vik er suðaustan við tóftina á milli klappa og með stefnu á Sjónarhólslendi.


Tóftin er grjóthlaðin og virðist vera einföld. Hún er um 6x3 m að stærð, snýr norður-suður. Austurveggur tóftarinnar er mjög skýr. Hann er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Aðrir hlutar tóftarinnar eru óljósir vegna landbrots og er allur norðausturhluti hennar horfinn. Óljós veggur er á suðurhlíð en er orðinn mjög jarðlægur. Nokkuð hefur hrunið inn í tóftina af grjóti. Ekki sést skýrt hvar op hefur verið á henni. Dæld er fast austan við tóftina sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á dýpt og hefur grjót hrunið ofan í hana. Eins er lítil grjótröð fast sunnan við dældina, 3 steinar, sem samtals eru um 1 m á lengd og snúa austur-vestur. Hún gæti verið hrun. Ekki er ljóst hvort dældin sé manngerð eða hvaða tilgangi hún hefur þjónað.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-142:006 tóft útihús

64°00.578N 22°20.523V



Tóft 006, horft til austurs

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 um 175 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m sunnan við tóft 019. Norðaustan og austan við tóftina er fjara.

Tóftin er suðaustan við uppbornaða tjörn og suðvestan við hana er tún.

Tóftin er einföld, um 3x2,5 m að stærð og er U-laga. Veggir hennar eru 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Aðeins lítill hluti af útihúsinu er eftir, en norðausturveggurinn er horfinn.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-142:007 tóft+garðlag

varnargarður

64°00.593N 22°20.549V

"Sjónarhólsfjörur liggja svo hér frá Sjónarhólsvör [021] allt í mörk á móti Knarramesi, eða frá kofatóftinni [022], en suður af henni liggur sjávargarðurinn á bakkann austan og neðan við Ásláksstaðabæinn gamla [001]," segir í örnefnaskrá. Sjávargarðurinn sést á köflum meðfram ströndinni frá merkjum á móti Ásláksstöðum stærri GK-140 að túni Garðhúsa 140:011 og tengist túngarðinum 140:011C sem skráður er þar. Hér er hins vegar aðeins skráður sá hluti garðsins sem er innan merkja Ásláksstaða





Tóft 007A, horft til vesturs

innri. Tvær einfaldar tóftir eru áfastar varnargarðinum og eru skráðar með honum. Önnur tóftin A er sýnd á túnakorti frá 1919 og er um 190 m norðaustan við bæ 001. Hin tóftin B er um 195 m norðaustan við bæ. Á milli tóftanna eru 25 m.

Garðurinn liggur frammi á sjávarbakka. Á bakkanum eru ýmist berar klappir eða gróinn sjávarkambur. Tóftirnar er í norðausturjaðri túnsins við sjávarkambinn. Á milli þeirra er tjörn sem fyllst hefur upp í.

Mínjarnar eru á svæði sem er um 325x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Grjóthlaðinn varnargarðurinn C afmarkar svæðið. Í NNA-hluta túnsins er garðurinn nokkuð skýr en þar er hann um 1 m á hæð og sjást 5 umför í hleðslunni. Vandlega hlaðinn



kantur sem telst tilheyra varnargarðinum er á milli tóftar A og gerðis 020. Kanturinn er um 1 m á hæð og sjást einnig 5 umför í hleðslu þar. Um 30 m SSV við þúst 003 sést varnargarðurinn sem gróinn kantur alla leið að túni Garðhúsa 011. Tóft B er byggð upp við garðinn, í norðausturenda túnsins. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 7x4 m á stærð. Tóftin er einföld og 4x3 m að innanmáli. Tóftin er grjóthlaðin og L-laga. Veggir eru mest um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför af hleðslu í þeim. Við endann á grjóthleðslunni sem vísar í norðvestur er röð af grjóti sem vísar austur og nær til sjávargarðsins. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en líklegt er að hún hafi tengst fiskveiðum. Ef til vill var þetta skiparétt. Tóft A er grjóthlaðin, um 7x2 m að stærð og snýr SSV-NNA. Eitt óljóst hól er í tóftinni og er það um 3x1 m að innanmáli og snýr SSV-NNA. Ekki er sýnilegur veggur fyrir austurhlið

tóftarinnar. Mesta hæð er um 1 m og sjást 5 umför af hleðslu. Varnargarðurinn liggur frá tóftinni til norðurs og suðvesturs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt er að það hafi verið naust. Það er um 12 m suðvestan við vör 019.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 10; Túnakort 1919

GK-142:008 þúst útihús
64°00.588N 22°20.497V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 210 m norðaustan við bæ 001. Þar sést enn grjótpúst.

Þústin er á mörkum gróins túns og klapparfjöru í norðausturhorni túnsins.

Þústin er úr grjóti, um 2x3 m að stærð, snýr NNV-SSA. Mesta hæð er um 0,6 m. Ekki hægt að sjá móta fyrir útlínu, hólaskiptingu eða fjölda umfara í



Tóft 007B, horft til suðausturs



Þúst 008, horft til suðausturs

þústinni.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-142:009 hleðsla traðir
64°00.474N 22°20.551V



Traðir 009, horft til norðvesturs



"Bærinn [001] stóð á gamla bæjarstæðinu norðan við traðirnar fáein skref austan við hlöðuna [002] á Sjónarhól [012]," segir í örnefnaskrá. Traðirnar liggja frá hlöðu 002 til austurs að tóft 001B þar sem þær beygja til

suðausturs.

Traðirnar eru á milli kálgarða og liggja um bæjarhólinn til suðausturs að sjávarkampi.

Annars vegar eru traðirnar á milli kálgarðs 001C og kálgarðs 018 þar sem þær liggja frá hlöðu 002 að tóft B á bæjarhól 001. Hins vegar eru þær á milli kálgarða 017 og 018. Traðirnar eru um 65 m að lengd. Frá hlöðu 002 að tóft 001B eru þær um 25 m langar og liggja austur-vestur og frá tóft 001B eru þær 40 m langar og liggja suðaustur-norðvestur. Kálgarðsveggirnir mynda traðirnar en innanmálsbreidd á milli þeirra er 1-1,5m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 1

GK-142:010 *Innri-Ásláksstaðalending* heimild um lendingu 64°00.540N 22°20.492V

Heimræði var 1703 á Ásláksstöðum innri samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins og þar var því sennilega lending. "Innri-Ásláksstaðalending var utan við Sjónarhóls lendingu [021]. Þar var há klökk, einkennilega sprungin, og var lent utan við klökkina," segir í örnefnaskrá. Vörin var 160 m austan við bæ 001 og um 20 m norðan við Sjónarhólsvör 021.

Norðan við klökkina sem getið er í leiðarvísi er mikið af fjörugrjóti.

Hvorki sjást minjar um manngerða né náttúrulega vör á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM III, 132; Ö-Ásláksstaðir, 2

GK-142:011 þúst
64°00.535N 22°20.513V

"Innri-Ásláksstaðalending [010] var utan við Sjónarhóls lendingu [021]. Þar var há klökk, einkennilega sprungin, og var lent utan við klökkina. Enginn sjóskúr var við lendinguna, en uppi á kámpinum var steinbyrgi, hundabyrgi, þar sem hundarnir í hverfinu voru baðaðir," segir í örnefnaskrá. Þúst er 140 m norðaustan við bæ 001 og 4 m sunnan við tóft 005.

Þústin er í austurjaðri túns við sjávarkamb og er fast vestan við sjávargarðinn 007.

Þústin er um 3x2 m á stærð og er grjóthlaðin. Hún snýr norður-suður Talsvert hefur hrunið úr



Þúst 011, horft til suðurs

þústinni og gömul netagirðing liggur yfir henni. Ekki stendur steinn yfir steini og mesta hæð þústarinnar er um 0,3 m. Ef þústin er af hundabyrgi sem nefnt er hér að ofan er líklegt að hún sé ekki fornleif samkvæmt skilningi laganna því fyrirbærið hundabyrgi er ekki ýkja gamalt.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 2

GK-142:012 *Sjónarhóll* bæjarstæði býli
64°00.460N 22°20.606V



Bæjarstæði Sjónarhóls 012, horft til norðvesturs



"Þá eru grasbýlin. ... Þá er Sjónarhóll, sem er innsti bær í Ásláksstaðahverfi," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Um 1886 byggði Lárus Pálsson "hómópati" Sjónarhól." Bærinn var stundum nefndur Lárusarhús. Lárusarhúsi var seinna breytt í fjós og steipt, tvílyft hús reist 12 m vestan við það árið 1929. Lárusarhús, elsta bæjarstæði Sjónarhóls er um 45 m suðaustan við bæ 001. Af túnakorti frá 1919 að dæma tilheyrðu a.m.k. fimm mannvirki Sjónarhól auk bæjarins. Í umfjöllun fá minjarnar bókstafi

til aðgreiningar; Bæjarstæði A, þró B, útihús með áföstum kálgarði C, brunnur D, útihús E, útihús F.

Bæjarstæði Sjónarhóls er á hæð í sléttuðu túni sem komið er í órækt. Af hæðinni er halli til suðurs.

1919: Tún 1,9 teigar, garðar 1570m². Minjar sem tilheyra býlinu Sjónarhóli og saúst á vettvangi eru á svæði sem er um 45x10 m að stærð og snýr norður-suður. Á bæjarstæðinu stendur enn steingrunnur og sambyrgt og niðurgrafið haughús síðan farið var að nota elsta húsið sem fjós. Tröppur sjást að inngangi hússins á vesturvegg og var gengið inn ofan af hæðinni. Ekkert bendir til þess að mannvistarleifar séu undir sverði á þessum stað. Undir steingrunninum í eldri parti hússins eru steinhleðslur og sjást þar 3 umfö. Samkvæmt túnakorti var brunnur D um 40 m sunnan við bæ A. Hann sést ennþá í túninu. Yfir brunnum er járnplata og annað rusl svo ekki sést ofan í hann og því ekki hægt að segja hversu djúpur hann er. Við plötuna sést þó móta fyrir grjóthleðslum. Samkvæmt túnakorti var útihús C með áföstum kálgarði um 10 m norðvestan við bæ A. Hvorki sést til útihússins né kálgarðsins og er líklegt að þær minjar hafi verið rifnar þegar nýtt íbúðarhús var byggt 1929. Kálgarðurinn var kallaður Litligarður. Samkvæmt túnakorti var þró B fast suðvestan við útihús C, en engin ummerki sjást um hana nema lágur hóll en þar leynast mögulega mannvistarleifar undir sverði. Samkvæmt túnakorti var útihús E um 70 m suðvestan við bæ A en engar leifar þess saúst á vettvangi. Samkvæmt túnakortinu var einnig var útihús F rúmum 100 m suður frá bæ A, en lítið sést til þess, nema örli til hæð í túninu, en möguleiki er á að þar leynist einnig mannvistaleifar undir sverði. Auk þeirra minja sem hér hafa verið nefndar var hús 002 hlaða sem tilheyrði Sjónarhóli. Hlaðan er fast vestan við bæjarhól Ásláksstaða innri og líklegt að húsið hafi upphaflega tilheyrð þeim bæ og því er það ekki skráð með á þetta númer.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 8; Ö-Ásláksstaðir, 2-3; GJ: Mannlíf og mannvirki, 269-270; Túnakort 1919

GK-142:013 heimild um 64°00.595N 22°20.574V

"Nyrzt í Sjónarhólstúni er lítið gerði. Þar var breitt þang og þönglar og einnig á kámpinum," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást minjar um hlaðið gerði nyrst í túninu en líklega hefur það verið þar sem sjávargarður 007 mætir merkjarði 140:047. Það hefur þá verið um 215 m norðan við bæ 001.

Gerðið var að líkindum þar sem nú er smáþýft tún í órækt, fast sunnan við sjávarkamb og sjávargarð 007. Sjórinn hefur rutt grjóti inn á túnið á þessum stað.

Ekki sést til minja um gerðið og kann það að hafa horfið vegna ágangs sjávar eða verið rífið við túnræktun.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 3

GK-142:014 *Heiðargarðurur* garðlag túngarður 64°00.423N 22°20.683V

"Sjónarhóll [012] stendur í Sjónarhólstúni og takmarkast af Heiðargarðinum að ofan ..." segir í örnefnaskrá. Heiðargarðurur skildi á milli túns og heiðar í landi Ásláksstaða innri og samkvæmt túnakorti frá 1919 tengdist hann garði 140:034 í landi Ásláksstaða stærri, en tún bæjanna lágu saman. Garður þessi hefur að mestu leyti verið rifinn en líklega má sjá leifar af honum suðaustan við heimreið að Ásláksstöðum stærri, um 145 m suðvestan við bæ 001. Garðurinn var á mörkum túns og heiðar en túnið hefur verið fært út og þá var megnið af garðinum rífið.


Garðurinn sést á um 30 m löngum kafla og snýr hann suðaustur-norðvestur. Við suðausturenda hans beygir hann til suðurs á um 13 m löngum kafla en sá hluti er líklega frá því eftir að túnið var fært út og getur verið að þarna hafi verið hlaðið undir vírnetsgirðingu. Garðurinn er grjóthlaðinn en hleðslur eru að mestu hrundar. Hann er um 1 m á hæð og breidd. Ekki sést fjöldi umfara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 12

GK-142:015 þúst legstaður

64°00.548N 22°20.571V



"Tvö aflöng leiði voru í túni Lárusar [sennilega í landi Sjónarhóls] niður undir Hallanda (nú Nýjabæ). Það voru talin leiði fornanna, en ekki heyrði Vilborg getið um nöfn þeirra. Hún segir þó, að þar kunni að liggja Áslákur og Ásláka ...," segir í örnefnaskrá. Meintur legstaður er um 115 m norðan við bæ 001 og um 45 m suðaustan við Hallanda 140:010.

"Leiðin" eru í túni nærri merkjum móti Ásláksstöðum stærri. Nokkuð er um mishæðir og hóla í túninu.

Í Frásögnum af fornaldarleifum segir: "Firir utan þennan Hól eru hér í Sókninni 3 önnur Fornmannaleiði; þar af, 2 á Ásláksstöðum sitt yfir hverju fyrstu Híóna þar / að sagt er/ 1 á Hlödunesi [GK-137:053], Öll þessi snúa að Höfudgafli í Midmundastad, 9 álma að lengd hvert, og nær 2 al: breid ofan, eru grasi vaxinn, svo þau eru í midjum Túnum, innan smárra gamallra Gyrdinga sem adeins síast hinar sydurstu Rústir af, og eru enn nú kölluð Korngerði, líkleg til at hafa á fyrri öldum til Kornfædis öfð, þó nú séu þýfd orðin; hid minsta þeirra er 49 fadmar hit stærsta herum 250." Á svæði sem er um 19x6 m að stærð og snýr ASA-VNV eru þrír litlir hólar í túninu og eru tveir þeirra aflangir og líklega leiðin sem talað er um í heimildum. Ekki er ljóst hvort leiðin í landi Ásláksstaða innri eða leiðið í Hlödunesi sé innan nefndra Korngerða. Engar leifar af gerðum sjást í túninu og hefur líklega verið sléttað úr þeim ef þau voru hér. Meint leiði A er í ASA enda svæðisins, er um 5x2 m að stærð og snýr ASA-VNV. Það er allt gróið og er hæst um 0,5 m. Ekki sést grjót í því. Fast suðvestan við leiði A er lítill hringlaga hóll sem er um 3 m í



Þústir 015, horft til austurs

þvermál. Um 4 m VNV við hann er meint leiði B sem er um 5x1,5 m að stærð og snýr ASA-VNV. Mesta hæð þess er um 0,5 m. Leiði B er mjög skýrt afmarkað í túninu. Óvíst er hér séu fornmannaleiði en ekki er hægt að útiloka það nema með frekari rannsókn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 3; FF, 239

GK-142:016 heimild um huldufólksbústað

64°00.448N 22°20.636V

"Huldukona var sögd vera í hól rétt sunnan við húsið á Sjónarhóli [012]. Var steinn fremst í hólnum, og voru þar taldar dyr," segir í örnefnaskrá. Að öllum líkindum er átt við hólinn sem er fast suðaustan við yngsta íbúðarhús

Sjónarhóls, um 80 m suðvestan við bæ 001 og um 30 m VSV við eldra bæjarstæði Sjónarhóls 012A. Hóllinn er í grónu og þýfðu túni sem komið er í órækt. Vegslóði heim að Sjónarhóli liggur yfir norðvesturhluta hans.

Hóllinn er ekki mjög afgerandi í túninu en allhár, um 3 m á hæð. Hann er hæstur til suðurs og austurs. Rás er í suðvesturhluta hólins sem liggur í L. Mögulega er hún manngerð en það er óvíst og tilgangur hennar ekki ljós. Ekki sést steinninn í hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 3

GK-142:017 Sandgarður gerði kálgarður

64°00.479N 22°20.541V



Sandgarður 017, horft til suðausturs

"Garðurinn fyrir neðan tröðina var nefndur Sandgarður, garðurinn fyrir austan fjósið Stórigarður [018], en garðurinn við hlöðuna, vestan traðar, Litligarður [sjá Sjónarhól 012]," segir í örnefnaskrá. Sandgarður er fast austan við bæ 001 og er austur á sjávar kamb. Kálgarðurinn liggur á milli bæjarhóls 001 og gróins sjávar kamb í túni. Suðvestan við Sandgarð eru traðir 009.

Garðurinn er um 45x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er nokkuð þríhyrningslaga og mjókkar til suðausturs. Austurhlið kálgarðsins er aðeins gróinn kantur sem liggur upp að grónum sjávar kamb. Veggir eru grjóthlaðnir en að mestu hrundir og nokkuð grónir. Mesta hæð veggja er um 1 m og mest sjást 4 umför hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 8

GK-142:018 Stórigarður gerði kálgarður

64°00.468N 22°20.559V



Stórigarður 018, horft til norðausturs

"Garðurinn fyrir neðan tröðina var nefndur Sandgarður [017], garðurinn fyrir austan fjósið Stórigarður, en garðurinn við hlöðuna, vestan traðar, Litligarður [sjá Sjónarhól 012]," segir í örnefnaskrá. Stórigarður er fast sunnan við bæjarhólinn 001 og fast austan við býlið Sjónarhól 012. Kálgarðurinn er í ofurlitlum halla til suðurs frá bæjarhól 001 og er að mestu leyti á flatlendi þar sem túnið er lægst. Deiglendi er til suðausturs að lítilli tjörn.

Stórigarður er um 36x22 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjóthlaðnir veggir afmarka kálgarðinn til austurs og norðurs en ekki er veggur á vesturhlið og aðeins að hluta á suðurhlið, eða um 16 m langur bútur frá austurvegg. Austurveggur kálgarðsins myndar suðvesturvegg traða 009. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 5 umför hleðslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 8

GK-142:019 náttúrumin lending

64°00.583N 22°20.490V

Náttúruleg vör er um 12 m norðaustan við tóft 007A og um 200 m norðaustan við bæ 001.

Vörin er í klapparfjöru austan við norðausturhorn heimatúnsins.

Vörin er á milli klappa, um 6x10 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óvíst er á hvaða tíma eða frá hvaða býli bátum var lent í þessari vör en líklegt er að tóft 007A tengist vörinni.

Hættumat: engin hætta

GK-142:020 gerði
64°00.567N 22°20.525V

Gerði og dæld innan þess er um 165 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á allháum og bröttum hól nærri norðausturhorni túnsins.


Minjarnar eru á svæði sem er um 10x7 m að stærð. Garður er hlaðinn á hólbrún og myndar þar sporöskjulaga gerði. Gerðið er um 10x7 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslur eru mjög signar og eru mest um 0,3 m upp úr sverði. Í norðvesturenda gerðisins er ferköntuð dæld sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mesta dýpt hennar er 0,2 m. Grjóthleðslan í gerðinu nær ekki alveg hringinn og vantar hleðslur til austurs. Hlutverk minjanna er óljóst en þær tengjast að líkindum útgerð, mögulega hefur þarna verið þurrkreitur. Ekki er útilokað að þetta gerði sé það gerði sem nefnt er í örnefnaskrá og er skráð á fornleif 013.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðir, 5



Lending 019, horft til austurs



Gerði 020, horft til suðausturs

GK-142:021 *Sjónarhólslending* náttúrumin lending 64°00.529N 22°20.491V

"Þá taka við Innri-Ásláksstaðafjörur, Innri-Ásláksstaðarekar, Innri-Ásláksstaðabangfjörur, og liggja að Sjónarhólslendingu, Sjónarhólsvör," segir í örnefnaskrá. Vörin er 157 m austur af bæ 001 og 20 m suðaustan við þúst 011.

Vörin er í grýttri klapparfjöru.

Vörin er um 12x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún virðist vera náttúruleg, en hún er afmörkuð af lítilli klöpp til austurs og af klöppum og grjóti á sjávarbakkanum til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 9-10

GK-142:022 heimild

"Sjónarhólsfjörur liggja svo hér frá Sjónarhólsvör [021] allt í mörk á móti Knarrarnesi, eða frá kofatóftinni, en suður af henni liggur sjávargarðurinn [007] á bakkann austan og neðan við Ásláksstaðabæinn gamla," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst um hvaða kofatóft er verið að ræða í örnefnaskrá. Mögulegt er þó að þúst 011 sé leifar af þessum kofa en hún er á sjávarbakkanum, um 20 m norðvestan við Sjónarhólsvör 021. Eins getur verið að kofatóftin sem um ræðir sé skráð undir 005. Ekki eru aðrar minjar sýnilegar á sjávarbakkanum nærri

Sjónarhólsvör. Ekki fengust upplýsingar um kofatóftina hjá heimildamönnum og ekki reyndist unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ásláksstaðahverfi, 10

GK-142:023 vegur leið

64°00.391N 22°20.538V

Upphlaðinn vegur sést á kafla frá malbikuðum vegi, sem liggur um Vatnsleysuströnd, til norðurs. Hann er væntanlega gömul heimreið að Ásláksstöðum innri 001 eða Sjónarhóli 012. Vegurinn er um 160 m SSA við bæ 001.

Vegurinn er milli túns Sjónarhóls og malbikaðs vegar um sveitina.

Vegurinn sést á um 20 löngum kafla, liggur norður-suður. Hann er nokkuð gróinn og virðist enda við jarðlæga klöpp í móanum. Vegurinn er hlaðinn úr grjóti, er 3 m á breidd og er hæstur um 0,3 m. Mest sjást 2 umför í hleðslum. Óvíst er að þessar minjar hafi náð 100 ára aldri og séu fornleifar í lagalegum skilningi en aldur vegarins er ekki þekktur og hann virðist vera byggður eftir gamalli hefð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Vegur 023, horft til norðurs

GK-143 Knararnes stærra


Jarðadyrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 135.

9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einars Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Ásláksstaði (40 hdr), Knararnes tvö (30 hdr), Breiðagerði fyrir (10 hdr). DI IV 707-708. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetaeikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 5 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og vogar, 26.

Árið 1703 er ein hjáleiga í eyði sem heitir Helgahús 041. JÁM III, 136. Í Knararnesi var lengi tvíbýli, nefndist Austurbær og Vesturbær. GJ: Mannlíf og mannvirki, 289.

1703: "Túnin fordjarfast árlega af sjáfarágangi og stöðutjörnum þeim, sem innan garðs liggja, og það so frekt, að gamlir menn minnst til þar hafi fódrastr x kýr og í gríðungur, og nú eru þau so spilt, að ekki fódrastr meir en áður er sagt. Þar með blæs upp árlega stórgrýti í túninu. Engjar eru öngvar. Útihagar nær öngvir sumar nje vetur utan fjaran." JÁM III, 135. 1919: Tún alls 3,1 teigar, garðar 1520m².

GK-143:001 Stóra-Knararnes bæjarhóll bústaður 64°00.502N 22°19.876V



"Í Stóra-Knararnesi er tvíbýli og svo hefur lengi verið. Nefnast bæirnir Vesturbær og Austurbær. Gömlu bæirnir voru sambyggðir og eitt hlað. Nýtt hús var byggt í Vesturbænum 1927 og stendur það aðeins ofar og sunnar en gamli bærinn var. Austurbæjarhúsið stendur beint upp af þar sem gamli bærinn var. Það var byggt 1930," segir í örnefnaskrá KE. Bæjarhóllinn er norðarlega í túni, fast vestan við klapparfjöru. Vesturbærinn er nú um 40 m suðvestan við gamla bæinn 001 og Austurbærinn er um 35 sunnan við hann.

Bæjarhóllinn er í túni en túnið norðaustan bæjarhólsins er ekki lengur í rækt. Allstór tjörn er á sjávarbakkanum



Bæjarhóll 001. Á vinstri mynd er horft eftir tröðum 016 að bæjarrústunum til norðurs. Á hægri mynd er horft til suðurs

norðvestan við hólinn. Til suðurs eru kálgarðar og íbúðarhús Austurbæjar og Vesturbæjar. Hóllinn er um 20x25 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er hæstur um 3 m. Á honum er bæjartóft og ein önnur tóft. Norðaustan við hólinn eru kálgarðar og er tóft áföst öðrum kálgarðinum. Á túnakorti eru þessar minjar allar tengdar og því skráðar undir einu og sama númeri. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Bæjartóftin A er um 22x11 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóftin er grjóthlaðin og líklegt er að torf hafi verið notað í hleðslurnar en það sést ekki glögg. Í austurenda er hólf I. Það er um 2x3 m að innanmáli, snýr norður-suður og er op á því til norðurs. Um 3 m norðan við það er hólf II sem er gróin gryfja, líklega þró sem sýnd er á túnakorti. Hún er um 3x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki sést í grjóthleðslur og er hún um 0,5 m á dýpt. Fast vestan við hólf I er hólf III sem er um 5,5x1,5 m að innanmáli. Nokkuð hefur hrunið inn í hólfid úr veggjum. Hólfid er opið til suðurs, ekki sést veggur á þeirri hlið. Hólf IV er þar vestan við, er 3x3 m að innanmáli. Um 2 m langur gangur er inn í það úr inngangi í suðri. Hólf V er norðvestan við hólf IV, það er um 2,5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til suðurs. Þar vestan við er hólf VI sem er um 1,5x3 m að innanmáli. Vesturveggur sést nánast ekki. Op er til suðurs. Dálitill veggþútur eða hleðsla er við inngang til austurs. Hún er um 1,5x0,5 m að stærð, um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hleðslan þjónaði. Sunnan við hólf V og VI er kantur sem liggur í boga að suðvesturhorni hólfis IV. Í honum er laust grjót og er hann um 0,5 m á hæð. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,5 m og mest sjást 4 umför hleðslu, en hún er nokkuð gróin. Fast norðan við bæjartóft er stór tóft B sem er um 6,5x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er einföld, op er á henni til norðurs og hún virðist vera grjóthlaðin. Þakið er hrunið ofan í hana. Mesta hæð tóftar er um 1,5 m og mest sjást 5 umför hleðslu. Um 2 m norðan við tóflina eru grjóthleðslur á svæði sem er um 2,5x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Um 0,5 m breitt bil er á milli hleðslubútanna sem eru hæstir um 0,5 m og virðist vera gangvegur þar á milli. Óljós grjótröð liggur frá vesturenda að norðvesturhorni tóftar B og kantur liggur til suðausturs frá austurenda. Líklega eru þessar hleðslur í tengslum við kálgarða D sem eru tveir á túnakorti en ekki sást aðgreining á milli þeirra á vettvangi heldur er þetta stór grjóthlaðinn kálgarður sem er um 26x26 m að stærð og liggur í boga meðfram norðaustanverðum bæjarhólnum. Fjaran er komin fast upp að garðinum. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást mest 2 umför hleðslu. Lítil tóft C er sambyggð kálgarðinum innanverðum um 10 m norðan við suðausturhorn hans. Hún er um 4x3 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er einföld og er óljóst op er á henni til vesturs. Tóftin er grjóthlaðin en ekki sést vel í hleðslur. Hún er um 0,5 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 287; Túnakort 1919

GK-143:002 hleðsla fjós 64°00.497N 22°19.910V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru útihús og sambyggður kálgarður fast suðvestan við bæ 001. Steinsteyp t íbúðarhús Vesturbæjar sem byggt var 1927 er fast suðvestan við minjarnar.

Minjarnar eru í túni fast sunnan og suðvestan við bæjarhól 001. Malarplan er vestan við útihúsin og nokkurt rask hefur orðið vegna byggingu nýs íbúðarhúss og rotþróar sem því fylgir.

Kálgarðurinn sést enn mjög vel. Hann er grjóthlaðinn, um 27x22 m að stærð, snýr norður-suður. Hann er víða gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 4 umför hleðslu. Í norðvesturhorni hefur garðurinn verið endurhlaðinn nýlega í boga þannig að greið leið er um hraunhellutröppur að bæjartóftinni á bæjarhólnum 001. Útihúsin voru við norðvesturhorn kálgarðs. Á túnakorti eru sýnd fjögur sambyggð hús og eitt hús sem er fast við þau en ekki sambyggð. Mannvirki og mannvirkjaleifar sjást á svæði sem eru um 17x9 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst á svæðinu er steinsteyp hús undir þaki. Mögulega er það eitt þeirra mannvirkja sem sýnd eru



Á vinstri mynd er brunnur í kálgarði 002, horft til suðurs. Á hægri mynd eru grunnar húsa sem búið er að rífa og bárujárnsklætt hús sem var notað sem fjós á 20. öld, horft til suðausturs

á túnakorti. Norðan við það sjást steyptir og að litlu leyti hlaðnir grunnar þriggja húsa en þau eru horfin að öðru leyti. Mögulegt er að eldri minjar séu undir þessum mannvirkjum. Samkvæmt Guðbergi Ólafssyni, heimildamanni, var húsið sem enn stendur undir þaki notað sem fjós í hans minni, norðan við það var hlaða, svo kom geymsla og nyrst var bílskúr sem byggður var milli 1950 og 1960. Guðbergur taldi eldra fjós hafa verið á svipuðum stað og bílskúrin eða litlu norðan við hann. Ekki fengust upplýsingar um það hvenær hætt var að nota það fjós eða hvenær það var rífið. Um 3 m austan við gamla húsið sem enn stendur, í miðjum kálgarðinum, er upphlaðinn brunnur. Hann er um 3 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Ekki sést í hleðslur að utan og ekki sést ofan í hann vegna þess að hann er byrgður. Samkvæmt heimildamanni, Guðbergi Ólafssyni, var nýr brunnur gerður á þessum stað árið 1936. Hann var 4 m djúpur og í honum var gott vatn. Að öllum líkindum er þessi brunnur Nýi-Brunnur sem nefndur er í örnefnaskrá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:003 gerði kálgarður

64°00.496N 22°19.872V



Kálgarður 003, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001. Hluti hans sést enn.

Kálgarðurinn er í túni, skammt suðvestan við fjöruna. Innan kálgarðsins er nú malarplan þar sem geymslugámum hefur verið komið fyrir og syðst í kálgarðinum er Austurbær Stóra-Knarrarnes, hús sem byggt var árið 1929, og aðrar byggingar því tengdar.

Kálgarðurinn er um 25x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er grjóthlaðinn en gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást mest 3 umförlu hleðslu. Ekki sjást veggir á suðurhlíð og aðeins sést stuttur bútur af austurvegg. Búið er að rífa þessa veggir eða þeim verið raskað vegna bygginga og annarra framkvæmda. Greina má áframhald austurveggjar á um 20 löngum kafla. Þar er grjóthlaðinn kantur en er úr lagi genginn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-143:004 heimild um 64°00.496N 22°19.927V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 5 m suðvestan við útihús 002 og 30-40 m SSV við bæ 001.

Malarplan er nú þar sem þróin var.

Ekki sést til þróarinnar og hefur líklega verið fyllt upp í hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-143:005 heimild um útihús

64°00.447N 22°19.796V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 110 m suðaustan við bæ 001.

Útihúsið var við horn á túngarði 021, innan túns. Þar er nú órækt og eitthvert jarðrask virðist vera á þessum stað. Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið rífið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-143:006 Gamli Brunnur hleðsla brunnur

64°00.498N 22°19.836V



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var mannvirki, líklega brunnur með tröppum ofan í, 20-30 m austan við bæ 001. Þessi brunnur er að öllum líkindum Gamli Brunnur sem nefndur er í örnefnaskrá.

Brunnurinn var þar sem nú er gróinn og lágur sjávarkambur við klapparfjöru.

Ekki sést til greinilegra minja um brunninn og hefur sjórinn fyllt hann af mól og grjóti. Mögulega hafa þó hleðsluleifar sem sjást undir sverði í rofi á sjávarbakka tilheyrt þessu mannvirki. Aðeins sést í hluta af hleðslunni sem er um 1 m á lengd og um 0,4 m á hæð. Tvö umför sjást.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knarrarnes, 3

Hleðslur í Gamla-Brunni 006, horft til suðvesturs

GK-143:007 hleðsla útihús

64°00.423N 22°19.888V



Hleðsla 007, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 150 m sunnan við bæ 001. Hleðslur sjást inni á sumarhúsalóð og er líklegt að þær séu leifar af útihúsinu.

Minjarnar eru innan afgirtrar lóðar í suðurjaðri gamla heimatúnsins. Mikill gróður er innan lóðarinnar og ýmis nútímamannvirki.

Hleðslan sem sést sem kantur og hefur líklega verið fyllt upp í tóft útihússins og sléttað yfir. Hleðslan er um 6x3 m að stærð og liggur í boga frá suðri til norðvesturs. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,5 m og sjást 3 umför hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-143:008 Stóra-Knarrarnesvör Innri renna lending 64°00.561N 22°19.800V

"Innan til á Knarrarnesi er góð vör Stóra-Knarrarnesvör Innri," segir í örnefnaskrá. "Stóra-Knarrarnesvör er austan í Höfðanum. Dálitill klettaranum gengur fram austanmegin hennar," segir í örnefnaskrá KE. Að öllum líkindum er hér um sömu vör að ræða. Vörin er merkt á túnakort frá 1919 er um 125 m norðaustan við bæ 001. Á túnakortinu stendur að vörin sé nýleg og að vör hafi áður verið utar á Höfðanum (sjá 013).



Stóra-Knarrarnesvör Innri 008, horft til norðausturs

GK-143:009 *Digra-Varða* varða
landamerki

64°00.339N 22°20.190V

"Landamerkjalinan lá úr Girðingum að sunnan upp í Digru-Vörðu sem einnig var kölluð Digra-Sigga," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 285 m vestan við Minna-Knarrarnes 144:001, fast austan við túngarð Hellna 144:012, á merkjum milli Stóra-Knarrarnes og Ásláksstaða stærri.

Varðan er á allháum hól í grónum hraunmóa um 100 m sunnan við veginn sem liggur um Vatnsleysuströnd.

Varðan er um 2 m í þvermál og er um 0,5 m á hæð. Nokkuð hefur hrunið úr henni til norðausturs. Mest sjást 2 umför hleðslu. Nokkuð víðsýnt er af hólnum sem varðan er á.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2

GK-143:010 garðlag landamerki



Landamerkjagarður 010 og huldufólksbústaður 011 í Krosshólum, horft til suðurs

kafla áður en hann beygir til suðausturs á um 70 m löngum kafla. Þessi hluti garðsins er ógreinilegur og útflattur en er hæstur um 0,5 m og breiðastur um 1,5 m. Lega garðsins samsvarar vel garði á milli túna Minna- og Stóra-Knarrarnes á túnakorti frá 1919.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2-3

Vörin er í lítilli vík milli klappa og er smágrýtt fjaran í henni.

Vörin er breið, um 15x30 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklegt er að hún hafi verið rudd en þó er það ekki skýrt. Ekkert stórgrýti er í henni og lítið er af því við hliðar hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2; Ö-Knarrarnes KE, 7; Túnakort 1919



Digra-Varða 009, horft til norðausturs

64°00.518N 22°20.000V

"Milli Túna [svo] Litla-Knarrarnes [GK-144] og Stóra-Knarrarnes var merkjagarður. Hann lá um þrjá hóla sem nefndust Krosshólar og var á þeim mikil huldufólkstrú [011]," segir í örnefnaskrá. Garðurinn er ríflega 100 m vestur af bæ 001. Landamerkjagarðurinn hefur líka gengt hlutverki túngarðs.

Garðurinn liggur um Krosshóla sem eru grórir hraunhólar. Tún liggur fast upp að garðinum beggja vegna.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 150x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Greinilegasti hluti garðsins liggur í boga úr norðri við nýlegan sjóvarnargarð, um Krosshóla, og stefnir þaðan til suðvesturs. Þessi hluti er hans um 130 m langur. Hann er grjóthlaðinn og hrúninn og víða 0,2-0,3 m hár þó mest nái hann um 0,5 m hæð. Mest sjást 2 umför af hleðslu. Garðurinn er 0,5-1 m á breidd. Við suðvesturendann er 15 m breitt rof í garðinn en svo heldur hann áfram á 5 m löngum

GK-143:011 huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°00.487N 22°19.998V
"Milli Túna [svo] Litla-Knarrarness [GK-144] og Stóra-Knarrarness var merkjagarður [010]. Hann lá um þrjá hóla sem nefndust Krosshólar og var á þeim mikil huldufólksstrú. Krosshóll syðsti, Mið-Krosshóll og Krosshóll nyrsti," segir í örnefnaskrá. Krosshólarnir eru um 100 m vestan við bæ 001.

Merkjagarðurinn 010 liggur í gegnum hólana. Tún liggja fast upp að hólunum og garðinum.

Hólarnir eru grónir hraunhólar. Þeir eru misstórir, en sá stærsti er 22x11 m á stærð og um 2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2-3

GK-143:012 gata leið
64°00.565N 22°19.853V

Á túnakorti frá 1919 sést gata liggja beint frá bæ 001 til NNV meðfram görðum 046 umhverfis kálgarð og lítið túnstykki. Fast austan við garða 046 sést gatan á stuttum kafla, um 115 m NNA við bæ 001.

Gatan liggur um norðurhluta gamla heimatúnsins sem kominn er í óráekt.

Þar sem gatan sést fast við garðana er hún breiðust um 0,5 m og dýpst um 0,5 m. Hún sést á um 10 m löngum kafla. Samkvæmt heimildamanni, Guðbergi Ólafssyni, var farið með kúr á beit eftir þessari leið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919



Gata 012, horft til SSV

GK-143:013 heimild um lendingu

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var eldri vör en Stóra-Knarrarnesvör Innri 008 utar á Höfðanum austanverðum. Ekki fengust neinar upplýsingar um það hvar þessi vör var nákvæmlega og ekki sáust ummerki um hana á vettvangi. Mögulega var hún litlu norðar en vör 008 en hún kann einnig að hafa verið út við norðurenda Höfðans. Þar sem það er ekki vitað var ekki hægt að staðsetja vörina með innan við 50 m skekkju en nokkuð víst er að hún hafi verið á austanverðum Höfðanum. Víðast er grýtt klapparfjara á austanverðum Höfðanum.

GK-143:014 varða samgöngubót
63°59.765N 22°18.574V

Siglingamerki er steipt ofan á vörðu sem virðist vera gömul í grunninn um 1,7 km suðaustan við bæ 001.

Varðan og siglingamerkið er á háum, grónum og sprungnum hraunhelluhól í heiðinni suður af Vatnsleysuströnd.

Varðan er um 1 m í þvermál að grunnfleti. Hundapúfa er fast við hana að sunnan og vestan. Mesta hæð er um 0,5 m og virðist varðan að miklu leyti endurhlaðin. Mest sjást 3 umföer í hleðslunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3



Varða 014, horft til suðurs

GK-143:015 Tröðugerði örnefni 64°00.277N 22°20.023V

Samkvæmt Birgi Þórarinssyni, heimildamanni, heitir tún sunnan við Hellur 144:012 Tröðugerði, um 430 m suðvestan við bæ 001, um 360 m SSV við bæ 144:001 og um 130 m sunnan við Hellur 144:012A. Nafnið er ekki að finna í örnefnaskrár fyrir Stóra- og Minna-Knarrarnes. Ekki er útilokað að nafnið sé dregið af gerði 140:045 sem er fast suðvestan við túnið. Túnið Tröðugerði tilheyrði Stóra-Knarrarnesi, er um 435 m suðvestan við bæ 001 og um 390 m sunnan við Minna-Knarrarnes 144:001.

Tröðugerði er fremur nýlegt tún á flatlendi milli hraunhóla.

Meðfram jöðrum túnsins sem hefur að líkindum verið sléttað og ræktað fyrir nokkrum áratugum, er mikið af grjóti sem ætla má að hafi verið hreinsað úr túninu. Ekki virðast þær grjóthrúgur sem sjást hafi tilheyrt mannvirkjum.

Mögulega er eitthvað af þessu grjóti úr gerði sem hefur afmarkað Tröðugerðið (ef nafn þess er ekki dregið af 140:045) en það er óvíst. Fast suðvestan við túnið Tröðugerði sést móta litillega fyrir grjóthleðslu sem líklega hefur verið hlaðin undir vírgirðingu. Hún er um 20 m á lengd, snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 0,5 m á breidd og um 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

GK-143:016 Traðir hleðsla traðir
64°00.486N 22°19.878V

"Suður frá bænum lágu Traðirnar af sínum Traðarveggjum, Syðri-Traðarvegg. En Traðirnar voru allt eins nefndar Heimreið, Knarrarnes-heimreið. Allt þetta var í Framtúninu ..." segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Sunnan og ofan við hann [Heygarð 025] er stór, áletraður steinn [038] í traðarveggnum." Samkvæmt túnakorti frá 1919 var allstórt gerði áfast austari traðarveggnum. Traðirnar lágu frá bæjarhólnum 001 til suðurs á 85 m löngum kafla en þar beygðu þær til suðausturs á um 40 m löngum kafla og út fyrir túnið.

Traðirnar liggja um gamalt tún frá bæjarhól 001, á milli íbúðarhúsa Vesturbæjar og Austurbæjar sem nú standa.



Hleðsla 015, horft til norðvesturs




Traðir og kálgarður 016, horft til norðurs

Frá bæ 001 liggja traðirnar á milli kálgarða 002 og 003. Frá suðvesturhorni kálgarðs 003 er 26 m löng eyða í eystri traðarveggnum en ekki sést framhald af vestri traðarvegg frá suðausturhorni kálgarðs 002. Við innanverðan eystri traðarvegg er áfast gerði en innan þess var kálgarður. Gerðið er um 24x6 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið en gróið og grasi vaxið. Gerðið er breiðast um miðbikið en mjókkar til beggja enda. Fyrir norðurenda gerðisins eru veggjarhleðslur lágar og ógreinilegar en annarsstaðar eru þær stæðilegar, um 1 m á hæð og sjást 4 umför hleðslu. Frá suðausturhorni kálgarðs er um 5 m langur veggjarbútur til suðurs, framhald af eystri traðarveggnum. Þar beygir hann til suðausturs og fer undir malarveg sem liggur að Vesturbæ Stærra-Knarrarnes. Hann sést í vegkantinum allt þar til komið er út fyrir túnið, eða á um 40 m löngum kafla. Áletraði steinninn 016 sem um getur í örnefnaskrá er þar sem eystri traðarveggurinn heldur áfram til suðurs frá suðausturhorni kálgarðsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3; Ö-Knarrarnes KE, 6;



Kálgarður við Traðir 016 auk Heygarðs 025 og áletrunar 038


GK-143:017 *Sjávarstígurinn* heimild um leið 64°00.546N 22°19.821V
 "Í Norðurtúninu var flöt, nefnd Harðivöllur og um hann lá Sjávarstígurinn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðbergi Ólafssyni, heimildamanni, var Sjávarstígurinn á sjávarbakkannum og lá að Stóra-Knarrarnesvör Innri 008. Hann er nú horfinn því sjórinn er búinn að rífa niður bakkann sem hún lá um.
 Leiðin lá um flatlent tún sem nú er komið íórækt.
 Ekki sést til minja um leiðina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:018 *Sjóvarnargarðururinn* heimild um varnargarð 64°00.446N 22°19.644V
 "Eftir Sjávarkampinum lá Sjóvarnargarðururinn út á Nesið ..., " segir í örnefnaskrá. Gengið var með nánast allri ströndinni útifyrir Knarrarnesi en engin ummerki um sjóvarnargarð fundust. Sjór gengur mjög á land hér eins og víða og hefur að líkindum brotið garðinn niður.
 Mest þörf hefur verið á sjóvarnargarði þar sem ekki er há klapparfjara en það er ASA við bæ 001 en samkvæmt upplýsingum í örnefnaskrá hefur hann einnig legið út á Nesið til norðurs.
 Engin ummerki um sjóvarnargarð eru sýnileg og er hann líklega horfinn að mestu leyti vegna landbrots en leifar hans kunna að leynast undir sverði eða í fjörukambinum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:019 *Fiska-Byrgi* tóft+garðlag herslubyrgi 64°00.610N 22°19.843V



Fiska-Byrgi 019, horft til norðurs á vinstri mynd en til vesturs á hægri mynd



"Þarna [á Höfðanum] eru líka nokkur gömul Byrgi, Fiska-Byrgi," segir í örnefnaskrá. Byrgin eru um 200 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m norðan við minjar 045.

Byrgin eru nyrst á flatlendum og þýfðum höfða. Norðan við þau eru miklar og háar klappir og stórgryti í fjörinni.

Minjarnar eru á svæði sem er um 22x8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Á því eru þrjú sambyggð byrgi og tvö garðlög. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er á miðju svæðinu. Hún skiptist óljóst í 3 hólf. Tóftin er grjóthlaðin, mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 4 umför hleðslu. Austast er hólf I sem er skýrast. Það er um 2x1 m að innanmáli,

snýr norður-suður. Óljós veggur er fyrir norðurgafli en op virðist hafa verið á suðurenda. Steinlím sést í utanverðum vesturvegg hólfins. Fast vestan við hólf I er óljóst hólf II sem er um 1x1 m að innanmáli. Ekki er veggur á því til norðurs. Hólf III er í vesturenda, er um 1x1 m að innanmáli. Ekki er veggur á því til suðurs. Ekki sjást önnur hólf í tóftinni en vesturhluti hennar er allur hruninn. Garðlag B liggur frá suðvesturhorni tóftar, um 6 m langt, til VSV. Eins liggur garðlag C frá suðausturhorni til austurs, um 10 m langt. Mesta hleðsluhæð garðlaganna er um 0,5 m og sjást 2 umför í þeim. Sjórin brýtur land undan tóftinni og garðlagi C sem liggur frá henni til austurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:020 Halagerði gerði kartöflugarður

64°00.439N 22°19.629V



Halagerði 020, horft til austurs

"Innsti hluti túnsins nefnist Halagerði ...," segir í örnefnaskrá. "Innsti (austasti) hluti túnsins (þ.e. Austurbæjartúnsins) nefnist Halagarður," segir í örnefnaskrá KE. Halagerði er um 225 m suðaustan við bæ 001.

Garðurinn er í austasta hluta mjórrar túnraemu meðfram sjónum. Til suðurs er gróinn klapparmói og fjaran er til norðurs.

"Þar átti einu sinni að rækta kartöflur handa fátækasta fólki hreppsins. Var þá hlaðinn grjótgardur um Halagarð, en lítið mun hafa orðið úr ræktun þar," segir í örnefnaskrá KE. Grjóthlaðið gerði er utan um Halagerði. Það er um 40x50 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hleðslurnar eru víða hrundar en þar sem þær standa eru þær um 1,3 m á hæð og sjást 5 umför af hleðslu. Skörð eru í gerðið á nokkrum stöðum. Stærsta skarðið er í norðvesturhorni þess. Grænmeti er enn ræktað innan gerðisins


(2011). Gerðið tengist túngarði (Heiðargarði) 021. Í suðausturhorni Halagerðis er 12 m löng grjóthleðsla sem liggur til austurs. Hún er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð, ekki stendur steinn yfir steini. Líklegt er að þetta sé hluti af Heiðargarði 021 frá því áður en Halagerði var hlaðið. Líklega er þessi kartöflugarður frá upphafi 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3; Ö-Knararnes KE, 6

GK-143:021 Heiðargarður garðlag túngarður

64°00.428N 22°19.662V



Tóft sambyggð Heiðargarði 021



Tóft sambyggð Heiðargarði 021, horft til suðurs

"Heiðargarður heitir Knarrarnestúngarðurinn ofan allra túna, með Knarrarneshliði," segir í örnefnaskrá. Líklega er átt við að Heiðargarður sé ofan túna Minna-Knararness og Stærri-Knararness og er hann skráður hér sem ein heild. Gardurinn er vel sýnilegur frá Halagerði 020 í suðaustri, að Tröðum 016, en sá endi garðsins er um 125 m SSA við bæ 001. Ein tóft er áföst garðinum, um 165 m suðaustan við bæ 001 og er hún skráð hérna undir sama númeri.

Einnig sést garðurinn á stuttum kafla í jaðri túns Minna-Knararness GK-144.

Garðurinn liggur á mörkum sléttuðs túns og hæðóttis hraunmóa. Tóftin er á dálitilli hæð, fast upp við garðinn.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 náði Heiðargarður frá Halagerði 020, austast í túni Stóra-Knararness, að Vík 144:011, vestast í túni Minna-Knararness. Alls var garðurinn um 560 m á lengd og með ströndinni afmarkaði hann svæði sem er um 490x300 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þar sem garðurinn er horfinn hefur hann verið rifinn vegna útfærslu túna, bygginga og vegagerðar. Garðurinn er grjóthlaðinn og lítið gróinn. Hleðslur eru víða hrundar og er mesta hæð um 1 m og mest sjást 5 umför. Í landi Stóra-Knararness er garðurinn um 170 m að lengd, liggur í boga frá suðaustri til suðvesturs. Með fjörunni afmarkarkar hann svæði sem er um 175x78 m að stærð og snýr ASA-VNV. Tóftin er sambyggð túngarðinum. Hún er einföld, um 4x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hennar er 2x1,5 m. Í veggjum sjást mest 4 umför hleðslu og hæð þeirra er um 1 m og 1 m á breidd. Tóftin er grjót- og torfhlaðin. Opið inni tóftina er á norðurveggnum. Innan í tóftinni eru leifar af gamalli virgirðingu. Í landi Minna-Knararness er garðbrot sem líklega er hluti af Heiðargarði. Það er um 25 m suðvestan við suðausturenda Brandargerðis 144:016. Það er ógreinilegt, er um 8 m á lengd og um 0,3 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Ekki eru tiltækar upplýsingar um aldur Heiðargarðs og kann hann að vera allgamall í grunninn þó að hann hafi verið endurhlaðinn í gegnum tíðina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:022 Vorkvíar tóft kvíar



Kvíatóft 022, horft til SSV

64°00.281N 22°19.713V



"Ofan Þjóðvegjarins voru Vorkvíar og Vorkvíablettur undir hólnum Stakkur," segir í örnefnaskrá. Örnefnið er merkt inn á korti í bókinni Örnefni og gönguleiðir eftir Sesselju Guðmundsdóttur (bls. 47). Ógreinileg tóft er um 430 m sunnan við bæ 001 þar sem Vorkvíar-örnefnið er merkt inn á korti.

Hóllinn Stakkur er stór og hár. Hann er þar sem malbikaði vegurinn um sveitina og gamli Almenningsvegurinn 641:003 mætast. Tóftin er í litlu víki inn í hólinn vestanverðan. Til vesturs við hana er Vorkvíablettur, lítið flatlent og sléttuð tún.

Tóftin er ógreinileg og ekki er útilokað að hún sé náttúrumyndun. Hún er um 2,5x3 m að stærð og snýr SSV-NNA. Op virðist vera á NNA-gafl. Tóftin er einföld og gróin. Ekki sést í grjóthleðslur. Mesta hæð veggja er um 0,4 m. Óvíst er að þetta sé kvíatóft en ekki fundust önnur mannvirki í námunda við Vorkvíar-örnefnið og hólinn Stakk. Tóftin hallar lítillga til SSV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3; SG: Örnefni og gönguleiðir, 47

GK-143:023 heimild um mógrafir

63°59.441N 22°17.920V

"Í Heiðinni voru nokkrar lægðir, nefndar Djúpudalir. Þar var allgóð stunga af mó," segir í örnefnaskrá. Djúpudalir eru 150-200 m norðan við Reykjanesbraut og um 150 m norðvestan við Þyrluvörðu.

Dalur er varla réttnefni á þessum stað en þar skiptast á klettabelti og dældir. Þessar dældir eru nefndar Djúpudalir. "Dalirnir" eru grónir mosa og nokkuð rakir en engin merki um mógrafir má þó sjá nú.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:024 Knarrarnessstígur gata



Knarrarnessstígur 024, horft til norðvesturs

Klifgjá. Þar er gatan um 0,3 m á breidd og 0,4 m á dýpt og er gróin. Þar sem leiðin liggur yfir sléttar klappir hefur myndast ógreinileg rák í bergið og er hún víða án mosa og skófna. Leiðin sést því á um 1,3 km löngum kafla þó að það sé ekki samfelld skýr gata.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 4; SG: Örnefni og gönguleiðir, 89

GK-143:025 Heygarður tóft heygarður



Heygarður 025, horft til suðausturs

"Í Suðurtúni Austurbæjar eru gamlar tóftir, kallaðar Heygarður, rétt austan við traðarvegginn [016] upp frá nýja húsinu," segir í örnefnaskrá. Minjarnar eru um 85 m sunnan við bæ 001, fast austan við kálgarð sem er skráður með tröðum 016.


Minjarnar eru á dálitlum hól í landslaginu, fast vestan við heimreið að Austurbænum og fast norðan við heimreið að Vesturbænum.

leið 63°58.465N 22°17.111V

"Heiman frá Knarrarneshlíði lá Knarrarnessstígurinn upp alla Heiðina í Knarrarnessel [145:035]," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir eftir Sesselju Guðmundsdóttur segir: "Stuttan spöl ofan Reykjanesbrautar, suðvestur af Þyrluvörðu en norðaustur af Knarrarnesholti (A-svæði), er áberandi varða [líklega átt við vörðu 137:061] nokkuð breið og við hana liggur Knarrarnessstígur yfir Hrafnagjá en aðeins sunnar stendur áberandi strýtuhol á gjárbarminum. [...] Ekki er hægt að fylgja þessum selstíg né öðrum viðstöðulaust frá bæ og upp í sel því gatan er horfin að mestu leyti nema þar sem farið var yfir gjár." Slóðinn var um 1 km vestan við Þyrluvörðu og um 1 km austan við línuvegafleggjarann. Ekki sjást merki um hann í námunda við Reykjanesbraut. Leiðin hefur legið um 500-600 m austan við (stærri) Fögrudalsvörðu 130:078. Skráning 2011: Leiðin sést fyrst við Hrafnagjá í landi Hlöðuness GK-137, um 3,3 km SSA við bæ 001.

Á þessu svæði skiptast á hraun-, grasfleckir og bersvæði. Skráning 2011: Frá Hrafnagjá sést leiðin á köflum sem einföld kindagata í hraunmóa. Á milli Hrafnagjár og Klifgjár sést leiðin ósamfelt á um 160 m löngum kafla á svæði sem er 315 m að lengd. Auðveldara verður að fylgja leiðinni þegar komið er yfir Klifgjá. Þaðan er leiðin allskýr heim að Knarrarnesseli 145:035, á um 900 m löngum kafla. Leiðin er greinilegust þar sem hún fer yfir

64°00.457N 22°19.872V




Ein greinileg tóft sést, sennilega heytóft. Mögulega eru minjar um fleiri mannvirki undir sverði á sama hól. Svæðið sem um ræðir er um 9x9 m að stærð. Það er sem fyrr segir á náttúrulegri hæð í landslaginu. Tóftin er vestast á svæðinu og er um 9x6 m að stærð, snýr norður-suður. Vesturveggur er að hluta ógreinilegur og virðist hafa orðið fyrir raski. Mesta hæð veggja er um 0,5 m en hvergi sést í hleðslur. Í suðausturhorni svæðisins er dálítill hólkollur, um 4x3,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Þrjár stórir steinar standa út úr suðausturhorni hans. Hann er um 1 m á hæð og flatur að ofan. Líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði í honum. Í norðausturhorni svæðisins er dálítill flöt en óvíst er að mannvirkjaleifar séu þar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Knarrarnes, 5-6

GK-143:026 tóftir

63°58.264N 22°16.784V



Á vinstri mynd er tóft 026A, horft til norðurs. Á hægri mynd er tóft 026B, horft til norðurs



Tóftir 026

fyrir norðurgafli og op virðist vera í suðvesturhorni. Mesta hæð er um 0,3 m og mest sjást 2 umför hleðslu. Óvíst er hvert hlutverk minjanna er en líklegt er að þau hafi tengst mótekju 032 í Leirflagsvatnsstæði. Vera má að mónum hafði verið staflað í tóftirnar til geymslu.

Hættumat: engin hætta

GK-143:027 varða samgöngubót

64°00.199N 22°19.987V

Varða er um 570 m suðvestan við bæ 001, fast sunnan við Almenningsveg 641:003, norðvestan við hlaðið minnismerki um hund.

Varðan er á lágum hraunhól í móa stuttu sunnan við afgirt svæði þar sem nokkurt graslendi er.

Varðan er hrúnin. Hún er um 1,2 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Varðan hefur að öllum líkindum varðað Almenningsveg.

Tvær tóftir eru um 4,9 km suðaustan við bæ 001 og um 440 m norðvestan við Knararnessel 145:035.

Minjarnar eru á flatrí og sléttri klöpp í mosahrauni. Skammt sunnan við minjarnar er uppþornuð tjörn, Leirflagsvatnsstæði.

Minjarnar eru á svæði sem er um 10x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er í austurenda svæðisins. Hún er nokkuð hringlaga, um 2 m í þvermál. Nokkuð hefur hrúnið úr henni inn í tóftina og utan við hana. Hún er einföld og grjóthlaðin en gróin. Ekki sést inngangur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 3 umför hleðslu. Tóft B er um 6 m vestan við tóft A. Hún er fremur litilfjörleg, er um 2,5x3 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er einföld. Ekki er hlaðið



Varða 027, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

GK-143:028 tóft naust



Naust 028, horft til SSA


"Stóra-Knararnesvör [008] er austan í Höfðanum. Dálitill klettaraní gengur fram austanmegin hennar. Sjávarhúsin [029] munu hafa staðið vestan vararinnar. Skiparétt var beint upp af Stóru-Knararnesvör [008]." segir í örnefnaskrá. Talsverð ummerki um skiparéttina eru um 25 m suðvestan við vör 008 og um 100 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru í túnjaðri fast suðvestan við smágrýtta fjöru sem liggur niður að vörinni til norðausturs. Dálitill klettatangi er til suðausturs.

Minjar eru á svæði sem er um 13x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ein tóft sést nokkuð greinilega og mögulega grunnur af annarri eða hleðsla. Tóftin A er í norðurenda svæðisins. Hún er um 6,5 x6 m að stærð og snýr VSV-ANA. Ekki er veggur til ANA og má ætla að þar hafi ekki verið veggur upprunalega. Sjávarrof hefur rífið megnið af norðurhelmingi tóftarinnar en einnig er mögulegt að hún hafi verið rífin að hluta. Fast norðan við tóftina er bátshræ. Mesta hleðsluhæð er 1 m og sjást 4 umfór af hleðslu sjást í innanverðri tóftinni. Fast sunnan við hana er gróinn kantur B sem liggur í boga frá norðri til suðurs. Hann er um 6 m langur og 3 m breiður. Mesta hæð er 0,2 m. Övist er hvaða mannvirki hefur verið hér en það hefur án efa tengst bátaútgærd.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 7



Naust 029



Naust 029, horft til austurs

GK-143:029 tóft naust

64°00.577N 22°19.804V

"Stóra-Knararnesvör [008] er austan í Höfðanum. Dálitill klettaraní gengur fram austanmegin hennar. Sjávarhúsin

munu hafa staðið vestan vararinnar. Skiparétt [028] var beint upp af Stóru-Knararnesvör [008]," segir í örnefnaskrá. Sjávarhúsin, tóft og gryfja eru um 140 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m NNV við vör 008. Minjarnar eru fast norðvestan við stóra klöpp sem skagar fram í litla grýtta vík.

Minjarnar eru á svæði sem er um 11x9 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er norðaustast á svæðinu. Hún er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er veggur á austurgafli en líklegt er að hann sé hruninn vegna landbrots. Vesturgafli er lágur og mjórri en hliðarveggir. Mögulega hefur op verið á vesturgafli. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,5 m og sjást mest 3 umför af hleðslu. Áfast tóftinni er grjóthlaðið garðlag. Það er um 7 m langt og liggur til VSV úr suðvesturhorni tóftarinnar. Garðlagið er mjög sokkið, er um 0,3 m á hæð og um 0,6 m á breidd. Ekki sést fjöldi umfara. Garðlagið kann að vera leifar af sjóvarnargarði. Dæld B er um 3 m vestan við tóft A. Hún er sunnan undir lágri klöpp, um 3x1 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. Mesta dýpt hennar er um 0,5 m. Ekki sjást hleðslur í kringum dældina en þó finnst fyrir grjóti þar. Hlutverk dældarinnar er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 7

GK-143:030 *Krummahóll* varða
samgöngubót

64°00.084N 22°19.549V

"Upp af Vorkvíum [022] er Krummahóll og var vörðubrot á honum," segir í örnefnaskrá. Varða stendur á Krummahól, um 820 m sunnan við bæ 001.

Varðan er á háum hól og sést vítt af honum. Hóllinn er í klapparhraunsmóa, grónum á köflum. Varðan virðist vera nýlega endurhlaðin. Hún er um 1 m í þvermál neðst og mjókkar litillega upp. Hún er um 1,2 m á hæð. Hleðslan er óvönduð en 5 umför sjást í henni. Líklegt er að varðan hafi vísað á beitarhús 034 og er því skráð sem samgöngubót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 8

GK-143:031 vegur leið
64°00.387N 22°19.481V



Vegur 031, horft til vesturs


Upphlaðinn vegbútur er á leið á milli Breiðagerðis GK-145 og Stóra-Knararness um 385 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á milli tveggja nýbygginga og hefur þeim verið raskað af byggingaframkvæmdum og vegagerð.

Vegurinn liggur austur-vestur. Hann sést á um 15 m löngum kafla. Hann er grjóthlaðinn, um 4 m breiður og eru hærri



Varða 030, horft til norðurs



hleðslur í köntum en í miðjunni. Hæstar eru þær 0,5 m og mest sjást 3 umför hleðslu. Um 40 m norðvestan við veginn eru slitróttar grjótraðir, tvær samsíða, á svæði sem er um 3,5x21 m og snýr suðaustur-norðvestur. Líklegt er að þessi mannvirki tengist vegagerð og hefur leið legið af upphlaðna veginum í átt að Halagerði 020. Skýrastar eru grjótraðirnar norðvestan undir löngu og ekki mjög háu klapparholti. Þar er norðaustari röðin um 4 m löng, 0,3 m á hæð og sjást 2 umför. Hin röðin er jarðlæg, um 9 m löng. Hún liggur að hluta yfir grýttan holmóa en sést engu að síður. Norðaustari röðin sést hins vegar ekki í hólmanum. Hleðslur eru ekki ofan á holtinu en á tveimur stöðum í norðaustari röð er hlaðið í gjótu en í suðvestari röð sést áframhald um 8 m suðaustar og er þar um 4 m langt en hverfur í grýttan holmóa umhverfis nýtt íbúðarhús sem er verið að byggja. Aðeins sést einföld röð af hleðslu á þessum stað. Alls eru minjarnar á svæði sem er um 75x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Leiðin hefur legið á milli bæja.

Hættumat: stórhætta, vegna byggingar

GK-143:032 heimild um mógrafir

63°58.239N 22°16.715V

"Nokkur mótekja var við Selin 145:035," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "[...] komum að Leirflagsvatnsstæðinu en í það safnast vatn í rigningartíð. Þangað sótti Ólafur Pétursson í Stóra-Knarrarnesi mó í eldinn en mjög grunnur jarðvegur virðist vera víðast á þessum slóðum svo líklega hefur mótekjan verið rýr hjá Ólafi." Meint mógröf er um 350 m norðvestan við Knarrarnessel 145:035, um 70 m suðaustan við tóftir 026 og um 4,9 km suðaustan við bæ 001. Ekki fengust upplýsingar um það hvernig mórinn var fluttur heim alla þessa vegalengd.

Leirflagsvatnsstæði er þurr leirbotn í mosahrauni. Grasi gróið er umhverfis vatnsstæðið.

Ekki sjást merki um mótekju í Leirflagsvatnsstæðinu en ef til vill er gróðurleysið í því tilkomið vegna hennar. Ekki koma önnur svæði í nágrenninu til greina fyrir mótekju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes KE, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 90

GK-143:033 þúst

64°00.294N 22°20.103V

Tvær grjótpústir eru um 50 m norðvestan við Tröðugerði 015, um 430 m suðvestan við bæ 001 og um 130 m SSA við Hellur 144:012A.

Þústirnar eru í grónum hraunmóa.

Þústirnar eru á svæði sem er um 9x2 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðurenda er þúst A sem er mun greinilegri en þúst B sem er í norðurenda. Þúst A er um 1,5 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Í þústinni er eingöngu grjót, fremur smátt og mosavaxið. Um 7 m norðan við A er þúst B, um 1 m á kant og um 0,2 m á hæð. Hún er nokkuð mosavaxin. Hlutverk þústanna er óljóst en ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist þarna undir sverði.

Hættumat: engin hætta



Þúst 033A nær og þúst 033B fjar, horft til norðurs

GK-143:034 Borg tóftir stekkur

63°59.994N 22°19.460V

"Upp af Vorkvíum [022] er Krummahóll og var vörðubrot [030] á honum. - Grasigróinn hóll, þýfður og svolítið toppmyndaður, er rétt suðaustan Krummahóls. Hann heitir Borg. Svöltil lægð er milli Borgar og Krummhóls," segir í örnefnaskrá. "Rétt sunnan og ofan við vegamót Gamlavegar [641:003] og Strandarvegur í Breiðagerði er Krummhóll með uppmjórru vörðu [030] á og í framhaldi og upp af honum kemur svo Borg en það er langt holt nokkuð gróið og þar gæti hafa verið fjárborg fyrrum. Ofarlega í holtinu eru rústir af beitarhúsum, tvær tóftir hlið við hlið og ein þvert á þær. Aðeins neðar á holtinu er greinilega nýrri fjárhústóft. Rétt ofan og austan við efri rústirnar finnum við lítið vatnsstæði í



Beitarhúsatóft 034A, horft til austurs




Á vinstri mynd er tóft 034B, horft til VNV. Á hægri mynd er stekkjartófti 034C í borgartófti, horft til norðvesturs

klöpp, vel falið í viki norðan undir lágum hól," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Allar þær minjar sem að framan eru nefndar eru skráðar saman og fleiri til en vatnsstæðið fannst ekki. Heimildum kemur ekki saman um örnefnið Borg. Í örnefnaskrá er það sagt vera grasigróinn, toppmyndaður hóll, en í bókinni Örnefni og gönguleiðir er það sagt vera holt. Niðurstöður vettvangskönnunar eru að örnefnið Borg eigi við um fjárborg sem hefur verið breytt í stekk á einhverjum tímabili. Þessar minjar hafa bókstafinn C í nánar umfjöllun hér fyrir neðan. Minjarnar eru um 1 km sunnan við bæ 001.

Minjarnar eru sunnarlega á löngu og háu holti sem snýr norður-suður. Holtið er í nokkuð gróinni hraunheiði, í hraunklapparmóa.

Minjarnar eru á svæði sem er um 55x20 m að stærð og snýr

norðvestur-suðaustur. Nyrst á svæðinu er tóft A. Hún er grjóthlaðin en gróin. Hún er um 7x5 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Hún virðist vera einföld og er op á henni til norðvesturs. Mikið grjót hefur hrunið inn í hana og norðausturlangveggur hefur allur hrunið inn í tóftina. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Líklega er þessi tóft sú sem sögð er "nýrri fjárhústóft" í tilvísun hér að ofan eða beitarhús. Um 40 m suðaustan við tóft A er gróin tóft B. Hún er einföld, um 4x4 m að stærð og er inngangur inn í hana úr austri. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Lítillega sést í grjót í norðausturhorni tóftarinnar. Til austurs frá tóftinni er greinilegur niðurgröftur eða renna sem virðist vera manngerð. Hún er um 6x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur og mjókkar í austurenda. Mesta dýpt er um 0,3 m. Um 5 m austan við endann á rennunni er tóft C, meint stekkjartóft. Lögun tóftarinnar og örnefnið Borg bendir til þess að þarna hafi áður verið fjárborg. Annað dæmi um fjárborg sem virðist hafa verið breytt í stekk er t.d. Þórustaðaborg 149:030 og Vatnabergsstekkur/Vatnaborg 159:081. Tóftin myndar dálítinn hól og er orðin óskýr. Símastrengur hefur verið grafinn í gegnum hana og skemmt hana. Tóftin er nokkuð gróin þó enn sjáist í grjóthleðslur. Hún er um 9x12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún skiptist í þrjú hólf en hólfín eru nefnd tóftir í tilvísun hér að framan. Hólf I er í norðvesturhorni. Það er um 1x3,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Inngangur er úr suðri. Hólf II er samsíða hólfí I. Það er um 1x2,5 m að innanmáli. Það snýr eins og hólf I og inngangur í það er einnig úr suðri. Hólf III er sunnan við hólf I og II og er um 4x1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Mesta hæð tóftar er um 1 m. Mest sjást 2 umföir í innanverðum hleðslum. Gróin en grýtt tota liggur úr tóftinni til austurs sem er um 4 m löng og um 2 m á breidd. Mögulegt er að rekstrargarður hafi verið þar og inngangur inn í tóftina (hólf III) en það sést ekki lengur. Gryfja D er um 2 m suðaustan við tóft C. Hún er um 2x1,5



Stekkur í fjárborg 034C, beitarhús 034A auk fleiri minja

m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Mesta dýpt er um 0,5 m. Ógreinilegar grjóthleðslur eru í innanverðum veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 46

GK-143:035 varða

63°59.890N 22°19.021V

Varða er um 1,3 km sunnan við bæ 001 og um 350 m suðaustan við tóftir 034.

Varðan stendur á lágum klapparhól í hraunklapparmóa sem gróinn er á köflum.

Varðan er um 0,5x1 m að grunnfleti, snýr suðaustur-norðvestur. Hún er um 1 m á hæð og sjást 5 umför hleðslu. Óvíst er hvert hlutverk vörðunnar er en hún virðist ekki mjög forn að sjá.

Hættumat: engin hætta

GK-143:036 frásögn brunnur

64°00.577N 22°19.859V

Samkvæmt heimildamanni, Guðbergi Ólafssyni, var brunnur í suðurenda nafnlausrar tjarnar á Knarrarneshöfða, um 140 m norðan við bæ 001.

Tjörnin er í grónum móa, suðvestarlega á höfðanum. Engar leifar af brunninum sjást nú og ekki fengust neinar upplýsingar um gerð hans. Hann hefur væntanlega fyllst af jarðvegi og sigið saman. Þar sem brunnurinn var er nú (júní 2011) mýrlent.

Hættumat: engin hætta

GK-143:037 hleðsla

64°00.456N 22°19.727V



Hleðsla 037, horft til norðurs

óljósar leifar af Sjóvarngarði 018 og eru þá aðrir hlutar hans horfnir undir sjávarkamp og vegna landbrots. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,3 m en ekki sjást fleiri en eitt umfar grjóts. Mesta breidd hleðslunnar er um 0,5 m.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-143:038 áletrun

64°00.454N 22°19.888V

Í bók sinni Strönd og vogar segir Árni Óla frá áletrun sem hann fann á steini í Stóra-Knararnesi og er þar sagt frá bónda þeim er bjó þar 1703, Bjarna Eyjólfssyni. Árni fann steininn við gamla garðshliðið þar sem tvö garðbrot mætast 016. Steinninn með áletruninni er fast við suðausturhorn kálgarðs í tröðum 016, um 90 m suðvestan við bæ 001.



Varða 035, horft til suðurs



Nafnlaus tjörn þar sem brunnur 036 var, horft til suðurs

Ógreinileg hleðsla er á grónum sjávarkampi í túnjaðri. Hún er um 20 m norðan við tóft 021B og um 150 m suðaustan við bæ 001. Hleðslan hafði áður númerið 047 í viðbótarskýrslu um deiliskráningu vegna sjóvarngarða (FS525-13082).

Hleðslan er við suðurjaðar sjávarkampsins sem er að mestu gróinn en hér og hvar sést í grjóti og er það víðast fremur smátt og lábarið.

Hleðslan sést á um 2,5 m löngum kafla og snýr austur-vestur. Við austurendann virðist hleðslan beygja til norðurs en ummerki á vettvangi benda til þess að mül og grjóti hafi verið ýtt upp austan við hleðsluna frekar en að um framhald af hleðslunni sé að ræða og er grjótið í meintum uppmokstri smátt og ekki sést hleðsla. Mögulega er hleðslan sem sést

Áletraði steinninn er í óræktarbletti þar sem eystri traðarveggurinn (sjá 016) heldur áfram til suðurs frá suðausturhorni kálgarðsins sem er áfastur tröðunum.

Steinninn er mikið bjarg en áletrunin er orðin mjög veðruð. Þó er enn hægt að lesa hana að mestu leyti. Árni Óla las þetta út úr áletruninni: "17 hundruð seiast ár/ sen þó fíogur ríett i von/ so þá giorde sem hier stár/ sa hiet Biarne Eiolffsson."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Strönd og vogar, 223-224



Áletrun 038, horft til norðurs

GK-143:039 Gullkista þjóðsaga

64°00.594N 22°19.875V

"Í Knarrar Ness Höfða nordan verðum er Hraun Gióta, hér um 50 Fadma laung 10 Fadma breid, 4a Fadma diup, köllud Gullkista, uppi hverja siór geingur um Flædi; Ord leikur á því, at þar hafi Formannafé fólgit verid, enn Sannindi Ósögð," segir í fornleifaskýrslu séra Guðmundar Böðvarssonar sem birt er í Frásögum um fornaldarleifar. Gullkista er um 170 m norðan við bæ 001.

Gullkista er í klettum við fjöru norðaustarlega á Knarrarneshöfða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF, 240

GK-143:040 hleðsla

64°00.225N 22°19.938V

Hleðsla er um 30 m austan við tóft 044, um 10 m norðan við Almenningsveg 641:003 og um 515 m SSV við bæ 001.

Hleðslan er í móa sem hefur verið sléttaður að hluta.

Hleðslan er um 2x1,5 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Mesta hæð er um 0,6 m og sjást 3 umföer. Lítil spýta er í hleðslunni. Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta



Hleðsla 040, horft til suðausturs

GK-143:041 Helgahús bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Helgahús, eyðihjáleiga, hefur í eyði legið í þrjú ár ..." Engar aðrar þekktar heimildir minnst á þetta býli og er staðsetning þess ókunn. Ef til vill er örnefnið Helgavöllur vísbending um hvar býlið var en Helgavöllur er á milli Brandargerðis 144:016 og sjávar, um 100 m suðvestan við bæ 001. Ekki reyndist unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM III, 136; Ö-Knararnes, 4

GK-143:042 Vörðusker örnefni landamerki 64°00.689N 22°20.123V

"Þá tóku við Austurbæjarfjörur og lágu inn að Vörðuskeri en mörkin lágu úr því í Markaklöpp," segir í örnefnaskrá. Talið er líklegt að Vörðusker sé um 400 m NNV við bæ 001 og um 335 m NNV við norðurenda merkjarðs 010. Ekki reyndist unnt að fara út í skerið vegna sjávarfalla. Engar líkur eru til þess að á því sé enn varða, hafi hún nokkurn tímann staðið á skerinu. Sjórinn hefur án efa brotið hana niður. Raunar er ekki ljóst hvort skerið dragi nafn sitt af vörðu sem stóð á skerinu eða vörðu á landi sem það ber í.

Vörðusker er norðan við klapparfjöru norðvestan við Knarrarneshöfða.

Ekki sést til forminnja. Hafi þær verið á skerinu er afar líklegt að þær séu horfnar í sjó.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knararnes, 2

GK-143:043 varða samgöngubót 64°00.026N 22°19.483V

Vörðubrot er um 115 m sunnan við vörðu 030 á Krummahól og um 940 m suðaustan við bæ 001.

Varðan er á löngu, gróðursnaudu klapparholti sem snýr nálega norður-suður. Beitarhúsatóftir 034 eru syðst á

holtinu.

Varðan er niðurfallin. Hún er um 1,3 m í þvermál í grunninn og um 0,5 m á hæð. Mest sjást 3 umför hleðslu. Líklegt er að varðan hafi vísað leiðina að tóftum 034.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2

GK-143:044 tóft

64°00.214N 22°19.968V

Lítill tóft er fast norðan við Almenningsveginn 641:003, um 30 m norðaustan við vörðu 027, og um 540 m SSV við bæ 001. Tóft þessi er að sögn heimildamanns, Birgis Þórarinnssonar, af kofa sem farið var með mjólkina í og mjólkurbillinn sótti. Ekki er vitað hversu lengi þetta fyrirkomulag varaði en hefur líklega verið í kringum miðja 20. öld.




Tóftin er sem fyrr segir fast norðan við veginn í móa sem hefur verið sléttuð að miklu leyti. Tóftin er um 3,5x3,5 m að stærð. Op er á henni til vesturs. Hún er einföld, grjóthlaðin en gróin. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 2 umför hleðslu. Fast austan við tóftina er dálítill dæld sem er um 1x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

GK-143:045 tóft+garðlag hjallur

64°00.592N 22°19.833V



Leifar af meintum hjalli 045



Varða 043, horft til norðurs



Tóft 044, horft til austurs



Leifar af meintum hjalli 045, horft til norðurs

"Hér fram af er Markós og þá er Sandeyrar og Sandeyrarós og þá er Hjallanes og mun þar hafa verið Hjallur í eina tíð," segir í örnefnaskrá. Að líkindum er Hjallanes norðvestan við garðlag og tóft sem hér er skráð og gætu verið af hjalli þeim sem nafnið er dregið af. Minjarnar eru um 160 m norðaustan við bæ 001 og um

35 m SSA við Fiska-Byrgi 019.

Minjarnar eru á Höfða sem er fremur flatlendur og þýfður, norðan við túnið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 7,5x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast á svæðinu er tóft A. Hún er grjóthlaðin og er um 7x4 m að stærð, snýr austur-vestur. Vestast er hölf I sem er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljós veggur er á norðurgafli og líklega hefur verið op á tóftinni til suðurs. Austan við hölf I er grjótpúst II, líklega hölf sem hefur fyllst af grjóti úr veggjum. Það er um 3x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að sjá innri útlínur hólfsins. Stór steinn er fast austan við þústina. Gróinn kantur, mögulega gróinn veggur, er um 2 m austan við þústina. Þetta telst allt vera hluti af tóftinni. Um 5 m löng grjótröð liggur frá suðausturhorni þústar (hólfs II) til suðurs. Mesta hæð tóftar er um 0,6 m og sjást 4 umför í hleðslum. Úr norðausturhorni hennar liggur útlatt garðlag B, sem mögulega gæti verið leifar af annarskonar mannvirki. Það er um 8x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Meint garðlag er niðurfallið og jarðlægt, 0,1-0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2

GK-143:046 gerði túngarður

64°00.564N 22°19.858V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður og túnstykki afmarkað með gördum um 120 m NNV við Austurbæinn 001. Þessar minjar sjást enn.

Minjarnar eru nyrst í túninu sem nú er komið í órákt. Þær eru fast austan við fjöru og hefur sjóvarnargarður verið hlaðinn vestan við kálgarðinn.

Grjótgardur liggur yfir Höfðann sem tekur við af túninu til norðurs. Gerðin eru áföst honum og er þetta allt skráð saman. Minjarnar ná yfir svæði sem er um 65x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gardur A sem liggur þvert yfir tangann er hruninn og er sumstaðar allt að 1,5 m á breidd, hæstur um 0,5 m. Gardurinn er um 65 m langur og snýr norðvestur-suðaustur. Frá u.þ.b. miðjum garði A liggur garður B til suðvesturs, um 20 m langur. Tún og kálgarður eru norðvestan við garðinn en suðaustan við hann er heimatúnið. Við suðvesturenda garðsins beygir hann til vesturs og er þar um 4 m langur. Á miðjum garði B liggur garðlag C til norðvesturs, er um 8 m langur. Í suðvesturenda svæðisins var kálgarður sem er um 7x8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðan við hann var tún innan gerðis sem er um 32x9 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Aðrar hleðslur en þær sem þegar hafa verið nefndar eru horfnar í sjó en landbrot virðist vera nokkuð á þessum stað. Mesta hleðsluhæð á gördum B og C er um 1 m og sjást mest 4 umför hleðslu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919


GK-143:047 varða samgöngubót

63°58.623N 22°17.402V

Lítill varða er í Strandarheiði um 4,8 km suðaustan við bæ 001. Um 200 m suðaustan



Gerði 046, horft til norðausturs



Gerði 046



Varða 047, horft til norðausturs

við vörðuna er gata sem líklega er hluti af Knarrarnesselsstíg 024 og því sennilegt að varðan hafi verið við leiðina. Varðan er á suðausturbrún hraungjár, ekki mjög stórrar, í hraunheiði. Varðan er um 0,6 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást tvö umföer hleðslu. Ekki er gott að segja til um hvort varðan er mjög forn en grjótið í henni er mosa og skófum vaxið.


Hættumat: engin hættu

GK-144 Knararnes minna

Jarðadýrleiki óviss 1703, hét þá Litla Knararnes, konungseign. JÁM III, 134. 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Asláksstaði (40 hdr), Knararnes tvö (30 hdr), Breiðagerði fyrir (10 hdr). DI IV 707-708. 1547-48 er jarðarinnar getið í fögetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 3 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og vogar, 26. Þurrabúðirnar Hellur 012 og Vík 011 stóðu í Knarrarnestúni. Ö-Knararnes, 2.

1703: "Túnin spillast af vatni og sjáfaragangi. Engjar eru öngvar." JÁM III, 134 1919:Tún 3 teigar, garðar 1500m².

GK-144:001 Knararnes minna bæjarhóll bústaður 64°00.487N 22°20.079V



Bæjarhóll 001, horft til norðvesturs

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Gamla húsið að Minna-Knararnesi ætla ég [GJ] að hafi verið byggt um 1875. Það var timburhús sem var rífið 1930, þegar flutt var í nýtt hús, þar sem nú stendur." Íbúðarhúsið sem byggt var um 1930 og tók við af timburhúsinu er steinsteypt og stendur í jaðri bæjarhólsins. Kjallari er undir húsinu og var byggt við það undir lok 20. aldar af núverandi ábúendum. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða segir um bæinn í Knararnesi árið 1917: "Gamalt eldhús með hlöðum stóð áfast við íbúðarhúsið. Þar var eldað. Við hliðina á eldhúsinu var hlaða, en skammt frá bæjardyrnum var stór og mikil hlandfor [sjá 003]. Enginn kamar var við bæinn, líklega hafa konurnar notað fjósið. [...] Gamall kartöflugarður stóð við bæinn og umhverfis hann hlaðinn veggur [líklega kálgarður sem skráður er á fornleif 002].

Steinlögð stétt lá meðfram veggnum. Þar hægði ég mér út í hlandforina." Bæjarhóllinn er fast norðaustan við núverandi íbúðarhús, á milli malarplans og Eyrartjarnar.

Bæjarhóllin er í snyrtilegu túni, sem er snöggt slegið og sést hann því afar greinilega.

Bæjarhóllinn er um 30x22 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Mesta hæð er um 2 m. Hóllinn er allur gróinn og ekki sjást neinar mannvirkjaleifar á honum. Ekki virðist hafa orðið mikið rask á honum en þó var grafið fyrir rotþró í jaðri hans og er rotþróin í norðvesturhorni þar sem Birgir Þórarinsson, heimildamaður, sagði að hefði verið gömul steinsteypt þró, úr fjósi sem stóð áður á hólunum en telst ekki til fornleifa. Við gröftinn kom upp mikið af dýrabeinum en ekki hleðslur að vitað sé. Fast austan við suðausturhorn bæjarhóls eru hleðsluleifar kálgarðs 022 sem sést á túnakorti. Leiðin sem farin var á milli bæjar og kirkju á Kálfatjörn (Kirkjugata 641:017) lá fast NNV við kálgarðinn. Ekki sjást leifar leiðarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 282; Túnakort 1919; Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða, 47

GK-144:002 þúst útihús 64°00.491N 22°20.058V



Kálgarðsveggur og þúst 002, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús með kálgarði við 5-10 m NNA við bæ 001. Kálgarðsleifar og þúst eru fast norðaustan við bæ 001. Þústin er þó ekki á sama stað og útihúsið stóð en þar getur verið að byggingaleifum hafi verið rutt saman í hrúgu. Þústin er fast við bæjarhólinn í túni og kálgarðsveggurinn er mitt á milli þústarinnar og lítillar tjarnar.

Minjarnar eru á svæði sem er um 20x30 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þústin er í NNV enda svæðisins. Hún er mögulega að hluta náttúrulegur höll en hún er um 4x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hæst um 1,2 m. Grjóti er í þústinum og er líklegt að þegar útihúsin hafa verið rifin hafi grjótinu og öðrum byggingaleifum verið hrúgað saman á þessum stað. Kálgarðsveggur sést um 4 m norðan við þústina og er um 20 m langur, liggur nálega

austur-vestur. Hann er um 1 m á breidd og um 1 m á hæð. Hann er allur gróinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-144:003 heimild um

64°00.497N 22°20.102V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 10 m vestan við bæ 001.

Þróin var í túni skammt suðvestan við litla tjörn.

Engin ummerki um þróna sjást og hefur líklega verið fyllt upp í hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-144:004 *Litla-Knarrarnesbrunnur* heimild um brunn

64°00.454N 22°20.085V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 60 m SSV við bæ 001. Líklega er þessi brunnur Litla-Knarrarnesbrunnur sem nefndur er í örnefnaskrá.

Brunnurinn var í túni og eru litlir hólar til austurs og norðvesturs frá honum.


Ekki sjást lengur ummerki um brunninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knarrarnes, 2

GK-144:005 þúst fjárhús

64°00.471N 22°20.155V



Þúst 005



Þúst 005, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 65 m suðvestan við bæ

001 og samkvæmt Birgi Þórarinssyni, heimildamanni, var húsið fjárhús. Nú (2011) er þúst í túninu þar sem fjárhúsið stóð, um 65 m suðvestan við bæ 001.

Fjárhúsið var í suðvesturhluta túnsins nálægt miðju. Það var 50 m suðaustan við Sjávarhúsið 007.

Engin ummerki sjást um fjárhúsið önnur en þústin í túninu. Þústin er L-laga og 14x12 m á stærð og snýr nálega norður-suður. Þar sem hún er hæst er hún um 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-144:006 *Gamlibrunnur* þúst
brunnur

64°00.485N 22°20.157V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur 60 m vestan við bæ 001. Þar sjást enn ummerki um brunninn. Líklega er þessi brunnur Gamlibrunnur sem nefndur er í örnefnaskrá KE. Brunnurinn er í miðju vestanverðu túninu, tæpum 30 m suðaustan við Sjávarhúsið 007.

Ekki sést í brunninn nema sem lítil dæld túninu á þessum stað. Dældin er 3x2,5 m á stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knararnes KE, 4



Dæld er í túninu þar sem Gamlibrunnur 006 var, horft til suðausturs

GK-144:007 *Sjávarhús* hús útihús

64°00.494N 22°20.184V



Sjávarhús 007, horft til norðurs

Inn á túnakort frá 1919 er merkt útihús 85 m frá bæ 001 og samkvæmt Birgi Þórarinssyni, heimildamanni, var það salthús. Í örnefnaskrá KE segir: "Knararnesvík er allstór vík fram af Minna-Knararnesi. Við hana, beint niður af bænum, er uppsátrið [020] frá Minna-Knararnesi. Sjávarhúsin standa á kámpinum sunnan við það." Afar líklegt er að salthúsið sé eitt þessara sjávarhúsa eða standi á sama stað. Það er 85 m vestan við bæ 001 og 30 m norðvestan við brunn 006.

Salthúsið er í norðvesturhluta túnsins, nálægt sjávarbakkannum. Á þessum slóðum er nýlega hlaðinn sjóvarnargarður og er húsið um 3 m frá honum. Við suðvesturhlið hússins er steipt plata og 6 m í suðvestri er nýtt timburskýli.

Salthúsið er 7x4,5 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er grjóthlaðið og einfalt. Veggir hússins standa enn að mestu og ná allt að 1,5 m á hæð og sést mest 8 umför af hleðslu. Húsinu hefur verið haldið við fram eftir 20. öld. Það má m.a. sjá af því að suðvesturveggur er steiptur að innanverðu og einnig á því að steinlím er víða greinanlegt í grjóthleðslunni annars staðar. Gólfíð í húsinu er steipt. Norðvesturveggur hússins hefur hrunið örlítið inn í tóftina. Op í húsið er á suðvesturvegg, við vesturhornið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knararnes KE, 7

GK-144:008 *Naustið* tóft naust

64°00.514N 22°20.160V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 80 m norðvestan við bæ 001 og leifar þess sést enn. Líklegt er að þetta



Leifar af Naustinu 008, horft til austurs

útihús hafi verið naust það sem nefnt er í örnefnaskrá: "Sjávarstígur [015] lá niður túnið í Minni-Knarrarnesvörina [014]. Þar á Sjávarbakkanum var Naustið." "Naustið var á sjávarbakkanum, beint niður undan gamla bænum. Hlaðnir veggir voru að því á þrjá vegur [svo] og var skipum hvolfi þar milli vertíða," segir í örnefnaskrá KE. Minjarnar eru á klöpp í norðvesturhluta túnsins, við sjávarkambinn.

Á þessum stað sjást minjar á svæði er 12x3 m á stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Einu skýru leifar naustsins eru hliðarveggur þess sem er grjóthlaðinn. Veggurinn er 3 m langur og um 1 m á breidd. Hann er 1,5 m á hæð og sjást mest 8 umför af hleðslu. Veggurinn snýr norðvestur-suðaustur. Við suðvesturhlið hans er lítil hleðsla, um 2 m löng, sem liggur til suðvestur og var líklega partur af húsinu en hverfur í túnið. Önnur hleðsla, eða garður, er frá suðausturhorni hússins og vísar suðaustur. Garðurinn er um 9 m langur og um 1 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knarrarnes, 2; Ö-Knarrarnes KE, 4

GK-144:009 *Stóra-Knarrarnesvör* heimild um lendingu 64°00.496N 22°20.219V

"Syðst í fjörum þessum er Víkurvör [024] [sjá Knarrarnes minna] og Víkin þar framundan. Þá koma Knarrarnesvör eða Stóra-Knarrarnesvör og innan Minni-Knarrarnesvör [014]," segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni að dæma hefur Stóra-Knarrarnesvör verið á milli Víkurvarar og Minni-Knarrarnesvarar. Ekki sáust ummerki um þessa vör á vettvangi 2011 enda hefur ströndin og fjaran mikið breyst vegna nýlegs sjóvarnargarðs. Ekki greina aðrar heimildir frá vör Stóra-Knarrarness á þessum stað. Líklega var vörin um 115 m vestan við bæ Minna-Knarrarness 001 og um 280 m vestan við bæ Stóra-Knarrarness 143:001.

Vörin var í klapparfjöru vestan við tún Minna-Knarrarness.

Ekki sést til minja um vörina og ekki vitað hvort hún var náttúruleg eða manngerð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2

GK-144:010 *Gerðið* heimild um útihús 64°00.397N 22°20.105V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvö útihús áföst kálgarði um 160 m sunnan við bæ 001, nálega þar sem Vatnsleysustrandarvegur liggur. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson í stormum sinna tíða segir: "Syðst í túninu var reitur girtur traustum grjótgörðum, kallaður Gerðið. Ég tel sennilegt, að þetta hafi verið forn kornakur." Að öllum líkindum er Gerðið áðurnefndur kálgarður sem sýndur er á túnakorti og skráður er hér ásamt áföstum útihúsum. Þar sem minjarnar voru er nú malbikaður vegur sem liggur um Vatnsleysuströnd.


Ekki sést til fornleifa og er líklegt að þær hafi horfið við vegagerð og/eða túnsléttun.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919; Benjamín H.J. Eiríksson í stormum sinna tíða, 47

GK-144:011 *Vík* hleðsla býli 64°00.429N 22°20.200V

"Minni-Knarrarnes vestan með þurrabúðina Hellur 012 og Vík," segir í örnefnaskrá. "Vík var þurrabúð, syðst í túni Minna-Knarrarness. Hún fór í eyði laust eftir síðustu aldamót," segir í örnefnaskrá KE. Í bók Guðmundar





Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Vík var syðsti og fyrsti bærinn sem komið var að þegar farið var yfir landamerkin milli Ásláksstaðahverfis og Knarrarnesshverfis. ... Bærinn var þá utangarðs í óskiptu landi suðaustur af Minna-Knarrarnesi, en lagðist í eyði fyrir aldamótin, þegar feðgarnir [Sigurður Sigurðsson og synir hans Magnús og Þorgrímur] fluttu að Minna-Knarrarnesi." "Sigurður Sigurðsson frá Minna-Knarrarnesi byggði lítið hús innst í girðingum við mörk Knarrarness, skammt frá vegi, og nefndi það Vík," segir í örnefnaskrá Ásláksstaða. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús áfast afgirtum túnbletti sem var fast suðvestan við gamla heimatúnið, um 140 m SSV við bæ 001, þar sem býlið Vík stóð líklega. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða segir: "Í jaðri túnsins í Knarrarnesi var búðartóft úr höggnu grjóti, kölluð Vík." Útihúsið á túnakortinu er að öllum líkindum búðartóftin sem nefnd er í bókinni og var kölluð Vík. Afar líklegt er að bústaðurinn í Vík hafi verið nýttur sem útihús frá Minna-Knarrarnesi af einhverju tagi eftir að hætt var að búa þar. Býlið Vík var um 140 m suðvestan við bæ 001 en þar stendur nú þrískipt hús sem notað er sem skemma.

Vestan við húsið þar sem býlið var er klapparmói en til annarra átta frá því er tún.

Alls eru hér minjar á svæði sem er um 60x16 m að stærð og snýr NNW-SSA. Húsið A sem stendur á bæjarstæði Víkur er þrískipt og er um 16x7 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Elsti hluti hússins

er í miðjunni en þar eru langveggir steinhlaðnir og er það vönduð hleðsla, um 1,7 m á hæð og sjást 8 umför. Með veggjum er sá hluti hússins 6x7 m að stærð og snýr norður-suður. Dyr eru á norðurhlið. Líklegt er að þessi hluti sé í grunninn býlið Vík en það var úr höggnu grjóti eins og fram kom hér að ofan. Hólfíð í austurenda hússins er um 6x7 m að stærð, snýr norður-suður. Hólfíð í vesturenda hússins er um 4x7 m að stærð og snýr norður-suður. Þessi tvö hólf hafa steypa sökkla en eru að öðru leyti út timbri og bárujárn. Á húsinu eru þrjár burstir og er það hæst um 2,5 m. Norðan við húsið er um 1 m hár kantur. Þar sem hann endar í vestri liggur 11 m langur grjótgarður B til norðurs í hlykkjum. Hann er niðurfallinn, er um 1 m á breidd og og um 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Í



Á vinstri mynd er hús 011A, garðlag 011B og lítillga sést í grjóthlaðinn kant 011D, horft til SSV. Á hægri mynd er garðlag 011C, horft til suðausturs.


hleðslum sjást 2 umföör. Garðurinn beygir til austurs í norðurenda og þar er hann 2 m langur. Fast austan við hornið er þúst sem er um 6x2 m að stærð og um 1 m á hæð. Þessi garður er að öllum líkindum leifar af garði umhverfis túnið sem tilheyrði Vík og sést á túnakorti. Um 2 m norðan við garðinn er áframhaldandi jarðlægur garður E sem er hæstur um 0,3 m. Hann er í tveimur bútum á svæði sem er um 25x10 m og snýr NNV-SSA. Annars vegar er garðurinn um 20 m langur og snýr norðvestur-suðaustur, hins vegar er hann um 12 m langur og snýr nálega norður-suður. Uppi á klapparhól fast norðvestan við húsið er lítilfjórlegt garðlag C. Einföld röð steina liggur til norðvesturs, möguleg hleðsla undir vírnet eða girðingu. Hún er í tveimur bútum á 50 m löngu svæði. Annars vegar er hún 17 m löng og hins vegar 26 m löng og snýr austur-vestur. Mesta hæð er um 0,2 m. L laga grjóthlaðinn kantur D er samfastur garðlagi B. Hann er vestan við garðinn, um 3 m frá norðurenda hans. Kanturinn er um 4x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur sjást á norður- og vesturhliðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Knarrarnes, 2; Ö-Knarrarnes KE, 4; GJ: Mannlíf og mannvirki, 277; Ö-Ásláksstaðir, 2; Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða, 47

GK-144:012 *Hellur* bæjarstaði býli 64°00.354N 22°20.131V

"Minni-Knarrarnes vestar með þurrabúðina Hellur og Vík [011]. ... Hellur var þurrabúð með Hellnatúni eða Hellnaflöt Hellnalód. Bæirnir stóðu í Knarrarnestúni," segir í örnefnaskrá "Þurrabúðin Hellur er í landi Minna-Knarrarness, ofan þjóðvegjar. Hún er enn í byggð," segir í örnefnaskrá KE. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Hellur voru til skamms tíma eina íbúðarhúsið í hreppnum ofan þjóðvegjar. Þar byggði Lárus Pálsson "hómópati" árið 1873. Árið 1919-20 var byggt nýtt íbúðarhús á Hellum, nokkuð austan þess gamla." Bærinn í Hellum var um 225 m suðvestan við bæ 001. Á þessum stað eru talsverðar minjar og verður hverri gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru þrjú útihús (B, C og D) auk bæjar (A) og gerðis (E) innan túns. Auk þessara minja sjást tvær tóftir (H,I), brunnur (F) og túngarður (G). Ekki er lengur búið á Hellum en fá ár eru síðan það fór í eyði.



Hellur eru í hæðóttu túni skammt sunnan við veginn um sveitina. Túnið hefur verið stækkað til suðurs frá því sem var 1919.

1919: Tún 0,3 teigar, garðar 920m². Minjarnar eru á svæði sem er um 105x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bærinn A og útihús B,C og D voru sunnarlega í túninu. Bærinn er horfinn undir afleggjara sem liggur að núverandi íbúðarhúsi en austan við hann sést móta fyrir grunnni eða útlinum húss sem er um 3x6 m að stærð og snýr norður-suður. Fast vestan við afleggjarann og um 3 m austan við bæ A er tóft D sem er einföld, um 6x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og er steinlím í hleðslum. Ekki er veggur fyrir norðurenda



Á vinstri mynd er tóft 012C og hluti túngarðs 012G, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 012D, horft til suðurs



Á vinstri mynd eru tóftir 012H (fjar) og 012I (nær), horft til suðausturs. Á vinstri mynd er gerði 012J, horft til suðvesturs

og vesturveggur hennar er helmingi styttri en austurveggurinn. Mikið hefur hrunið inn í tóftina úr austurveggnum. Mesta hæð veggja er um 1,5 m. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir að þessi tóft séu leifarnar af húsinu sem Lárus Pálsson byggði á Hellum 1873. Það er harla ólíklegt vegna þess að engin ummerki um glugga sjást í veggjum tóftarinnar sem standa enn að miklu leyti. Líklega er að elsta íbúðarhúsið á Hellum hafi verið timbur- og bárujárnshús með hlöðnum grunni. Fast vestan við tóft D er bárujárnsskúr sem er um 10x4 m að stærð, snýr norður-suður. Gryfja B er um 11 m VNV við tóft D. Þar var þró skv. túnakorti. Hún er ferköntuð, um 2x2 m að innanmáli og um 0,2 m á dýpt. Um 2 m norðan við hana er tóft C sem er sambyggð túngarði G. Tóftin er á dálitilli hæð í túninu. Hún er einföld, um 7x5,5 m að stærð, snýr VSV-ANA. Suðurveggurinn er óljós og virðist hafa verið rifinn. Enn sjást þó hleðslur í honum. Við báða enda hans eru op sem kunna að hafa verið inngangar inn í tóftina. Hleðslur eru ógrónar nem á austurvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1 m innanmáls og sjást 4 umför hleðslu. Túngarðurinn G afmarkar svæði sem er um 105x70 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er allur grjóthlaðinn og ógróinn. Garðurinn hefur verið rifinn á suðausturhlíð túnsins þegar túnið var stækkað í þá átt. Jarðlæggar hleðslur, líklega hleðsla undir virgirðingu sem girti túnið af eftir stækkun, eru um 30 m suðaustan við suðvesturhorn túngarðsins. Hleðslur standa best meðfram vesturhlíð túnsins. Garðurinn er hæstur um 1,3 m og sjást þar 6 umför af hleðslu. Breiðastur er garðurinn um 1 m en í austurhlutanum er hann víða einhlaðinn sem bendir til þess að hann hafi verið endurhlaðinn eftir að hafa hrunið eða verið rifinn. Brunnur F er um 15 m suðaustan við bæ A. Hann er um 14 m norðan við núverandi hús, í lægð í túninu. Hann er um 2,5 m í þvermál en steipt plata er ofan á honum og lokuð lúga á henni svo ekki er hægt að sjá brunninn að innan og ekki er vitað hversu djúpur hann er. Fyrst hann er ekki merktur inn á túnakort er líklegt að hann hafi verið gerður eftir 1919. Tóft H er um 60 m sunnan við bæ A. Hún er í sléttu túni við túngarð G meðfram suðvesturhlíð túnsins. Tóftin er 7x5 m á stærð og er tvískipt og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru mest um 1 m á hæð. Í veggjum sjást 3 umför af hleðslu. Suðvesturhlíð tóftarinnar er byggð upp við túngarðinn. Hólf I er í suðvesturenda tóftarinnar. Það er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op inn í hólfíð er á


norðvesturhlið, en fyrir það hefur hrúnið grjót. Úr suðaustur- og suðvesturhliðum hólsins hefur einnig hrúnið talsvert grjót. Ekkert op er á milli hólfá. Hólf II er norðaustan við hólf I og er 2x2 m á innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur, en ekkert op sést á útveggjum. Tóft I er um 60 m sunnan við bæ A og 15 m norðvestan við tóft H. Tóftin er byggð við suðvesturhlið túngarðs G. Hún er 4x4 m á stærð og er einföld. Veggir eru um 0,2 m á hæð og um 0,5 m á breidd og í þeim sést eitt umfar hleðslu. Tóftin er L-laga og hefur því aðeins tvær hliðar, til norðausturs og norðvesturs, en túngarðurinn afmarkar suðvesturhliðina. Garður E er um 20 m suðvestan við bæ A. Hann er að öllum líkindum leifar af gerði sem sýnt er innan túngarðs á túnakorti. Þar er það um 20x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er upp við suðvesturhlið túngarðsins G og liggur frá honum í 26 m til norðausturs en beygir svo 4 m í austur en þar kemur op eða skarð í hann sem er 9 m breitt. Suðaustan við skarðið heldur garðurinn áfram og er bogalaga, 5 m í suðaustur og 3 m í suður. Alls afmarkar hann því svæði sem er um 30x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2; Ö-Knarrarnes KE, 4; GJ: Mannlíf og mannvirki, 277, 282

GK-144:013 Lambhúshóll tóftir lambhús

64°00.43'N 22°20.097'V



Tóftir 013 á Lambhúshólli



Tóft 013A, horft til suðausturs

"Í Vesturbæjartúni [Stóra-Knarrarnes] voru Lambhúshóll, Brandargerði [016] og Helgavöllur," segir í örnefnaskrá. Þessi þrjú örnefni eru í túni Minna-Knarrarnes eins og fram kemur í örnefnaskrá sem Kristján Eiríksson (KE) skráði: "Lambhúshóll er austan við Vík [011] og austur af honum er Brandsleiði [025].". Tvær óljósar tóftir sjást enn á Lambhúshól, um 95 m sunnan við bæ 001 í túni Minna-Knarrarnes en ekki í túni Vesturbæjar Stóra-Knarrarnes GK-143 eins og skilja má af fyrstu tilvisun í örnefnaskrá.

Tóftirnar eru á háum hól nálega í miðju túninu.

Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er 14x6 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er einföld, niðurgrafin og er um 7x4 m á stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin mjókkar til suðausturs og er innanmál hennar 4x2 m. Tóftin er talsvert samansígin og aðeins norðvesturveggur hennar er skýr. Op er á miðjum norðausturvegg tóftar. Tóft B er 90 m suður við bæ 001 og er 2 m frá tóft A. Tóftin er aðeins er neðar (norðvestar) á hólnum en A. Hún er 4,5x4 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og innanmál hennar er um 1x1 m. Opíð inn í hana er á norðvesturvegg nær vesturhorninu. Suðurhorn og suðvesturveggur tóftar eru bogadregin. Báðar tóftir eru torfhláðnar og eru um 0,3 m á hæð en breidd veggja er mjög óljós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3; Ö-Knarrarnes KE, 4

GK-144:014

Minni-Knarrarnesvör

náttúrumin lending

64°00.512'N 22°20.169'V

Minni-Knarrarnesvör 014, horft til vesturs

"Syðst í fjörum þessum er Víkurvör 024 og Víkin þar framundan. Þá koma Knarrarnesvör eða Stóra-Knarrarnesvör

[009] innan Minni-Knarrarnesvör," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 90 m norðvestan við bæ 001. Suðaustan við vörina er steypur grunnur og suðvestan og norðaustan við hana er sjóvarnargarður sem hefur verið reistur meðfram ströndinni.

Vörin er um 30x20 m á stærð og snýr austur-vestur. Norðaustan við hana er há klöpp og suðvestan við hana er minni og lægri klöpp. Á milli klappanna eru um 20 m. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða segir þó: "Við ströndina neðan bæjarins [001] var vör. Stórum steinum hafði verið raðað saman, og mátti leggja þar að, þegar hásjávað var." Engin ummerki um þetta mannvirki sást á vettvangi og er líklegt að það hafi horfið vegna sjávarágangs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2; Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða, 47

GK-144:015 *Sjávarstígur* heimild um leið 64°00.498N 22°20.118V

"Sjávarstígur lá niður túnið í Minni-Knarrarnesvörina [014]," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða segir: "Frá bænum Minna Knarrarnesi lá mjó gata niður að sjó, sjávargatan, steinum lögd." Upphlaðinn vegur er á milli bæjarhóls 001 og útihúss 008 og er hann að líkindum á sama eða svipuðum stað og Sjávarstígurinn.

Sjávarstígurinn og vegurinn ofan á honum er kominn í tún.

Vegurinn er um 32 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er enn greinilegur í túninu og er um 4 m á breidd og um 0,5 m á hæð að suðvestanverðu. Líklegt er að vegurinn hafi verið gerður ofan á stíginn seinna meir, t.d. þegar steypur grunnur var gerður niður við vörina. Hann er því líklega ekki fornleif en Sjávarstígurinn er horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2; Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða, 48

GK-144:016 *Brandsgerði* heimild um 64°00.430N 22°20.200V

"Í Vesturbæjartúni [Stóra-Knarrarnes] voru Lambhúshóll [012], Brandargerði og Helgavöllur," segir í örnefnaskrá. Þessi þrjú örnefni eru í túni Minna-Knarrarnes eins og fram kemur í örnefnaskrá sem Kristján Eiríksson (KE) skráði: "Í kringum Brandsleiði [025] heitir Brandsgerði." Brandsgerði kann að hafa verið hlaðið gerði í túninu eða náttúrulegt gerði. Engar minjar um hlaðið gerði sjást en líklega var það í námunda við Brandsleiði, um 125 m suðaustan við bæ 001.

Brandsgerði er í sléttuðu túni.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3; Ö-Knarrarnes KE, 4

GK-144:017 *Litla-Knarrarnesgatan* hleðsla traðir 64°00.467N 22°20.062V



Leifar af tröðum 017, horft til norðausturs

norðaustur-suðvestur. Þær sjást sem renna á milli gróinna grjótgarda í þeim hluta túnsins sem kominn er í órækt. Rennan er um 1 m á breidd. Utanmálsbreidd traðanna er um 2 m. Garðurinn meðfram norðvesturhlið er mun greinilegri en með suðausturhlið en hann er um 0,5 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Garðurinn meðfram suðausturhliðinni er óljósari en grjót sést í innri brúnum hans. Mögulega eru minjarnar sem sjást aðeins leifar af

"Frá bæ lá Litla-Knarrarnesgatan upp á veg," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða segir: "Síðan gengum við Gísli inn að Knarrarnesi, óðum túnin. [...] Gísli var með ketil í hendinni, sem hann lagði frá sér á klöpp, þegar hann tók staurinn úr hliðinu að Knarrarnes-tröðunum." Á túnakorti frá 1919 sjást traðir liggja frá suðvesturtúnjaðri á um 50 m löngum kafla en þaðan að bæ er sýnd einföld lína sem táknar að líkindum götu. Gatan í túninu sést ekki lengur en leifar af tröðum eru um 135 m suðvestan við bæ 001.

Gatan lá þar sem nú er tún og liggur núverandi heimreið yfir hana að hluta. Traðirnar eru í suðurjaðri núverandi túns en til suðurs er mói og vegurinn um sveitina.

Traðirnar eru um 30 m langar og liggja

suðausturtraðarveggnum ef hann hefur verið rifinn og þá er norðvesturveggurinn horfinn í tún. Óljóst framhald er á renninni til vesturs sem virðist samsvara stefnu á túngarði umhverfis Vík 011. Nálægt norðvesturenda garðlags 026 á Lambhúshól 013 er rof í garðinn þar sem traðirnar hafa mögulega legið í gegn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2; Benjamín H.J. Eiríksson
Í stormum sinna tíða, 46; Túnakort 1919

GK-144:018 *Hellnavör* náttúrumin
lending

64°00.455N 22°20.278V

"Rétt innan við merkin er Hellnavör og stóð sjávarhús [028] þar á bakkanum," segir í örnefnaskrá. Hellnavör er um 20 m norðvestan við Hellur 012A, 30 m norðan við sjávarhús 028 og um 170 m suðvestan við bæ 001.

Vörin er í grýttri klapparfjöru.

Vörin er á milli tveggja klappa sem mynda náttúrulega vör. Til austurs er lág en allstór klöpp og til vesturs er lítil klöpp og mjó sem snýr norður-suður. Vörin er um 15x5 m að innanmáli og snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knarrarnes KE, 7

GK-144:019 varða
64°00.411N 22°20.272V

Varða er um 210 m suðvestan við bæ 001. Varðan er á hæð sem er fast norðvestan við Vatnsleysustrandarveg og 55 m sunnan við tóft sjávarhúss 028.

Varðan er nálægt suðurhorni túns.

Varðan er 1,5x1,5 m á stærð og um 0,5 m á hæð. Þrjár víðarspýtur liggja í og ofan á henni. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en mögulega hefur hún verið siglingamerki. Hún er einnig nærri merkjum milli Ásláksstaða stærri og Minna-Knarrarnes og er því möguleiki að hún sé landamerkjavarða.

Hættumat: engin hætta

GK-144:020 heimild um uppsátur

"Knarrarnesvík er allstór vík fram af Minna-Knarrarnesi. Við hana, beint niður af bænum, er uppsátrið frá Minna-Knarrarnesi. Sjávarhúsin [007] standa á kampinum sunnan við það," segir í örnefnaskrá. Líklega hefur uppsátur verið austur af Minni-Knarrarnesvör 014 um 75 m norðvestan við bæ 001.

Þar sem uppsátrið var, var byggt steipt hús 1977, líklega bátaskýli, og sést steiptur grunnur þess enn en það er að öðru leyti horfið. Nýlegur sjóvarnargarður er til suðvesturs og norðurs.

Ekki sést til minja um uppsátur en mögulega eru eitthvað af garðlögum eða hleðslum sem skráð eru með nausti 008 tengd uppsátrinu.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Knarrarnes KE, 7

GK-144:021 hleðsla
64°00.470N 22°20.228V

Hleðsluleifar eru um 125 m vestan við bæ 001. Minjarnar eru í túnjaðri fast suðaustan við nýlegan sjóvarnargarð.

Hleðslan er um 8 m löng og liggur austur-vestur. Hún er um 1,2 m á hæð og sjást 5 umföru í hleðslu.



Hellnavör 018, horft til norðurs



Varða 019, horft til norðvesturs

64°00.509N 22°20.157V



Hleðsla 021, horft til ANA

Hleðslan virðist beygja til norðurs á um 4 m löngum kafla og myndar horn. Þetta er óljóst vegna þess að fast austan við hleðsluna er nýleg grjóthruga, sennilega frá því að varnargarðurinn var gerður. Hún er um 3x4 m að stærð og jafnhá grjóti innan hleðslunnar, snýr norður-suður. Fyllst hefur upp að norðurhlíð hleðslunnar af grjóti sem sjórin hefur borið á land áður en varnargarðurinn var reistur. Aðborið grjótið er hærra en veggurinn. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta er en líklegt er að það sé gamall sjóvarnargarður eða einhvers konar sjóhús. Ekki er að sjá að þetta mannvirki sé innan túnakorts miðað við fjarlægð frá bæ.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-144:022 gerði kálgarður
64°00.482N 22°20.065V



Kálgarður 022, horft til suðvesturs

GK-144:023 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast austan við bæ 001. Kálgarðurinn var þar sem nú er tún. Ekki sést til kálgarðsins og hefur hann líklega verið rifinn vegna byggingaframkvæmda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


64°00.468N 22°20.101V

GK-144:024 Víkurvör náttúrumin
lending
64°00.462N 22°20.249V
"Syðst í fjörum þessum er Víkurvör og Víkin þar framundan," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 75 m NNV við Vík 011, um 25 m austan við Hellnavör 018 og um 145 m VSV við bæ 001. Vörin er í grýttri klapparfjöru, fast vestan undir nýlegum sjóvarnargarði og kunna aðstæður eitthvað að hafa breyst við gerð hans. Vörin er náttúruleg, um 10x30 m að innanmáli, snýr nálega norður-suður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Knarrarnes, 2



Víkurvör 024, horft til norðurs

GK-144:025 Brandsleiði þúst legstaður
64°00.431N 22°20.021V
"Lambhúshóll [013] er austan við Vík [011] og austur af honum er Brandsleiði, aflöng þúfa eins og leiði," segir í örnefnaskrá KE. Í bókinni Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða segir: "Í túninu var leiði. Einhver hafði



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Austurhluti kálgarðsins sést enn, en vesturhlutinn hefur að líkindum verið rifinn þegar eldri hluti núverandi húss var reistur 1930.

Kálgarðurinn er fast sunnan við bæjarhól 001, í tún. Grasi gróið er innan gerðisins og er það slegið.

Garðurinn er um 20x16 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er grjóthlaðinn og er mesta hæð veggja um 1,2 m. Þar sem hleðslur standa sjást 3 umför.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

verið grafinn í óvíðum reit. Sennilega hefir sá eða sú svipt sig lífi." Leiðið er 110 m suðaustan við bæ 001 og 60 m austan við tóft 013A á Lambhúshóli.

Leiðið er á suðaustanverðu túninu nálega miðju. Umhverfis er slétt tún.

Leiðið er aflöng þúfa sem er 3x1 m á stærð og um 0,4 m á hæð og snýr norður-suður. Í minningargrein sem birtist í Morgunblaðinu 20. ágúst 1994 er Brandsleiði sagt vera álagablettur en ekki greint frekar frá því hver álögin voru og ekki hafa fundist aðrar heimildir sem styðja það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða, 47; http://mbl.is/greinasafn/grein/151042/?item_num=70&dags=1994-08-20



Brandsleiði 025, horft til norðurs

GK-144:026 garðlag
64°00.424N 22°20.081V


Garðbrot eða hleðsla sést suðaustast á Lambhúshól 013 um 115 m sunnan við bæ 001. Garðurinn er á allháum hól sem ekki er lengur sleginn, í sléttu og slegnu túni.

Garðbrotið er um 13 m á lengd. Frá norðvesturenda er hann um 8 m langur að beygju til austurs en þaðan er hann um 5 m langur og liggur fram á hólbrún. Garðhleðslurnar eru grónar en hafa að öllum líkindum verið úr grjóti. Þar sem garðurinn er hæstur er hann um 0,5 m. Mögulega er garðbrotið í tengslum við tóftir á Lambhúshól 013 eða eru leifar af eldri túngarði. Nálægt norðvesturenda er rof í garðinn þar sem traðir 017 hafa mögulega legið í gegn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag 026, horft til suðausturs



Tóft og þúst 027



Tóft 027A (nær) og grjóþúst 027B (fjær), horft til austurs

GK-144:027 tóft

64°00.416N 22°20.090V

Lítill tóft og þúst eru um 20 m suðvestan við garðlag 026 og um 130 m sunnan við bæ 001.

Tóftirnar eru á klöpp á lágum hólruna á milli tveggja túnstykki. Allhár hóll, Lambhúshóll 013, er til norðausturs og norðvesturs.


Minjarnar eru á svæði sem er um 7x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er vestar. Hún er grjóthlaðin og

einföld. Hún er um 4x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Op virðist vera á tóftinni á suðurhlið. Veggjahleðslur eru lítilfjörlegar og er grjótið í þeim fremur smátt. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m og sjást mest 2 umför hleðslu. Um 2 m austan við tóftina er þúst B, grjóthrúga, sem er um 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún virðist vera niðurfallið mannvirki. Hlutverk minjanna er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-144:028 tóft naust

64°00.440N 22°20.285V



Naust 028, horft til norðvesturs

"Rétt innan við merkin er Hellnavör [018] og stóð sjávarhús þar á bakkanum," segir í örnefnaskrá. Stæðileg tóft er 190 m suðvestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við Hellnavör.

Tóftin er í grýttu túni þar sem talsvert er um hóla. Hún er nálægt suðvesturmörkum túnsins. Norðvestan við tóftina tekur sjávarbakkinn við.

Tóftin er 9,5x7m á stærð og skiptist í fjögur hólf. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru stæðilegir og allt að 1,5 m á hæð. Í þeim sjást 2 umför af hleðslu, en veggirnir eru að mestu torfhlaðnir. Hólf I og II eru hlið við hlið við norðvestan hlið tóftarinnar. Hólf I er suðvestan við II og bæði snúa hólfir norðvestur-suðaustur. Hólf I er 3,5x2 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðvesturvegg þess. Á milli hólfa I og II er 0,5 m breiður veggur og ekkert op er á honum. Hólf II er norðaustan við hólf I og er innanmál þess 3,5x2,5 m. Það snýr norðvestur-suðaustur. Op er á það á norðvesturvegg. Hólf III er L-laga og nær frá austurhorni hólfs II í norðaustur og beygir svo til suðausturs. Op er á það á suðausturvegg. Innanmál hólfs III er 5,5x2 og það snýr norðaustur suðvestur. Hólf IV er suðaustan við hólf I. Í raun er það á litlum hól en steinröð liggur í kringum hann í boga og myndar þannig hólfid. Grjótdreif er allt í kringum tóftina og innan hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Knararnes KE, 7

GK-145 Breiðagerði

Jarðadýrleiki er óviss, konungseign. JÁM III, 137.

9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Ásláksstaði (40 hdr, Knarrarnes tvö (30 hdr), Breiðagerði fyrir (10 hdr). DI IV 707-708. 13.9.1500: segir einnig að jörðin Breiðagerði á Strönd er í Kálfatjarnarkirkjusókn. DI VII, 513, 561. 30.5.1501: Viðeyjarklaustur kaupir Breiðagerði á Strönd fyrir 10 hdr. DI VII, 561. 1547-48 er jarðarinnar getið í fögetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 4 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og vogar, 26.

Jörðin hefur verið í eyði frá 1926 og liggur undir Auðnum. Þar var þrjúbýli um aldamótin 1900.

Neðan Vatnsleysustrandarvegur í landi Breiðagerðis er húsaþyrping þar sem aðallega eru sumarbústaðir en einnig íbúðarhúsnæði.

1703: "Túnin spillast af sjáfaragangi og tjörn þeirri, sem innan garðs er. Engjar eru öngvar. Útihagar í lakasta máta og nær öngvir um vetur nema fjaran." JÁM III, 137. 1919: Tún alls 2,4 teigar, garðar 1100m².

GK-145:001 Breiðagerði bæjarhóll bústaður

64°00.491N 22°19.266V



Bæjarhóll Breiðagerðis 001, horft til suðausturs

"Breiðagerði bærinn stóð í Breiðagerðistúni innarlega og var túnið að mestu sunnan (vestan) bæjarins," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir að þrjúbýli hafi verið á jörðinni um aldamótin 1900 og að síðustu ábúendur hafi flutt af jörðinni um 1926. Bæjarhóllinn í Breiðagerði sést enn vel. Hann er litlu sunnan við sjávarkampinn, umkringdur nýbýlum og sumarbústöðum sem risið hafa á jörðinni á síðustu áratugum.

Bæjarhóllinn er í litlu túni sem komið er í órækt. Íbúðarhús er litlu suðvestan við hann og fleiri hús eru nálægt honum til suðurs og suðausturs.

Bæjarhóllinn er um 54x30 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hann er breiðastur í suðvesturenda.

Norðausturhluti bæjarhólsins virðist vera náttúrulegur hóll en þó kunna að leynast í honum mannvistarleifar. Fast suðvestan við þann hól er steypdur húsgrunnur sem er um 5x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Önnur mannvirki er ekki að sjá á hólnum. Hóllinn er allur mjög grasgefinn og vex mikið af þistlum á honum. Hann er víðast um 2 m á hæð en hæstur í norðausturenda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2; GJ: Mannlíf og mannvirki, 293; Túnakort 1919

GK-145:002 heimild um kálgarð

64°00.486N 22°19.254V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 15 m ASA við bæ 001, áföst kálgarði sem er skráður með henni.

Mínjarnar voru að líkindum á og við bæjarhól 001 sem er grasi gróinn. Malarvegur liggur fast sunnan og austan hólsins.

Ekki sést til mínja um þróna en dálítil lægð er fast suðaustan undir bæjarhólnum þar sem líklegt er að þróin hafi verið. Öll ummerki um kálgarðinn eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:003 heimild um útihús

64°00.495N 22°19.310V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 35 m norðvestan við bæinn 001.

Útihúsið var í túni sem nú er komið í órækt. Túnið hækkar lítillga þar sem útihúsið stóð, í norðvesturjaðri túnsins. Ekki sést til mínja um útihúsið og hefur það að líkindum verið rífið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:004 heimild um útihús

64°00.503N 22°19.329V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 60 m norðvestan við bæ 001.

Útihúsið var í túnjaðri niður við sjávar kamb. Grasi gróid er þar sem það stóð.

Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið rífið. Laust grjót má greina í grasinu sem kann að vera úr hleðslum hússins.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:005 brunnur brunnur

64°00.503N 22°19.294V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 30 m NNV við bæ 001.

Brunnurinn er í lægð í túni sem komið er í órækt. Eithvert nútímarask hefur orðið í túninu NNA við brunninn en þar sjást 2-3 samliggjandi grónar rákir. Ekki er ljóst hvernig þær hafa myndast.

Brunnurinn er grjóthlaðinn og samanfallinn. Hann er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Lítið op er niður í hann, um 0,3 m í þvermál og um 0,3 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Ummerki um brunn 005, horft til austurs

GK-145:006

Breiðagerðisbrunnur

heimild um brunn

64°00.480N 22°19.298V

"Breiðagerðisbrunnur var sunnan bæjar," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnurinn um 30 m suðvestan við bæ 001.

Brunnurinn var í flatlendum hluta túnsins.

Dálítill lægð er í túninu þar sem brunnurinn var, um 1 m í þvermál. Ekki sjást grjóthleðslur eða önnur skýr ummerki um brunninn. Þó er gróinn jarðvegskragi austan við lægðina í túninu sem kann að vera leifar af brunninum en getur líka verið náttúrulegur. Líklega hefur verið fyllt upp í brunninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2; Túnakort 1919



Óljós ummerki um Breiðagerðisbrunn 006, horft til austurs

GK-145:007 heimild um útihús

64°00.439N 22°19.265V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 100 m SSA við bæ 001.

Útihúsið var þar sem nú er gróin sumarþústaðarlóð.

Ekki sást minjar um útihúsið á vettvangi og hefur það að líkindum verið rífið við túnasléttun eða eftir að sumarþústaðabyggð hófst á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Hleðsla 008, horft til norðausturs

GK-145:008 hleðsla fjárhús

64°00.534N 22°19.166V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru fjárhús um 120 m norðaustan við bæ 001. Hleðsla úr einum veggnum er enn sýnileg.

Hleðslan er fast vestan við lítið sumarhús og er á lóð þess. Dálítill ræktaður blettur er ofan

(norðaustan) og framan (suðvestan) við hleðsluna. Til norðvesturs er grýttur mói.

Hleðslan er um 7 m löng og um 1,2 m á hæð. Mest sjást 4 umför. Hleðslan er vönduð og stendur vel. Líklegt er að tóftin hafi verið byggð við litla klöpp sem er fast norðaustan við hleðsluna. Svo virðist sem að fyllt hafi verið upp í útihústóftina. Ekki er greinilegt hversu breið hleðslan er en líklega er hún um 0,5-1 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:009 tóft hlaða

64°00.556N 22°19.207V


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús merkt "hlaða" um 130 m NNA við bæ 001. Tóftin sést enn.

Tóftin er í norðausturhorni túnsins sem komið er í órækt, fast sunnan við sjávarbakkann.


Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Steinlím er í hleðslum í norður- og austurveggjum. Suðurveggur er hruninn en líklega hefur ekki verið hlaðinn veggur á vesturhlíð en engar veggleifar sjást þar. Mesta hleðsluhæð er um 1,4 m og sjást 6 umför. Tóftin líkist fiskhúsi þar sem fiskur var þurrkaður og vekur það nokkra furðu að hlaða hafi verið höfð á þessum stað. Mögulega hefur hlutverk mannvirkisins breyst á einhverjum tímapunkti. Um 50 m eru á milli þessarar tóftar og fjárhúsa 008.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919



Hleðsla 008



Tóft 009



Hleðutóft 009, horft til austurs

GK-145:010 tóft stekkur

64°00.238N 22°18.955V

Ofan Vatnsleysustrandarvegjar er tóft, um 530 m sunnan við bæ 001 og um 220 m suðaustan við vörðu 022.

Tóftin stendur nokkuð hátt á grónum hól í hraunmóa. Tóftin virðist vera þrískípt og garðlag liggur frá henni til norðurs, líklega aðrekstrargarður. Tóftin er grjóthlaðin en gróin. Hún er um 10x6,5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Með aðrekstrargarðinum er hún um 10x6,5 m að stærð. Hólf I er norðaustast í tóftinni. Það er um 1x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í það úr norðvestri. Hólf II er samsíða hólf I og skilur hæsti veggur tóftarinnar þessi tvö hólf að. Það er um 2x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinileg hleðsla er fyrir norðvesturenda þessa hólfis sem heldur áfram til norðurs og verður greinilegri. Þetta er meintur



Stekkjartóft 010, horft til norðausturs

aðrekstrargarður sem liggur frá tóftinni og er hann um 7 m langur utan tóftar og liggur sem fyrr segir til norðurs. Óskýrt op er inn í hólf II, í norðurhorni þess. Hólf III er norðvestast í tóftinni. Í veggjum þess er einföld röð stórgrýtis. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést skýrt op inn í það. Hólf II hallar lítillega til suðvesturs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m og sjást 3 umför. Líklegt er að þessi tóft sé af stekk en til þess bendir helst fjarlægð frá bæ og gerð tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

GK-145:011 garðlag túngarður
64°00.510N 22°19.167V



Túngarður 011 og áföst tóft, horft til norðvesturs

Túngarður Breiðagerðis sést á stuttum kafla, um 70 m austan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti frá 1919 afmarkaði hann, ásamt varnargarði 012, tún sem var um 300x140 m að stærð og sneri NNA-SSV.

Túngarðurinn sést meðfram austurhluta túnsins, á mörkum gamla túnsins og grýtts móa. Hann sést austan við íbúðarhús sem verið er að byggja.


Minjar sjást á svæði sem er um 35x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Túngarðsbútur A sést á um 35 m löngum kafla og snýr suðvestur-norðaustur. Garðurinn er hæstur um 1 m og er um 1 m á breidd. Mest sjást 4 umför hleðslu í honum. Hann er hlaðinn ofan á klappir. Lítilfjórlegt garðlag B liggur út frá túngarði til suðausturs. Mögulega er það leifar af gerði sem afmarkaði kálgarð frá þurrabýlinu Hóli GK-146:048 og sýnt er á túnakorti. Garðlagið er um 23 m að lengd og snýr ANA-VSV. Víðast sést í því einföld röð steina. Á einum stað sjást 2 umför en þar er hleðslan m 0,4 m á hæð. Á miðju garðlaginu utanverðu (SSA verðu) er áföst tóft. Hún er einföld, um 2x1,5 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslur hennar eru hrundar og veggir eru mjóir. Ekki sést op á tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m og ekki sést steinn yfir steini. Tilgangur tóftarinnar er óljós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:012 Breiðagerðisnaust garðlag
varnargarður
64°00.552N 22°19.227V

"Sjávarkampurinn upp frá fjörunni var allt eins kenndur við bæinn, Breiðagerðiskampur. Á honum var innarlega Breiðagerðisnaust og Breiðagerðisbúð [013] og fram undan var svo Breiðagerðisvör [014], sem allt eins var nefnd Breiðagerðislendings"



Stekkjartóft 010



Lítill tóft áföst túngarði 011



Brot af varnargarði 012, horft til suðvesturs

segir í örnefnaskrá. Naustið var að líkindum þar sem merking er á túnakorti frá 1919 að mannvirki hafi verið á varnargarði/túngarði, um 120 m norðaustan við bæ 001. Varnargarðurinn er einnig skráður á þetta númer þar sem þessar minjar voru að líkindum sambyggðar. Leiðar af honum sjást á stuttum kafla, annars vegar B um 65 m norðvestan við bæ 001 og um 125 m suðvestan við Breiðagerðisnaust og hins vegar C um 120 m suðvestan við bæ. Breiðagerðisnaust var í lítilli vík á milli klappar á merkjum móti Auðnum og lítillar klappar til vesturs. Fjaran þar á milli er grýtt klapparfjara. Á sjávarkampinum er gróið en grýtt. Varnargarðurinn sést á grýttum sjávarkambi norðarlega í lítilli vík. Túnið liggur fast að honum.

Garðbútur B sést á um 10 m löngum kafla. Hann er um 1m á breidd og um 0,5 m á hæð. Nokkurt stórgrýti er í honum. Hann snýr norðaustur-suðvestur og í honum sjást mest tvö umför hleðslu. Garðbútur C sést á um 20 m löngum kafla, snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hruninn og illa farinn af landbroti. Í honum er stórgrýti og má enn sjá tvö umför í hleðslu á stöku stað, mesta hæð um 0,6 m. Garðurinn þjónaði bæði sem sjóvarnargarður og túngarður þar sem hann afmarkaði túnið til VNV. Ekki sjást nein merki um naustið þar sem talið er að það hafi verið og er líklegt að það sjórinn hafi brotið það niður.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2

GK-145:013 Breiðagerðisbúð hleðsla sjóbúð



Meintar leiðar af Breiðagerðisbúð 013, horft til suðurs



"Sjávarkampurinn upp frá fjörunni var allt eins kenndur við bæinn, Breiðagerðiskampur. Á honum var innarlega Breiðagerðisnaust [012] og Breiðagerðisbúð og fram undan var svo Breiðagerðisvör [014], sem allt eins var nefnd Breiðagerðislending ...," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvar Breiðagerðisbúð stóð. Hún hefur þó verið nærri lendingunni og naustinu. Mögulega hefur hún verið um 10 m sunnan við naust 012 og um 110 m norðaustan við bæ 001 en þar er dálítill grjótröð sem kann að hafa tilheyrt búðinni.

Minjarnar eru við sjávarkampinn, á mörkum hans og grýttis móa. Skammt suðvestan við þær er lítill klapparhóll.

Grjótröðin sem sést í grassverðinum er um 2 m á lengd og um 0,5 m á breidd. Hún snýr norður-suður. Mesta hæð er um 0,2 m. Ófúinn viðarraftur er í grjótinu sem bendir ef til vill til þess að þetta séu ekki ýkja gamlar minjar. Mikið af grjóti er allt í kringum grjótröðina, fjörugrjót til norðausturs og mosagróið hraungrjót til suðausturs í móanum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2

GK-145:014 Breiðagerðisvör renna lending

64°00.558N 22°19.229V

"Sjávarkampurinn upp frá fjörunni var allt eins kenndur við bæinn, Breiðagerðiskampur. Á honum



Breiðagerðisvör 014, horft til norðurs

var innarlega Breiðagerðisnaust [012] og Breiðagerðisbúð [013] og fram undan var svo Breiðagerðisvör, sem allt eins var nefnd Breiðagerðislandning" segir í örnefnaskrá. Vörin er um 130 m norðaustan við bæ 001.

Vörin er í lítilli vík á milli tveggja klappa. Í fjörunni eru klappir og grjót.

Vörin var skráð á flóði og því sást ekki skýrt hvort mannaverki eru á henni. Hún er 20-30 m löng og um 10 m á breidd, snýr norður-suður. Við norðurenda vararinnar er lítil bryggja á steypum sökkli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2

GK-145:015 *Merkjagarður* heimild um landamerki 64°00.428N 22°19.493V

"Úr Sprungunni liggur merkjalínan beint í Litlu-Klöpp, sem er í flæðarmáli við neðri enda Merkjagarðs, sem liggur fyrir austurenda Stóra-Knarrarnestúns frá sjó upp að Túngarði [líklega sami og Heiðargarður 143:021] og eftir þessum Merkjagarði meðan hann nær til," segir í örnefnaskrá. Merkjagarður milli Breiðagerðis og Stóra-Knarrarness sást ekki á vettvangi en hefur að líkindum verið um 220 m suðvestan við bæinn í Breiðagerði 001 og um 340 m suðaustan við bæinn í Stóra-Knarrarnesi 143:001. Við staðsetningu garðsins var farið eftir upplýsingum um landamerki frá Sveitarfélaginu Vogum.

Þar sem garðurinn var að líkindum er að mestu leyti hraunmói. Ekki er að sjá að tún Stóra-Knarrarness hafi náð svona langt austur en ef til vill er langt síðan þau voru nýttuð og þau kunna að hafa spillst af sjávarágangi og grjóti sem sjórinn hefur borið á land. Skammt frá sjávarkampinum eru íbúðarhús í byggingu.

Ekki sást til minja um garðinn á vettvangi er líklegasta skýringin að hann hafi verið rifinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 1

GK-145:016 *Sjávarstígurinn* heimild um leið 64°00.502N 22°19.323V

"Heiman frá bæ lá Sjávarstígurinn niður á Kampinn," segir í örnefnaskrá.

Sjávarstígurinn lá um tún sem komið er í órækt.

Ekki sést um minja um leiðina vegna gróðurs en mögulega er hann horfinn vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2

GK-145:017 *Breiðagerðisgata* heimild um leið

64°00.470N 22°19.175V

"Breiðagerðisgata lá frá bæ upp á Þjóðveginn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti lá leiðin frá bæ til ASA út úr túninu. Nýlegur troðningur er þar sem leiðin lá að líkindum og sést hann um 50 m suðaustur af bæ 001.

Leiðin lá sennilega þar sem mjó landræma hefur fengið að halda sér á milli sumarhúsaloða. Nýlegur troðningur liggur frá malarvegi sem er fast austan við bæjarhól 001 í grasi grónu túni. Þegar komið er út úr túninu heldur troðningurinn áfram upp hraunmóann á milli sumarbústaðaloða.

Ekki sjást skýrar götur eða ummerki um gömlu leiðina aðrar en troðningurinn sem sýnir að leiðin er enn notuð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2




Breiðagerðisgata 017, horft til suðausturs

GK-145:018 *Litlistekkur* tóft stekkur 63°59.952N 22°18.754V

"Þar var í Heiðinni Litlistekkur og Breiðagerðisskjólgarður [019]," segir í örnefnaskrá. "Fyrir ofan og austan Borg [143:034] er stekkur sem heitir Litlistekkur," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Litlistekkur er um 1,1 km suðaustan við bæ 001.

Stekkurinn er norðaustan undir allháum, grónum hraunhól, ofarlega í heiðinni. Dálitill grösugur kragi er umhverfis stekkurinn og hólinn.

Svo virðist sem tvö byggingarstig séu í Litlastekk. Tvískipt grjóthlaðin stekkjartóft, B, virðist vera hlaðin inn í eldri gróna tóft, A, sem er um 9x6 m að stærð og snýr SSA-NNV. Í SSA-enda eldri tóftarinnar er eitt nokkuð skýrt en gróið hól sem er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á því. Tóft B er hlaðin inn í aðalrými tóftar A. Inngangur í tóft A virðist vera í norðurhorni. Mesta hæð veggja er um 1 m í SSA-enda. Tóft B er um 5x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á norðvesturgafli. Hólf I er um 2x3 m að



Litlistekkur 018, horft til suðausturs

innanmáli og snýr eins og tóft. Hólf II er um 1x3 m að innanmáli og er samsíða hólf I. Opíð er á milli hólfa í norðvesturenda

tóftarinnar. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 3 umför hleðslu.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2; Örnefni og gönguleiðir, 46

GK-145:019 Breiðagerðisskjólgarður hleðsla fjárskýli 63°59.692N 22°18.141V



Breiðagerðisskjólgarður 019, horft til austurs



"Þar var í Heiðinni Litlistekkur [018] og Breiðagerðisskjólgarður," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Austur af Nyrðri-Geldingahól er langur klapparhryggur og á honum eru leifar af krossgarði (skjólgarði) fyrir fé. Garðurinn heitir Breiðagerðisskjólgarður og sést hann nokkuð vel af Reykjanesbraut sem löng grjótpúst á holti." Skjólgarðurinn er um 1,7 km suðaustan við bæ 001.

Skjólgarðurinn er á háum hól sunnarlega á holti í hraunklapparmóa. Fremur lítill gróður er á þessum slóðum. Landið lækkar til suðurs niður af holtinu og sést vel af því að Reykjanesbraut.

Grjóthlaðinn skjólgarðurinn er um 11x11 m að stærð. Hleðslan er hrunin og er mesta veggjastreidd um 2 m og mesta hæð um 0,5 m. Mest sjást 2 umför hleðslu. Hleðslan myndar kross og snýr annar armur hans norður-suður en hinn austur-vestur. Lítilfjörleg varða er um 20 m austan við skjólgarðinn en hún virðist vera mjög nýleg og er því ekki skráð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2; SG: Örnefni og gönguleiðir, 46

GK-145:020 bæjarstæði bústaður

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Þurrabúð 1. Þar bjuggu Hafliði Hallsson, f 1862 og kona hans ..." Ekki er vitað hvar þetta býli var og ekki reyndist unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 293

GK-145:021 bæjarstæði bústaður

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Þurrabúð 2. Þar bjuggu Sumarliði Matthíasson, f. 141 og kona hans, Þorbjörg Ólafsdóttir ..." Ekki er vitað hvar þetta býli var og ekki reyndist unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 293

GK-145:022 varða samgöngubót
64°00.253N 22°19.228V

"Rétt fyrir ofan syðstu sumarbústaðina í Breiðagerði er nokkuð áberandi varða og fast neðan hennar komum við á Hestaslóðina [641:016] sem svo var nefnd," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Varðan er um 440 m sunnan við bæ 001.

Varðan er á fremur lágu holti í hraunmóa sem er að hluta gróinn. Þó er allhátt niður af því til vesturs og norðurs.

Varðan er ferköntuð í grunninn, er um 1 m á kant. Hún er um 1,5 m á hæð og sjást 8 umför hleðslu í henni. Hún hefur líklega verið endurhlaðin að hluta. Líklegt er að varðan hafi vísað á Almenningsveginn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 40




Varða 022, horft til austurs

GK-145:023 tóft



Tóft 023, horft til suðvesturs

64°00.261N 22°19.269V



Lítill tóft er um 425 m sunnan við bæ 001.

Tóftin er suðvestan undir klapparholti. Til suðvesturs frá henni er flatlendur og grasgefinn mói.

Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 2x2 m að stærð og er full af grjóti. Ekki sést op á henni. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m og sjást 2 umför. Hlutverk tóftarinnar er óljóst.

Hættumat: engin hættu


GK-145:024 tóft útihús

64°00.501N 22°19.238V

Lítill tóft er um 30 m austan við bæ 001, fast vestan við malarveg sem liggur að sumar- og heilsársbústöðum í grenndinni.

Tóftin er í gamla heimatúninu sem komið er í órækt og er sem áður segir fast við malarveg.

Tóftin er einföld og líklega grjóthlaðin en hún er mjög gróin og ekki sést fjöldi umfara en þó að grjót sjáist í



veggjum á stöku stað. Hún er um 4x4 m að stærð og er mesta hleðsluhæð um 0,6 m. Ekki er veggur fyrir austurhlíð og kann hann að hafa raskast eða verið rifinn við vegagerð. Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1919 og líklegt að hún sé yngri en það. Hlutverk þess er óþekkt en miklar líkur eru á því að hún sé af útihúsi.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:025 brunnur brunnur

64°00.501N 22°19.276V

Grjóthlaðinn brunnur er um 20 m norðan við bæ 001.

Brunnurinn er norðvestan undir bæjarhól 001, við norðausturenda hans þar sem hann er hæstur. Brunnurinn er í lægð í túninu og norðan við hann er nokkurt deiglendi.

Hólmgrímur Rósenbergsson, heimildamaður, greindi frá því að hann hefði byrgt brunninn fyrir um 30 árum með bárujárni og er það enn á sínum stað. Ekki sést því ofan í brunninn en hann var að sögn heill þegar hann var byrgður en ekki fengust frekari upplýsingar um gerð hans eða aldur. Brunnurinn er líklega 2x2 m að stærð en umfang hans sést ekki glögg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-145:026 garðlag kálgarður

64°00.508N 22°19.246V

Ógreinilegt garðlag er fast norðaustan við bæjarhól 001.

Garðlagið liggur á milli bæjarhóls og lítils gróins hóls í túninu.

Garðlagið er gróið og útflatt, er um 1 m á breidd, 0,3 m á hæð og um 9 m langt. Það snýr norðaustur-suðvestur. Líklegt er að það tilheyri kálgarði sem sýndur er norðaustan við bæ 001 á túnakorti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:027 frásögn

Heimildamaður, Hólmgrímur Rósenbergsson, greindi frá því að ýmis mannvirki sem tengdust úterð hefðu verið á



Tóft 024, horft til vesturs



Byrgður brunnur 025, horft til vesturs



Garðlag 026, horft til suðvesturs

64°00.521N 22°19.357V

klappartanga norðvestur af bæ 001. Allt er það nú horfið vegna ágangs sjávar. Þar sést þó enn rudd vör 036. Tanginn er um 95 m norðvestan við bæ 001.

Tanginn sem minjarnar voru á er gróðurlaus. Vestan við hann er grýtt klapparfjara og dálítið af ljósum sandi í henni.

Hættumat: engin hætta

GK-145:028 gryfja kálgarður



Kálgarður 028, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var gerði, líklega kálgarður, fast við leið 017 um 60 m suðaustan við bæ 001. Hann sést nú sem dæld inni á sumarbústaðarlóð.

Dældin er fast við vírgirðingu í jaðri sumarhúsaloðar. Hún er í gamla heimatúninu sem komið er í órækt og trjágróður er víða farinn að vaxa í henni og umhverfis hana. Við suðausturenda dældarinnar er grasi gróið hús sem er samt fremur nýleg bygging og telst ekki til fornleifa. Gæti verið geymsluskúr.

Dældin er um 10x4,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Mesta dýpt er um 0,5 m og virðast kantar vera hlaðnir, a.m.k. norðaustur- og suðausturveggir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-145:029 þúst
64°00.484N 22°19.203V

Hólmgírmur Rósenbergsson, heimildamaður, greindi frá því að kona sem tengd var síðustu ábúendum á jörðinni hafi talið að mannvistarleifar væru í hól í austurhluta heimatúnsins. Hóllinn er um 50 m suðaustan við bæ 001.

Hóllinn er í túni sem komið er í órækt. Fast norðaustan við hann er grindverk og trjábeð sem tilheyrir einbýlishúsaloð.

Hóllinn er um 10x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 1 m á hæð. Hóllinn er nokkuð flatur að ofan og dekkri gróður vex í norðausturenda hans þar sem líklegt er að mannvistarleifar sé að finna undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Þúst 029, horft til norðausturs

GK-145:030 þúst

64°00.428N 22°19.460V

Stór hóll sem líkist rústahól er um 200 m vestan við bæ 001 skammt sunnan við sjávarkamp.

Hóllinn er í móa utan túns en fast norðan við og innan garðlags 031. Hóllinn er rétt vestan við sumarhúsaloð. Mikið stórgryti er sunnan við hóllinn á lágum hól sem liggur að garðlagi 031.



Hóllinn er grasi vaxinn, um 2 m á hæð og brattur nema til norðurs þar sem hann er nokkuð aflíðandi. Hóllinn er um 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hann mjókkar litillega upp og er nokkuð flatur að ofan. Ekki sjást skýrir veggir en hleðsluleifar má sjá neðarlega í vesturhlið hólsins (þústarinnar).

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-145:031 garðlag vörslugarður
64°00.419N 22°19.466V

Ógreinilegt garðlag sést 15 m sunnan við þúst 030 og 190 m suðvestan við bæ 001. Samkvæmt landamerkjum frá Sveitarfélaginu Vogum nær þessi garður yfir í land Stóra-Knararness GK-143.

Garðlagið liggur að hluta í óræktuðum móa og að hluta innan sumarbústaðarlóðar.

Garðlagið sést á um 63 m löngum kafla.

Garðurinn er niðurfalinn og hefur verið rifinn á kafla. Mesta hæð er 0,4 m og sjást 2 umför hleðslu. Líklegt er að þessi garður hafi tengst Heiðargarði 143:020 sem sést um 70 m vestar. Hann hefur þá verið rifinn að stórum hluta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-145:032 gerði kálgarður
64°00.420N 22°19.099V

Grjóthlaðið gerði er um 190 m suðaustan við bæ 001, á milli sumarhúsabyggðar og vegar um sveitina.

Gerðið er í tiltölulega grónum og flatlendum móa en er að hluta hlaðið upp á hólbrún.

Gerðið er um 15x22 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru fallnar og eru hæstar um 0,4 m, mest sjást 2 umför. Að öllum líkindum er þetta kálgarður.

Hættumat: engin hætta



Þúst 030, horft til suðurs



Garðlag 031, horft til austurs



Kálgarður 032, horft til vesturs

GK-145:033 gata leið

63°58.015N 22°16.126V

Mjó gata sést um 210 m suðaustan við Knararnessel 035 og um 5,5 km suðaustan við bæ 001.

Gatan liggur um grýttan hraunmóa.

Gatan sést á um 32 m löngum kafla og liggur norðvestur-suðaustur. Hún er gróin og er aðeins um 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Ekki er ljóst hvert þessi leið liggur en líklegt er að hún hafi legið frá Knararnesseli og áfram upp í heiðina.

Hættumat: engin hætta

GK-145:034 varða samgöngubót
63°58.178N 22°16.373V

Tvær fremur lítilfjörlegar vörður eru um 65 m norðvestan við Knararnessel 035 og um 4,9 km suðaustan við bæ 001.

Vörðurnar eru í hraunmóa norðvestan við gróið selið.

Vörðurnar eru á svæði sem er um 30x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda svæðisins er varða A. Hún er um 0,5 m í þvermál og 0,4 m á hæð. 3 umför sjást í hleðslunni. Varða B er um 28 m norðvestan við vörðu A. Hún er um 1 m á kant og um 0,6 m á hæð. Í henni sjást 3 umför hleðslu. Líklega vísa vörðurnar á selið og eru því samgöngubót.

Hættumat: engin hætta



Gata 033, horft til norðvesturs




Á vinstri mynd er varða 034A, horft til suðurs. Á hægri mynd er varða 034B, horft til austurs

GK-145:035 Knararnessel/Knarrarnes tóftaþyrping sel 63°58.139N 22°16.294V
sel

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstaða þar sem heitir Knararness sel; eru hagar litlir mjög, en vatnsskortur til stórmeina, so að selstöðuna hafa menn næsta því forláið, og kaupir bóndinn nokkrum sinnum selstöðu í fjarlægð." "Þarna voru í eina tíð, og sjást rústir enn, þrjú sel. Fyrst Stóra-Knararnessel, Litla-Knararnessel og Ásláksstaðasel," segir í örnefnaskrá. Í Knararnesseli áttu þrjú lögbýli sel og enn sjást greinilega þrjú selstæði. Selið er um 5,2 km suðaustan við Knararnes stærra 143:001 og um 5 km suðaustan við Breiðagerði 001. Samkvæmt landamerkjum frá Sveitarfélaginu Vogum er meirihluti tóftanna í selinu í landi Breiðagerðis og því er það skráð undir Breiðagerði þó að sá bær hafi ekki átt selstöðu í selinu svo vitað sé.

Selið er hátt uppi í heiðinni í grónu hrauni. Lágir hólur aðskilja selstæðin sem eru þrjú sýnileg. Grösuget er á selstæðinu og virðist rof ekki ógna því. Stórhýft er á svæðinu.

Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Knararnessel er framundan en það liggur nokkurn spöl ofan Klifgjár og þar er flatlendast miðað við önnur selstæði í heiðinni. Selstígurinn [143:024] er ekki augljós frá Klifgjánni en frá jarðbrúnni yfir hana sveigjum við aðeins til hægri og komum að Leirflagsvatnsstæðinu [143:032] en í það safnast vatn í rigningartíð. [...] Selstæðið er stórt með mörgum tóftum enda höfðu líklega flestir bæir í Knararnesshverfi selstöðu þarna og í heimildum er getið um Litla Knararnessel og Ásláksstaðasel á þessum stað." Á heimasíðu Ferlis segir: "Selstæðið er stórt með mörgum tóftum. Þar má finna átta slíkar, misjafnlega stórar og margflóknar.



Minjar í Knarrarnesseli 035

Þrjá hlaðna stekki er að sjá í selstöðunni. Fjöldi stekkja benda jafnan til fjölda selja á viðkomandi svæði. Hins vegar má geta þess að stekkir virðast ekki alltaf augljósir. Þannig má ætla að enn einn stekkurinn hafi fylgt austustu tóftunum þremur. Þær eru í grónum krika ofan við hinar tóftirnar. Sjá má móta fyrir hleðslu milli tveggja húsa, en alls eru rýmin í þeim fimm að töl. Tvær tóftanna eru nokkuð heillegar og jafnvel sjá hversu stór rýmin hafa verið. Í nyrstu tóftinni mældust innanrýmin 140x280. Það er svipað hlutfall og í öðrum rýmum annarra tófta, ekki einungis í þessu seli heldur og fleirum. Ein tóftin, sú syðsta í vestanverðri selstöðunni, er greinilega stærst umfangs. Hún hefur verið með fleiri rýmum en hinar, líklega einum fjórum, en það er óalgengt í seljum á Reykjanesskaganum, sem jafnan hefur þrjú slík, þ.e. eldhúsið með sérinngangi og búr og svefnaðstöðu með sameiginlegum inngangi. Því, sem hér er lýst, er einungis ályktun út frá því sem sést á yfirborðinu, en ef grafið yrði í rústirnar gæti ýmislegt annað komið í ljós, s.s. tengsl einstakra rýma innbyrðis. Stekkirnir eru svipaðir að gerð, tvö hólf. Þó má sjá móta fyrir bogadreginni hleðslu við endann á vestasta stekknunum. Hlaðin kví er skammt norðan við selstæðið. Líklega höfðu flestir bæir í Knarrarnesshverfi selstöðu þarna og í heimildum er getið um Litla-Knarrarnessel og Ásláksstaðasel á þessum stað." Selið nær yfir svæði sem er um 115x100 m að stærð og snýr norður-suður. Það skiptist í þrjú svæði og verður hverju þeirra lýst fyrir sig. Svæði 1 er vestast og á því eru fjórar tóftir. Tóft A er stærsta tóftin í öllu selinu. Hún er um 16x14m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í sjö hólf. Í greinilegri hluta tóftarinnar til norðvesturs eru fimm hólf. Inngangur inn í þennan hluta tóftarinnar er úr norðaustri. Um 4 m löng göng eru frá inngangi til suðvesturs í innsta hólfíð, hólf I. Það er um 2,5 x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Framan við það til austurs er hólf III sem er um 2,5x1 m að innanmáli, op er



Á vinstri mynd er tóft 035A, svæði 1, horft til suðausturs. Á hægri mynd er tóft 035B, svæði 1, horft til SSA



Á vinstri mynd er tóft 035C, svæði 1, horft til NNV. Á hægri mynd er tóft 035D, svæði 1, horft til SSV

á því til norðvesturs. Beint á móti því til norðvesturs er hólf II sem er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Op er á því til suðausturs. Norðaustan við hólf III er hólf IV sem er um 2x0,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til norðvesturs. Norðaustan við það er hólf V sem er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðausturs út úr tóftinni, en ekki er gengt úr því í önnur hólf tóftarinnar. Í suðausturenda tóftarinnar eru 2 ógreinileg hólf. Í austurhorni er hólf VI sem er um 2x2 m að innanmáli. Op er á því til suðvesturs. Suðvestan við það er hólf VII sem er um 2x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op virðist vera á því til suðvesturs og suðausturs. Mesta hæð tóftar er um 1,5 m. Hún er gróin en grjót sést á nokkrum stöðum í innanverðum hleðslum. Ekki er þó hægt að greina fjölda umfara. Tóft B er um 6 m ANA við tóft A, fast suðvestan við hólrana. Hún er gróin og einföld. Op er á henni til NNV. Hún er um 4x5 m að stærð, snýr NNV-SSA. Mesta hæð er um 1 m. Tóft C, stekkur, er um 20 m norðvestan við tóft A. Hún er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 5,5x3 m að stærð, snýr SSA-NNV. Hólf I er í SSA-enda tóftar og er um 2x1,5 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hólf II er ógreinilegt og veggir mjög signir. Það er um 1,5x2 m og snýr eins og tóft. Ekki sjást skýr op á hólfunum. Mesta hæð er um 0,4 m og mest sjást 2 umför af hleðslu. Tóft D, stekkur, er um 16 m sunnan við tóft A. Hún er grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 5x3 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hólf I er um 1,5x1,5 að innanmáli, op er á því til NNA. Hólf II er ógreinilegra, er um 2,5x1 m að innanmáli, op er á því til NNA. Mesta hæð er um 0,7 m og sjást 3 umför hleðslu. Ógreinilegt hólf er mögulega SSV við hólf I sem er um 0,5 x1 m að innanmáli, snýr eins og tóft VNV-ASA. Ætla má að þessu seli hafi aðeins tilheyrt einn stekkur en ekki er augljóst hvaða stekkur tilheyrði hvaða seli. Svæði 2 er um 30 m norðaustan við svæði 1. Þar eru fimm mannvirki. Tóft F er í norðausturhorni þessa svæðis. Hún er þrískipt, er um 8x7 m að stærð, snýr norður-suður. Hólf I er í suðvesturhorni tóftarinnar. Það er greinilegast og er um 2x1 m að innanmáli, op er á því til austurs. Fast austan (suðaustan) við það er hólf III. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggir þess eru lágir og gróinir og ekki sést greinilegt op inn í það. Hólf II er fast norðan við



Á vinstri mynd eru tóftir 035E og F, svæði 2, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er tóft 035G, svæði 2, horft til SSV



Á vinstri mynd er tóft 035H, svæði 2, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er dæld 035I, svæði 2, horft til suðvesturs

hólf I. Það er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Veggir þess eru fremur lágir. Aðeins sést í grjóthleðslur í hólfi I og eru hæstu veggir um 1 m, ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Um 2 m vestan við tóft F er tóft E. Hún stendur nokkuð hátt á lágum hól sem kann að vera náttúrulegur að einhverju leyti. Tóftin er tvískipt, er um 6,5x6,5 m að stærð. Hólf I er í austurhluta tóftar sem er L laga. Hólfíð er um 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er úr vestri. Hólf II er fast suðvestan við hólf I, er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Mesta hæð veggja er um 1 m og sjást 2 umför hleðslu. Tóftin er grjóthlaðin en nokkuð gróin. Á hólnum vestan við tóftina er mjög þýft og grýtt undir sverði en ekki er hægt að sjá skýrar útlínur mannvirkja. Líklegt er þó að fleiri mannvirki séu á þessum stað. Tóft G er um 15 m sunnan við tóft E. Hún er orðin nokkuð sigin og stendur lágt. Hún er um 5x6 m að stærð, snýr norður-suður. Tóftin skiptist í 3 hólf að því er virðist. Hólf I er greinilegast. Það er í vesturhluta tóftar og er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til vesturs. Hólf II er í suðausturhorni tóftarinnar. Það er ógreinilegt, er um 0,5 m í þvermál að innanmáli. Op er á því til austurs. Mögulega hefur verið gengt á milli þess og hólfs III en það er óljóst. Hólf III er fast norðan við hólf II og er einnig um 0,5 m í þvermál að innanmáli. Ekki sést skýrt op inn í það. Dálitill sléttaður blettur er fast norðaustan við tóftina. Hann er um 3x3 m að stærð. Tóft H er um 15 m suðaustan við tóft G. Hún er uppi á hólrana. Hún er grjóthlaðin og skiptist í þrjú hólf; tvö skýr hólf og eitt óskýrt. Alls er tóftin um 7,5x6 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hólf I er um 2,5x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, op er á því til suðausturs. Hólf II er í norðurhorni tóftar. Svo virðist sem gengt hafi verið á milli hólfa I og II. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Hólf III er í suðurhorni tóftarinnar. Það hefur gróna veggi og ekki sést í neitt grjót í þeim. Það er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á þessu hólfi. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og mest sjást 3 umför. Um 5 m suðvestan við tóft H er hringlaga dæld I sem er um 6 m í þvermál og 0,2-0,5 m djúp. Mikið þýfi er í dældinni. Hlutverk hennar er óljóst. Tóft J er um 50 m austan við tóft F. Hún er á sléttri klöpp í jaðri selstæðisins, einföld



Á vinstri mynd er tóft 035J, svæði 2, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 035L, svæði 3, horft til VSV



Á vinstri mynd er tóft 035M, svæði 3, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 035N, svæði 3, horft til vesturs

og grjóthlaðin. Tóftin er um 4x3 m að stærð, snýr austur-vestur. Nokkuð skýrt op er í suðvesturhorni en óljóst op er í norðausturhorni, líklega rof. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m og sjást 2 umför. Tóft G á svæði 2 er greinilega mun eldri en önnur mannvirki á svæðinu, a.m.k. tóftir E og F. Ef til vill hefur selið verið endurbyggt á nýjum stað innan sama seltúns. Hlutverk tóftar J er óljóst. Ekki er ólíklegt að hlutverk hennar hafi verið stekkur og sem var ef til vill hlaðinn þegar selið var endurbyggt. Hún er hins vegar einföld ólíkt hinum stekkjunum á svæðinu. Á svæði 3 eru þrjár tóftir og ein varða. Varða K er í VSV-enda svæðisins. Hún er um 1x0,5 m að grunnfleti og um 0,5 m á hæð. Hún snýr austur-vestur. Í henni sjást fjögur umför hleðslu. Tóft L er í ANA-enda svæðisins. Hún er á lágum hól í nokkuð stóru og flatlendu seltúni. Tóftin er grjóthlaðin en gróin og skiptist í tvö hólf. Hún er L laga, er um 6x5 m að stærð og snýr VSV-ANA. Hólf I er um 3x1 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Op er á því til ANA. Hólf II er um 2x1 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op er á því til NNV. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1m og sjást 3 umför hleðslu í innanverðum veggjum. Um 4 m VSV við tóft L er tóft M. Hún er reyndar tvær tóftir en á milli þeirra er grjóthleðsla sem tengir þær saman og því eru þær skráðar saman. Alls eru tóftirnar á svæði sem er um 10x10 m að stærð. Austast á svæðinu er tóft sem er 5x5 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Tóftin er gróin en þó sést í einn stein við inngang í hana sem er úr norðri. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til norðurs. Hólf II er afar óljóst, er um 1x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til austurs. Fast vestan við tóftina er dálítil þúst sem er um 3x3 m að stærð og um 0,2 m á hæð. Mögulega eru mannvistarleifar þar undir sverði. Frá norðvesturhorni þessarar tóftar liggur um 4 m löng grjóthleðsla að annarri tóft sem er um 4x4,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er einföld og op er á henni til ANA. Aðeins sést glitta í grjót á einum stað í tóftinni en annars er hún gróin. Mesta veggjahæð í tóftinni er um 1 m. Að lokum er ógreinileg tóft N um 2 m sunnan við tóft M, norðaustan undir lítilli brekku. Tóftin er gróin og einföld. Hún er um 3x2 m að stærð, snýr ANA-VSV. Inngangur í tóftina úr ANA er skýr en mjór. Mesta hæð hennar er um 0,5 m. Tóftir M og N eru mun fornlegri en tóft L og svo virðist sem selið hafi verið endurbyggt á nýjum stað innan sama selstæðis. Ekki er skráður stekkur innan þessa svæðis en líklegast er að stekkir D eða H hafi tilheyrt þessu seli. Ekki hafa fundist heimildir um það hvaða bær átti hvaða selstæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM III, 130-135; Ö-Knarrarnes, 4; SG: Örnefni og gönguleiðir, 90; <http://www.ferlir.is/?id=4366>

GK-145:036 renna lending

64°00.522N 22°19.367V

Í fjörunni vestan við tangann þar sem útgerðarmannvirki 027 stóðu er rudd vör, um 100 m norðvestan við bæ 001.

Vörin er í grýttri klapparfjöru og er dálítið af ljósum sandi í henni.

Vörin er um 20x6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Grjóti hefur verið hlaðið við suðvesturbrún hennar.


Hættumat: hætta, vegna landbrots



Lending 036, horft til norðvesturs

GK-145:037 tóftir útihús

64°00.454N 22°19.216V



Tóftir og þúst 037



Meintur brunnur 037C, horft til suðausturs



Á vinstri mynd er tóft 037A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 037B, horft til austurs

Tóft, lítið gerði og meintur brunnur eru um 80 m suðaustan við bæ 001.


Minjarnar eru í jaðri gamla heimatúnsins sem er nú inni á lóð sumarhúss. Til suðausturs er gróinn en grýttur mói. Á svæði sem er um 20x14 m að stærð og snýr nálega norður-suður eru umrædd tóft, gerði og meintur brunnur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftin A er í suðvesturhorni svæðisins. Hún er um 3x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þúst er þétt upp að tóftinni til suðvesturs og kann þar að hafa verið annað hólfi í tóftinni. Þústin er um 3x6 m að stærð og snýr eins og tóftin. Saman eru því tóftin og þústin um 6x6 m að stærð.

Mesta hæð er um 0,5 m. Ekki sést í hleðslur nema lítillaga við inngang á norðvesturgafli. Þar eru 2 stór laus björg sem sett hafa verið þar nýlega. Tóftin er samansigin og gróin. Um 8 m norðaustan við tóftina er nýlega hlaðið gerði B og er trjágróður innan þess. Það er um 7x4 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Nokkuð grónar og fornlegar hleðslur eru í austurenda gerðisins en þar er lítið hólf innan þess sem er um 1x1 m að stærð. Það er fullt af grjóti sem gróið hefur yfir. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Mest sjást 3 umför hleðslu. Meintur brunnur C er um 85 m sunnan við bæ 001. Hann er um 4 m suðaustan við tóft A, norðvestan við gróið stórgrýti. Hann er fullur af grjóti, er um 1 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-145:038 tóft skotbyrgi

63°57.681N 22°15.525V



Skotbyrgi 038, horft til suðvesturs

Grjóthlaðið skotbyrgi er um 470 m norðaustan við byrgi 140:057 og um 6 km suðaustan við bæ 001.

Byrgið er í mosavaxinni hraunheiði.

Tóftin er grjóthlaðin, einföld og er um 3x2,5 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Op er á henni til norðausturs. Veggjahleðslur eru óvandaðar og eru hæstar um 0,6 m, í þeim sjást 2-3 umför.

Hættumat: engin hætta

GK-145:039 heimild um kálgarð

64°00.491N 22°19.297V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast vestan við bæ 001.

Kálgarðurinn var í litlu túni sem komið er í órækt.

Ekki sést til minja um kálgarðinn og er sennilegast að hann hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:040 heimild um kálgarð

64°00.498N 22°19.279V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast norðan við bæ 001.

Kálgarðurinn var í litlu túni sem komið er í órækt.

Ekki sést til minja um kálgarðinn og er sennilegast að hann hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-145:041 heimild um leið

64°00.480N 22°19.326V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá bæ 001 í átt að sjó til suðvesturs.

Leiðin lá um tún sem komið er í órækt.

Engin ummerki um leiðina sjást lengur í túninu og ekki er ljóst hvert leiðin lá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158 Vatnsleysa minni

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 149. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 115. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 4 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26.

1703 er ein eyðihjáleiga, Búð 016, og tómthús 017 í eyði. JÁM III, 151. Grund 022 hét hjáleiga norðan bæjar, Miðengi 023 var einnig hjáleiga, í byggð á 19. öld og fram til um 1916. Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5. Einnig var kotbýli nefnt Krókur 013. Ö-Vatnsleysa AG, 1.

Á Vatnsleysu minni bjó oft mikill fjöldi vermannna á vertíð.

1703: "Túnin fordjarfast merkilega af sands og sjáfar ágangi, ítem leir og vatnsrásur af landi ofan. Engjar eru öngvar. Útihagar lakir um sumur, um vetur nær öngvir nema lítið af fjöru." JÁM III, 151. 1919: Tún 4,5 teigar, garðar 2200m² samkvæmt túnakorti.

GK-158:001 Vatnsleysa minni bæjarhóll bústaður 64°01.319N 22°13.155V



Horft að bæjarstæði Minni-Vatnsleysu 001 til suðvesturs

Árið 1953 keypti Þorvaldur Guðmundsson Vatnsleysu minni og reisti hann þar stórt svínabú sem enn er í rekstri. Gamli bærinn í Minni-Vatnsleysu stóð á svipuðum stað og starfsmannabústaður á vinstri hönd þegar ekið er inn á athafnasvæði svínabúsins. Nýtt hús var byggt á bæjarstæðinu árið 1941 en það hús var rífið árið 1978 og nýtt hús byggt fyrir starfsmenn svínabúsins litlu vestar. Þorvaldur Guðmundsson lét gera stytta til minningar um þá sem sóttu sjóinn og stendur hún um 35 m austan við starfsmannabústaðinn.

Bærinn á Minni-Vatnsleysu stóð þar sem nú er sléttuð grasflöt fast vestan við litlar klappir en á annarri þeirra er áður nefnd stytta. Vestan við bæjarstæðið er nýlegt íbúðarhús sem byggt var 1978. Á nær öllu gamla heimatúninu eru byggingar í tengslum við svínabú. Brekka er niður af bæjarstæði til norðurs þar sem leifar af kálgarði 005 sjást enn. Jarðvegi og byggingaleifum hefur verið rutt niður brekkuna og sést þar mikið grjót neðst í brekkunni.

Ekki er sýnilegur bæjarhóll þar sem bærinn var og kann honum að hafa verið ýtt út við framkvæmdir um og eftir miðbik 20. aldar, ef hann hefur á annað borð verið til staðar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 350; Túnakort 1919

GK-158:002 heimild um 64°01.307N 22°13.124V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór þró 30-40 m suðaustan við bæ 001.

Þróin var á milli klappar í túninu og húss 003.

Ekki sjást ummerki um þróna en hún hefur líklega verið fyllt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:003 hús útihús

64°01.301N 22°13.121V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stórt útihús um 50 m suðaustan við bæ 001. Stórt hús með steinhlöðnum kjallara er á þessum stað og eru líkur til þess að það sé í grunninn sama hús og sýnt er á túnakorti en það snýr eins og húsið á túnakortinu og er svipað að stærð. Líklegt er að þetta hafi verið útihús en ekkert er vitað nánar um hlutverk þess.

Húsið er í lítillsháttar halla til austurs. Malbikaður vegur liggur meðfram því og austan við það eru hús sem tengjast svínabúinu.



Húsið er um 9x6 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Kjallari hússins er hlaðinn og er steinlím í hleðslum. Hleðslan er 1,5 m á hæð og sjást 8 umför. Ofan við kjallarann eru steyptrir veggir með bárujárnsklæðningu. Tvennar dyr eru á norðvesturgafli, annars vegar í kjallara og hins vegar á efri hæð. Frá kjallaradyrum liggur bogadregin kanthleðsla til suðurs. Hún er um 4 m á lengd og er 1 m á hæð. 4 umför sjást. Húsið er um 4 m á hæð frá kjallara upp í mæni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Hús 003, horft til suðausturs

GK-158:004 heimild um útihús

64°01.333N 22°13.139V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið útihús um 20 m vestan við bæ 001.

Sléttuð grasflöt, á brekkubrún.

Ekki sést til minja um útihúsið en líklegt er að það hafi horfið vegna niðurriks eða sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:005 garðlag útihús

64°01.333N 22°13.152V



Vesturveggur kálgarðs sem var áfastur útihúsi 005, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús með áföstum kálgarði um 10 m norðaustan við bæ 001. Leifar af kálgarðinum sjást vel en útihúsið er horfið.

Leifar af kálgarði sjást við brekkurætur norðan við bæjarhól 001. Á milli hennar og klapparfjöru er allflatlent svæði. Rask hefur orðið vegna landbrots og vegna þess að byggingarefni og jarðvegi hefur verið ýtt niður brekkuna.

Vesturveggur kálgarðs sést. Hann er grjóthlaðinn og er um 30 m langur, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru hrundar og er veggurinn um 1,5 m á breidd. Mesta hleðsluhæð innanmáls er um 1 m og mest sjást 3 umför. Aðrir hlutar kálgarðs og útihúsið hafa líklega horfið vegna niðurriks eða sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:006 heimild um útihús

64°01.330N 22°13.163V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró fast NNA við bæ 001.

Þróin var þar sem nú er grasi vaxið flatlendi fast sunnan við norðurvegg kálgarðs 032.

Ekki sést til þróarinnar en líklegt er að hún sé horfin vegna fyllingar eða bygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:007 heimild um útihús

64°01.310N 22°13.139V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stórt tvískipt útihús 20-25 m sunnan við bæ 001.

Útihúsið var á flatlendu svæði fast vestan við klöpp þar sem beygja er á vegi að svínabúinu.

Útihúsið er horfið og hefur það að líkindum verið rífið eða horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:008 heimild um brunn

64°01.325N 22°13.062V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur með tröppum 70-80 m austan við bæ 001. Í örnefnaskrá Minni- og Stóru-Vatnsleysu eru þrjár nafngreindir brunnar í Norðurtúni: Danskur 026, Hólabrunnur 033 og

Minni-Vatnsleysubrunnur 018. Ekki er vitað hverjir af þessum brunnnum eru teiknaðir inn á túnakortið en líklegt er að einhver þeirra eigi við um þann brunn sem hér er skráður.

Brunnurinn var þar sem byggingar svínabúsins eru.


Ekki sést til brunnsins og eru byggingar að öllum líkindum ofan á honum. Líklegt er að hann hafi eyðilagst við byggingaframkvæmdir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:009 garðlag túngarður


64°01.220N 22°13.216V



púst 009D, horft til suðvesturs



Tóft 009B, horft til norðurs



Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hlaðinn túngarður meðfram vestur-, norðurhliðum túnsins og austurhlið að hálfu leyti. Á austurhlið túnsins var sjóvarnargarður 014 frá brunni 012 að merkjum móti Stóru-Vatnsleysu. Garðurinn sem afmarkar tún Minni-Vatnsleysu til suðurs er jafnframt merkjagarður og nefnist Þrældómur (sjá 159:104). Í örnefnaskrá segir: "Grjótgarður liggur um tún Minni-Vatnsleysu næstum allt." Túngarðurinn sést meðfram vesturhlið gamla heimatúnsins og að litlu leyti meðfram austurhlið þess. Á innanverðum garði á vesturhlið er tóft áföst honum um 190 m SSV við bæ 001. Þúst er áföst utanverðum garðinum á austurhlið túnsins. Mannvirki eru sýnd á báðum þessum stöðum á túnakortinu.

Túngarðurinn meðfram vesturhlið túnsins er á mörkum túns

og hraunmóa. Svæðið er beitt utan og innan garðs af hestum. Fast norðan við tóflina sem er áföst garðinum þar er vegur sem liggur um athafnasvæði svinabúsins. Túngarðurinn meðfram austurhlíð túnsins og áföst tóft á þeim hluta eru á sjávarkambi fast austan við háan kant sem myndast hefur við það að jarðvegi og byggingarefni hefur verið ýtt fram við byggingaframkvæmdir.

Túngarðurinn sést á svæði sem er um 430x190 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Garðurinn meðfram vesturhlíð túnsins A er víðast hruninn og er hann um 2 m breiður þar sem hann er breiðastur. Hæstur er hann um 1,3 m og mest sjást 5-6 umför. Tóft B sem er áföst innanverðum garði A er gróin að hluta, grjóthlaðin og tvískipt. Hún er um 8x6 m að stærð að túngarði meðtöldum, snýr norður-suður. Í nyrðri enda tóftarinnar er hólfi I sem er um 3x1 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Inngangur inn í það er á austurhlíð. Sunnan við hólfi I er hólfi II. Það er um 1,3x3 m að innanmáli. Ekki er skýrt op á því en austurveggur er lágur og er líklegt að þar hafi verið op inn í hólfið. Þrjú umför hleðslu sjást í innanverðum veggjum en mesta hæð tóftar er um 0,6 m. Á austurhlíð túnsins sjást garðhleðslur C á um 65 m löngum kafla. Litlu suðvestan við miðjan garðinn er þúst D. Þústin er um 7x3 m að stærð og snýr ASA-VNV. Í þústinni sjást grjóthleðslur. Mesta hæð þústarinnar er um 0,5 m og sjást 3 umför í henni. Um 2,5 m VNV við ASA enda þústarinnar er gróin gróf sem er um 0,5 m á breidd og 0,3 m á dýpt. ASA-endinn er mun grónari en VNV-endinn. Grófin er í sömu línu og garður C sem er sambyggður tóftinni. Garðurinn er nú kantur því fyllst hefur að honum. Hann er gróinn, mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 4 umför.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 3

GK-158:010 heimild um útihús

64°01.283N 22°13.039V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var afar stórt og margskipt útihús um 110 m suðaustan við bæ 001 og um 110 m norðan við tóft 009. Útihús þetta hefur að öllum líkindum tengst útræðinu frá Minni-Vatnsleysu.

Vegur um athafnasvæði svinabúsins liggur á sama eða svipuðum stað og húsið stóð á. Neðan vegarins til austurs er grýtt klapparfjara.

Engin ummerki um húsið sjást lengur og hefur það líklega horfið vegna niðurrifs eða vegagerðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:011 hleðsla

64°01.276N 22°13.036V




Hleðsla 011, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór þró um 120 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m SSV við útihús 010. Líklega hefur þetta verið slorfor og í hana hefur úrgangi frá fiskverkun verið safnað. Hleðsluleifar á klöpp sjást enn á þessum stað og er líklegt að þær hafi tilheyrt þessu mannvirki.

Minjarnar eru á sjávarbakka sem hallar til austurs niður í klapparfjöru. Sunnan við minjarnar hefur sjórinn gengið langt inn í bakkann og hefur stórgrýti verið hlaðið þar til varnar. Eins er sjávarrof norðan við minjarnar. Vestan við minjarnar, uppi á brún sjávarbakkans er malarvegur.

Hleðsluleifar sjást á svæði sem er um 3x4 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð er um 1 m og sjást 2 umför. Þó er hleðslan að mestu leyti hrunin og er gróin að ofanverðu.



Hleðsla 011

Sjórinn étur jarðveginn undan henni og er hún því í stórhættu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:012 heimild um brunn 64°01.263N 22°13.043V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur 140-150 m SSA við bæ 001 og um 70 m norðan við tóft sem er áföst sjóvarnargarði 014. Í örnefnaskrá Minni- og Stóru-Vatnsleysu eru þrír nafngreindir brunnar í Norðurtúni: Danskur 026, Hólabrunnur 033 og Minni-Vatnsleysubrunnur 018. Ekki er vitað hverjir af þessum brunnum eru teiknaðir inn á túnakortið en líklegt er að einhver þessara örnefna eigi við um þann brunn sem hér er skráður.

Brunnurinn er líklega undir malarvegi sem liggur um athafnasvæði svínabúsins, nærri sjávarbakkanum.

Ekki sést til minja um brunnin og hefur hann horfið við vegagerðina en mögulegt er að hann hafi verið horfinn áður vegna fyllingar eða af öðrum ástæðum. Ekki er útilokað að leifar af brunnum séu enn til staðar undir veginum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:013 *Krókur* bæjarstæði býli 64°01.147N 22°13.226V

"Þar upp í krók er mói, sem heitir Krókmói, þar var stöðull [159:084] frá Stóru-Vatnsleysu, þar var kot sem hét Krókur, nú orðið að túni ..." segir í örnefnaskrá AG. Í annarri örnefnaskrá segir: "Uppi hér í Suðurtúni var Krókur og stóð í Króksmóa, sem nú hefur verið ræktaður." Í enn einni örnefnaskránni segir: "Efst í suðvesturtúnhorni Minni-Vatnsleysu var kot, sem Krókur hét. Þar var túnið þýfður mói, sem hét Krókamói. Mói þessi var sléttaður fyrir allmörgum árum." Af lýsingunum að dæma var Krókur í túni utan gamla heimatúnsins, um 325 m SSV við bæ 001.

Býlið var þar sem tún hefur verið ræktað innan um klappir.

Nákvæmt staðsetning býlisins er ókunn. Engin ummerki um býlið sjást á yfirborði en á klöppunum í þessum hluta túnsins hefur miklu magni af grjóti verið hlaðið við túnasléttun. Ætla má að eitthvað af þessu grjóti hafi komið úr byggingum sem tilheyrðu býlinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa AG, 1; Ö Vatnsleysa, 6; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5

GK-158:014 garðlag varnargarður 64°01.204N 22°12.989V



Á vinstri mynd er tóft 014B, horft til norðausturs. Á hægri mynd er varnargarður 014A, horft til norðvesturs

Sjóvarnargarður liggur meðfram ströndinni frá merkjum móti Stóru-Vatnsleysu til norðurs að brunni 012. Tóft og fleiri minjar sem líklega tengjast sjósókn frá Miðengi 023 er sambyggð garðinum innanverðum og er um 50 m norðaustan við húsgrunn 023A í Miðengi og 210 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á mörkum milli túns og grýttar klapparfjöru.

Minjarnar eru á svæði sem er um 140x10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í lýsingunni sem fylgir fær hvert mannvirki bókstaf til aðgreiningar. Sjóvarnargarðurinn A sést á um 140 m löngum kafla og snýr NNV-SSA. Garðurinn er grjóthlaðinn, víðast hruninn og sumstaðar horfinn. Hann er hæstur um 1 m og sjást mest 4 umför. Tóft B er byggð upp við garðinn u.þ.b. á honum miðjum. Hún er grjóthlaðin, um 7x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðið fyrir suðvesturhlíð tóftarinnar og hefur líklega verið timburpil á þeirri hlið og inngangur. Nokkuð hefur hrunið inn í tóftina af grjóti og í hana hefur verið sett gamalt timbur og fleira drasl. Í hleðslum sést á köflum glitta í leifar af steinlími. Mesta hæð tóftar er um 1,3 m og sjást mest 6 umför í hleðslum. Út

frá austurhorni tóftar gengur tveggja metra löng hleðsla til suðausturs sem er nánast útflött en sést þegar norðausturhlíð tóftar er skoðuð. Hér gæti verið um leifar af röskuðum hluta tóftar að ræða eða eldra byggingarstig. Fast suðaustan við tóftina, og fast suðvestan við sjóvarnargarðinn, er grjóthlaðinn grunnur C. Hann er um 2,5x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslurnar eru jarðlægar, um 0,2 m á hæð. Líklegt er að á þessum grunni hafi verið timburhjallur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-158:015 heimild um sjóbúð

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Þar voru verbúðir öngvar og eru heldur en nú ekki ... Hefur þetta varað yfir sextíu ár, annars þykist ein gamall maður heyrta hafa sína forfeður segja að í úngdæmi þeirra hafi hjer kóngsbúð verið ..." Ekki er vitað hvar kóngsbúð var og engar minjar fundust á vettvangi sem gefa staðsetningu hennar til kynna. Því reyndist ekki unnt að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju.

Líklegt er að þessar minjar séu horfnar vegna landbrots.

Heimildir: JÁM III, 150

GK-158:016 *Búð* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga ein hefur hjer til forna verið kölluð Búð; hefur í fjögur ár í eyði legið. ... Nú er grasnauti lögð til heimajarðarinnar og þykjast ábúendur að skaðlausu ei missa mega." Staðsetning býlisins Búðar er ókunn en líklegt verður að teljast að það hafi verið í eða við heimatún. Engar minjar fundust á vettvangi sem gefa staðsetningu þess til kynna.

Heimildir: JÁM III, 151

GK-158:017 bæjarstæði bústaður

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Tómthús hefur heima við bæinn stundum verið bygt stundum óbyggt, nú að síðustu fjögur ár í eyði legið ... Hún kyni aftur að bygjast með sömu kostum, ef einhvör þyrði að ráða." Nákvæm staðsetning tómthússins er ókunn en samkvæmt heimildinni hér að framan var býlið nærri bæ 001.

Býlið var í túni þar sem mikið rask hefur orðið vegna bygginga og sléttunar.

Engin ummerki um býlið sást á vettvangi.

Heimildir: JÁM III, 151

GK-158:018 *Minni-Vatnsleysubrunnur* heimild um brunn

"Í Norðurtúni voru Hólarnir. Þar var Hólabrunnur [033] og þar var Minni-Vatnsleysubrunnur og brunnurinn Danskur [026]. Enginn þessara brunna var góður," segir í örnefnaskrá. Líklegt er að Minni-Vatnsleysubrunnur sé sami brunnur og 008 eða 012 sem merktir eru á túnakort frá 1919. Ekki er þó útilokað þessi brunnur sé ekki merktur inn á túnakort en engar frekari upplýsingar fengust um staðsetningu eða gerð.


Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 6

GK-158:019 tóft

64°01.176N 22°13.125V


Stór tóft er um 90 m suðvestur af Miðengi 023 og um 270 m sunnan við bæ 001. Tóftin er ekki sýnd á túnakortinu frá 1919 og kann að vera yngri en það eða verið fallin úr notkun þegar það var gert.

Tóftin er í smáþýfðu túni sem hallar til austurs. Víða í túninu standa klappir upp úr því.





Tófti 019, horft til norðausturs



Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin en ógreinileg ummerki um heystæði eru fast vestan við hana. Alls eru minjarnar um 20x17 m að stærð og snúa austur-vestur. Hólf I er í suðurhluta tóftarinnar. Það er um 11x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í austurenda en hrúnið hefur ofan í það. Suðurhluti tóftarinnar er gróinn og virðist vera elsti hluti hennar. Hólf II er í norðurhluta tóftarinnar. Það er um 7x9 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést skýrt op á því. Norðurhluti tóftarinnar er ógróinn og virðist vera yngri en suðurhlutinn. Hleðslur í veggjum hólfs II eru allar hrundar. Fast vestan við hólf I er ógreinilegt hólf III sem líklega þjónaði sem heystæði. Það er um 6,5x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfíð sést sem grunn lægð í túninu og er lítilsháttar jarðvegskantur sem afmarkar það í norðvesturhorni. Fast norðan við heystæðið er dálítil lægð IV sem er 4x4 m að innanmáli. Gróið grjót er í lægðinni. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1 m og mest sjást 3 umför í hleðslum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en ekki er ólíklegt að hér hafi verið fjárhús.

Hættumat: engin hætta

GK-158:020 Gálgaklettur örnefni
aftökustaður

64°01.374N 22°13.170V

"Rétt utan túngarðs [009] Minni-Vatnsleysu eru klettur tveir, sem kallast Gálgaklettur. Þó eru þeir nefndir til frekari glöggvunar Gálgaklettur nyrðri og Gálgaklettur syðri," segir í örnefnaskrá. Klettur þessir eru á sjávarbakkanum og er þröngt vik á milli þeirra. Þeir eru um 100 m norðan við bæ 001.

Gálgaklettur eru í grýttri klapparfjöru fast norðaustan við tún.

Syðri kletturinn er hærri og gróinn að ofan en sá nyrðri er mjórri, lægri og gróðurlaus. Á milli klettanna er 4 m breitt bil í grýttri fjöru þar sem mögulegt er að hafi verið lent áður fyrr. Engar heimildir fundust um tilurð örnefnisins og ekki sést til manngerðra minja við Gálgakletta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 3



Gálgaklettur 020 og meint lending á milli þeirra, horft til norðausturs



Vegur 021, horft til suðurs

GK-158:021 vegur leið

64°01.365N 22°13.179V

Á milli tóftar sem að líkindum tilheyrði býlinu Grund 022 og Gálgakletta 020 er útflattur garður eða upphlaðinn vegur. Minjarnar eru um 60 m norðvestan við bæ 001.


Minjarnar eru í þýfðu og hæðóttu túni.

Mannvirkið er grjóthlaðið en gróið, það er um 45 m að lengd og snýr NNA-SSV. Það er um 1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hlutverk minjanna er óljóst. Mögulega hefur vegur verið gerður til að komast með báta á milli Gálgakletta en þar virðist vera náttúruleg vör. Eins getur verið að hér sé á ferðinni útflatt garðlag sem hefur afmarkað tún eða verið vörslugarður. Rétt áður en mannvirkið nær að Gálgaklettum liggur jarðlæg röð lábarinna steina yfir það. Steinaröðin er um 40 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega er þetta leifar af hleðslu undir netagirðingu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-158:022 Grund bæjarstæði býli

64°01.345N 22°13.182V



Grund 022, horft til suðurs

"Grund hét hjáleiga einhvers staðar norðan bæjar, ekki veit ég hvar," segir í örnefnaskrá. "Grund var ein með Grundartúni, smá blett, norðan bæjar," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Líklegt er að Grund hafi verið þar sem fremur óljós tóft sést í norðvesturhorni túnsins, um 50 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er í þýfðu túni innan um klapparhóla.

Tóftin er gróin en hefur að líkindum verið torf- og grjóthlaðin. Hún er um 5x7 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin virðist vera einföld. Ekki sést skýrt op á henni en líklegt er að það hafi verið í norðvesturenda þar sem veggir eru óskýrari en í suðurenda. Norðurendi snýr að sjó. Á stöku stað sést í grjót. Ekki sjást fleiri tóftir í túninu sem gætu hafa tilheyrð þessu býli. Grundartúni er samkvæmt túnakorti frá 1919 um 50x70 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Túnið er sýnt sem hluti af heimatúni Minni-Vatnsleysu og er það afmarkað af kálgorðum til suðurs (sjá 032) og austurs (sjá 005). Grjóthleðslur eru meðfram norður- og vesturhlíðum og eru þær skráðar með túngarði 009.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5; Ö-Vatnsleysa, 6

GK-158:023 Miðengi bæjarstæði býli

64°01.207N 22°13.059V

Í Jarðatali Johnsens segir: "Prestur einn telur Miðengi hjáleigu jarðarinnar." "Rétt neðan stígs [milli bæjanna] eru hólur, sem heita Miðengishólur. Rétt austan við stór bær, sem hét Miðengi. [sennilega í landi Minni Vatnsleysu]. Þar hefur sennilega verið jarnvarið timburhús, því grunnur þess sést enn og er nokkuð heill. Neðsti hluti eða undirstaða skorsteins sést enn," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Árið 1916 var húsið flutt til Hafnarfjarðar." Búið var á býlinu á 19. öld. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var býlið um 220 m SSA við bæ 001 og sjást leifar þess enn.

Minjarnar eru í grónum klapparhólum og hallar landi frá þeim til austurs að sjó. Svæðið umhverfis þær er beitt af hrossum.



Húsgrunnur 023A og grjótpúst 023C, horft til suðausturs



Tóft 023B, horft til vesturs

1919: Tún 0,5 teigar. Minjar um býlið sjást á svæði sem er um 20x13 m að stærð og snýr norður-suður. Á því sést grunnur íbúðarhússins sem var flutt til Hafnarfjarðar, steinhlaðin tóft og þúst. Hverju mannvirki er gefinn bókstafur í Lýsingunni hér á eftir til aðgreiningar. Húsgrunnurinn A er 6,5x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Umhverfis hann var stétt og með henni eru minjar um húsið á svæði sem er um 9x9 m að stærð. Grunnurinn skiptist í tvö rými. Annars vegar er kjallari sem er um 3,5x4,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hins vegar eru leifar af steiptum tröppum og grunnur undir bislag eða forstofu við norðausturhorn kjallarans. Þar hefur aðalinnangangur inn í húsið verið. Kjallarinn er hlaðinn og sjást fjögur umför hleðslu. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 0,3 m en um 1 m innanmáls. Í kjallaranum eru leifar af skorsteini. Um 5 m norðan við húsgrunninn og stéttina í kringum hann er staðileg tóft B en á milli grunns og tóftar er hlaðinn kantur, einföld röð steina sem stendur 0,3 m upp úr jörðu. Tóftin er um 6x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekki er veggur fyrir austurhlið tóftarinnar og líklegt að þar hafi verið timbur- eða bárujárnsþil. Þó eru jarðlægar hleðsluleifar á þeirri hlið enn sýnilegar. Tóftin er einföld og mesta hæð veggja er 1,3 m og sjást 6 umför. Steinlim er á milli steina í hleðslu. Mögulega hefur þessi tóft gegnt hlutverki fiskhúss. Grjótpúst C er um 1 m suðvestan við tóft B og um 3 m NNV við grunn A. Hún er um 5x3 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Ógreinilegt hólf er í norðvestanverðri þústinni. Það er um 1x2 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Þústin er um 0,5 m á hæð og sjást 2 umför í innanverðu hólf. Að öðru leyti eru hleðslur úr lagi gengnar. Hlutverk þústarinnar er óljóst. Tóft sem er áföst sjóvarnargarði 014 og er skráð með honum er um 50 m norðaustan við húsgrunn A. Hún hefur að öllum líkindum tengst útgerð frá Miðengi en Miðengisvör eða Innri-Vör 031 er fast austan við tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ, 91; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 3; Túnakort 1919

GK-158:024 *Hólshjallur* örnefni hjallur 64°01.194N 22°13.065V
 "Enghóll er í austurtúni og hóllinn Hólshjallur. Neðan við Hólshjall er gamall hlaðinn brunnur, sem heitir Fúli [025]," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 245 m sunnan við bæ 001 og um 50 m suðvestan við brunninn Fúla. Hóllinn er í grónum hraunmóa.
 Ekki sést til minja um hjall á hólum en þó er grjóthruða á honum sem er líklega eftir grjóthreinsun úr túninu. Ekki


er þó hægt að útiloka að steinarnir séu leifar af hjalli á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5

GK-158:025 *Fúli* brunnur brunnur

64°01.204N 22°13.008V



Brunnurinn Fúli 025, horft til norðurs

"Neðan við Hólshjall [024] er gamall hlaðinn brunnur, sem heitir Fúli. Það er ekki flæðibrunnur eins og aðrir brunnar á bæjunum, heldur safnast í hann úr jarðveginum í kring, enda vatnið ekki neyzluvatn. Fúli var líka kallaður Hólsbrunnur," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er ekki merktur inn á túnakort frá 1919 og má leiða að því líkum að hann hafi verið hlaðinn eftir gerð þess. Hann er um 245 m suðaustan við bæ 001 og um 50 m norðaustan við Hólshjall 024.

Brunnurinn er í grónum hraunmóa, nærri sjávarbakka.

Brunnurinn er ferköntuð gryfja sem er um 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er fullur af grjóti og drasli. Í suðvesturhorni sjást 3 umföð hleðslu en ekki sést til botns í brunnum. Mesta hleðsluhæð utanmáls er 0,2 m. Líklega er þessi brunnur ekki nógu gamall til að teljast til fornleifa samkvæmt lögum um fornminjar. Hann er hafður með í fornleifaskrá engu að síður þar sem hann er til vitnis um þá hefð að grafa og hlaða vatnsbrunna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5

GK-158:026 *Danski* heimild um brunn

"Fleiri brunnar eru nær bænum, sem hafa verið notaðir. Talað er um brunnum Danska," segir í örnefnaskrá. Engar nánari upplýsingar fengust um brunnum eða staðsetningu hans og tókst því ekki að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Mögulega var brunnum Danski annar tveggja brunna sem merktir eru inn á túnakort frá 1919, sjá 008 og 012.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5

GK-158:027 heimild um fiskreitir

64°01.331N 22°12.876V

"Fjaran norðan Minni-Vatnsleysu liggur um það bil í austur og endar með allstórru eyri. Nefnist hún Eyri. ... Eyrin hefur fyrr á árum verið athafnasvæði fyrir útgerð. Á há-Eyrinni var fiskreitir eða stakkstæði. Þar voru sjöhús [028]. Sunnan á Eyrinni er gömul vör eða uppsátur, sem heitir Skökk [029]. Öll ummerki eru nú horfin, nema finna má enn, hvar fiskreitir hefur verið," segir í örnefnaskrá. Fiskreitirinn hefur að líkindum verið um 230 m austan við bæ 001 og um 50 m norðvestan við Skökk 029.

Svartar klappir standa upp úr u.þ.b. Miðri Eyrinni þar sem hún er hæst og vestan við klappirnar er flatlent, grýtt svæði með ljósum skeljasandi. Annarsstaðar er Eyrin þakin þara.

Líklegt er að fiskreitirinn hafi verið á flatlenda, grýtta svæðinu en engin merki um mannaverk sjást lengur þar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 6

GK-158:028 heimild um hjall

64°01.332N 22°12.867V

"Fjaran norðan Minni-Vatnsleysu liggur um það bil í austur og endar með allstórru eyri. Nefnist hún Eyri. ... Eyrin hefur fyrr á árum verið athafnasvæði fyrir útgerð. Á há-Eyrinni var fiskreitir eða stakkstæði [027]. Þar voru sjöhús. Sunnan á Eyrinni er gömul vör eða uppsátur, sem heitir Skökk [029]. Öll ummerki eru nú horfin, nema

finna má enn, hvar fiskreitir hefur verið," segir í örnefnaskrá. Líklega hafa sjöhús á eyrinni verið um 240 m austan við bæ 001.

Svartar klappir standa upp úr u.þ.b. miðri Eyrinni þar sem hún er hæst og vestan við klappirnar er flatlent, grýtt svæði með ljósum skeljasandi. Annarsstaðar er Eyrin þakin þara.

Ekki sést til minja um sjöhús á Eyrinni og hafa þau væntanlega horfið vegna ágangs sjávar. Ekki er útilokað að einhverjar leifar af minjunum séu enn til staðar en sjáist ekki vegna þara.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 6

GK-158:029 Skökk náttúrumin lending

64°01.308N 22°12.840V



Vörin Skökk 029, horft til suðausturs

"Fjaran norðan Minni-Vatnsleysu liggur um það bil í austur og endar með allstórrri eyri. Nefnist hún Eyri. ... Eyrin hefur fyrr á árum verið athafnasvæði fyrir útgerð. Á há-Eyrinni var fiskreitir eða stakkstæði [027]. Þar voru sjöhús [028]. Sunnan á Eyrinni er gömul vör eða uppsátur, sem heitir Skökk. Öll ummerki eru nú horfin, nema finna má enn, hvar fiskreitir hefur verið. ... Þetta var ein bezta lending við sunnanverðan Faxaflóa á sínum tíma," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 260 m austan við bæ 001.

Vörin er í grýttri fjöru sem er þakin þara.

Vörin virðist vera náttúruleg, hún er um 10x5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og virðist vera nokkuð grunn, eða 0,5-1 m á dýpt. Grjót hefur borist inn í hana en hún er samt enn mjög skýr. Ekki sjást mannaverk á henni en hún kann að hafa verið rudd.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 6

GK-158:030 Ytri-Vör renna lending

64°01.281N 22°12.996V



Ytri-Vör 030, horft til suðausturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1703 segir að í Minni-Vatnsleysu sé heimræði og góð lending. Í örnefnaskrá segir: "Innst í vikinni [Tólfta/Tólftavík] er svo vörin frá Minni-Vatnsleysu, brött og grýtt." Í örnefnaskrá Vatnsleysu segir: "Hér suðaustan við [Tólftu/Tólftuvík] er svo Minni-Vatnsleysuvarir Ytri-Vör og Innri-Vör og eru þar klappir miklar." Líklegt er að vörin í Minni-Vatnsleysu sé sú sem nefnd er Ytri-Vör en málvenja er á ströndinni að segja "inn" þegar það er í átt að höfuðborgarsvæðinu til austurs og "út" þegar það er í áttina að Vogum til vesturs. Vörin er um 150 m suðaustan við bæ 001.

Vörin er í klapparfjöru.

Vörin virðist vera rudd og hlaðið meðfram norðausturhlíð hennar. Það sést þó ekki vel vegna þangs. Meðfram suðvesturhlíð hennar er klöpp. Vörin er um 7x10 m að innanmáli, snýr

suðaustur-norðvestur. Hún virðist vera grunn, eða um 1 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM III, 150; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 6; Ö-Vatnsleysa, 2

GK-158:031 Innri-Vör náttúrumin lending

64°01.224N 22°12.996V

"Frá vörinni [030?] suður með fjörunni eru klappir og stórgrýti, þar til komið er á mótis við Miðengi [023]. Þar kemur svolítil malarvík, og þar er gömul lending, sem kölluð er Miðengisvör," segir í örnefnaskrá. "Hér suðaustan við er svo Minni-Vatnsleysuvarir Ytri-Vör og Innri-Vör og eru þar klappir miklar," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu.

Afar líklegt er að Innri-Vör sé sama vör og Miðengisvör. Málvenja er á ströndinni að segja "inn" þegar það er í átt að höfuðborgarsvæðinu til austurs og "út" þegar það er í áttina að Vogum til vesturs. Vörin var um 220 m suðaustan við bæ 001 og um 60 m norðaustan við Miðengi 023A.

Vörin er í lítill malarvík fast suðaustan við klappir og tóft sem er sambyggð sjóvarnargarði 014.

Ekki sjást skýr ummerki um vörina og óvíst að mannaverk hafi verið á henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 6; Ö-Vatnsleysa, 2

GK-158:032 garðlag kálgarður
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast vestan við bæ 001. Hann átti vesturvegg sameiginlegan með túngarði 009 en norðurveggur hans sést ennþá.

Kálgarðurinn er á flatlendu svæði á mörkum túns og móa. Norðan við kálgarð er afgirt tún með klapparhólum. Innan kálgarðsins er íbúðarhús.

Veggurinn sem sést ennþá er um 48 m að lengd og snýr austur-vestur. Hann er grjóthlaðinn, er um 1,5 m á breidd, um 1,3 m á hæð og sjást 6 umför. Veggurinn er óljós í austurenda en þar hefur skolpleiðsla verið grafin og liggur hún út í sjó. Með túngarði 009 er kálgarðurinn um 48x38 m að stærð og snýr austur-vestur. Aðrir hlutar kálgarðsins eru líklega horfnir vegna sléttunar. Hleðslur standa nokkuð vel.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Leifar af kálgarði 032, horft til norðausturs

GK-158:033 Hólabrunnur heimild um brunn

"Í Norðurtúni voru Hólarnir. Þar var Hólabrunnur og þar var Minni-Vatnsleysubrunnur [018] og brunnurinn Danskur [026]. Engin þessara brunna var góður," segir í örnefnaskrá. Hólabrunnur er líklega ekki sami brunnur og Hólsbrunnur eða Fúli 025 því hann getur ekki talist vera í Norðurtúni. Ekki er ljóst hvar Hólabrunnur var en ef til vill er það sami brunnur og 008 eða 012. Ekki tókst að staðsetja brunninn með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 6

GK-158:034 garðlag túngarður

64°01.258N 22°13.280V



Túngarður 034, horft til norðurs

Hrunið garðlag er að hluta meðfram nýrækt vestan við gamla heimatúnið og um 85 m vestan við bæ 001.

Garðlagið er í hæðóttum móa innan um klapparhóla. Austan við það, innan þess, er sléttuð tún sem hlaupið er í þúfur og núorðið nýtt undir hrossabeit. Vestan við það er gróinn mói.

Leifar af garðinum sjást á svæði sem er um 195x40 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Á milli þessa garðs og túngarðs 009 eru mest 55 m. Garðurinn er hæstur um 0,5 m og sjást mest 3 umför en víðast er hann hruninn og horfinn á köflum vegna niðurrifs og vegagerðar en heimreið að svínabúinu og líklega áður að bænum, liggur þvert yfir svæðið. Mögulega hefur verið um tvö aðskilin hölf að ræða, sitt hvorum megin við veginn. Garðhleðslurnar standa best í norðurenda þar

sem garðurinn er hlaðinn ofan á klöpp. Garðurinn er um 1 m á breidd en sumstaðar er hann allt að 3 m á breidd þar sem grjóti hefur verið safnað saman, mögulega við frekari túnrækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-158:035 heimild um leið 64°01.295N 22°13.121V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá húsi 003 til suðausturs á milli útihúss 010 og þróar 011 að Ytri-Vör 030. Leiðin lá í halla til suðausturs. Malbikaður vegur er næst húsi 003 þar sem leiðin lá og er hún horfin undir malbik og byggingar í tengslum við svínabúið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-158:036 heimild um leið 64°01.319N 22°13.093V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá útihúsi 007 til norðausturs að brunni 008. Leiðin lá um tún en á því svæði sem leiðin lá um eru byggingar í tengslum við svínabúið. Engin ummerki um leiðina sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-159 Vatnsleysa stærri

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 151. 1262 : Varðveist hefur gamall máldagi útkirkjunnar á Vatnsleysu, þar segir: "Allra heilagra kirkia a vatnslavsv a fimtan hvndrad j heima lande. tiold vmhverfuis og allan sinn bvning." DI II, 65. 1367: "Allra hreilagra kirkia a Vatzlejsu a xvc j heimalande. kluckur ij." DI III, 221. 1375 segir í máldaga kirkjunnar í Krýsuvík að hún eigi fjórðungspart í Vatnsleysu. DI II, 291. [1379]: "ok firr nefnd fleckvik aa allann þridivng j vatzleysv jord." DI III 340. 1479: Síðasti varðveitti miðaldamáldagi kirkjunnar er frá árinu 1397 og segir þar að kirkjan eigi 15 hdr í heimalandi. AM 263 fol. bl. 62. 28.4.1479: Jörðin Vatnsleysa er í Kálfatjarnarkirkjusókn. Í þessu bréfi lýsir Arngerður Halldórsdóttir því yfir að engin ítök séu í jörðinni Vatnsleysu nema að kirkjan í Krýsuvík eigi þar 10 hundruð og jörðin Flekkuvík eigi þriðjung í hvalreka ásamt víðarreka og Vatnsleysa eigi tvo hluta í Flekkuvíkurreka sem og hvalreka. DI VI, 185-86. 1547-48 er jarðarinnar getið í fögetareikningum. DI XII, 115. 1515 kaupir Ögmundur ábóti Pálsson 20 hdr. í Vatnsleysu fyrir 25 hdr. DI VIII, 596. 1518: Viðeyjarklaustri færð 10 hdr. í Vatnsleysu til viðbótar. DI VIII, 673. 1518: Dómur um að heimatíund af Vatnsleysu skuli greiðast heim ekki til Kálfatjarnar. DI VIII, 649. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 6 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26.

Minjar um fornbyli er að finna nálægt Kúagerði, sjá 092.

1703: hjáleigur í byggð Vatnsleysukot 097 og tvær nafnlausar hjáleigur (sjá 001 og 099) auk einnar nafnlausrar eyðihjáleigu 100. Eyðibýlið Akurgerði 018 lagt undir Vatnsleysu á 16. - 17. öld. JAM III, 153-154. "Austast og neðst var Naustakot [020], stundum kallað Pallakot ... Þá var norðan og ofar Nýibær [021], Móabær [022], Sigurjónsbær [023] og Jónasarbær [sjá 021]." Einnig var lítið kot nefnt Kofinn 068 byggt utani kirkjugarðshleðsluna. Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5, 8. Garðbær [024] er merktur inná túnakort frá 1919. Garðhús (sjá 023) nefnt í bók GJ, Mannlíf og mannvirki, 363. Heiðarland Vatnsleysubæja er víðáttumikið, nær frá sjó til fjalla. Vesturbærinn í eyði og lagðist undir Austurbæinn og var rifinn um 1940. GJ: Mannlíf og mannvirki, 351.

1703: "Túnum spillir nokkurn part vatnságangur f landi ofan og jarðfast grjót sem árlega blæs upp í túninu. Engjar eru öngvar. Úthagar lítillfjörlegir vetur og sumar." JÁM III, 153. 1919: Tún alls 7,3 ha, garðar 3800m2 samkvæmt túnakorti.

GK-159:001 *Vatnsleysa stærri* bæjarhóll bústaður 64°01.070N 22°13.040V



Á vinstri mynd er bæjarstæði Stóru-Vatnsleysu 001, horft til norðausturs. Á hægri mynd eru grjóthleðslur milli íbúðarhúss og skemmu, horft til norðausturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir að ein hjáleiga jarðarinnar hafi verið "heima við bæinn og innanbæjar" og er hún því skráð með bænum. "Tvö íbúðarhús voru eitt sinn á Stóru-Vatnsleysu, aðeins fáir metrar á milli. Voru þau nefnd Vesturbær [003] og Austurbær," segir í örnefnaskrá. "Vatnsleysubæirnir voru jafnan tveir. Nefndust Austurbær og Vesturbær og stóðu á Kampinum Gamla en þar var ævaforn Sjávarkampur í því nær miðju Stóru-Vatnsleysutúni [...]" segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Núverandi íbúðarhús var byggt 1952. Í Stóru-Vatnsleysu var þrjúbyli aldamótin 1900. Þá var skáli [086] norður og niður af Vesturbænum [003]." Bærinn á Stóru-Vatnsleysu er þar sem Austurbærinn stóð. Hann er ofan við mitt túnið sem er afar mishæðótt og eru margir klapparhólar í því, flestir grónir. Frá bænum er víðsýnt til austurs og suðurs. Íbúðarhúsið sem byggt var 1952 er þríhyft, með kjallara og þreföldum áföstum bílskúr að austanverðu. Þetta hús var byggt á sama stað og húsið sem stóð á undan því en var þó fært um 2 m til norðvesturs. Samkvæmt túnakorti frá 1919 og Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var Vesturbærinn 003 um 15 m norðvestan við Austurbæinn.

Bærinn stendur á brún í aflíðandi halla til austurs, niður að sjó. Suðaustan við bæinn er kálgarður sjá 002,


suðvestan við bæinn er bílaplan, NNV við bæinn er gamalt, steipt fjós og norðvestan við hann er stór skemma. Ekki sést afgerandi bæjarhöll en mikið rask hefur orðið á bæjarstæðinu vegna bygginga og niðurrífs. Á milli íbúðarhúss og skemmu eru leifar af hlöðnum grunni og þrepi. Grjóthleðslur sjást á suðvesturhlíð og eru þær úr tilhöggnu grjóti. Hleðslan er um 0,4 m á hæð og sjást mest 3 umföer en steinlím er í hleðslum. Um 13 m norðaustan við þessa hleðslu er kanthleðsla sem er um 10 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er úr blönduðu grjóti, lábörðum steinum og hraungrýti. Ekki er sementslím í henni. Mesta hæð er um 0,4 m. Þessi hleðsla er nálægt þeim stað sem líklegt er að útihús 004 hafi staðið en hún er ungleg og ólíklegt að hún tengist útihúsinu. Þegar íbúðarhúsið var byggt 1952 var **Hættumat**: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 154; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8; Ö-Vatnsleysa, 4; GJ: Mannlíf og mannvirki, 354; Túnakort 1919

GK-159:002 Kapella þúst útkirkja 64°01.055N 22°12.992V



Á vinstri mynd er þúst í horni kálgarðs 002, horft til norðurs. Á hægri mynd er kálgarður 002, horft til suðausturs



"Sunnan bæjarins skammt frá er matjurtagarður, girtur grjótgardi á þrjá vegu. Í suðurhorni er grjótið mest. Þar, er talið, að staðið hafi bænhús eða kapella, og má merkja þar vegghleðslur enn þá. Þetta er kallað Kapellan," segir í örnefnaskrá. "Heimundir bæ mátti sjá garðhleðslu. Þar hafði Kirkjan staðið og var þetta Kirkjugarðurinn. Þetta svæði var einnig nefnt Kapellan. [...] Kofinn hét kot, sem byggt var utan í garðhleðslu þessari. Stóð ekki lengi, því svo var reimt, að ekki hélst við," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Í bók Árna Óla, Strönd og vogar, segir: "Upphaflega voru þrjár kirkjur á Ströndinni, hálfkirkjur í Kvíguvogum (Vogum) og Vatnsleysu, en aðalkirkjan á Kálfatjörnu." Meint staðsetning kapellu er um 50 m suðaustan við bæ 001, í suðurhorni kálgarðs sem skráður er með þústinni. Kofinn er einnig skráður á þetta númer, enda eru þessar minjar allar á sama stað.

Kálgarðurinn er fast norðaustan við Traðir 066, nú malbikaða heimreið, í halla til norðausturs í átt að sjó. Meðfram suðausturhlíð hans er trjágróður og blómabeð meðfram innan- og utanverðri suðurhlíð.

VATNSLEYSA Á VATNSLEYSUSTRÖND (G)
- Allraheilagra (KÁLFATJARNARÞING) -

HÁLFKIRKJA

[haustið 1269]: gamall maldage

Allra heilagra kirkia a vatnslavsv a fimtan hvndrad j heima lande. tiold vmhverfuis og allan sinn bvning.

þar skal syngja annan hvern dag loghelgan fra kalfa tiorn.
og kavpa .ij. morkum ad presti.
Lysa fyri helga daga fra mariv messv vnz lidur paska vikv.
heima týund; MálD DI II 65

[1367]: lxiv. Allra hreilagra kirkia a Vatzlejsu a xvc j heimalande. kluckur ij.
les Vilchinzbok; Hítardalsbók DI III 221

1397: a xvc. i Heimalandi

portio Ecclesiae vmm x ár .c. oc xiiij aurar. brestur kirkiunni iij kugilldi; { 1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 62, 64} Kálgarðurinn er um 28x26 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grjóthlaðinn og eru hleðslur 1-1,5 m á breidd og hæstar utanmáls um 1,2 m. Sjást 4-6 umföör í hleðslum en hleðslan er úr lagi gengin og bætt hefur verið í hana. Meðfram innanverðum veggjum sem afmarka norðaustur- og suðausturhliðar er 0,3 m há brún um 2 m frá veggjum, líklega leifar eldri hleðslu. Þessi brún heldur áfram til norðvesturs, um 2 m lengra en hlaðni veggurinn og beygir svo upp til suðvesturs og sést á um 11 m löngum kafla. Þúst er í suðurhorni kálgarðsins þar sem talið er að kirkjan hafi staðið en þarna var líka kot sem hét Kofinn, líklega þurrabúð. Þústin er um 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hæst um 1,5 m. Í suðausturenda hennar er búið að útþúa blómabeð. Mikið er búið að bæta í þústina af grjóti. Engin ummerki um kirkjugarð eða leiði sjást í næsta nágrenni þústarinnar. Mögulega er þústin leifar af Kofanum. Ólíklegt er að þær minjar sem sjást á yfirborði hafi tilheyrt kirkjunni sem þarna kann að hafa staðið en sennilegt er að minjar um hana séu enn undir sverði ef þeim hefur ekki verið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9; Ö-Vatnsleysa, 5; Árni Óla: Strönd og Vogar, 183; DI II, 65; DI III, 221; AM 263 fol. bl. 62, 64

GK-159:003 Vesturbær bæjarstæði
bústaður

64°01.073N 22°13.062V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 og Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var Vesturbærinn um 15 m norðvestan við Austurbæ 001. Eitt útihús og kálgarður voru samtengd bænum og eru skráð með honum. Ætla má að þró 005 og útihús 006 og 007 hafi tilheyrt Vesturbænum þar sem þau standa næst honum.

Þar sem minjarnar voru er nú malbikað bílaplan og steinsteypt fjós.

Ekki sést til minja um Vesturbæinn eða mannvirki í næsta nágrenni hans og eru þær horfnar vegna niðurrifs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Bæjarstæði Vesturbæjar 003, horft til vesturs

GK-159:004 gerði kálgarður

64°01.086N 22°13.019V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður með fjórum áföstum útihúsum fast norðan við Austurbæ 001. Kálgarðurinn var um 40x30 m að stærð og sneri norðvestur-suðaustur. Tvö útihús voru á suðausturhlið kálgarðsins og tvö útihús voru við vesturhorn hans. Minjarnar eru að hluta undir stórrri skemmu sem er um 6 m norðvestan við íbúðarhúsið sem byggt var 1952. Engar minjar um útihús sjást á yfirborði vegna bygginga og niðurrifs en leifar af kálgarði sjást enn.

Fast norðaustan við íbúðarhúsið er jarðvegsstallur sem gerður hefur verið eftir byggingaframkvæmdir við íbúðarhús og skemmu. Hann nær frá vegi niður að sjó í suðaustri og langleiðina að skemmu í norðvestri. Hann er um 10 m breiður og fram af honum til austurs er um 5 m löng brekka. Neðan við hann til norðausturs sjást leifar af kálgarði. Norðaustan við kálgarðinn er tún sem komið er í óráekt.

Kálgarðshleðslur sjást á svæði sem er um 36x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru úr grjóti en eru orðnar mjög grónar. Hæstar eru þær um 1,5 m.



Leifar af kálgarði 004, horft til suðausturs

Hleðslur lækka mikið í norðvesturenda. Fast norðvestan við norðvesturenda kálgarðsins sjást leifar af kálgarði 008.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:005 heimild um
64°01.065N 22°13.072V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 15 m suðvestan við Vesturbæ 003 og um 25 m VSV við Austurbæ 001.

Malbikað bílaplan er þar sem þróin var.

Engin ummerki um minjarnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:006 heimild um hlöðu
64°01.068N 22°13.055V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast SSA við Vesturbæ 003 og 15-20 m vestan við Austurbæ 001. Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var hlaða á þessum stað.

Malbikað bílaplan er þar sem útihúsið var.

Ekki sjást ummerki um útihúsið á yfirboði

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:007 heimild um útihús
64°01.074N 22°13.065V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvö litil útihús þétt saman fast NNV við Vesturbæ 003 og um 25 m norðvestan við Austurbæ 001.


Malbikað bílaplan er þar sem útihúsið var.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsin á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:008 hleðsla kálgarður



Leifar af kálgarði 008, horft til suðvesturs

suðaustasta kálgarðinum. Þar sést hann á um 19x11 m stóru svæði sem snýr suðvestur-norðaustur. Suðaustast á svæðinu sjást grjóthlaðin, gróin hleðslubrot á 12 m löngum kafla sem snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslurnar eru um 1 m á hæð og í þeim sjást 3 umföör. Suðvestast á svæðinu er hlaðinn kantur norðaustan undir malarplani sem sést á um 9 m löngum kafla. Kanturinn snýr norðvestur-suðaustur, er um 1 m á hæð og sjást 5-6 umföör í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

64°01.090N 22°13.045V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús og annað einfalt fast norðan við það í suðvesturhorni kálgarðs. Útihúsin virðast vera sambyggð kálgarðinum og eru skráð með honum. Þrjár aðrir kálgarðar eru sambyggðir fyrstnefnda kálgarðinum og er þetta allt skráð saman undir einu númeri. Minjarnar voru um 40 m norðvestan við Austurbæ 001. Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, byggði faðir hans, Þórður Jónasson, yfir tóft á þeim stað sem útihúsin eru merkt og notaði sem hesthús.

Fast norðvestan við stóra skemmu er slétt malarplan þar sem útihúsin voru og þar norðvestan við, þar sem kálgarðarnir voru er tún sem komið er í órækt.

Ekki sést til minja um útihúsin og hafa þau líklega verið rifin. Ekki sjást ummerki um kálgarðana nema að mjög litlu leyti. Fast norðvestan við kálgarð 005 sést móta fyrir

GK-159:009 heimild um útihús 64°01.131N 22°12.905V
 Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið hús fast austan við Sjóhús 016. Hlutverk þess er ekki þekkt en mögulega var þarna naustið sem nefnt er í örnefnaskrá: "Túnin öll voru girt Grjótgörðum [108], við sjóinn var Sjávargarður nyrðri [058] og Sjávargarður syðri [059] með Sjávarhliðið í milli og þar var Naustið [060] og Skiparéttin [061], Sjöbúð [062] og Sjóhúsið [016]." Ekki er þó hægt að fullyrða um það.
 Austan við sjóhús 016 er flatlend grasflöt vestan við gróðurlausar klappir.
 Engar minjar sjást um húsið og heimildamaður, Sæmundur Þórðarson, kannaðist ekki við það. Líklega hefur það verið rífið eða sjórin brotið það.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-159:010 heimild um 64°01.092N 22°13.073V
 Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró 50-55 m norðvestan við Austurbæ 001. Þar sem þróin var er nú tún sem komið er í órækt.
 Ekki sést til minja um þróna og hefur líklega verið fyllt upp í hana við túnrækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:011 *Fjósbrunnur* heimild um brunn 64°01.096N 22°13.092V
 Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 70 m norðvestan við bæ 001. Um hann segir í örnefnaskrá: "Rétt vestan bæjar er gamall og grunnur brunnur, sem nefndur er Fjósbrunnurinn." Brunnurinn er 10-15 m norðan við steinsteyppt fjós sem notað er sem skemma. Líklega dregur hann nafn sitt af því fjósi en ekki er vitað hvort eldri fjós hafi verið undir því fjósi eða hvort brunnurinn dragi nafn sitt af fjósi sem nú er horfið.
 Brunnurinn var í túnjaðri, skammt norðvestan við slétt malarplan. Grjóthrúga er fast sunnan við hann.
 Ekki sést til brunninn vegna fyllingar en samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var brunnurinn grjóthlaðinn, um 1,2 m á dýpt. Hlaðin þrep voru í honum norðanverðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8-9

GK-159:012 tóft fjárhús 64°01.062N 22°12.942V



Fjárhús 012, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80 m suðaustan við Austurbæ 001. Þar er tvískipt tóft sem var notuð síðast sem fjárhús. Þegar Þórður Jónasson, faðir Sæmundar Þórðarsonar, heimildamanns, flutti á jörðina árið 1932 var tóft á þessum stað sem hann hlóð upp og sett þak á.

Tóftin er í túni sem komið er í órækt. Lítil hóll er fast vestan við tóftina. Ekki er útilokað að mannvistarleifar leynist í hólnum.

Tóftin er um 11x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin og tvískipt. Í norðausturhluta hennar er hólf I. Það er um 8x3 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Mikið hefur hrunið inn í hólfíð úr suðvesturvegg. Op er á hólfinu til suðausturs. Hólf II er mun ógreinilegra, snýr eins og hólf I og er um 2,5x6 m að innanmáli. Ekki sést skýrt op á því. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1m en innanmáls í hólf I eru hleðslur 1,5 m á hæð og þar sjást 6 umföð. Ekki sjást jötur eða garðar í hólfunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:013 heimild um útihús

64°01.106N 22°12.895V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 130 m austan við Austurbæ 001, um 40 m norðaustan við brunn 015 og um 20 m sunnan við þró 014.

Útihúsið var í túni, fast vestan við litla klöpp. Túnið er komið í órækt.


Ekki sést til útihússins og kann hún að hafa verið sléttuð við túnrækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:014 heimild um

64°01.124N 22°12.902V



Leifar af skemmu sem reist var á sama stað og þró 014, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 140 m ANA við Austurbæ 001. Líklega var þetta svokölluð slorfor þar sem fiskúrgangi var safnað saman og hann svo notaður sem áburður.

Þróin var í túni fast suðvestan við Suðursjóvarnargarð 059.

Sæmundur Þórðarson (F. 1927) og fleiri byggðu grjóthlaðið hús á sama stað eða svipuðum og slorforin var áður fyrir nokkrum áratugum þegar vantaði pláss fyrir verkaðan saltfisk og fiskhúsið (sjá 016) var orðið fullt. Forin er því horfin en hún var fyllt þegar skúr var byggður fast norðvestan við hana. Skúrin er horfinn en grunnur hans sést enn. Tóft hússins sem Sæmundur og félagar byggðu sést enn. Hún er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 6x5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sjást veggir til norðvesturs og suðvesturs og hafa líklega verið rifnir. Mesta hleðsluhæð er 2 m og mest sjást 12 umför í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:015 brunnur brunnur

64°01.112N 22°12.944V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 100 m norðaustan við bæ 001. Í örnefnaskrá segir um hann: "Vegur liggur frá bænum og niður að sjávarhúsum. Rétt við veginn norðan megin, rúmlega hálfá leið til sjávar, er gamall brunnur, sem var notaður þar til fyrir fáum árum. Þetta er flæði-brunnur og nokkuð saltur," Brunnurinn sést enn en búíð er að byrgja hann og ekki sést ofan í hann.

Brunnurinn er í túni, fast norðan við veg niður að Austurbæjarvörð 029.

Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var brunnurinn hlaðinn að hluta en að hluta grafinn í gegnum klöpp. Hann var um 5 m djúpur og um 1/3 hluti var hlaðinn. Vatnið í brunninum var salt. Hann var notaður fram



Brunnur 015, horft til suðvesturs


yfir síðari heimsstyrjöld. Gerð var borhola árið 1952 og vatn leitt í íbúðarhúsið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8

GK-159:016 hús hjallur

64°01.130N 22°12.910V



Hjallur 016, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 150 m norðaustan við bæ 001. Bárújárnsklætt timburhús á hlöðnum grunni er á sama stað, sjóhús ábúenda. Að sögn Sæmundar Þórðarsonar, heimildamanns, var húsið notað sem geymsla fyrir veiðarfæri og í því var fiskur saltaður og geymdur. Sjóhúsið á túnakorti var að öllum líkindum á sama stað og kann þetta að vera sama húsið í grunninn. "Túnin öll voru girt Grjótgörðum [108], við sjóinn var Sjávangarður nyrðri [058] og Sjávangarður syðri [059] með Sjávarhliðið í milli og þar var Naustið [060] og Skiparéttin [061], Sjóbúð [062] og Sjóhúsið," segir í örnefnaskrá.

Húsið er á mörkum túns og fjöru. Norðaustan við það er dálitill sléttur grasbali. Á túnakorti er sýnt lítið hús 009 sem stóð á þessum stað en það er horfið.

Húsið er um 10x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Aðalhluti þess er um 10x4,5 m að stærð og er undir þaki. Suðvestan við það eru leifar af hlöðnum grunni sem er um 7x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Lítið áfast hús með skúrþaki er norðvestan við grunninn. Það er um 3x2,5 m að stærð, einnig bárújárnsklætt. Hleðslur í grunni eru hæstar um 0,4 m og er sementslim í þeim. Mest sjást tvö umföör.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Vatnsleysa, 4


GK-159:017 tóft útihús

64°01.186N 22°12.980V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt útihús um 220 m NNA við bæ 001. Tóft þess sést enn.

Mínjarnar eru á hól í norðurhorni túnsins, niður við sjó.

Tóftin er þrískipt og grjóthlaðin. Hún er um 11,5x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í austurenda er hólf I. Það er um 2x3,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er í suðurenda hólfins en grjót hefur hrunið í það. Hólf II snýr eins og er um 1,5x3,5 m að innanmáli. Op er í norðurenda þess og einnig hefur grjót hrunið í það. Hólf III er ógreinilegast og er orðið gróið. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ógreinilegt op er á inn í það í norðausturhorni. Mögulega er þetta hólf eldra húsi á sama stað. Mesta hæð tóftarinnar er um 1,4 m og mest sjást 6 umföör. Frá austurenda tóftar virðist hafa verið stuttur veggur sem tengdi tóftina við sjóvarnargarð 058. Hann virðist hafa verið rifinn en enn sést að hann var 1,5-2 m á breidd og 3 m langur. Rof er komið í sjóvarnargarð þar sem þessi veggur tengdist honum.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:018 Akurgerði bæjarstæði
býli

64°00.794N 22°11.059V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Akurgierde hefur til forna jörð verið næst Vatnsleysu fyrir innan, hefur í eyði legið langt fram yfir hundrað ár, vita menn hverki dýrleika hennar nje afgjald hvað verið hafi, og eru landsnyttjar allar langt fyrir þeirra minni, sem nú lifa, lagðar til Stóru-Vatnsleysu, og þaðan brúkaðar frí. Túnin, sem verið hafa, eru af hrauni, vatnságangi og sjáfar aldeiliss eyðilögð, þar sem skortir þar vatn, so jörðin kann ómöglega aftur byggjast." "Upp af víkinni [Kúagerðisvík] vestanverðri eru grónir bakkar, sem ná upp að þjóðvegi og að hraunjaðrinum. Heita þeir Akurgerðisbakkar. Sagt er, að einu sinni væri búið þar, og hét þar Akurgerði," segir í örnefnaskrá ÞJ. "Austur af því taka við flatir og má sjá Garðlag gamalt og mun vera garður vestan við býli, sem talið er að hér hafi verið og nefnst Akurgerði." segir í örnefnaskrá. Akurgerði var á svæði sem nú er afmarkað af ljörunni, Strandarvegi og vegarlóða sem liggur samsíða Reykjanesbraut, norðan hennar við Kúagerðisvík. Svæðið er tæpa 100 m norðan við Reykjanesbraut.

Sýst á þessu svæði er grasi gróid og nokkuð hæðótt en ekki eru tóftir eða önnur mannvirki greinileg.

Ekkert er vitað um það hvenær Akurgerði var lagt undir Vatnsleysu en Afstapahraun hlýtur að hafa þrengt mjög að býlinu og kann það að hafa farið í eyði í kjölfar þess að það hraun rann. Aldur Afstapahrauns er ekki þekktur en í grein eftir Jón Jónsson kemur fram að athuganir hafi leitt í ljós að hraunið sé ofan á landnámsgjósakunni (871+/- 2) og giskar hann á að hraunið hafi runnið í kringum árið 1325. Frekari rannsóknir þarf til að finna rökstuddan aldur hraunsins. Sé hraunið svo gamalt eru líkur til þess að Akurgerði hafi lagst snemma í eyði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM III, 154-155; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 12; Ö-Vatnsleysa, 7; Jón Jónsson, 134, 137

GK-159:019 frásögn býli 64°01.192N 22°12.954V

Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var býli utan túns neðan við garðinn Þrældóm 104. Býlið var líklega um 240 m norðan við bæ 001.

Býlið var þar sem nú er klapparfjara.

Engin ummerki um býlið eru á þessum stað og hefur það horfið í sjó. Engar frekari upplýsingar eða heimildir fengust um býlið.

Hættumat: engin hætta

GK-159:020 Naustakot bæjarstæði býli 64°01.048N 22°12.749V

"Margar hjáleigur voru í túni Stóru-Vatnsleysu. Voru þær aðallega í neðsta hluta niðurtúnsins og flatanna. Smátúnblettir voru um hvert þeirra og hlaðið í kring með grjótgörðum. Sumir voru ákaflega vel hlaðnir og voru óskemmdir þar til fyrir fáum árum. ... Fyrir nokkrum árum var öllum grjótgörðunum rutt burt og niður í sjávarkampinn. Þar eru nú slétt tún. Austast og neðst var Naustakot, stundum kallað Pallakot eftir Páli nokkrum, sem þar bjó síðast. Hann mun hafa flutt þaðan um 1930-31," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Naustakot var austur af Nýjabæ, niður við sjó, lítið grasbýli í landi Stóru-Vatnsleysu. Þar bjuggu hjónin Páll Jóhannesson, f. 1849 og kona hans, Guðlaug Jónsdóttir, f. 1830. Bjuggu þau þarna til dauðadags. Páll var oft kallaður Stóri-Palli og bærinn Pálsbær eða Pallakot. [...] Páll mun hafa verið síðastur allra kotbænda á Stóru-Vatnsleysulandinu og var í Naustakoti lítið fram yfir 1930." Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Naustakot um 240 m suðaustan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti var tvískipt bæjartóft og þrjú til fjögur önnur hús sem tilheyrðu býlinu auk kálgarða og túngarða. Allar minjar um býlið eru horfnar vegna sléttunar.

Býlið var í sléttuðu túni sem nú er komið í órækt.

1919: Tún 0,2 teigar, garðar 220m². Engar minjar sjást um býlið en ekki er ólíklegt að einhverjar minjar séu enn undir sverði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 361; Túnakort 1919

GK-159:021 Nýibær bæjarstæði býli 64°01.084N 22°12.816V



Tóft 017, horft til norðurs



"Margar hjáleigur voru í túni Stóru-Vatnsleysu. Voru þær aðallega í neðsta hluta niðurtúnsins og flatanna. Smátúnblettir voru um hvert þeirra og hlaðið í kring með grjótgörðum. Sumir voru ákaflega vel hlaðnir og voru óskemmdir þar til fyrir fáum árum. ... Fyrir nokkrum árum var öllum grjótgörðunum rutt burt og niður í sjávarkampinn. Þar eru nú slétt tún. ... Þá var norðan og ofar [en 020] Nýibær, Móabær [022], Sigurjónsbær [023] og Jónasarbær," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Nýibær var lítið grasbýli niður af Móabæ [022], við sjávarkambinn, í landi Stóru-Vatnsleysu. ... Síðar flutti það fólk sem eftir var til Hafnarfjarðar sem það sem nýtilegt var úr Nýjabæ og byggði upp þar sem nú er Vörðustígur 3 í Hafnarfirði." Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Nýibær um 180 m austan við bæ 001. Býlinu tilheyrði þrískipt bæjartóft og tvö önnur hús auk einnar þróar. Engin ummerki sjást um bæinn eða önnur mannvirki sem honum tengdust, ef frá er talin tóft af húsi sem sýnt er á túnakorti um 215 m austan við bæ 001 og um 30 m austan við bæjarhús Nýjabæjar (A-hnit). Með þeirri tóft er skráð önnur tóft sem er fast norðan við hana en er utan túns og því ekki

inni á túnakorti. Í örnefnaskrá Vatnsleysu segir: "En neðan við Harðhaus er nú Hrutakofiinn. Hann byggði Jónas í Nýjabæ og nefnist Jónasarkofi. Jónasarbær, sama og Nýibær." Jónasarkofi er að líkindum tóft A sem lýst er hér að neðan. Í fyrstu tilvísun hér að framan úr örnefnaskrá Stóru- og Minni-Vatnsleysu eru bæði Nýibær og Jónasarbær taldir upp eins og um tvö aðgreind býli hafi verið að ræða. Þetta er eina heimildin þar sem þessu háttar svo og er líklega um rugling að ræða. Gengið er út frá því að Nýibær og Jónasarbær séu eitt og sama býlið.

Bærinn var austan við klapparhól í sléttuðu túni sem komið er í órækt. Minjarnar sem enn sjást eru á mörkum túns og fjöru.

1919: Tún 0,19 teigar, garðar 260m². Á milli Móabæjar 022 og Nýjabæjar er stór þúst þar sem grjóti úr býlunum var ýtt saman og það hulið með jarðvegi. Tóftimar tvær sem enn sjást og hafa líklega tilheyrta Nýjabæ eru á svæði sem er um 14x10 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Tóft A er tvískipt og grjóthlaðin. Hún er um 6x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í suðausturenda en hrúnið er í það. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur, og er notað í dag (2012) sem reykkofi. Sá hluti tóftarinnar hefur verið endurbyggður og er undir þaki og timburpil með dyrum er á suðausturhlíð. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m og sjást 5-6 umföer þar sem hleðslur eru hæstar. Hleðsla eða afgangsgrjót liggur til vesturs frá vesturhorni tóftar og er um 3 m á lengd. Hann er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð.



Á vinstri mynd er tóft 021A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 021B, horft til norðurs

Ef til vill er þetta hluti af áfðstum garði eða öðru hólf. Tóft B er um 2 m norðan við tóft A. Hún er hrúnið en sést enn. Tóftin er hlaðin suðaustan undir lágum klapparhól. Tóftin er um 3x4 m að stærð og er einföld, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er grjóthlaðin og sést steinlím í hleðslum. Óljóst op er í suðurhorni tóftar. Mesta

hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 4 umfö. Hlutverk tóftarinnar er óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 361; Túnakort 1919

GK-159:022 *Móabær* bæjarstæði býli 64°01.077N 22°12.870V

"Margar hjáleigur voru í túni Stóru-Vatnsleysu. Voru þær aðallega í neðsta hluta niðurtúnsins og flatanna. Smátúnblettir voru um hvert þeirra og hlaðið í kring með grjótgörðum. Sumir voru ákaflega vel hlaðnir og voru óskemmdir þar til fyrir fáum árum. ... Fyrir nokkrum árum var öllum grjótgörðunum rutt burt og niður í sjávarkampinn. Þar eru nú slétt tún. ... Þá var norðan og ofar [en 020] Nýibær [021], Móabær, Sigurjónsbær [023] og Jónasarbær [sjá 021]," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Móabær var í landi Stóru-Vatnsleysu, við girðingu milli Vatnsleysanna og austan við götu sem þar er á milli. Var þetta lítið grasbýli. ... Jón og Ragnheiður voru í Móabæ fram yfir 1900 og síðustu ábuendur þar." Lýsing Guðmundar bendir til þess að býlið hafi verið við merki Minni- og Stóru-Vatnsleysu en líklega er átt við girðingu á milli túnhluta Vesturbæjar 003 og Austurbæjar 001, eða á milli eignarhluta Sæmundar og Einars Þórðarsona. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Móabær um 140 m austan við bæ 001. Býlinu tilheyrðu tvö hús, brunnur, kálgarður og túngarðar.

Býlið var í sléttu túni sem komið er í órækt.

1919: Tún 0,17 teigar, garðar 600m². Engin ummerki um býlið sjást á yfirborði en mögulega leynast leifar af því undir sverði. Bæjarhúsin voru líklega þar sem hnit A var tekið en brunnurinn líklega þar sem hnit B var tekið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 361

GK-159:023 *Sigurjónsbær* bæjarstæði býli 64°01.040N 22°12.729V

"Margar hjáleigur voru í túni Stóru-Vatnsleysu. Voru þær aðallega í neðsta hluta niðurtúnsins og flatanna. Smátúnblettir voru um hvert þeirra og hlaðið í kring með grjótgörðum. Sumir voru ákaflega vel hlaðnir og voru óskemmdir þar til fyrir fáum árum. ... Fyrir nokkrum árum var öllum grjótgörðunum rutt burt og niður í sjávarkampinn. Þar eru nú slétt tún. ... Þá var norðan og ofar [en 020] Nýibær [021], Móabær [022], Sigurjónsbær og Jónasarbær [sjá 021]," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá eftir Ara Gíslason segir: "[...] innan við Naustakot [020] var Sigurjónsbær." Sigurjónsbær er að öllum líkindum sami bær og Garðhús. Hann er ekki merktur inn á túnakort og hefur verið utan túns. Samkvæmt bókinni Mannlíf og mannvirki bjuggu Sigurjón Jónsson og Guðrún Filippusdóttir í Garðhúsum. Þar segir einnig: "Þau byggðu Garðhús rétt eftir aldamótin [1900] og voru þar í nær 20 ár, en fluttu síðan til Hafnarfjarðar, rifu bæinn og byggðu hann upp þar sem nú er Krosseyrarvegur 11. Eins og fyrr segir var einginn fyrir né eftir þeirra dag í Garðhúsum." Býlið hefur að líkindum verið um 260 m ASA við bæ 001 en nákvæm staðsetning hans er ekki lengur þekkt.

Garðhús hefur líklega verið á fjörukambinum en þar sem nú eru mörk stórgrýttar klapparfjörü og túns í órækt. Grjóti sem rutt var úr túninu við sléttun er nú á þessum stað.

Ekki sést til minja um bæinn vegna niðurrifs og sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8; Ö-Vatnsleysa AG, 2; GJ: Mannlíf og mannvirki, 363

GK-159:024 *Garðbær* bæjarstæði býli 64°01.027N 22°12.807V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var býlið Garðbær um 200 m suðaustan við bæ 001 og 65-70 m sunnan við Kotbrunn 026. Býlinu tilheyrði tvískipt bæjartóft auk þriggja útihúsa, kálgarðs og túngarða. Engar leifar um býlið sjást á yfirborð vegna sléttunar. Ekki er minnst á þetta býli í örnefnaskrá og líklegt að það hafi einnig borið annað nafn. Ef til vill hefur það líka heitið Jónasarbær og það skýrir þá hvers vegna Nýibær 021 og Jónasarbær eru báðir nefndir í örnefnaskrá Stóru- og Minni-Vatnsleysu.

Þar sem býlið var er sléttuð tún sem komið er í órækt en dálitill flatur stallur er í túninu þar sem bærinn stóð að líkindum.

1919: Tún 0,25 teigar, garðar 550m².

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:025 heimild um leið 64°01.095N 22°13.032V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá Austurbæ 001 og Vesturbæ 003 á milli kálgarða 008 og 004 að Vesturbæjarvör 028 og heldur svo áfram þaðan að Innri-Vör/Miðengisvör 158:031 í landi Minni-Vatnsleysu.

Leiðin lá um tún en í landi Stóru-Vatnsleysu túnið komið er í órækt og í Minni-Vatnsleysu er hrossum beitt á túnið. Ekki sést til minja um leiðina og er hún að líkindum horfin vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kotabrunnur 026, horft til norðurs

"Á flötunum, rétt ofan þar sem kotablettirnir voru, er flæði-brunnur, vel hlaðinn innan. Þó mun eitthvað vera hrunið úr veggjum hans nú. Vatnið í honum var saltminna en í brunninum vestar í túninu [015], sem áður er sagt frá. Þessi brunnur var kallaður Kotbrunnur," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá 1919 og er um 180 m ASA við bæ 001.

Brunnurinn er í sléttuðu túni sem komið er í órækt. Til vesturs eru hólar og hæðir en nokkuð flatlent er til annarra átta.

Brunnurinn er grjóthlaðinn, um 2 m í þvermál, en stendur aðeins lítillega upp úr sverði. Honum virðist lítið sem ekkert hafa verið raskað og er líklegt að hann hafi verið notaður eftir að sléttað var úr býlunum á svæðinu þar sem vatnið í honum þótti betra en í brunni 015. Brunnurinn er um 8 m á dýpt og sést til botns í honum. Hleðslan í brunninum er 4-5 m á hæð en neðan við hleðsluna er klöpp sem grafið hefur verið ofan í. Ekki sást vatn í botni brunnsins þegar hann var skráður á fjöru á vordögum 2012.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9

GK-159:027 heimild um þvottastað

64°01.184N 22°12.952V

"Órskammt frá landi fram undan milli garðinum [104] er uppmjör klettur, kallaður Snasi. Frá honum kemur dálítill vík, og vestast í henni kemur sennilega Hrafnagjá í sjó, þó lokið sé nú, því þar rennur mikið vatn ósalt fram undan steinum og sprungum. Kallast þar Fjöruvétn. Þar var þvegin ullin og líka venjulegur þvottur, því vatnið var bæði gott og mikið," segir í örnefnaskrá. Þvottastaðurinn var líklega um 220 m norðan við bæ 001.

Þvottastaðurinn var í klapparfjöru.

Ekki sést til minja um þvottastaðinn. Í minni Sæmundar Þórðarsonar, heimildamanns, var þvotturinn þvegin á þessum stað en síðan skolaður í brunnavatni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9

GK-159:028 Vesturbæjarvör heimild um lendingu

64°01.177N 22°12.962V

"Í vikurhorninu vestast [sjá 027] er sæmilega góð lending, og er hún kölluð Vesturbæjarvör. Þaðan er svo stuttur spölur að Vatnsleysuvör [029], sem er notuð enn í dag. Þar er dágóð lending, nema í miklum brimum," segir í örnefnaskrá. "Nokkru austar komu svo Stóru-Vatnsleysuvarir, Vesturbæjarvör, sem einnig var kölluð Pétursvör, og Austurbæjarvör [029]," segir í annarri örnefnaskrá. Vesturbæjarvör er um 210 m norðan við bæ 001.

Vörin er í stórgrýttri klapparfjöru.

Ekki sést vörin glögglega enda mikið af stórgrýti í fjörunni. Ekki er ljóst hvort hún hefur verið manngerð en líklegt



Vesturbæjarvör 028, horft til NNA

er að hún hafi a.m.k. verið rudd.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9; Ö-Vatnsleysa, 2

GK-159:029 *Austurbæjarvör* heimild um lendingu 64°01.142N 22°12.911V

"Í víkurhorninu vestast [sjá 027] er sæmilega góð lending, og er hún kölluð Vesturbæjarvör [028]. Þaðan er svo stuttur spölur að Vatnsleysuvör, sem er notuð enn í dag. Þar er dágóð lending, nema í miklum brimum," segir í örnefnaskrá. "Nokkru austar komu svo Stóru-Vatnsleysuvarir, Vesturbæjarvör [028], sem einnig var kölluð Pétursvör, og Austurbæjarvör," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Vatnsleysuvör og Austurbæjarvör eru að öllum líkindum sama vörin. Hún er um 170 m norðaustan við bæ 001.

Vörin er í klapparfjöru. Sker er norðaustan við vörina og myndar skjól.

Gamla Austurbæjarvörin sést ekki lengur vegna framkvæmda við hana en á síðari hluta 20. aldar var klöppin í fjörunni sprengd við vörina og hún breikkuð og dýpkuð. Hún snýr nálega norður-suður. Járnteinar sem notaðir voru til að ýta bátum úr vör og draga þá á land voru steyptir meðfram norðvesturhlíð vararinnar og sjást þeir enn. Að sögn Sæmundar Þórðarsonar, heimildarmanns, var þetta ekki góð vör en hann man aðallega eftir henni eftir breytingarnar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9; Ö-Vatnsleysa, 2

GK-159:030 *Kotaklettur* heimild um 64°01.137N 22°12.885V

"Nokkrum metrum austan við vörina [029] er kúptur klettur, nokkuð stór um sig. Hann heitir Kotaklettur. Sagt var, að þar hafi eitt sinn staðið hús," segir í örnefnaskrá. Kotaklettur er beint fyrir neðan hús 016, um 30 m suðaustan við það.

Kotaklettur er gróðurlaus og á flóði er ekki hægt að komast út í hann.

Kletturinn er um 10x10 m að stærð, engar minjar um hús sjást á honum og engar frekari upplýsingar fengust. um hvort þar hefði einhvern tíma verið mannvist. Hafi svo verið hafa mannvistarleifar að öllum líkindum horfið vegna landbrots.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9

GK-159:031 *Naustakotsvör* renna lending

64°01.044N 22°12.719V

"Fjaran austan Kotakletts [030] og góðan spöl inn með er mjög grýtt og sums staðar háar klappir. Heita þar Gjögur. ... Þar vestast [austan Gjögura] og upp af voru kotablettir. Þar er nokkuð slétt og góð lending eða vör, sem heitir Naustakotsvör, þó oftast kölluð Pallavör," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 25 m austan við Naustakot 020 og um 265 m austan við bæ 001.

Vörin er í grýttri klapparfjöru norðaustan við grjótruðning sem myndaðist þegar býlin á kotablettunum voru sléttuð í tún.

Vörin er um 10x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist hafa verið rudd en grjót og sandur hefur safnast fyrir í henni. Mesta dýpt er 0,6 m.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 9-10



Naustakotsvör 031, horft til norðausturs

GK-159:032 *Dýskubúðir* heimild um þingstað 64°01.015N 22°12.665V

"Í hafnartali Rexens er Vatnsleysuvík talin höfn á 16. öld, en þess getið, að þangað séu engar siglingar. Þó hafa Hamborgarkaupmenn nokkuð síðar silgt þangað og verzlað þar. ... Konungsbréf, sem útgefið var 1602, tilkynnir, að þýzkum kaupmönnum hafi þó verið leyft að sigla á hafnirnar Vatnsleysuvík og Straum þetta sumar, til að innheima skuldir sínar, en þeir megi alls ekki verzla við Íslendinga," segir í bókinni Strönd og vogar. Í Söguriti XXIX er héraðslýsing Guðmundar Runólfssonar sýslumanns frá 1770 þar sem hann fjallar m.a. um hafnir. Þar segir: "Auk þessa höfðu Þiisker, þegar höndludu hier við Land, sýnar Sumar Hafner allvýða í þessu Hierade, er nú ei brúkast, so sem Stróimsviik í Hroinum, Watnsleysuviik á Strönd og víðar, hvar umm Búdartofternar enn í Dag audsienar bera ljósast Vítne." Í örnefnaskrá segir: "Víkin þar fyrir innan [Naustakotsvör 031] heitir Búðavík."

"Milli Niðurmóa og Búðarvíkur eru Búðabakkar eða Búðaflatar, býskubúðir eru þar eða Búðirnar eftir þá býsku. Býskubúðarflatar," segir í örnefnaskrá Vatsleysu. Búðavík er fast norðan við laxeldisstöð sem starfrækt hefur verið á jörðinni um árabil. Búðavík og Búðabakkar eru um 300 m austan við bæ 001.

Víkin er ekki ýkja breið og í henni er ljós skeljasandur. Uppi á bakkanum er mikill sjóvarnargarður sem hlaðinn var fyrir fáum áratugum og fiskeldismannvirkin eru svo þar fyrir ofan (sunnan).

Engin ummerki um búðir sjást á yfirborði enda hafa miklar breytingar orðið á svæðinu vegna landbrots, gerð sjóvarnargarðs og bygginga í tengslum við fiskeldið. Af heimildum má ætla að siglingar á höfnina í Búðavík hafi lagst af upp úr aldamótunum 1600.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Árni Óla: Strönd og vogar, 18; Ö-Stóra- og Minni-Vatsleysa, 9-10; Ö-Vatsleysa, 6; Landsnefndin 1770-1771, 2. bindi, 115

GK-159:033 tóft



Tóft 033, horft til suðurs

64°01.141N 22°12.945V



Tóft 033

Tóft er í túni um 155 m norðaustan við bæ 001. Hún er ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og kann að hafa verið fallin úr notkun þegar það var gert en einnig getur verið að hún sé yngri en túnakortið.


Tóftin er austarlega í túni fast við mörk túns og fjöru.

Tóftin er grjóthlaðin en gróin. Hún er einföld og er um 6x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Inngangur er á norðurgafli hennar. Mesta veggjahæð er um 1 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af útihúsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-159:034 Stöðulbrunnur lind vatnsból

64°00.972N 22°12.876V



Tóft við Stöðulbrunn 034



Stöðulbrunnur 035, horft til austurs

"Um það bil 20-30 m frá suðurgafli skólans er gamalt vatnsból, sem sjaldan þornar. Þar hefur eitt sinn verið stöðull [035], því brunnurinn er kallaður Stöðulbrunnur," segir í örnefnaskrá. Vatnsbólið er um 225 m suðaustan við bæ 001.

Vatnsbólið er á milli tveggja hóla í grónum hraunmóa. Austari hóllinn er gróinn og lægri en sá vestari.

Vatnsbólið virðist vera náttúrulegt. Það var gruggugt vatn í því þegar skráningarmaður var á ferð á vordögum 2012 og ekki sást til botns. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ógreinileg töft er fast sunnan við vatnsbólið. Hún er um 3x3 m að stærð, nokkuð hringlaga. Aðeins sést í skýra hleðslu á austurhlið en þar er hún skýr á um 3 m löngum kafla. Aðrir hlutar eru undir gróðri og standa lítið upp úr sverði. Líklega hefur eitthvað hrúnið úr norðurhluta töftar ofan í vatnsbólið. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m og sjást 2 umför. Ekki sést skýrt op á töftinni og hlutverk hennar er óljóst. Ekki er útilokað að hún sé leifar af kvíum eða öðrum mannvirkjum í tengslum við stöðul 034.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10

GK-159:035 *Stöðulbrunnur* örnefni kvíar 64°00.972N 22°12.880V

"Um það bil 20-30 m frá suðurgafli skólans er gamalt vatnsból [034], sem sjaldan þornar. Þar hefur eitt sinn verið stöðull, því brunnurinn er kallaður Stöðulbrunnur," segir í örnefnaskrá. Leitað var að minjum um kvíar í nágrenni Stöðulbrunnis en engar fundust. Líklegt er að töft sem skráð var með vatnsbólínu sé leifar af kvíum. Annar mögulegur staður fyrir kvíar eða stöðul er um 5 m vestan við vatnsbólið, norðan undir allháum klapparhól. Hann er um 225 m suðaustan við bæ 001.

Hóllinn er í grónum hraunmóa.

Hóllinn er fremur brattur á norðurhlið sem gæti hafa myndað einn vegg í kvíum eða verið ákjósanlegur staður til mjalta án þess að um mannvirki hafi verið á staðnum. Engar minjar sjást á vettvangi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10

GK-159:036 *Bergþórsvarða* varða samgöngubót

64°00.879N 22°13.229V

"Suður af túninu og skammt ofan gamla vegarins er kúptur hól, sem heitir Bergþórsvarða. ... Hlaðnar vörður og vörðubrot eru á öllum þessum hólum," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 390 m suðvestan við bæ 001.

Varðan er á háum kúptum hól í grónum hraunmóa á milli Vatnsleysustrandarvegur og heimreiðar að Stóru-Vatnsleysu.

Varðan er stæðileg, um 2 m í þvermál en hrúnið hefur úr henni til austurs. Hún er um 1,2 m á hæð og mest sjást 6 umför. Varðan hefur líklega þjónað sem samgöngubót og liggur Eiríksvegur 641:012 skammt sunnan við hana.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10

GK-159:037 *Svartavarða* varða

64°00.618N 22°13.263V

"Þar ofar [en 036] og aðeins vestar er annar hól, sem heitir Skyggfir. Suður og nokkru ofar í heiðinni er hól, sem heitir Svartavarða, og áfram ofar er hól, sem heitir Digravarða [038]. Hlaðnar vörur og vörðubrot eru á öllum þessum hólum," segir í örnefnaskrá. "Þar enn ofar [en Skyggfir] er hól með vörðu á, sem heitir Svartavarða [...]," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar. Svartavarða er um 480 m suðaustan við Skyggfir og um 490 m sunnan við Bergþóruvörðu 036.

Varðan er á allháum, kúptum hraunhelluhól.



Bergþórsvarða 036, horft til norðausturs



Svartavarða og grjótdreif 037, horft til austurs

Hóllinn er nokkuð mosavaxinn og er í fremur gróðurlitlum hraunmóa.

Á hólum er vörðubrot og fast norðan við það er grjótdreif. Ekki er öruggt að vörðubrotið sé Svartavarða. Varðan er um 1,5x1 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hæð er um 0,5 m og sjást 3 umför. Um 1 m norðan við hana er grjótdreif. Í henni er nokkuð stórt grjót, mun stærra en í vörðunni. Hún er um 2x1 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki er ljóst hvort grjótdreifin sé leifar af mannvirki en augljóst er að grjótið í henni hefur verið dregið saman af mannahöndum. Alls er svæðið með vörðunni og grjótdreifinni um 3x3 m að stærð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10; Ö-Vatnsleysa AG, 155

GK-159:038 *Digravarða* varða

64°00.590N 22°13.412V



Digravarða 038, horft til austurs

"Þar ofar [en 036] og aðeins vestar er annar hól, sem heitir Skyggfir. Suður og nokkru ofar í heiðinni er hól, sem heitir Svartavarða [037], og áfram ofar er hól, sem heitir Digravarða. Hlaðnar vörur og vörðubrot eru á öllum þessum hólum," segir í örnefnaskrá. Digravarða er um 130 m suðvestan við Svörtuvörðu og um 560 m sunnan við Bergþórsvörðu 036.

Varðan stendur allhátt á háum, grýttum og mosagrónum hól í gróðurlitlum hraunmóa.

Varðan ber nafn með rentu en hún er um 3 m í þvermál og er niðurfallin og hefur ef til vill verið rifin. Það sem af henni sést er grjótrunnur og jarðvegs- og gróðurkragi umhverfis hann. Mesta hæð vörðunnar er um 0,4 m. Ekki sést fjöldi umfara. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en stærð hennar gefur til kynna að hún gæti hafa verið

innsiglingamerki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10

GK-159:039 *Þrívörðuhólar* örnefni

"Þá koma tveir nokkuð stórir hólar ofan steypa vegar, annar þó nokkuð stærrí, heitir hann Stóri-Kjöhóll, en hinn Litli-Kjöhóll. Slakinn á milli þeirra er kallaður Kjöhólaslakki. Grindavíkurgjá er skammt ofan Kjöhóla. Upp af slakkanum eru hólar, sem heita Þrívörðuhólar," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá eftir Ara Gíslason segir: "Ofan við veginn austur af Bergþórsvörðu er lægð og sléttlendi sem nefnt er Flatir, þar uppaf eru Þrívörðuhólar. Þeir eru í stefnu á Svínhól, er fyrr getur, en á hlið við Geithóla." Þessar tvær lýsingar benda til þess að Þrívörðuhólar séu ofarlega í landinu, ofan við Reykjanesbraut. Í enn einni örnefnaskrá er minnst á Þrívörðuhóla: "Suður og upp frá Flötunum eru Þrívörðuhólar. Þar er Skiphóll og nokkru austar eru Grænhólar." Líklega eiga flatirnar sem getið er í lýsingunni við um Búðaflatir eða Þýskubúðarflatir 032 því í framhaldinu er talað um Skiphól sem er litlu suðaustan við Búðaflatir. Síðasta lýsingin bendir til þess að Þrívörðuhólar hafi verið fremur norðarlega, neðan við Reykjanesbraut og allnærri ströndinni. Ekki tókst að staðsetja Þrívörðuhóla, hvorki ofan né neðan Reykjanesbrautar. Mögulegt er að vörður 110, 098 og 088 séu á Þrívörðuhólum en það eru vörður á þremur hólum á svæði sem er um 320x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Lítil tóft er við vörðu 110. Þessar minjar eru um 2 km suðaustan við bæ 001 og um 1,8 km suðaustan við Þýskubúðarflatir 032.

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10-11; Ö-Vatnsleysa, 9; Ö-Vatnsleysa, 155

GK-159:040 varða samgöngubót

64°00.882N 22°12.698V

Varða er á lágum hól um 445 m suðaustan við bæ 001.

Varðan er á lágum klapparhól í grónum hraunmóa. Fast neðan við hana til norðurs eru leifar af Almenningsvegi 641:003.

Varðan er um 1 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Gamalt hrun úr henni er vestan við hana og er það gróið. Varðan virðist hafa verið endurhlaðin. Mest sjást 3 umför. Varðan hefur að öllum líkindum varðað Almenningsveginn.

Hættumat: engin hætta

GK-159:041 *Stekkhóll* örnefni
stekkur

64°00.931N 22°12.174V

"Fjaran austur af Hnýflum sveigir nú aðeins meira í suður og sjávarbakkinn stórgrýttur og ofan hans grýttur mói. Þar er allstór hól, sem heitir Stekkhóll," segir í örnefnaskrá. "Hér nokkru austar [en 036] er gróinn hól, sem heitir Stekkhóll, þar var fyrrum Stekkur, en nú er þar Stekkhólsfjánhús og Stekkhólsrétt," segir í annarri örnefnaskrá. Af lýsingunni að dæma var rétt og stekkur við Stekkhól. Á heimasíðu Ferlis segir hins vegar: "Líklega er staðsetningin á Stekkhólsréttinni ekki rétt, eða a.m.k. ónákvæm. Réttin, eins og hún var jafnan nefnd, er nokkru sunnan við hólinn, skammt ofan gamla Eiriksvegarins. Þar eru allnokkrar hleðslur og mótur enn fyrir gömlu réttinni."



Varða 040, horft til austurs

Réttartóft 124 er um 230 m suðaustan við Stekkhól. Ekki er öruggt að það sé Stekkhólsrétt en engin ummerki um rétt sáust við Stekkhólinn sjálfan. Stekkhóll er um 750 m austan við bæ 001.

Stekkhóll er hár og afgerandi hól í fremur flatlendum hraunmóa niður við sjó. Hann er mjög grasgefinn og allt í kringum hann. Rústir 20. aldar fjárhúss eru norðan við hólinn. Þau eru ekki skráð sökum ungs aldurs en voru að hluta til hlaðin.

Ekki sést til minja um stekk við Stekkhól og getur verið að fjárhúsin hafi verið byggð ofan á rústum hans. Sunnan við hólinn er skjól frá norðanátt af hafi. Þar sjást engin ummerki um stekkjartóft. Ef til vill er tóftin horfin í þýfi en ekki er að sjá að rask hafi orðið á þessu svæði fyrir utan veglagningu nokkru sunnar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 11; Ö-Vatnsleysa, 6-7; <http://ferlir.is/?id=4392>

GK-159:042 *Vatnaborg* lind vatnsból 64°00.494N 22°11.779V

"Upp af [Stekkhól 041] nokkuð fyrir ofan gamla þjóðveginn er hól, sem heitir Grænhóll. Suður af honum er annar minni, sem heitir Efri-Grænhóll. Skammt þar fyrir ofan er slakki eða lægð. Þar á smábletti kemur upp vatn, og myndast þar oft vatnsból. Heitir það Vatnaborg og er rétt ofan steypa vegarins," segir í örnefnaskrá. Um 150 m ofan Reykjanesbrautar (sunnan) og um 170 m austan við Vatnaborgina sjálfa (081) er vatnsbólíð.

Svo er að sjá á gróðri á þessum slóðum að vatnsbólíð hafi verið stórt áður eða um 20 m í þvermál. Nú er hins vegar aðeins rakur mosagróður á þessu svæði nema á um 2 X 0,8 m svæði þar sem enn er vatn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 11

GK-159:043 *Kúagerði* heimild um áfangastað 64°00.845N 22°10.770V

"Upp af víkurbotninum [Kúagerðisvíkur] er nokkuð stór kvos inn í hraunið. Heitir það Kúagerði, forn áningarstaður, þar sem var dálítill tjörn, Kúagerðistjörn ... Þegar lagður var hinn nýi, steypiti vestur suður með sjónum, varð auðvitað að fara með hann yfir tjörnina, þrátt fyrir mótmæli, og eyðileggja þannig þennan forna og skemmtilega áningarstað, svo að hans sér naumast stað lengur," segir í örnefnaskrá. Leifar af Kúagerðistjörn sjást enn beggja vegna Reykjanesbrautar. Tjörnin var þó að mestu skemmd þegar Reykjanesbrautin var lögð og er svæðið beggja vegna hennar mjög raskað. Við Reykjanesbraut er skilti sem vísar til suðurs á staðinn.

Í hrauninu beggja vegna Reykjanesbrautar eru vatnsstæði en svæðinu hefur verið raskað vegna vegagerðar og efnistöku.

Engar fornar mannvistarleifar sjást á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 12

GK-159:044 *Skotbyrgið* heimild um skotbyrgi

"Út með vikinni [Kúagerðisvíkinni] að austan eru hraundrangar utan í sjávarbakkannum, sem sjófuglar leita upp að í skjól í norðanstormum. Þar heitir Andarhús. Rétt þar við er svo Skotbyrgið," segir í örnefnaskrá. Ekki kom skrásetjari auga á byrgið við sjávarbakkann og heimildamaður, Sesselja Guðmundsdóttir, þekkti ekki til þess.

Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni frá Stóru-Vatnsleysu eru öll ummerki um skotbyrgið horfin vegna efnistöku fyrir Reykjanesbraut.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 12

GK-159:045 Tóustígur gata leið

64°00.422N 22°10.350V



Tóustígur 045A, þar sem leiðin liggur inn í Tó tvö, horft til austurs

"Skammt neðan Gráhellu liggur gamall stígur upp hraunið. Liggur hann í suðaustur og endar í allstórrí lægð, sem er girt háu hrauni á alla vegu. ... Stígurinn frá hraunbrún og upp að þessum lægðum heitir Tóustígur," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Austan og neðan við Gráhellu komum við að Tóastíg, Tóarstíg eða Tóustíg en hann liggur upp í Tórnar eða Tóurnar eins og málvenja er núorðið. Stígurinn var eyðilagður að mestu þegar efni í Reykjanesbrautina var tekið en hluti hans sést þó vel enn þá rétt neðst þar sem hraunið er enn óraskað. Stígurinn kemur aftur í ljós fyrir ofan ruðningana." Leiðin sést þar sem hún liggur ofan í Tó tvö um 2,5 km suðaustan við bæ 001.

Leiðin liggur um móa innan um hraun.

Leiðin sést á þremur stöðum, A) þar sem hún liggur inn í Tó tvö, B) þar sem hún liggur á milli Tóar tvö og Tóar þrjú, C) á milli Tóar fjögur og Tóar fimm.

Alls á um 2,3 km löngum kafla. Gata A sést á um 85 m löngum kafla þar sem hún liggur frá námusvæði til ASA ofan í Tó 2. Þar liggur gata eftir skarði í mosagrónu hrauninu. Skarðið er um 2 m á breidd og 1-2 m á dýpt. Skarðið er gróið mosa og lyngi og í því er ein óljós kindagata. Leiðin liggur um hlið á garðlagi 076 og fjarar út fljótlega eftir að komið er inn fyrir hliðið. Aftur sést mjó kindagata B, sem að öllum líkindum er framhald af þessari leið, um 300 m suðaustar. Hægt er að fylgja henni nokkuð örugglega á um 160 m löngum kafla þar sem hún stefnir norðvestur-suðaustur og liggur með austurjaðri Tóar tvö. Um 1,3 km suðaustan við B er gata C sem sést á köflum á um 320 m löngum kafla sem liggur norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hættu, vegna efnistöku

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 13; SG: Örnefni og gönguleiðir, 104

GK-159:046 varða landamerki
64°00.885N 22°11.310V

Í örnefnaskrá AG segir: "Þar sem hin fornu merki St. Vatnsleysu og Akurgerðis [018] [voru], er hóll, með vörðubrot, og heitir Fagurhóll." Vörðubrotið á Fagurhól er um 1,4 km suðaustan við bæ 001 og um 80 m norðan við aðra meinta landamerkjavarða 074.

Fagurhóll er lítill grasgefinn hóll fast sunnan við fjöruna í grónum og nokkuð flatlendum hraunmóa. Varðan á Fagurhól er að hverfa í gróður sem hefur að miklu leyti vaxið af áburði fugladrits. Varðan er hrunin en lausir steinar úr henni sjást í grassverði á svæði sem er um 1,5 m í þvermál. Flatur stallur er efst á hólnum.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Vatnsleysa AG, 2



Landamerkjavarða 046, horft til vesturs

GK-159:047 Gvendarborg tóft fjárskýli 63°59.098N 22°10.516V

"Góðan spöl ofan Gráhellu liggur löng hraunbreiða út í heiðina. Heitir það Hraunsnef. ... Rétt ofan Hraunsnefs á heiðarholti er gömul hlaðin rétt eða fjárborg. Heitir það Gvendarborg," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Á nokkuð háu klapparholti upp og suðaustur af Djúpadal en suður af Hraunsnefi stendur hálfrunin fjárborg sem heitir Gvendarborg. Borgina hlóð Guðmundur Hannesson er seinast bjó á Ísólfsskála en hann var fæddur árið 1830 [...]" Gvendarborg er um 4,2 km suðaustan við bæ 001.

Borgin er hátt í Strandarheiði á nokkuð flatlendu svæði í hraunmóa. Allgróið er hér í king en flagmói á stöku stað.




Gvendarborg 047, horft til norðvesturs

Borgin var líklega um 6 m í þvermál þegar hún var heil en mikið hefur hrunið úr hleðslum, aðallega úr utanverðum veggjum svo leifar af borginni ná yfir svæði sem er um 9x9 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 1,8 m og mest sjást 8 umför en meirihluti veggjahleðslna er hruginn. Opið inn í borgina sést enn og var gengið inn í hana úr suðaustri. Grjót hefur hrunið í opið sem er aðeins um 0,3 m á breidd og var um 0,7 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 101-102



Gvendarborg 047

GK-159:048

Stóri-Kolhóll

heimild um kolagröf

63°57.720N

22°10.706V



Á vinstri mynd er dæld í Stóra-Kolhól 048, horft til austurs. Á hægri mynd er lítil varða við hólinn, horft til austurs

"Frá Einiberjahól liggja mörkin um hól, sem nefnist Stóri-Kolhóll. Þarna eru fleiri hólar eða holt, sem kallaðir eru einu nafni Kolhólar. Kolhólar eru, sem kallað er, á háheiðinni," segir í örnefnaskrá. Kolhóll eða Stóri-Kolhóll er um 6,5 km sunnan við bæ 001 og um 1,5 km sunnan við sel 103.

Í Kolhól er mikil hringlaga dæld sem er um 3 m djúp og um 12 m í þvermál. Hóllinn er í mosagrónu, hæðóttu hrauni.

Ekki sést til ummerkja um kolagerð í eða við hólinn en ekki er hægt að útiloka að kolagerði haf farið fram á þessum stað. Varða er um 10 m vestan við dældina í hólnum. Hún er óvönduð og líklega ung að árum eða illa endurhlaðin. Varðan er 1x1 m að stærð og um 0,5 m á hæð. Ekki er hægt að greina fjölda umfara. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið. Viðarprik er á milli steina í vörðunni en hefur líklega áður staðið upp úr henni. Hlutverk þessarar vörðu er óljóst en mögulega hefur hún átt að vísa á hólinn, varðað Þórustaðastíg 641:002 sem liggur fast suðvestan við hólinn, eða verið landamerki því samkvæmt örnefnaskrá var Kolhóll á merkjum milli Flekkuvíkur og Vatnsleysu sbr. tilvísun hér fyrir ofan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 3

GK-159:049 *Keilisvarða* varða
samgöngubót

63°57.448N 22°10.218V

"Þar sem heiðin er hæst norður af Keili, er varða á dálitlu holti, sem heitir Keilisvarða," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Fyrir ofan og suðaustan Kolhól [048] er svo Keilisvarða en hún stendur við Þórustaðastíg [641:002]." Keilisvarða er um 640 m suðaustan við Kolhól og um 7,1 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á lágu grýttum hól á mosavaxinni hraunbreiðu.

Varðan er ekki vandlega hlaðin. Hún er um 1x1,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er um 1 m á hæð og sjást 4 umför hleðslu. Þórustaðastígur er fast suðvestan við hana og hefur hún varðað hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 100



Keilisvarða 049, horft til ASA

GK-159:050 gata leið

63°58.160N 22°08.793V

"Upp frá Vatnsleysu lá stígur í Vatnsleysusel (Kolhólasel) [103], Rauðhólssel [096] sem og Oddafellssel [073]," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Frá Rauðhólseli má óljóst greina götu á þessari leið. Hún kann einnig að hafa tilheyr

Hrisatóarstíg/Rauðhólssstíg/Rauðhólsselsstíg
078.

Þar sem leiðin sést liggur hún um mosavaxinn móa meðfram háum hraunhól sem selið er undir.

Aðeins sést ein gata á um 160 m löngum kafla og liggur hún nálega norður-suður en í norðurenda beygir hún meðfram hólnum lítilla til vesturs. Gatan er gróin og er 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 102



Leið 050 að Rauðhólsseli 096, horft til suðurs

GK-159:051 *Höskuldavallastígur* gata leið 63°56.812N 22°07.436V

Í örnefnaskrá segir: "Gamall götuslóði eða stígur liggur frá Oddafelli, og fer hann út á hraunið spölkorn vestur með fellinu, frá norðurenda þess vestur yfir hraunið í átt að Keili, og er nefnt Höskuldavallastígur. Örskammt með fellinu að vestan við hraunbrúnina eru gamlar veggheðslur. Þar var haft í seli [073] frá Minni-Vatnsleysu." Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Af heiðinni yfir hraunið að Oddafelli heitir svo Höskuldavallastígur eða Oddafellsstígur og var sá notaður fyrrum af selfólki úr Sogaseli [...] og Oddafellseli. Nú á tímum er hluti hins upprunalega Höskuldavallastígs genginn af fólki sem fer á Keili." Gatan liggur meðfram vestanverðu Oddafelli og beygir til norðvesturs út í mosavaxið hraunið. Leiðin var skoðuð um 50 m norðan við Oddafellssel 073.

Leiðin liggur um mólendi og mosagróið hraun.

Þar sem gatan beygir yfir hraunið í átt að Keili er hún mjög greinileg. Hún er gróin og vex í henni gras og annar heiðargróður og sker hún sig þannig úr hraunbreiðunni þar sem þakin er mosa að öðru leyti. Gatan er 0,1-0,3 m á breidd og dýpst er hún um 0,2 m. Leiðin var skoðuð á litlu svæði og var rakin á um 940 m löngum kafla. Á stórum hluta þess kafla sem liggur meðfram Oddafelli eru nýlegar götur eða ógrónar götur vegna umferðar ferðafólks á Keili.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 131



Höskuldavallastígur 051. Á vinstri mynd er hluti leiðarinnar sem notaður er þegar farið er upp á Keili, horft til norðurs. Á hægri mynd liggur leiðin um hraunið vestan við Oddafell, horft til suðausturs

GK-159:052 áletrun

4°01.031N 22°12.969V



Meintur legsteinn með áletrun 052

Steinn með áletrun á, sem er líklega ekki á upprunalegum stað er um 95 m suðaustan við bæ 001 og um 50 m suðaustan við meinta staðsetningu kirkju 002.

Steinninn er í túni sem komið er í órækt, fast sunnan við miklar grjóthrúgur sem hreinsaðar hafa verið úr túninu.

Steinninn er um 0,7 m á lengd, 0,5 m á hæð og þykkt. Áletrunin er á flatrí og sléttri hlið steinsins. Hún er orðin mjög óljós og máð en fjallað er um steininn og áletrunina á heimasíðu Ferlis og þar kemur fram að áletrunin sé stafirnir GI sem sameinist í krossmarki að ofanverðu og hægra megin að ofanverðu sé ártalið 1643 eða 1649. Óvist er í hvaða tilgangi áletrunin var rist en líklegast er hér um legstein að ræða. Hálfkirkja 002 var á Stóru-Vatnsleysu. Líklegt er að kirkjugarður hafi tilheyrt kirkjunni en ekki er vitað hversu lengi grafið var í kirkjugarðinum, né

hvenær kirkjan lagðist af.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 2; <http://ferlir.is/?id=4066>

GK-159:053 Nýjagarður heimild um landamerki

64°01.461N 22°13.548V

"Einhvern tíma á seinni árum mun markalína hafa verið dregin um Nýjagarð, öðru nafni Gyðjagarð og enn öðru nafni Gyðjugarð, sem er mitt á milli Klukku og Refshala," segir í örnefnaskrá. Í máldaga Péturskirkju á Kálfatjörn frá 1379 eru Nýjugarðar (nýja gordvm (þgf.)) nefndir og er líklegt að um sé að ræða garða á sama stað og Nýjagarður í örnefnaskrá, en óvist er að um sama mannvirki sé að ræða. Nýjagarður/Nýjugarðar voru á merkjum milli Flekkuvíkur og Vatnsleysubæja.

Frá Klukku liggja tvær landamerkjalinur upp í gróna hraunheiðina. Sú sem er vestar er líklega hleðsla undir girðingu sem búið er að rífa. Hin er um 8 m austar og er dregin af stórgrýti sem er hlaðið upp á nokkurra metra millibili. Járnteinar standa út úr steinunum og líklegt er að járnvir hafi verið strengdur á milli þeirra. Engin ummerki um hlaðinn garð á merkjum sjást lengur þar sem merkin eru milli Flekkuvíkur og Vatnsleysubæjanna. Ekki er ljóst hvort Nýjagarður sem nefndur er í örnefnaskrá eigi við stórgrýtisröðina með járnsteinunum en ekki fundust önnur garðlög á svæðinu sem koma til greina. Ef þetta á við um steinana eru þeir ekki fornleifar og ekki skráðir.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 2; DI III, 340

GK-159:054 *Skálakotsvör* náttúrumin
 "Austur af tóku við Kotavarir með Skálakotsvör, Naustakotsvör [031] ...,“ segir í örnefnaskrá. Skálakotsvör er um 170 m norðaustan við bæ 001. Vörin er í klapparfjöru norðaustan við sjóhús 016. Vörin er náttúruleg, á milli kletta. Hún er um 2 m á breidd og um 8 m löng, snýr austur-vestur. Klettarnir eru um 2 m á hæð báðumegin við vörina sem víkkar til austurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 2-3

lending

64°01.133N

22°12.886V



Skálakotsvör 054, horft til austurs

GK-159:055 *Vatnsleysutraðir* gata leið

64°01.152N 22°13.085V

Í örnefnaskrá Vatnsleysu segir: "Heiman frá Stóru-Vatnsleysu og að Minni-Vatnsleysu voru traðir eftir túnunum, nefndust Vatnsleysutraðir." Í örnefnaskrá Stóru- og Minni-Vatnsleysu segir: "... öll umferð á milli bæjanna [Stóru- og Minni-Vatnsleysu] lá um göturoðning yfir túnin." Sæmundur Þórðarson, heimildamaður, man eftir upphlöðnum tröðum á milli bæjanna. Traðirnar voru torf og grjóthlaðnar. Ummerki um traðirnar sjást skýrt á kafla í túni Stóru-Vatnsleysu fast vestan við Hjallhól 109, um 150 m norðan við bæ 001.

Traðirnar liggja um mishæðótt tún sem komið er í órækt.

Leiðin sést sem 2 m breið gata í túninu á um 27 m löngum kafla. Hlaðinn garður 104 á merkjum milli jarðanna og hefur líklega verið hlið á garðinum þar sem leiðin liggur en búið er að hlaða fyrir það. Gatan er dýpst um 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 5



Vatnsleysutraðir 055, horft til norðurs

GK-159:056 *Merkjanefsvarða* heimild um landamerki

"Hér lengra til austurs við Víkina Merkjanef og upp á hrauninu Merkjanefsvarða," segir í örnefnaskrá. Sæmundur Þórðarson, heimildamaður, kannaðist ekki við þessa vörðu en mikið grjótnám hefur verið á svæðinu þar sem varðan var. Merkjanef er um 1,8 km austan við bæ 001. Ekki sést varða á milli Merkjanefs og Reykjanesbrautar og hefur varðan líklega horfið við grjótnámið. Ekki er útilokað að Merkjanefsvarða sé sama varða og Markvarða/Afstapavarða 160:034 sem skráð var í landi Hvasshrauns árið 2001.

Á svæðinu þar sem ætlað er að Merkjavarða hafi verið er úfið hraun með grónum bollum og útflattir hraunflákar eftir grjótnám.

Engin ummerki sjást um vörðuna.

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 3

GK-159:057 heimild um rétt

64°01.041N

22°12.794V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var rétt inn á milli hjáleigna í túni Stóru-Vatnsleysu. Réttin var líklega um 200 m suðaustan við bæ 001.

Sléttað tún er þar sem réttin var.

Engin ummerki sjást um réttina. Hún hefur væntanlega horfið þegar byggingaleifum hjáleignanna var ýtt út úr túninu og sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-159:058 *Sjávargarður nyrðri* garðlag varnargarður 64°01.153N 22°12.960V

"Túnin öll voru girt Grjótgörðum [sjá 108], við sjóinn var Sjávargarður nyrðri og Sjávargarður syðri [059] með

Sjávarhliðið í milli" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá grjótgardurinn frá norðurhorni túnsins á merkum mótí Minni-Vatnsleysu að fiskhúsi 016 sem er uppistandandi. Gardurinn sést fyrst um 160 m norðvestan við bæ 001.

Gardurinn er í túnjaðri á mörkum túns og fjöru. Sá hluti garðsins sem sést er um 60 m langur og liggur í sveig frá norðvestri til suðausturs. Hann er víðast niðurfallinn og horfinn á köflum en þar sem hann sést enn er hann mjög greinilegur. Hæstur er hann við Vesturbæjarvör 064 þar sem hann er um 1 m breidd og 1,2 m á hæð. Þar sjást 5 umförför af hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4



Sjávargardur nyrðri 058, horft til suðurs

GK-159:059 *Sjávargardur syðri*
garðlag varnargardur

64°01.103N 22°12.837V

"Túnin öll voru girt Grjótgörðum [sjá 108], við sjóinn var Sjávargardur nyrðri [058] og Sjávargardur syðri með Sjávarhliðið í milli" segir í örnefnaskrá. Sjávargardur syðri sést um 170 m austan við bæ 001.

Gardurinn liggur að miklu leyti um sjávarkletta á mörkum túns og fjöru.

Gardurinn sést á um 40 m löngum kafla og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er víða niðurfallinn eða horfinn vegna landbrots. Þar sem hann er hæstur er hann um 0,7 m á hæð og sjást 4 umförför. Gardurinn er um 1 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4



Sjóvarnargardur syðri 059, horft til austurs

GK-159:060 *Naust* heimild um naust
64°01.129N 22°12.905V

"Túnin öll voru girt Grjótgörðum [sjá 108], við sjóinn var Sjávargardur nyrðri [058] og Sjávargardur syðri [059] með Sjávarhliðið í milli og þar var Naustið" segir í örnefnaskrá. Naustið hefur að líkindum verið um 155 m norðaustan við bæ 001 og fast suðaustan við sjávarhús 016. Mögulega var Naustið á sama stað og útihús 009 en það er óvíst.

Suðaustan við sjóhús 016 er sléttur blettur en þar hefur miklu grjóti verið rutt fram í fjöruna til þess að verjast landbroti.

Engar sýnilegar minjar eru um Naustið og er líklegt að það hafi horfið vegna landbrots eða að leifum þess hafi verið rutt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4

GK-159:061 *Skiparéttin* heimild um naust 64°01.127N 22°12.903V

"Túnin öll voru girt Grjótgörðum [sjá 108], við sjóinn var Sjávargardur nyrðri [058] og Sjávargardur syðri [059] með Sjávarhliðið í milli og þar var Naustið [060] og Skiparéttin" segir í örnefnaskrá. Að líkindum var Skiparéttin um 155 m norðaustan við bæ 001 og um 10 m suðaustan við sjávarhús 016.

Suðaustan við sjóhús 016 er sléttur blettur en þar hefur miklu grjóti verið rutt fram í fjöruna til þess að verjast landbroti.

Engar sýnilegar minjar eru um Skiparéttina og er líklegt að það hún horfið vegna landbrots eða að leifum þess hafi verið rutt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4

GK-159:062 *Sjóbúð* heimild um sjóbúð 64°01.133N 22°12.917V
 "Túnin öll voru girt Grjótgörðum [sjá 108], við sjóinn var Sjávargarður nyrðri [058] og Sjávargarður syðri [059] með Sjávarhliðið í milli og þar var Naustið [060] og Skiparéttin [061], Sjóbúð og Sjóhúsið [016]." segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar Sjóbúðin var nákvæmlega en líklega hefur hún verið í hnapp með þeim minjastöðum sem nefndir eru í örnefnalýsingu, um 150 m norðaustan við bæ 001.

Suðaustan við sjóhús 016 er sléttur blettur en þar hefur miklu grjóti verið rutt fram í fjöruna til þess að verjast landbroti.

Engar sýnilegar minjar eru um Sjóbúðina og er líklegt að það hún horfið vegna landbrots eða að leifum þess hafi verið rutt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4

GK-159:063 heimild

"Skammt frá stígunum [055] ofan Hjallhóls [109] er nokkuð stór steinn, flatur að ofan. Þar í er höggvið fornt letur, sem ég veit ekki, hvort nokkurn tíma hefur verið athugað," segir í örnefnaskrá. Ekki sést steinninn á þessum slóðum en ætla má að þetta hafi verið um 160 m norðan við bæ 001. Ekki var hægt að staðsetja steininn með innan við 50 m skekkju.

Hæðótt tún.


Ekki fengust upplýsingar um áletrun á stein á þessum stað. Ekki er útilokað að um sama stein og 052 sé að ræða og hefur hann þá verið fluttur um set.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8

GK-159:064 tóft byrgi

64°00.383N 22°10.289V



Byrgistöft 064, horft til norðvesturs

"Nyrst í Tó tvö eru lynglautir umkringdar háum hraunkanti og þar finnum við lítið mosagróið grjótbodyrgi sem Vatnsleysubræður hlóðu sér til gamans upp úr 1940," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Byrgið er um 2,6 km suðaustan við bæ 001 og um 60 m suðaustan við grjótgarð 076.

Byrgið er uppi á brún mosavaxins hrauns. Grjótnám hefur verið í hrauninu og nær námu svæðið alveg að byrginu. Byrgið er grjóthlaðið norðaustan undir stóru hraunbjargi. Það er um 1x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðvesturveggur er stóra hraunbjargið sem það stendur við. Byrgið er einfalt. Ekki sést op á því. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m og sjást 3 umför. Sæmundur Þórðarson, heimildamaður og einn Vatnsleysubræðra, kannaðist ekki við að hafa hlaðið það en vissi ekki hver hefði gert það. Um 2 m suðvestan við tóft er hleðsla hinum megin við stóra steininn sem er um 2x1 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þar kann að hafa verið önnur tóft en hún hefur þá líklega skemmst vegna grjótnámsins. Hún gæti einnig hafa verið hluti af garði 076. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,5 m og sjást 4 umför.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 105

GK-159:065 tóft

64°01.041N 22°13.352V

Tóft er í norðurjaðri nýræktar vestan við gamla heimatúnið og austan við veg sem liggur að bænum. Tóftin er um 260 m vestan við bæ 001.

Tóftin er fast sunnan við klapparhól í flatlendum túnbletti sem kominn er í órækt.



Tóft 065, horft til vesturs

Tóftin er einföld og grjóthlaðin en mosagróin. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Mikið af grjóti hefur hrunið inn í tóftina og innan um það sjást járnleifar sem gefur til kynna fremur ungan aldur tóftarinnar en ekki fengust upplýsingar um nákvæman aldur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m en ekki sést fjöldi umfara. Óljóst op er í suðausturhorni tóftarinnar. Hlutverk hennar er ekki þekkt en líklegt er að hún hafi verið einhvers konar útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-159:066 *Traðir* heimild um traðir 64°01.057N 22°13.019V
 "Sunnan og ofan var svo Suðurgarður en að Suð-Austan og austan var Austurgarðurinn [sjá 108]. Á honum miðjum var Traðarhliðið og heim lágu svo Traðirnar allt heim til bæja," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er sýndur vegur liggja heim að bænum á sama stað og heimreiðin liggur nú (2012) en ætla má að traðirnar hafi verið sama stað áður en vegurinn var lagður. Sæmundur Þórðarson, heimildamaður, man ekki eftir tröðum heim að bænum en hann flutti á jörðina 1932. Hann sá um að hækka veginn og láta malbika en snjóþyngsli voru á heimreiðinni fyrir þá framkvæmd.

Traðirnar lágu að líkindum um flatlent svæði í ofanverðu (vestanverðu) heimatúninu sem er annars hæðótt. Ekki sést til minja um traðir en þær hafa horfið undir heimreiðina.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4; Túnakort 1919

GK-159:067 *Mylluhóll* örnefni mylla 64°01.077N 22°13.132V
 "Skammt suðvestur af bænum er smáhóll, sem heitir Mylluhóll," segir í örnefnaskrá. "... skammt norðar [en 011] var Milluhóllinn, og þar var Millan í eina tíð. Seinna var svo hér Millugarður, matjurtagarður," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Hóllinn er um 80 m vestan við bæ 001. Sæmundur Þórðarson, heimildamaður, man ekki eftir myllu á hólnum og hefur hún þá líklega verið farin fyrir 1932 þegar Sæmundur flyst á jörðina. Ekki er vitað hvort hún var rifin eða hver örlög hennar urðu. Ekki kannaðist heimildamaður heldur við kálgarð á þessum stað.

Hóllinn er í norðvesturhluta túnsins fast norðvestan við steipt fjós á hlaðinu.

Ekki sjást glögg mannaverk á hólnum en mögulega eru einhverjar minjar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 7; Ö-Vatnsleysa, 4



Varða 068A, horft til NNA

GK-159:068 varða 64°00.179N 22°12.789V

Varða og vörðubrot eru á svæði sem eru um 1,5 km SSA við bæ 001.

Minjarnar eru í nokkuð mosagrónum hraunmóa

litlu suðaustan við Reykjanesbrautina.

Varðan og vörðubrotið eru á svæði sem er um 65x1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Varða A er um 1x0,6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er um 0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför. Um 65 m norðaustan við vörðu A er vörðubrot B. Þar eru skófum vaxnir steinar, 4-5 saman. Varðan er um 0,4 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Sjást 2 umför. Hlutverk óþekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-159:069 *Sjávargata* heimild um leið

64°01.121N 22°12.917V

"Austan við bæina 001 lá Sjávargata eða Sjávarstígurinn og lá niður í Sjávarhliðið," segir í örnefnaskrá. Leiðin er sýnd sem vegur á túnakorti frá 1919.

Leiðin liggur niður aflíðandi halla til austurs og er malarvegur á sama stað niður að Sjávarhliði.

Ekki sjást ummerki um gamla stíginn vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 5; Túnakort 1919



Varða 068B, horft til norðvesturs

GK-159:070 *Seltó* örnefni sel 63°59.286N 22°08.244V

"Tó Fimm, sem er stór og allmjög vaxin hrísi og Birki nefnist því Hrisató. Suð-Vestur úr henni liggur stígur og nefnist Hrisatóarstígur [078]. [...] Þá kemur Tó Sex, sem er eiginlega samtengd Tó Fimm. Hér breikkar allt og upp af þessari [Tó sex] er svo Tó sjö sem kölluð er Seltó. Spurst hef ég fyrir um sel þar, enginn kannast við það, en nokkur beit getur verið þarna og má vera að búsmala úr Rauðhólsseli hafi verið haldið hér til haga. Vestur úr þessari Tó liggur troðningur Seltóarstígur [077]" segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Í Seltó er tilraunaborhola sem gerð var á uppbyggingartíma fiskeldis á Stóru-Vatnsleysu og að henni liggur vegruðningur. [...] Svo til beint austur af borholunni er upphaf Seltóarstígs [077] til austurs úr tónni." Seltó er um 5,1 km suðaustan við bæ 001.

Seltó er líklega stærst af Tónum og er gróin að miklu leyti en þó er allstórt rofsvæði vestast í henni.

Engar minjar um sel fundust í Seltó og kann nafnið að vera til komið vegna beitar fjár sem var haft í seli í Rauðhólsseli eins og fram kemur í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 7; SG: Örnefni og gönguleiðir, 106

GK-159:071 *Kotastígur* heimild um leið 64°01.078N 22°12.947V

"Kotastígur lá heim til Vatnsleysubæja," segir í örnefnaskrá.

Leiðin lá eftir túni sem komið er í órækt.

Ekki sést til stígsins vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 5

GK-159:072 *Kota-Sjávargarður* hleðsla varnargarður

64°01.073N 22°12.764V

"Eftir endilöngum Kotakampi lá Kota-Sjávargarðurinn," segir í örnefnaskrá. Óljósar hleðsluleifar úr sjávargarðinum sjást enn um 220 m austan við bæ 001.

Sjávarkampurinn er á mörkum stórgryttrar klapparfjöru og túns. Grjóti úr kotunum var rutt á kampinn til að varna sjógangi.

Óljósar leifar af varnargarðinum sjást á milli tófta 021B og C og Naustakots 020 á um 2 m breiðum og 70 m löngum kafla sem snýr norður-suður. Ekki stendur steinn yfir steini




Kota-Sjávargarður 072, horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 5

GK-159:073 Oddafellssel tóftir sel

63°56.767N 22°07.279V



Oddafellssel 073, horft til suðvesturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstöðu segja menn jörðin eigi þar sem heitir Oddafell, og er þangað bæði langt og erfitt að sækja, eru þar hjálplegir hagar og vatn nægilegt." "Gamall götuslóði eða stígur liggur frá Oddafelli, og fer hann út á hraunið spölkorn vestur með fellinu, frá norðurenda þess vestur yfir hraunið í átt að Keili, og er nefnt Höskuldavallastígur [051]. Örskammt með fellinu að vestan við hraunbrúnina eru gamlar vegghleðslur. Þar var haft í seli frá Minni-Vatnsleysu," segir í Örnefnaskrá. Selið er um 9,3 km suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á mörkum úfins mosagróins hrauns og grösugra hliða Oddafells sem þó eru uppblásnar á köflum.

Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Næst skoðum við tóftirnar af Oddafellsseli sem var frá Minni-Vatnsleysu en það liggur í vesturrótum fellsins skammt fyrir sunnan Höskuldavallastíginn (sjá síðar) þar sem hann beygir út í apalhraunið til vesturs. Þar sjást tvær-þrjár tóftir og einnig kvíahleðslur í hraunjaðrinum rétt sunnan við selið." Tóftir sem tilheyrir hafa selinu eru á svæði sem er um 170x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingunni sem fylgir hér á eftir er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Annars vegar eru tóftir A-F suðvestast á svæðinu og hins vegar eru tóftir G-H norðaustast á svæðinu. Lýsingin hefst suðvestast á minjasvæðinu. Þar er þúst F sem er um 7x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grasi gróin en það finnst fyrir grjóti undir sverði. Hún er um 0,3 m á hæð. Þústin skiptist óljóst í tvo hluta. Í norðausturenda er hluti I um 3x2 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Í suðvesturenda er hluti II sem er um 3x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft E er um 11 m norðaustan við þúst F. Hún er tvískipt, er um 8x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er grjóthlaðin og í norðvesturhluta hennar er hólf I hlaðið fast við hraunvegginn sem myndar að hluta innri vegg þess. Hólfid er um 4x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er úr því til suðurs. Hólf II er um 7x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur, op til suðvesturs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m en víðast eru hleðslur fallnar og eru 0,2-0,5 m á hæð. Mest sjást 4 umför hleðslu. Frá norðurhorni tóftar liggur hleðsla til norðausturs og beygir svo til norðurs. Er um 4 m á lengd, 0,5 m á hæð og 0,3 m á


breidd. 3 umför sjást í hleðslunni. Á milli þústar F og tóftar E er grjóthleðsla í hraunbrúninni sem er um 3 m á



Á vinstri mynd er tóft 073A, horft til vesturs. Á hægri mynd er tóft 073E, horft til NNA



Á vinstri mynd er tóft 073G, horft til ASA. Á hægri mynd er tóft 073H, horft til norðvesturs



stendur vel, er um 1,2 m á hæð innanmáls og eru 6 umför sýnileg. Hólf III er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr

lengd og um 0,5 m á hæð og breidd. Snýr norðaustur-suðvestur. Mest sjást 3-4 umför en ekki er um stæðilega hleðslu að ræða. Fast norðaustan við tóft E er þúst D. Hún er um 10x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er útlöft og hlaupin í þúfur, er um 0,2 m á hæð. Undir sverði finnst fyrir grjóti. Fast norðaustan við þústina er hellisskúti C. Mikið hefur hrunið ofan í hann af grjóti. Líklega hafa verið hleðslur fyrir munna skútans en þær eru grónar og hrundar. Munnur skútans er um 3 m á breidd og 1 m á hæð. Hellisskútin er um 2 m á breidd og 5 m á lengd innanmáls. Mesta lofthæð er um 2 m. Um 2 m norðaustan við hellisskúta C er tóft B sem er mjög sigin og gróin, er um 7x3 m að stærð. Grjót sést í veggjum tóftar sem eru hæstir um 0,3 m á hæð í suðvesturenda. Tóftin er einföld, um 1x5 m að innanmáli. Ekki sést inngangur í tóftina. Tóft A er fast norðaustan við tóft B. Tóftin er um 15x4 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr grjóti upp við apalhraunið og skiptist í fjögur hólf. Syðst í tóftinni er hólf I sem er um 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í norðurhorni. Þetta hólf sker sig aðeins frá öðrum hlutum tóftarinnar að því leyti að það snýr ekki norður-suður eins og hin hólfín og hún er einnig mosagrónari en þau. Veggir þess eru um 0,4 m á hæð og sjást 2 umför hleðslu í því. Fast norðan við hólf I er hólf II sem er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Mögulegt op er í suðurenda þess, samanfallið. Norðurveggur þess

austur-vestur. Óljóst op er í norðausturhorni. Hólf IV er um 1x3 m að innanmáli. Hleðslur eru signar og grónar. Mögulega var op í norðausturhorni hólfins en það er óljóst. Um 110 m norðaustan við tóft A er tóft G fast suðaustan við Höskuldavallastíg 051, á milli grasi gróinnar brekku Oddafells og mosagróins hrauns. Hér er mun opnara svæði en þar sem tóftir A-F eru og hliðar Oddafells ekki eins brattar. Tóft G er grjóthlaðin en mjög sigin og gróin. Hún er einföld, snýr ASA-VNV. Mesta hæð veggja er um 0,3 m. NNA-veggur er ógreinilegur og ytri mörk hans sjást illa. Tóft H er um 3 m norðan við tóft G. Hún er óljós en í henni má greina tvö hólf. Tóftin er um 6x3 m að stærð og snýr NA-SV. Hún er útfloft og er aðeins 0,1-0,2 m á hæð, líklega torf- og grjóthlaðin. Tóftin er hlaðin upp við lága hraunbrún. Hólf I er um 1,5 m í þvermál innanmáls og ógreinilegt op úr því til suðausturs. Hólf II er í suðvesturenda og er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Óljóst op er úr því til suðvesturs. Hólf II er um 0,3 m á dýpt en hólf I er litlu grynna. Þessar tvær tóftir tilheyra að líkindum selinu þó að þær séu spöl frá tóftum A-F. Ljóst er að minjarnar eru frá fleiru en einu tímabili og eru þústir F og D allfornlegar en tóft A virðist mun yngri. Frekari rannsókn myndi varpa ljósi á aldur minjanna og breytingar á notkun selsins í gegnum tíðina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM III, 150; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 15-16; Ö-Vatnsleysa, 10; SG: Örnefni og gönguleiðir, 128

GK-159:074 varða landamerki

64°00.841N 22°11.303V



Landamerkjavarða 074, horft til norðausturs

Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildarmanni, er varða norðaustan við gamla veginn að Stóru-Vatnsleysu, nokkurn spöl suðaustan við Stekkjarhól 041 sem hann taldi vera gamla landamerkjavörðu milli Akurgerðis og Vatnsleysu. Varðan er um 80 m sunnan við landamerkjavörðu 046 á Fagurhól og um 1,5 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er í flatlendum hraunmóa.

Varðan er um 1x2 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er ferköntuð, um 0,6 m á hæð. Mest sjást 4 umför af hleðslu. Hleðslan er heilleg en aðeins er farið að hrynja úr henni. Það virðist vera augljós aldursmunur á þessari vörðu og vörðu 046 á Fagurhól sem virðist mun eldri. Ekki er þó útilokað að báðar hafi þær verið á merkjum milli Akurgerðis og Vatnsleysu. Þó er einnig möguleiki á því að sú varða sem virðist yngri

og er skráð hér hafi upphaflega haft annað hlutverk en hafi verið ruglað við sögn um landamerkjavörðu á Fagurhóli þar sem sú varða er hrunin og gróin og sést illa.

Hættumat: engin hætta

GK-159:075 Kúagerðistroðningar gata leið

64°00.819N 22°10.697V

"Upp frá Kúagerði liggja troðningar með Hraunbrúninni mætti nefna þá Kúagerðistroðninga því um þá var rekinn búsmalinn ofan úr Flekkuvíkurseli og jafnvel Rauðhólasel," segir í örnefnaskrá. Um 80 m ofan við Kúagerði 043 tekur hraunbrúnin við. Þar er nú greinilegur slóði en ekki sýnist hann mjög fornlegur.

Umhverfis eru hraun sem mikið hefur verið raskað. Það er nokkuð úfið en mosagróið.

Stígurinn liggur meðfram hrauninu til vesturs og beygir meðfram hraunjaðrinum til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 7

GK-159:076 garðlag vörslugarður

64°00.423N 22°10.330V

"Tó Tvö er þar nokkru ofar [en Tó eitt] og Stígur þar á milli [045], en Tóarstígur liggur gegnum allar Tóurnar. Þar sem hallar niður í þessa Tó hefur verið hlaðinn garður, svo gripir kæmust þar ekki út og burt," segir í örnefnaskrá. Garðurinn er um 2,5 km suðaustan við bæ 001.

Garðurinn er hlaðinn á hraunbrún norðan og norðvestan við stóra lægð innan um hraunin sem sloppið hefur við hraunrennslíð. Lægðin er fremur flatlend og gróin.

Garðhleðslur í Tó tvö sjást á svæði sem er um 145x95 m að stærð og snýr norður-suður. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Garður A sem nefndur er í örnefnaskrá er syðst og vestast á svæðinu. Hann er einhlaðinn úr hraungrýti og sést á svæði sem er um 50x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hefur hluti af honum horfið á vesturbrún hraunsins í vestanverðri Tó tvö vegna grjótnáms. Garðurinn er hæstur um 1 m og mest sjást 5



Á vinstri mynd er vörslugarður 076A þar sem Tóarstígur liggur í gegnum hann, horft til vesturs. Á hægri mynd er vörslugarður 076D, horft til suðvesturs

umför hleðslu. Þar sem Tóarstígur 045 liggur upp úr Tó tvö til vesturs er úrskot á hleðslunni sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í útskotinu er op sem leiðin lá um. Hleðsla B er um 130 m norðaustan við Tóarstíg 045 þar sem hann liggur gegnum garðlag A. Hlaðið hefur verið fyrir skarð ofan í Tó tvö í norðausturhorni. Hleðslan er um 3 m á lengd og um 0,4 m á breidd, snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 3 umför. Hleðslur eru hrundar í miðjunni. Um 15 m norðaustan við B er samsvarandi hleðsla C. Hún er um 3 m á lengd og um 0,5 m á breidd, snýr VNV-ASA. Er mosagróin og stendur enn, er um 0,6 m á hæð og sjást 3 umför. Hleðsla D er um 40 m suðaustan við hleðslu C. Hún er í norðausturhorni Tóar tvö. Hún er hlaðin meðfram norðvesturjaðri lítills lautarbolla og hefur ef til vill myndað aðhald undir hraunbrúninni. Hleðslan er lítið mosagróin og getur verið að hún sé fremur ung. Hún er á svæði sem er um 5x2 m að stærð, liggur í boga frá suðri til austurs. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást mest 4 umför hleðslu. Bollinn er um 6x10 m að innanmáli. Í norðausturenda er dálítið skarð, um 0,5 m breitt og svo tekur hraunið við.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 105

GK-159:077 *Seltóarstígur* gata leið 63°59.320N 22°07.732V

"Vestur úr þessari Tó [Seltó 070] liggur troðningur, Seltóarstígur," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Í Seltó er tilraunaborhola sem gerð var á uppbyggingartíma fiskeldis á Stóru-Vatnsleysu og að henni liggur vegruðningur. [...] Svo til beint austur af borholunni er upphaf Seltóarstígs [077] til austurs úr tónni." Hér ber heimildum ekki saman um hvort leiðin liggir til austurs eða vesturs úr Seltó. Líklegt er að troðningurinn sem nefndur er í örnefnaskrá hafi verið skráður með Hrísatóarstíg 078. Samkvæmt heimildum lá sá stígur til suðvesturs úr Hrísató en leiðin sem skráð var sem Hrísatóarstígur endar að því er virðist í Seltó. Ef til vill skýrist það af því að Hrísatóarstígur hafi greinst í tvær leiðir. Önnur leiðin hefur legið í Hrísató en hin leiðin í Seltó (Seltóarstígur?). Þegar Hrísatóarstíg var fylgt á vettvangi sást ekki önnur leið liggja af henni í Hrísató. Á loftmynd GoogleEarth sést leið liggja úr Seltó til austurs. Stígurinn er um 5,3 km suðaustan við bæ 001.

Leiðin liggur að mestu leyti yfir mosagróið hraun en að litlu leyti yfir hraunmóa.

Sá hluti leiðarinnar sem liggur til austurs úr Seltó sést á loftmynd á GoogleEarth á um 500 m löngum kafla. Leiðin er svo greinileg að hún hlýtur að hafa verið rudd. Hún hefur að öllum líkindum legið á Hrísatóarstíg 078.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 106; GoogleEarth

GK-159:078 *Hrísatóarstígur* gata leið 63°58.863N 22°09.044V

"Þá kemur Tó fimm, sem er stór og allmjög vaxin hrísi og Birki, nefnist því Hrísató. Suð-Vestur úr henni liggur stígur, og nefnist Hrísatóarstígur. Er sýnilegt að farið hefur verið um hann með hesta," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Snókafell er þarna örskammt neðar og austar. Seltóur [070] eru þarna neðar, og er stígur þaðan og upp að Rauðhól og er kallaður Rauðhólssstígur, líka kallaður Rauðhólsselsstígur [ekki sami og 050]." Leiðin hefur ekki sama nafn í báðum örnefnalýsingum en lýsingar á leiðinni gefa það sterklega til kynna að um sömu leið sé að ræða. Hrísató og Seltó 070 renna saman og ekki virðast vera skýr skil á milli þeirra. Leiðin sem hér er skráð liggur í Seltó úr suðvestri en mögulegt er að leiðin greinist í tvær leiðir og að önnur liggir í Hrísató og hin í Seltó. Aðeins ein leið sást á vettvangi. Leiðinni var fylgt frá Brunavegi til austurs og er hún um 4,9 km suðaustan við bæ 001.

Leiðin liggur um úfíð, mosagróið brunahraun. Leiðinni var fylgt á um 900 m löngum kafla yfir hraun og liggur hún norðaustur-suðavestur. Leiðin er skýr alla leiðina yfir hraunið. Víða er hún í grunnu skarði sem virðist hafa verið rutt á köflum og er hér um mikið mannvirki að ræða. Þar sem skarðið er dýpst er það 0,5-1 m á dýpt en erfitt að segja hvað af því er náttúrulegt og hvað hefur myndast við umferð. Skarðið eða gatan er breið næst Brunavegi, um 0,6 m, en er víðast hvar um 0,3 m á breidd og um 0,3 m á dýpt. Hún er víða mosagróin. Vörður saúst á tveimur stöðum á leiðinni. Annars vegar varða B sem er um 240 m NNA við upphaf leiðarinnar við Brunaveg. Varðan er hlaðin á hraunklökk, nokkuð unglæg. Hún er um 0,5 m á hæð og 0,5 m í þvermál í grunninn. Mjókkar fljótt upp og í henni eru 5 umför hleðslu ef hleðslu skyldi kalla. Hins vegar er unglæg varða C skammt frá stignum um 180 m NNA við vörðu B. Hún er um 0,5x1 m að grunnfleti, 0,6 m á hæð og sjást 3 umför.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 8; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 15

GK-159:079 Seltóarvarða varða
63°58.490N 22°08.058V

"Vestur og upp undir Brunaveginum, vegur sem Vatnsleysustrandarmenn hafa gert upp um Brunann, er Varða, Seltóarvarða og þar rétt hjá er tóugreni Seltóargren," segir í örnefnaskrá. Varða er um 50 m norðaustan við Brunavegin og um 900 m norðaustan við Rauðhólssel 096.

Varðan er í úfnu, mosavöxnu hrauni.

Varðan er um 1 m á hæð og um 1 m í þvermál neðst. Ekki er um vandaða hleðslu að ræða. Þrjár flatar hraunhellur eru efst í vörðunni og virðist þeim hafa verið bætt í hana nýlega. Varðan er ekki mosavaxin og virðist ekki gömul.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 8

GK-159:080 Vatnsleysustekkur tóft stekkur 64°00.969N 22°13.882V

"Einhversstaðar hér í Heiðinni var Vatnsleysustekkur og hér er Litli-Hrafnhóll ..." segir í örnefnaskrá. "Rétt vestan gjárinna [Hrafnagjá] komum við að Vatnsleysustekki í lítilli kvos fast við og neðan Eiríksvegar [641:012] en stuttu ofan við nýju tengibrautina. Eiríksvegargerðarmenn hafa látið óhreyft grjótið í stekki sem segir okkur að líklega hefur hann verið í notkun þegar vinnan stóð yfir," segir í bókinni Örnefnum og gönguleiðum. Stekkurinn er um 710 m vestan við bæ 001 og um 880 m suðvestan við Minni-Vatnsleysu 158:001.

Stekkurinn er í gróinni kvos milli tveggja hæða í grónum hraunmóa. Fast sunnan við stekki liggur Eiríksvegur 641:012 og um 50 m eru að stekki suðvestur af Vatnsleysustrandarvegi.

Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin. Hún er um 8,5x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og mest sjást 3 umför í hleðslum. Þær eru hrundar og grónar, sérstaklega í norðausturhluta tóftarinnar. Hólf I er í suðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 1,5x5,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í austurhorni. Hólf II er samsíða hólf I en er styttra. Það er um 1x4 m að innanmáli. Ógreinlegt op er í suðausturenda þess.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 36




Hrisatóarstígur 078, horft til NNA



Seltóarvarða 079, horft til norðausturs



Vatnsleysustekkur 080, horft til norðausturs



Vatnsleysustekkur 080

GK-159:081

Vatnsbergsstekkur

hleðsla


stekkur

64°00.434N

22°11.911V



Vatnsbergsstekkur 081



Vatnsbergsstekkur 081

"Sunnar [en Grænhólar] er Vatnsstæðið, Vatnsberg. Þar er Vatnsbergsrétt, en fyrrum var þarna Vatnsbergsstekkur," segir í örnefnaskrá. "Upp af honum [041] nokkuð fyrir ofan gamla þjóðveginn er hóll, sem heitir Grænhóll. Suður af honum er annar minni, sem heitir Efri-Grænhóll. Skammt þar fyrir ofan er slakki eða lægð. Þar á smábletti kemur upp vatn, og myndast þar oft vatnsból. Heitir það Vatnaborg og er rétt ofan steypa vegarins," segir í örnefnaskrá "Sunnan við vatnsstæðið er lágur hóll með miklu grjóti og veggjabrotum og þar hefur fyrrum verið stór fjárborg, Vatnaborg eða Vatnsborg og dregið nafn af vatnsstæðinu." Minjar um fjárborg og stekk eru 185-195 m sunnan við Reykjanesbraut og um 1,5 km suðaustan við bæ 001.

Hóllinn sem minjarnar eru á er nokkuð hár. Hann er gróinn mosa og grasi. Umhverfis er þýft, mosa og lyngivaxið svæði með hraunhæðum inn á milli.

"Borgin var hringlaga 10-12 m í þvermál og innan í grjóthringnum eru hleðslur. Líklega hefur verið þar stekkur eftir að Borgin sjálf lagðist af enda geta heimildir um Vatnsbergrétt og Vatnsbergsstekk ..." Fjárborgin er hlaðin úr allstóru grjóti. Hún er hlaðin í hring og er 10 m á annan veginn en 12 m á hinn. Á

vesturvegg er op og frá því gengur hleðsla sem skiptir borginni í tvennt. Út frá þessari hleðslu eru svo hlaðin 3 hólf

sem ætla má að hafi tilheyrð stekknunum. Borgin er um 0,3 m á hæð og er hringhleðslan mjög gróin og hrunin. Hleðslurnar sem eru inn í borginni eru nýlegri og ekki eins hrunar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatsleysa, 8; Ö-Stóra- og Minni-Vatsleysa, 11; SG: Örnefni og gönguleiðir, 100

GK-159:082 tóftir

63°57.005N

22°07.079V




Á vinstri mynd er tóft 082A, horft til norðurs. Á hægri mynd er tóft 082B, horft til norðausturs

Tvær tóftir eru 8,9 km suðaustan við bæ 001 og um 350 m NNA við Oddafellssel 073. Mögulega hafa þær tengst viðveru í selinu. Tóftirnar eru vestan undir norðanverðu Oddafelli, nærri brún mosagróins apalhrauns.

Grasi gróid er í kringum tóftirnar en fjölfarin gönguleið upp á Keili liggur meðfram tóftunum og fer að hluta yfir aðra tóftina. Gönguleiðin er á kafla á sama stað og Höskuldavallastígur 051.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 60x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er í suðvesturenda svæðisins. Hún er grjóthlaðin og er um 8x11 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð tóftar er um 0,6 m og sjást mest 4 umför í hleðslu. Tóftin er þrískipt. Í suðvesturhluta hennar er eitt langt hólf I sem hlaðið er norðvestan undir lágan hraunhól í jaðri hraunsins fast norðvestan við Oddafell. Það er um 7,5x1,5 m að innanmáli, breiðast innst í suðvesturenda, en mjókkar vegna grjóthruns ofan í tóftina úr hlöðnum veggjum. Op er út úr hólfinu til norðausturs. Hólf II og III eru norðan við hólf I. Hólf II er um 1,5x1,5 m að innanmáli, opið er úr því inn í hólf III til norðurs. Ekki er greinanlegur veggur á milli hólfanna en tóftin mjókkar um miðbikið og markar skil á milli þeirra. Grjóthleðslur í hólf III eru mun skýrari en í hólf II þar sem þær eru signari og grónari. Hólf III er um 2x2 m að innanmáli. Op er á mörkum hólfanna II og III út úr tóftinni til VSV. Tóft B er um 60 m norðaustan við tóft A. Troðinn stígur er fast suðaustan við tóftina en einnig eru götur sem liggja yfir tóftina. Tóftin er um 9,5x4 m að stærð og er á flatlendu graslendi milli Oddafells og hrauns. Tóftin er tvískipt og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin en gróin, mesta veggjahæð er um 0,3 m. Hólf I er í norðausturenda tóftarinnar. Það er um 2,5x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur.

Ógreinilegt op er úr því til suðvesturs en það kann að hafa myndast vegna umferðar göngufólks. Hólf II er í suðvesturenda tóftarinnar og er það ógreinilegt í austurhorni. Innanmál þess er 4x2 m og snýr það



Tóftir 082

norðaustur-suðvestur. Líklega er op á því til suðvesturs en vegna þess hve tóftin er illa farin á þessu svæði er ekki hægt að segja til um það með vissu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

GK-159:083 *Skyggfir* varða

64°00.773N 22°13.738V

"Bergþórsvarða [036]. Þar ofar og aðeins vestar er annar hóll, sem heitir Skyggfir. [...] Hlaðnar vörður og vörðubrot eru í öllum þessum hólum," segir í örnefnaskrá. Meintur Skyggfnishóll er um 458 m suðvestan við Bergþórsvörðu. Hann er hæsti hóllinn til vesturs frá Bergþóruvörðu sem ber við himin og er í næsta nágrenni.

Hóllinn er ekki mikill um sig en allbrattur og ekki ýkja hár.

Efst á honum er gróin þúst, hundapúfa, og í henni er laust grjót sem að líkindum eru vörðuleifar. Þústin er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Óvíst er hvert hlutverk vörðunnar var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 10



Varða 083 á Skyggfir, horft til norðausturs

GK-159:084 heimild um kvíar

64°01.137N 22°13.255V

"Þar upp í krók er mói, sem heitir Krókmói, þar var stöðull frá Stóru-Vatnsleysu, þar var kot sem hét Krókur [158:013], nú orðið að túni ..." segir í örnefnaskrá eftir Ara Gíslason. Í annarri örnefnaskrá segir: Ofan Sudurgarðs var Stöðullinn. Hann var frá Stóru-Vatnsleysu." Nákvæm staðsetning stöðulsins er ekki ljós en líklega hefur hann verið um 200 m norðvestan við bæ 001, norðvestan undir hól á merkjum milli Minni-Vatnsleysu og Stóru-Vatnsleysu, utan túngarðs 108.

Líklega var stöðullinn í hraunmóa utan túns.

Engin ummerki sjást nú um kvíarnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa AG, 1; Ö Vatnsleysa, 6

GK-159:085 *Lambabyrgi* örnefni fjárskýli

64°01.425N 22°13.468V

"Skammt upp af Klukku er klapparhóll, sem heitir Lambabyrgishóll," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Vatnsleysu segir: "Á svæðinu ofan Klukku er fátt örnefna. Þar er Holt og svo Lambabyrgishóll og Lambabyrgi [...]." Lambabyrgishóll er um 750 m norðvestan við bæ 001.

Lambabyrgishóll er hár og áberandi hól í grónum hraunmóa um 100 m sunnan við fjöruna. Mjög gróid er á hólnum og grösugt miðað við næsta umhverfi.

Ekki fundust leifar um Lambabyrgi á eða við hólinn eða önnur mannvirki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 3; Ö-Vatnsleysa, 3

GK-159:086 *Skálinn* bæjarstæði býli

64°01.078N 22°13.047V

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Norðan og neðan við Stóru-Vatnsleysu var lítið hús úr timbri sem var kallað Skálinn. Guðjón [Jónsson, bátasmiður, f. 1857] byggði Skálann sjálfur, en árið 1901 flutti fjölskyldan til Keflavíkur. Guðjón reif húsið og flutti það Keflavíkur og byggði úr því íbúðarhúsið Framnes í Keflavík [...]. Framnes var rífið árið 1986." Skálinn var þar sem nú er skemma, um 15 m norðvestan við bæ 001.

Skemman er við slétt og flatt, malbikað plan.

Ekki sést til mínja um húsið.



Varða 087, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 358-359

GK-159:087 varða
64°00.116N 22°11.511V

Meint varða er um 150 m austan við vörðu 098. Hún er á allháum hól í grónum hraunmóa. Hóllinn er fast norðaustan við veg sem liggur að Keili. Varðan er afar gróin því hundapúfa er á henni. Laust grjót er í þústinni og líklegt að vörðuleifar séu undir gróðrinum. Er um 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hlutverk óþekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-159:088 gata leið
64°00.057N 22°11.741V

Ógreinileg gata er um 65 m suðvestan við vörðu 098 og um 2,1 km suðaustan við bæ 001.

Gatan liggur um hraunmóa sem er víðast gróinn en hér og hvar eru moldarflög.

Þar sem gatan sést er hún suðvestan undir hraunhól. Henni var fylgt á um 50 m löngum kafla og liggur hún þar í boga frá norðri til suðausturs. Aðeins er um að ræða eina mjóa götu og ekki er vitað á hvaða leið hún var eða hvort aðeins er um fjárgötu að ræða.

Hættumat: engin hætta

GK-159:089 heimild
64°00.313N 22°12.219V

"Vestur af Vatnaborg [081] í svipaðri fjarlægð frá brautinni og vatnsstæðinu stendur Efri-Grænhóll eða Litli-Grænhóll og á honum er breið grasi gróin vörðupúst," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Hrunin og gróin varða er á hólnum um 1,39 km suðaustan við bæ 001 og um 90 m sunnan við Reykjanesbraut. Þessi staður var skráður árið 2000 í tengslum við breikkun Reykjanesbrautar en þá hefur hann líklega ekki verið skráður á réttum stað enda sáust engar minjar þar.

Varðan er á allháum hól sunnan við Reykjanesbraut og austan við veg sem liggur að Keili. Sunnan við hóllinn er gróinn hraunmói.

Varðan er um 2 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Hún hefur annað hvort hrunið eða verið rifin. Varðan er gróin og ekki sést fjöldi umfara í henni. Mögulega hefur hér verið gamalt siglingamerki en ekki er vitað um hlutverk vörðunnar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 100

GK-159:090 varða
63°57.847N 22°10.065V

"Fyrir vestan Rauðhól er allmikil hæð og á henni er falleg nafnlaus varða sem sést víða að," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Varðan er um 1,16 km suðvestan við Rauðhólasel 096 og um 570 m norðaustan við Keilisvörðu 049.

Varðan er á stóru og grýttu, mosavöxnu holti í heiðinni.

Varðan er ungleg. Í henni eru tvær grjótraðir hlið



Gata 088, horft til suðausturs



Varða 089, horft til vesturs



Varða 090, horft til norðurs

við hlið. Í henni er stórt grjót og er hún um 1x0,5 m að stærð og 1 m á hæð. Hún snýr austur-vestur og það sjást 3 umför af hleðslu í henni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 102

GK-159:091 hleðsla fjárskýli

64°00.165N 22°09.786V



Á vinstri mynd sést hleðsla 091 nyrst í jarðfallinu, horft til norðurs. Á hægri mynd sést allt jarðfallið og hleðslan, horft til suðurs

"Tó þrjú er minni en Tó tvö og þar vex meira kjarr í hraunjörðunum en í neðri tönnum. Nyrst í þessari Tó er jarðfall sem heitir Tóarker en þar var fjárskjól," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Fjárskjólið er um 3,13 km suðaustan við bæ 001.

Jarðfallið er á litlu gróðursvæði innan um brunahraun. Jarðfallið er um 15 m í þvermál, gróið að innan og vaxa sjálfsáð birkitré í því. Ofan í því eru stór björg sem hafa hrunið úr brúnum þess. Það er 2-3 m á dýpt, grynnt nyrst en dýpkar til suðurs. Einu mannaverkin sem sjást í eða við fjárskýlið er lítil hleðsla á norðurbrún þess. Hleðslan er úr grjóti, er um 3 m á lengd, 0,3 m á breidd og snýr suðvestur-norðaustur. Hleðslan er um 0,3 m á hæð og sjást 2 umför en aðeins er einföld steinaröð á breiddina. Líklega hefur hleðslan átt að beina fénu á réttan stað til að fara ofan í jarðfallið þar sem það er ekki fært allsstaðar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 86

GK-159:092 bæjarstæði býli

64°00.882N 22°10.847V

"Í Kúagerði fyrir sunnan Hvassahraun, má sjá vott þess, að þar hafi bær verið fyrir löngu," segir Brynjúlfur Jónsson í grein árið 1902 "Sér þar til rústa innan til við sjávarkambinn, og nokkru vestar sést langur partur af niður sokknum grjótgardi og hverfur norðurendi hans í sjávarkambinn. Hefur sjórinn gengið þar á landið og brotið það upp. Þess skal getið að þetta stendur í engu samandi við rúst kot þessa, sem fyrir nokkrum áratugum var byggt í Kúagerði. Þar er hraunsnef á milli og þessarar rústa," segir Brynjúlfur enn fremur. Ekki sjást greinilegar garðleifar á þessum slóðum. Fast sunnan við Reykjanesbraut og vestan við Kúagerðistjörn er hæð sem hugsanlega gæti verið leifar að garðlagi því sem rætt er um að ofan. Eins líklegt er að hæðin sé náttúruleg.

Garðurinn er grasi gróinn en í kring er gróið hraun.

Hæðin er á um 50 m bili frá Reykjanesbraut til slóðans sem liggur samsíða brautinni að norðan. Norðan við slóðann sést svo í framhald sömu hæðar á um 15 m parti að fjörükambi.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: BJ: "Rannsóknir í Gullbringusýslu..." Árbók 1903, 35

GK-159:093 Vatnsleysuskóli hús

64°00.986N 22°12.895V

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum er sagt frá upphafi skólahalds í Vatnsleysu. Einnig er fjallað um skólann þar í ritgerð um skólahald í hreppnum eftir Eyjólf R. Bragason og fleiri. Skólahald hófst á Stóru-Vatnsleysu árið 1910 og var kennt fyrst um sinn í Austurbænum 001. Nýtt skólahús var svo reist á jörðinni, um 200 m suðaustan við bæinn, árið 1912 og var kennt í því til 1914. Skólahald í Vatnsleysuskóla lagðist þá niður um árabíl en hófst að nýju árið 1925 og hélst nokkuð samfleytt til ársins 1943 þegar skólaakstur hófst í hreppnum og skólahúsið var selt Þórði Jónassyni, bónda í Stóru-Vatnsleysu.

Skólinn var í grónum hraunmóa sunnan við tún Stóru-Vatnsleysu og skammt austan við heimreið að bænum.

Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var skólahúsið rífið fyrir um 20 árum og sjást lítil sem engin

ummerki um það lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 375-376; Eyjólfur R. Bragason og fleiri: Skólahald í Vatsleysustrandarhreppi 1872-1982, 28-31


GK-159:094 hleðsla 64°00.841N 22°11.303V

Um 140 m austan við Strandarveg og um 250 m norðan við Reykjanesbraut er hleðsla sem sést frá Strandarvegi. Hleðslan er á svæði þar sem skiptast á mosaflákar og ber jörð. Umhverfis tóftina er nokkur flagmói nema að vestan þar sem gróður er meiri. Ekki eru þó merki um að stærri tóft hafi verið þarna áður.

Hleðslan er um 1,5-1,7 m á lengd en um 1 m á breidd. Hún er 0,3-0,4 m á hæð. Hún endar mjög snögglega til beggja enda.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-159:095 hleðsla skotbyrgi 64°00.618N 22°13.107V



Skotbyrgi 095, horft til suðurs

Hlaðið skotbyrgi er um 840 m sunnan við bæ 001.


Minjarnar eru um 100 m vestan við Vatsleysustrandarveg í grýttu og mosavöxnu hrauni.

Hleðslan er um 2x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er úr grjóti og myndar U. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m og sjást 2-3 umför. Minjarnar eru unglagar og óvíst að þær nái 100 ára aldri og geti talist til fornleifa. Þær eru hins vegar skráðar vegna forns byggingarlags.

Hættumat: engin hætta

GK-159:096 Rauðhólasel tóftir sel

63°58.126N 22°08.798V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstöðu á jörðin þar sem heitir Rauðhólasel, eru þar hagar viðsæmandi, en stórt mein á vatnsskortí." "Grasi gróinn halli eða lægt er vestan undir Rauðhól. Þar eru gamlar rústir eftir kofa og fjárrétt. Þar var haft í seli frá Stóru-Vatsleysu, og heitir þar Rauðhólssel," segir í örnefnaskrá. Minjarnar eru um 6,5 km suðaustan við bæ 001.

Tóftirnar eru á litlu mosavöxnu seltúni vestan við Rauðhól.

"Selið er í litlum Hvammi milli brunahóla. Seltún er þarna lítið. Tættur eftir byggingar eru hér líka. Aðalselið hefur verið undir Rauðhól - Nyrðri en fyrir botni er Stóri-Rauðhóll og norðan undir honum eru Kviarnar og Réttín. Kviarnar eru hringbyggðar eins og Borg, en Réttín er aflöng, sporöskjulöguð. Þarna var haft í seli fram um sextánda helgi [svo]. Þá gerðist svo magnaður

draugagangur, að ekki varð við vært. Við austurenda Stóra-Rauðhóls hefur hraunið runnið niður brekku og þar hefur það myndað Sjálfkvíar eða djúpa laut, sem var hin ágætasta kví," segir í örnefnaskrá. Á heimasíðu Ferlis segir: "Ofarlega í heiðinni eru nokkrir grórir rauðamelshólar. Rauðhólar standa við vesturjarðar Afsta[p]ahrauns, en í kring um þá að hluta hefur hraunið runnið. Þetta eru fjórir hólar eða hæðir og tveir sem standa fjærst hrauninu heita Stóri-Rauðhóll eða Rauðhóll og Litli-Rauðhóll, sem stendur neðan hans. Undir þessum hólum að



Rauðhólssel 096. Á vinstri mynd er tóft A í forgrunni og þúst B fjær, horft til austurs. Á hægri mynd er þúst B, horft til norðausturs

norðaustanverðu er Rauðhólssel, en þar var frá Stóru-Vatnsleysu. Sagt var fyrrum að ekki hefði verið hægt að hafast við í selinu eftir að sextán vikur voru af sumri vegna draugagangs. Við selið finnst ekkert vatnsból [svo]. Aðalbláberjalýng er mjög sjaldgæf [svo] jurtt í hreppslandinu, en við hólana má sjá það teygja sig upp úr þröngum gjám." Ein tóft og ein þúst sjást í seltúninu á svæði sem er um 35x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er norðvestast á svæðinu. Hún er um 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er þrískipt, torf- og grjóthlaðin. Hólf I stærst og er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 3,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það á austurhlið. Úr hólf I er gengið inn í hólf II til norður sem það hólf er mjög samansigið og óskýrt, sem og opið milli hólfanna. Hólf II er um 1 m í þvermál innanmáls. Hólf III er í norðausturhluta tóftarinnar. Það er um 3,5x0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op inn í það er á suðurgaffli. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,6 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Þúst B er um 4,5x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er gróin en hefur líklega verið torf- og grjóthlaðin. Hvorki sést móta fyrir hólfum í þústinni né opi. Þústin er við jaðar seltúnsins og lækkar landið norðaustan við hana. Mesta hæð hennar er 0,3 m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM III, 152; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 15; Ö-Vatnsleysa, 9; <http://www.ferlir.is/?s=selfjarborgir&naid=1847>

GK-159:097 *Vatnsleysukot* bæjarstæði býli

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 var hjáleigan Vatnsleysukot í byggð það ár. Engar frekari upplýsingar fengust um þessa hjáleigu og ekki ljóst hvar hún var. Líklegt er að hún hafi annað hvort verið nærri bæ eða þar sem hjáleignaþyrping var áður vestast í túninu. Ekki var unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM III, 153

GK-159:098 varða
64°00.087N 22°11.684V

Meint varða er um 185 m austan við smalakofa 110.

Varðan er á háum hól um 100 m vestan við þar sem línuvegur og malarvegur að Keili mætast í grónum hraunmóa.

Varðan er niðurfalinn og gróin því á henni er



Varða 098, horft til vesturs

hundapúfa. Laust grjót er í þústinni sem hefur myndast og virðist hafa verið varða. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Í henni sjást tvö umföer af hleðslu. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en mögulega hefur hún varðað leið 088.

Hættumat: engin hætta

GK-159:099 bæjarstæði býli

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 var ónefnd hjáleiga í byggð það ár. Engar frekari upplýsingar fengust um þessa hjáleigu og ekki ljóst hvar hún var. Ekki var hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM III, 153

GK-159:100 bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga hin fjórða hefur í tvö ár í eyði legið. ... Grasnautnina brúkar heimabóndinn og þykst ei að skaðlausu missa kunna." Engar frekari upplýsingar fengust um þessa hjáleigu og ekki ljóst hvar hún var. Því var ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM III, 154



Varða 101, horft til suðvesturs

GK-159:101 varða samgöngubót



63°56.876N 22°07.082V

Varða er uppi á Oddafelli, um 250 m norðaustan við tóftasvæði 1 í Oddafellselli 073.

Varðan er á jarðvegstorfu við bíslóða uppi á blásnu fellinu. Frá vörðunni sést víða.

Varðan er grjóthruga sem hefur sífellt verið bætt í, líklega af ferðafólki á svæðinu, en ekki er ósennilegt að hún sé gömul í grunninn og hafi vísað á selið. Hún er um 2 m í þvermál og 1 m á hæð. Gróið grjót er neðst í henni.

Hættumat: hætta, vegna rasks





Á vinstri mynd er tóft 102A, horft til suðurs. Á vinstri mynd er þúst 102B, horft til NNA



Á vinstri mynd er tóft 102C, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er varða 102D, horft til vesturs

Lítið sel er um 185 m norðaustan við Flekkuvíkursel 157:058 og 3 km SSA við bæ 001. Heimildum ber ekki saman um hvað ásarnir heita í kringum Flekkuvíkursel en það skiptir miklu máli í þessu tilviki því landamerki Flekkuvíkur á móti Kálfatjörn annarsvegar og Vatnsleysu hins vegar liggja um ása sitt hvorum megin við selið. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir er aðeins talað um Vestari- og Nyrðri-Flekkuvíkurselás eins og gert er í landamerkjalýsingu. Í lýsingum af staðsetningu selsins í sömu heimild er talað um að Selásvarða sé á Vesturásnum. Í örnefnaskrá Flekkuvíkur er hins vegar talað um Selásinn vestari, Selásinn eystri og Mið-Selás. Og samkvæmt sömu heimild er Selásvarðan á Mið-Selás. Á vettvangi og af loftmyndum virðast ásarnir vera þrír og er líklegt að Selásinn eystri í örnefnaskrá sé sami ás og Nyrðri-Flekkuvíkurselás í landamerkjalýsingu en þessi ás er norðaustastur ásanna og því geta bæði nöfnin átt við hann. Mið-Selássins er væntanlega ekki getið í landamerkjaskrá af því að landamerkin liggja ekki um hann. Mið-Selás er suðaustan við Flekkuvíkursel og á honum er stór varða sem að öllum líkindum er Selásvarða en tvær vörður (157:085 og 157:054) eru á Selásnum vestari sem er vestan við Flekkuvíkursel. Selið sem hér er skráð er á mörkum Vatnsleysu og Flekkuvíkur. Óvíst er hver tengslin eru milli seljanna tveggja en selið í landi Vatnsleysu virðist vera eldra en Flekkuvíkursel og því tilheyra færri sýnilegar rústir. Selið kann að hafa verið frá Vatnsleysu eða eldra sel frá Flekkuvík þó að selstæði Flekkuvíkursels sé mun ákjósanlegra eins og aðstæður eru nú.

Selið er í allgrónu hrauni norðan undir Nyrðri-Flekkuvíkurselási eða Selás eystri. Þar er lítið gróðurlendi og flagmóar eru nærri tóftunum og ógna þeim.

Á heimasíðu Ferlis segir: "Ásarnir, sem selið stendur við, heita Vestri-Flekkuvíkurselás og Nyrðri-Flekkuvíkurselás. Á vesturásnum er Selásvarða [157:059], önnur varða er á miðhluta hans og sú þriðja á nyrðri endanum. Norðan ássins, rétt neðan við vatnsbólíð, eru þrjár gamlar tóftir og há grasivaxin grjóthruga, líklega mjög gömul húsatóft." Í ritgerð Ómars Smára Ármannssonar um Sel á Reykjanesskaga segir: "Í selinu [Flekkuvíkurseli [157:058] sjálfu má vel greina 8 tóttir. Líklega hafa selstöðurnar verið a.m.k. tvær. Stekkur er undir holtinu skammt sunnar, en vestan við selið eru hleðslur er gætu verið rétt og eldra gerði. Vel gróið er í kringum selið, Seltúnið. Norðan við selið er klapparhóll. Í kvos norður undir norðurholtinu er hlaðin kví. Norðan

Þess eru þrjár tóftir er benda til þess að þar hafi verið minna sel. Norðan þess er u.þ.b. metershár höll með hleðslum. Talsverð landeyðing er í kringum hann, en þarna gæti hafa verið stekkur, lítil borg eða hlaðið hús. Hugsanlega gæti þetta hafa verið sel frá öðrum Flekkuvíkurbæjanna, en Flekkuvík skiptist í Austurbæ og Vesturbæ, auk þess sem bærinn Refshali [157:067] (Rifshali) var býli þar í túnkróknum (fór í eyði 1920)." Minjar um selið eru á svæði sem er um 95x85 m að stærð og snýr VNV-ASA. Á svæðinu eru þrjár tóftir, vatnsstæði og varða. Í lýsingunni sem hér fylgir á eftir er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Seltóftin A er í lítilli gróinni kvos norðan Nyrðri-Flekkuvíkurseláss. Tóftin er þrískipt og er um 6 x 7 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin liggur í hálfhring og er hólf II í horninu. Það er um 1,5 x 1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur eins og hólf III sem er norðaustan við það og er jafnstórt. Hólf I er norðvestan við II. Það er um 1 x 0,5 m að innanmáli. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Í hölfum I og II sést í grjóti í veggjum. Op er inn í hólf II og III úr norðvestri og inn í hólf I úr norðaustri. Um 12 m norðan við tóft A er ógreinileg grjóthlaðin tóft B sem stendur nokkuð hátt. Hún er einföld, um 5 x 6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hæð tóftar er um 1 m en ekki er ljóst hvort hún er hlaðin að öllu leyti eða hvort hún stendur á litilli hæð eða klöpp. Í báðum endum tóftarinnar eru veggjabrot úr grjóti og dálítill lægð á milli þeirra, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mosa og lyngi vaxin en víða sést í grjóti. Í grasi grónum bala eða laut er lítil grjóthlaðin tóft, líklega það sem staðar er nefnt kví eða stekkur C upp við hrauhellubrún. Tóftin er um 90 m vestan við A og B. Hún snýr suðvestur-norðaustur og er 9x2 m að stærð. Tóftin skiptist í 5 hólf sem öll eru svipuð að stærð, 1-1,5 x 1-1,5 m. Mesta hleðsluhæð er um 1 m en hleðslur víðast hrundar. Á milli selstæðanna tveggja, um 60 m suðvestan við tóft A er vatnsstæði D uppi á gróðurlausu holtinu á klapparhellu. Dálítill bolli er ofan í helluna, um 0,6 x 0,4 m stór, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,2 m á dýpt en mold er í botninum. Norðvestan við bollann er dálitill gróðurblettur með mosa, lyngi og grasi, og þar næst bollanum mótár fyrir grjóthleðslu undir gróðri, liggur meðfram bollanum í sömu átt. Fast suðaustan við bollann er lítið vörðubrot E, gróður er undir henni og hún gróin neðst. Hún er um 1x0,8 m, snýr norðaustur-suðvestur, og er um 0,4 m á hæð. Steinar eru mosa- og skófum vaxnir. Varðan hefur vísað á vatnsstæðið. Margar aðrar vörður eru á holtunum umhverfis selstæðin og eru þær skráðar sérstaklega, sjá 157:054, 157:059, 157:060, 157:061, 157:062, 157:068, 157:085.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: <http://www.ferlir.is/?id=4099>; ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum, 89

GK-159:103 *Kolhólasel* tóftir sel 63°58.473N 22°11.370V

"Í graslendinu fast við hólinn eru fimm greinilega afmarkaðar tóftir eða dældir og er sú stærsta 4x3 m. Ekkert grjóti sést í tóftunum. Sagnir eru til um kolagrafir þarna, en hólarnir á þessu svæði heita Kolhólar og grasrindarnir Kolhólalágar. Nú er farið að kalla þessar tóftir Kolhólasel en líklega hefur það heitið Vatnsleysusel fyrrum," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Í örnefnaskrá segir: "Hér suður í heiðinni Vatnsleysuheiði, var fyrr á tímum sel Vatnsleysusel. Nú munu fáir eða engir vita um þann stað, en nafnið lifir meðal eldri manna." Á heimasíðu Ferlis segir: "Markmiðið með þessari ferð var m.a. að finna svonefnda Kolhóla og hugsanlega fornar minjar, sem þar áttu

að vera. Hólarnir eru í heiðinni, en í landi Vatnsleysu. Eftir svolitla leit fundust rústirnar norðaustan undir hól á vel grónu svæði; tóftir af tveimur húsum með tveimur rýmum hvort. Austast var stekkur. Af nafninu að dæma gætu þarna hafa verið unnin kol á meðan enn var hrís í heiðinni. Annar Kolhóll er þarna nokkuð sunnar í heiðinni. Í hann er nokkuð djúp gróin skál. Tóftirnar virðast vera mjög gamlar. Líklegt er að Vatnsleysa hafi haft þarna í seli um tíma, en síðar fært sig ofar, í Rauðhólssel [096] og undir Oddafellið [144]. Forvitnilegt væri að kanna tóftirnar betur. Þessa er hvergi minnst í seinni tíma ritum, s.s. Jarðabókinni 1703 eða í yfirferð Brynjúlfs



Jónssonar um reykjanesskagann á 19. öld." Seljatóftir eru um 5 km sunnan við bæ 001 og um 1,35 km suðvestan



Á vinstri mynd er tóft 103A, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 103B, horft til norðvesturs

við Gvendarborg 047.

Minjarnar eru í nokkuð flatlendum og grjónum móa innan um hraunhóla sem mynda hring í kringum svæðið, syðst á svæðinu eru minjar undir allháum hól.

Alls eru þrjár tóftir á svæði sem er um 27x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda svæðisins er tóft A. Hún er tvískipt. Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í norðausturenda. Það er um 1x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á norðvestur-langvegg. Hólf II er upp við brekku og er suðvesturgafi þess óljós þar sem brekkan myndar vegginn að mestu leyti. Það er um 1x1 m að innanmáli og er op í norðurhorni hólsins. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,3 m. Allar tóftirnar eru grónar og hvergi sést í grjót. Líklega eru þær torf- og grjóthlaðnar. Tóft B er um 10 m vestan við tóft A. Hún er tvískipt en mögulega er eitt óljóst hólf sem tilheyrir henni að auki. Alls er tóftin 10x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er fast norðvestan við brekku og sést suðausturveggur þess ekki skýrt af þeim sökum. Hólf II er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á hólfinu til norðvesturs. Hólf III er um 1x3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Op er á því í SSV-enda, við opið inn í hólf I. Hólf III er afar óskýrt og kann að vera náttúrumyndun. Það er í halla suðaustan við hólf I og er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega var gengt á milli hóls I og III í suðurhorni hóls I en einnig er op í vesturhorni hóls III. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóft C er um 2 m norðaustan við tóft B. Það er einföld tóft sem er um 7x5,5 m á stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er í norðvesturenda. Suðausturveggur við brekku og er óskýr. Norðvestur-langveggur er 2-3 m á breidd en suðvesturveggur er afar óljós og sést nánast eingöngu innri brún hans. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 0,5 m.



Tóft 103C, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 99; Ö-Vatnsleysa, 3; <http://www.ferlir.is/?s=selfjarborgir&naid=1860>

GK-159:104 *Þrældómur* garðlag landamerki 64°01.136N 22°13.246V

"Á mörkum túna Minni- og Stóru-Vatnsleysu er grjótgarður mikill, sem heitir Þrældómur, nefndur svo af sjómönnum, er í landlegum voru látnir vinna að jarðbótum og garðhleðslu," segir í örnefnaskrá. Garðurinn er um 180 m vestan við bæ 001.

Garðurinn liggur við jaðar hæðótts túns sem komið er í órækt.

"Grjótið í garðinum er ótrúlega stórt og hnöttótt og hefur það verið vont verk að hlaða hann upp," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Sæmundi Þórðarsyni, heimildamanni, var grjótið í hann fengið úr túninu við grjóthreinsun. Aldur garðsins er ekki þekktur en hann er að sögn heimildamanns ekki ykja gamall. Garðurinn er um 250 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er víða niðurfalinn og þar er hann um 2 m á breidd.

Hæstur er hann um 1 m og mest sjást 5 umfö. Garðurinn tengist Sjávargarðinum nyrðri 058 í norðausturenda.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 4-5

GK-159:105 áletrun
64°01.100N 22°13.233V

"Stuttan spöl sunnan milligarðsins og ofan gamla götuslóðans milli bæjanna er mjög gömul og víða uppgróin gjá. Heitir hún Hrafnsgjá ... Gjáin liggur um nokkuð háan klapparhól næstum efst í túninu. Sunnan í hólnum ca. 2 m niður er stallur eða sylla, sem kölluð er Magnúsarbæli. Tveir bókstafir eru höggdir í sylluvegginn og er sá fyrsti H, en hinn man ég ekki, hver er," segir í örnefnaskrá. Áletrunin er í Hrafnsgjá um 165 m vestan við bæ 001.

Áletrunin er á innanverðum suðaustari gjárveggnum. Gjáin liggur norðaustur-suðvestur. Bælið og áletrunin eru suðvestan við allháan hól sem sprungan liggur í gegnum.



Landamerkjagarðurinn Þrældómur 104, horft til austurs



Áletrun 105 í Hrafnsgjá, horft til suðausturs

Samkvæmt heimildamanni, Sæmundi Þórðarsyni, mátti ekki slá of nærri gjánni vegna huldufólks. Það sem sést af áletrun í gjánni er fangamarkið SJ efst, þar fyrir neðan ártalið 1888 og neðst stafurinn M. Annað sést ekki skýrt. Sigurður Jónsson bjó á jörðinni og er fangamarkið að öllum líkindum hans. Áletrunin er vandlega gerð og hefur ekki veðrast mikið. Sæmundur Þórðarson hefur reynt að fylla upp í gjána með braki úr bragga til að minnka hættu á slysum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 7

GK-159:106 Torfhóll örnefni rista 64°01.038N 22°13.249V

"Efsti hóllinn í upptúnnu heitir Torfhóll," segir í örnefnaskrá JB. "Suður frá Tröðunum var Upptúnið og voru þar mörg örnefni, svo sem Fingurbjörg og þar lengra Torfhóll og þar ofar Torfgarður [107], sem nú er jafnaður við jörðu," segir í örnefnaskrá. Torfhóll er um 180 m vestan við bæ 001.

Hóllinn er innan túns, við vesturjaðar þess. Hann er allhár og áberandi.

Engin ummerki um torfristu eru sjáanleg á vettvangi. Ef til vill er líklegra að hóllinn dragi nafn sitt af því að tyrft hafi verið yfir hann til að græða hann upp svo hægt væri að slá hann síðar meir.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 7; Ö-Vatnsleysa, 4

GK-159:107 Torfgarður heimild um túngarð 64°01.044N 22°13.261V

"Suður frá Tröðunum var Upptúnið og voru þar mörg örnefni, svo sem Fingurbjörg og þar lengra Torfhóll og þar ofar Torfgarður, sem nú er jafnaður við jörðu," segir í örnefnaskrá. Líklega var garðurinn í túni norðvestan við Torfhól sem er um 180 m suðvestan við bæ 001. Á túnakorti frá 1919 er sýndur gamall garður sem skipti túninu í minni hluta og var um 100 m vestan við bæ 001 og lá til vesturs að túngarði 108. Þetta er líklega sami garður og Sæmundur Þórðarson, heimildamaður, mundi eftir á þessum slóðum.

Garðurinn var í túni sem komið er í órækt.

Ekki sést til minja um garðinn og hefur hann horfið vegna sléttunar eins og fram kemur í örnefnaskrá. Á loftmynd í GoogleEarth sést móta fyrir garðlagi sem liggur til vesturs frá suðurjaðri Mylluhóls og er um 100 m á lengd og gæti það verið umræddur garður.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 4; Túnakort 1917; GoogleEarth



Á vinstri mynd er túngarður 108A og tóft B, horft til NNV. Á hægri mynd er tóft 108C, horft til vesturs

"Grjótgarður er á túnmörkum ofan og sunnan Stóru-Vatsleysu," segir í örnefnaskrá. "Sunnan og ofan var svo Suðurgarður en að Suð-Austan og austan var Austurgarðurinn. Á honum miðjum var Traðarhliðið og heim lágu svo Traðinnar allt heim til bæja," segir í örnefnaskrá Vatsleysu.


Túngarðurinn er á mörkum túns sem komið er í órækt og móa. Hann liggur um hæðótt landslag.

Túngarðurinn A afmarkar svæði sem er um 375x245 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann afmarkar túnið til suðurs og vesturs en Þrældómur 104 afmarkar það til norðvesturs og Sjávargarður nyrðri 058 og Sjávargarður syðri 059 afmarka það til norðausturs. Túngarðurinn er grjóthlaðinn og er greinilegur víða. Hann er um 1,5 m á breidd og er víða um 0,5 m á hæð en hæstur er hann um 1,3 m og sjást mest 6 umfðr. Grjóthlaðin tóft B er sambyggð innanverðum túngarði um 210 m vestan við bæ 001. Tóftin er um 5x5 m að stærð að túngarðinum meðtöldum. Hún er einföld og grjóthlaðin en gróin. Ekki sést inngangur inn í hana. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.

Hlutverk tóftarinnar er óljóst. Fast NNV við hana er um 5 m breitt rof í túngarðinn og hefur grjótinu verið hlaðið á sinn hvorn enda rofsins. Við NNV enda rofsins er óljós hleðsla utan túngarðs en áföst honum sem er um 3x2 m að stærð og myndar lítið horn. Stórgrýti er í hleðslunni sem er um 0,4 m á hæð. Óljóst framhald er til suðvesturs sem er um 2x2 m að stærð. Hleðslan er gróin. Innan við hleðsluna myndast afgirtur bolli en hóll myndar eina hlið á móti hleðslum. Í framhaldi af hleðslum til suðvesturs er grjót-dreif sem er að líkindum eftir grjóthreinsun úr gamalli nýrækt, utan gamla heimatúnsins. Önnur tóft C er við innanverðan túngarð um 40 m norðan við tóft B og um 210 m vestan við bæ 001. Tóftin er grjóthlaðin en gróin. Hún er um 5x6 m að stærð, er einföld og snýr nálega norður-suður. Op er í norðausturhorni tóftarinnar. Vesturveggur hennar stendur vel en austurveggurinn er mun lægri. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatsleysa, 10; Ö-Vatsleysa, 4



Tóftir 108B og C sem eru áfastar túngarði 108A

"Neðan göngustígsins [055], sem var milli bæjanna, og út við milligarðinn [104] er allstór hóll, sem heitir Hjallhóll," segir í örnefnaskrá. Hjallhóll er um 160 m norðan við bæ 001.

Hóllinn er stór, flatlendur að ofan og allhár. Hann er í norðanverðu túninu.

Ekki sést til minja um hjall á eða við hólinn og Sæmundur Þórðarson, heimildamaður, man ekki eftir mannvirkjum á hólnum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 8

GK-159:110 tóft smalakofi

64°00.099N

22°11.907V



Tóft og vörðubrot 110, horft til norðurs

Lítill tóft og vörðubrot eru um 230 m norðaustan við vörðu 112 og um 2 km suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á allháum hól í grónum hraunmóa á milli línuvegjar og malarvegjar sem liggur að Keili.

Minjarnar eru á svæði sem er um 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er um 2,5x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og einföld. Op er á henni til suðausturs. Hleðslur eru mjög signar. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m og sjást 2 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af smalakofa. Um 1 m suðvestan við tóftina er lítill varða. Hún er um 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð, í henni sjást 3 umför.

Hættumat: engin hætta

GK-159:111 Hádegishóll heimild um eyktamark

64°00.920N

22°12.986V

"Suður frá Stóru-Vatnsleysu er allmikill hóll með vörðu, heitir Hádegishóll með Hádegisvörðu og ber hann beint í Keili," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 210 m VSV við Bergþórsvörðu 036 og um 280 m sunnan við bæ 001.

Hóllinn er gróinn og er innan lítillar girðingar þar sem túnblettur hefur verið ræktaður. Utan girðingarinnar er gróinn mói.

Ekki sést varða á Hádegishóli en þar er stór hundapúfa sem hylur ef til vill vörðuleifar en einnig getur verið að varðan hafi verið rifin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 10

GK-159:112 varða

63°59.983N 22°12.004V

Hrunin varða er um 255 m norðaustan við vörðu 126A, á hól um 20 m norðan við línuveg.

Varðan er á fremur lágum hól í nokkuð grónum hraunmóa.

Varðan er um 1,2x1 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð er 0,3 m og sjást 2 umför í hleðslum. Varðan er nokkuð gróin og skófum vaxin. Hlutverk hennar er óljóst en mögulega vísaði hún á leið 125.

Hættumat: engin hætta

GK-159:113 varða

64°01.130N

22°13.829V

Varða er um 650 m vestan við bæ 001.

Varðan er á hól í rýrum hraunmóa, um 50 m norðan við heimreið að Vatnsleysubæjum.



Varða 112, horft til VSV

Varðan er hrunin. Hún er um 1,5 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Enn sjást 3 umför í hleðslum. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-159:114 hleðsla
64°00.999N 22°13.225V

Tvær hleðslur eru í móa um 200 m suðvestan við bæ 001. Hleðslurnar eru á milli tveggja lágra klapparhóla í hraunmóa, skammt utan túns.

Hleðslurnar með hólum afmarka svæði sem er um 4x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er jarðlæg hleðsla, m 4 m á lengd og snýr hún norðaustur-suðvestur. Hún er einföld á breidd, um 0,3 m. Í hinum endanum er hleðsla sem er um 1,5 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,4 m á breidd og um 0,3 m á hæð. 2 umför af hleðslu sjást. Líklega hafa hleðslurnar gegnt hlutverki einhvers konar aðhalds.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Varða 113, horft til suðurs



Hleðsla 114, horft til norðvesturs



64°01.050N 22°12.714V

GK-159:115 Kotavör náttúrumin lending

"Þar rétt innar [en Búðabakkar] eru tvö sker fram af tanganum, þær heita Hníflar, og við Búðabakkann heitir Kotavör," segir í örnefnaskrá AG. Ekki er ljóst hvar Kotavör var nákvæmlega en líklegur staður er um 270 m austan við bæ 001 og um 30 m norðaustan við Naustakotsvör 031. Meint vör er í grýttri klapparfjöru og var hún skoðuð á fjöru.

Vörin virðist vera náttúrulegt vik inn í ströndina og í botni þess er ljós skeljasandur. Næst landi er vörin um 2 m á breidd og er hún um 10 m á lengd. Ekki er útilokað að vörin hafi verið rudd.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Vatnsleysa AG, 2



Meint Kotavör 115, horft til norðausturs

GK-159:116 Kolhólar örnefni
kolagröf

63°58.545N 22°11.253V

"Grindavíkurgjá er í suðvestur af Hraunsnefi. Ofan hennar í heiðinni, en hún hækkar töluvert þarna, eru hólur,

sem heita Kolahólar. Brekkurnar þar norður af kallast Kolhólalágar eða Kolhólaslakkar. Á þessum hólum má finna gamlar grjóthleðslur. Sagt er, að gerð hafi verið þar viðarkol," segir í Örnefnaskrá. "Þarna í graslendinu fast við hólinn eru fimm greinilegar afmarkaðar tóftir eða dældir og er sú stærsta 4x3 m. Ekkert grjót sést í tóftunum [sjá Kolhólasel 103]. Sagnir eru til um kolagrafir þarna, en hólarnir á þessu svæði heita Kolhólar og grasrindarnir Kolhólalágar," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Á heimasíðu Ferlis segir: "Markmiðið með þessari ferð var m.a. að finna svonefnda Kolhóla og hugsanlega fornar minjar, sem þar áttu að vera. Hólarnir eru í heiðinni, en í landi Vatsnleysu. Eftir svolitla leit fundust rústirnar [sjá 103] norðaustan undir hól á vel grónu svæði; tóftir af tveimur húsum með tveimur rýmum hvort. Austast var stekkur. Af nafninu að dæma gætu þarna hafa verið unnin kol á meðan enn var hrís í heiðinni. Annar Kolhóll [048] er þarna nokkuð sunnar í heiðinni. Í hann er nokkuð djúp gróin skál. Tóftirnar virðast vera mjög gamlar. Líklegt er að Vatsnleysa hafi haft þarna í seli um tíma, en síðar fært sig ofar, í Rauðhólssel og undir Oddafellið. Forvitnilegt væri að kanna tóftirnar betur. Þessa er hvergi minnst í seinni tíma ritum, s.s. Jarðabókinni 1703 eða í yfirferð Brynjúlfs Jónssonar um reykjanesskagann á 19. öld." Engin skýr ummerki um kolagrafir í námunda við Kolhólasel eða Kolhóla fundust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatsnleysa, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 99; <http://www.ferlir.is/?s=selfjarborgir&naid=1860>

GK-159:117 Stakur varða
63°59.721N 22°13.591V

"Skammt austan þeirra [Bræðra 157:053] er varðan Stakur. Þar rétt hjá er Selstígurinn [157:050] [svo] beint suður í Flekkuvíkursel," segir í Örnefnaskrá Flekkuvíkur. Varðan er um 440 m norðan við vörðu 157:061 og um 2,5 km SSV við bæ 001.

Varðan stendur á litlum klapparhól í grónu hrauni. Varðan er um 1x0,5 m, snýr austur-vestur. Hún er um 0,6 m á hæð. Grjótið í henni er meðalstórt og skófum vaxið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega hefur hún verið við Flekkuvíkurselsstíg 157:050 vísað veginn að Flekkuvíkurseli 157:058.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Flekkuvík, 7



Varðan Stakur 117, horft til vesturs

GK-159:118 hleðsla refagildra

63°59.820N 22°13.697V



Á vinstri mynd er refagildra 118A, horft til suðurs. Á hægri mynd er refagildra 118C, horft til suðurs


Á heimasíðu Ferlis segir: "Talsvert norðan við selið [Flekkuvíkursel 157:058] er klapparhóll. Á honum virðast vera þrjár fallnar vörður, en þegar betur er að gáð er líklegt að þarna hafi áður verið hlaðnar refagildrur. Hrúgurnar eru þannig í laginu. Svo virðist sem reynt hafi verið að lagfæra eina þeirra. "Gildrur" þessar eru í beinni sjónlínu á byrgið [157:083], sem komið var að á leið í Flekkuvíkursel. Þarna hjá gætu hafa verið greni áður fyrir, sem bæði

steina. Hlutverk þessa kants er óljóst en hann kann að vera leifar af austurhlið kálgarðs K. Þró B sést enn en hún er um 7 m norðan við útihús sem er áfast íbúðarhúsi A. Þróin er tvískipt og nær yfir svæði sem er um 6x3 m að stærð og snýr norður suður. Hvor hlut þróarinnar er um 2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 2 m breitt haft er á milli þeirra. Þróin er um 1 m á dýpt. Hún er gróin að innan og hefur ýmiskonar rusli verið holað þar niður. Kálgarður K er fast norðan við þró B og útihús C og D. Hann er grjóthlaðinn, er um 16x26 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur eru hrundar en hæstar eru þær um 0,6 m og víða 1,5 m á breidd. Ekki sést fjöldi umfara. Austurhlið kálgarðsins hefur orðið fyrir raski vegna vegafframkvæmda. Ekki var hlaðinn veggur meðfram suðurhlið garðsins. Kálgarður F var í suðausturhorni Halldórsstaðatúns, hann er horfinn. Gerði L sem afmarkaði kálgarð og túnblett auk tveggja áfastra tófta eru á milli bæjarstæðis A og kálgarðs F. Gerðið er um 40x30 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið en hleðslurnar eru víðast hrundar og grónar eða hafa verið rifnar. Hleðslur sjást naumlega á norðurhlið. Mesta hæð veggja er um 0,3 m og víða eru þeir 1,5 m á breidd vegna þess hversu útlattir þeir eru. Tóft H er í suðausturhorni gerðisins. Hún er grjóthlaðin og tvískipt, er um 7x5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hólf I er um 1,5x1,5 m að innanmáli en mikið hefur hrunið inn í það úr SSA-vegg. Op er á þessu hólf til NNV. Hólf II er VSV við hólf I. Það er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sést op á því en þó virðist hafa verið op á því til SSA. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m utan máls og sjást 5 umför í innanverðum veggjum. Tóft I er fast vestan við tóft H. Tóftin er hlaðin utan í hæð í túninu og mögulega niðurgrafin að hluta til. Hún er torf- og grjóthlaðin og er einföld. Hún er um 5x6 m að stærð og snýr SSA-NNV. Op er í suðausturhorni tóftarinnar en hrunið hefur ofan í það. Tóftin er mjög gróin og veggir standa lítið upp úr jörðu. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m, ekki sést fjöldi umfara. Á túnakorti sést einnig að brunnur J var um 10 m norðaustan við kálgarð K. Þar er nú vegur sem liggur að Narfakoti 138:001 og líklegt að brunnurinn hafi farið undir hann. Hins vegar er annar brunnur skráður á númer 046 og hefur hann að öllum líkindum tilheyrð Halldórsstöðum. Ekki er útilokað að brunnurinn sem merktur er á túnakort sé sá sami og skráður var á númer 046. Brunnur 046 er um 20 m suðaustan við meinta staðsetningu brunns 021J. Túngarður O meðfram austurmörkum Halldórsstaðatúns sést um 20 m suðaustan við tóft 021H og um 75 m sunnan við Halldórsstaði 021A. Garðurinn sést á um 25 m löngum kafla á brún hæðarhyggjar. Garðurinn snýr nálega norður-suður. Hann er útlattur, mesta hæð er um 0,3 m, og ekki sést fjöldi umfara. Það er breiðast um 1,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hlöðunes, 3, 5; GJ: Mannlíf og mannvirki, 255-257; Túnakort 1919

GK-137:022 *Miðhús* bæjarstæði býli
64°00.600N 22°21.402V



"Hlöðuneshverfi á Vatnsleysuströnd tilheyrðu eftir taldri bær. Hlöðunes [001], Halldórsstaðir [022], Narfakot [138:001], Miðhús, Bjarghóll [023], Nýlenda [024], Holt [025] var rétt hjá Hlöðunesi og á Töngunum Gerði [140:051] og Atlagerði [140:049]." segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Miðhús er álitíð að sé 10 álnir, að fornu mati úr Hlöðuneshverfi. Lóð sú er býli því fylgir, sem er upphaflega Matjurtagarður og Stakksstæði, er öll afgirt með Grjótgörðum og liggur við sjóinn ...". Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Miðhús var eignarland með lítillhátar grasnyt og var í Hlöðversneslandi." Miðhús fóru í eyði



Bæjartóft Miðhúsa 022A, horft til norðurs



Tún Miðhúsa afmarkað af túngarði 022B, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

GK-159:121 varða
63°59.002N 22°10.016V

Varða er um 4,56 km suðaustan við bæ 001. Varðan er hátt í heiðinni. Á milli hennar og Afstapahrauns til austurs er lægð sem er uppblásin að hluta.

Varðan virðist ekki mjög gömul en kann að vera endurhlaðin. Hún er um 1x0,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1 m á hæð og mest sjást 4-5 umföör. Hún er ekki vandlega hlaðin. Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-159:122 gata leið
63°58.600N 22°11.313V

Gata sést um 200 m norðan við Kolhólasel 103 og um 4,8 km suðaustan við bæ 001.

Gatan liggur um hraunmóa og yfir litlar sprungur. Leiðinni var fylgt á um 900 m löngum kafla og stefnir hún suðaustur-norðvestur þar sem hún var skoðuð. Á leiðinni er víðast einföld fjárgata en sumstaðar sjást tvær götur saman. Göturnar eru grónar þar sem gróðurþekja er í hraunmóanum en eru ógrónar þar sem leiðin liggur yfir klappir og í moldarflögum. Ekki er ljóst hvert leiðin liggur en hún virðist liggja framhjá Kolhólasel í en ekki að því. Ekki er útilokað að þessi leið sé hluti af leið 050 sem sést á stuttum kafla um 2,1 km suðaustar.

Hættumat: engin hætta

GK-159:123 varða
63°58.017N 22°10.888V

Varða er um 930 m suðaustan við Kolhólasel 103 og um 5,9 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á lágum hraunhól í mosavaxinni hraunheiði.

Varðan er um 1,2 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Hún er hrunin og gróin. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-159:124 tóft rétt
64°00.824N 22°12.034V

"Hér nokkru austar [en 036] er gróinn hóll, sem heitir Stekkhóll, þar var fyrrum Stekkur [041], en nú er þar Stekkhólsfjárhús og Stekkhólsrétt," segir í örnefnaskrá. Stekkhólsfjárhús eru frá miðri 20. öld og eru ekki skráð. Ekki sjást ummerki um Stekkhólsrétt við Stekkhólsfjárhús en á heimasíðu Ferlis segir: " Líklega er staðsetningin á Stekkhólsréttinni ekki rétt, eða a.m.k. ónákvæm. Réttin, eins og hún var jafnan nefnd, er nokkru sunnan við hólinn, skammt ofan gamla Eiríksvegarins. Þar eru allnokkrar hleðslur og mótar enn fyrir gömlu réttinni." Grjóthlaðin rétt er um 230 m suðaustan við Stekkhól 041 og um 980 m suðaustan við bæ 001 en það er ekki fullljóst hvort þessi rétt sé Stekkhólsrétt. Réttin er í grýttum en grónum móa, norðan undir lágum klapparhól.




Varða 121, horft til norðausturs



Gata 122, horft til suðausturs



Varða 123, horft til austurs



Rétt 124, horft til norðausturs

Réttin er grjóthlaðin og er um 26x14 m að stærð með áföstum leiðigarði. Tóftin er einföld og er réttin sjálf 14x14 m að stærð. Mannvirkið snýr norðaustur-suðvestur og liggur leiðigarðurinn til norðausturs í dálitlum boga frá austurhorni tóftar. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást mest 3 umför í hleðslum en þær eru víðast hrundar. Breidd veggja er víða 0,5 m en

þar sem mesta hrunið er, eins og í norðvesturlangvegg, er mesta breidd um 1 m. Mikið stórgrýti er í leiðigarðinum og þar er mesta hleðsluhæð um 1 m en aðeins 2 umför hleðslu. Op inn í tóftina hefur að öllum líkindum verið á norðausturvegg tóftarinnar en þar er stórt bjarg á miðjum vegg og mjótt op suðaustan við það. Annars eru hleðslur orðnar það hrundar að op gætu hafa verið víðar en ekki er hægt að skera úr um það með óyggjandi hætti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 6-7;
<http://ferlir.is/?id=4392>

GK-159:125 gata leið
63°59.930N 22°12.003V

Ógreinileg gata er um 60 m sunnan við vörðu 112 og um 2,3 km suðaustan við bæ 001.

Gatan liggur um hraunmóa sem er víðast gróinn en hér og hvar eru moldarflög.

Gatan sést á um 165 m löngum kafla þar sem leiðin liggur nálæga norður-suður. Aðeins sést ein mjó kindagata og er alls óvíst að hér hafi verið leið sem farin var reglulega. Þó er ekki útilokað að hún gatan sé á leið í sel og er hún ef til vill hluti af leið 050.

Hættumat: engin hættu



Gata 125, horft til norðvesturs

GK-159:126 hleðsla skotbyrgi 63°59.887N 22°12.227V


Leifar af tveimur skotbyrgjum og tveimur vörðum eru um 140 m austan við vörðu 127.

Mínjarnar eru á hól um 30 m sunnan við línuveg í grónum hraunmóa.

Mínjarnar eru á svæði sem er um 14x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Meint varða A er á miðju svæðinu. Hún er um 1x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást í henni 4 umför. Fast norðvestan við norðausturenda hennar er laust grjót sem hefur að líkindum hrunið úr vörðunni en kann að vera leifar af annarri hleðslu. Grjótdreifin er um 1x1 m að stærð. Um 1,5 m suðaustan við vörðu A er skorbyrgi B sem er um 2x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur til suðvesturs. Í veggjum er tvöföld röð steina og eru þeir 0,4 m á breidd, en aðeins er einföld röð steina á hæðina og eru veggir því aðeins um 0,2 m á hæð. Tóft C er um 6 m norðan við vörðu A. Hún er 2x2 m að stærð, grjóthlaðin og einföld. Ekki er hlaðið fyrir norðvesturhlið



Tóft 126C, horft til suðausturs



Minjar 126A-D

hennar en á þeirri hlið er laust grjót sem hefur hrunið úr veggjum. Þessi tóft er eins hlaðin og B en suðvesturveggur hennar er völdugri en á B. Hann er 0,5 m á breidd og sjást 3 umför. Annarsstaðar eru veggir 0,4 m á hæð og sjást 2 umför. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Að lokum er hér unglegt vörðubrot D sem er um 0,5x0,6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er um 0,6 m á hæð og sjást 2 umför hleðslu.

Hættumat: engin hætta

GK-159:127 varða
63°59.881N 22°12.407V

Vörðubrot er um 155 m austan við vörðu 128.

Varðan er á allháum hól, um 30 m sunnan við línuveg í grónum hraunmóa.

Varðan er hrunin. Hún er um 1 m í þvermál en grjót úr henni hefur hrunið umhverfis hana. Hún er um 0,6 m á hæð og sjást 2 umför ennþá í hleðslum. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi.

Hættumat: engin hætta

GK-159:128 varða samgöngubót
63°59.865N 22°12.596V

Stór varða er um 600 m sunnan við vörðu 068A og um 2,27 km sunnan við bæ 001.

Varðan er um 15 m norðan við línuveg í allgrónum hraunmóa.

Varðan er stæðileg, um 1,2 m á kant og um 1,2 m á hæð. Í henni sjást 5-6 umför. Hún er ekki mjög gróin eða skófum vaxin. Leifar af spýtu eru í henni miðri. Mögulega hefur varðan verið siglingamerki en það er ekki vitað með vissu.

Hættumat: engin hætta

GK-159:129 varða
64°00.305N 22°12.570V

Lítill varða er um 1,5 km SSA við bæ 001 og um 290 m norðaustan við vörðu 068A.

Varðan er í nokkuð mosagrónum hraunmóa litlu suðaustan við Reykjanesbrautina.

Varðan er um 0,6 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Í henni sjást 3 umför. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið en aldur vörðunnar og hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta



Varða 127, horft til norðvesturs



Varða 128, horft til vesturs

GK-159:130 garðlag vörslugarður
64°00.184N 22°09.851V

Vörslugarður er á hraunbrúninni norðvestast í Tó þrjú, um 65 m norðvestan við Fjárskjól 091 og um 510 m suðaustan við byrgi 064.

Garðlagið er hlaðið á hraunbrún, suðvestan við dálitla kvos þar sem hraunið náði ekki en gengið er eftir kvosinni inn á þetta svæði sem nefnist Tó þrjú.

Garðurinn er grjóthlaðinn og mjög mosavaxinn. Hann liggur í boga og er um 310 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,5 m á hæð og breidd og sjást þrjú umför í hleðslum. Tóarstígur 045 liggur til suðurs austan við austurenda garðsins og ef til vill var hlaðið fyrir skarðið sem stígurinn liggur um en ekki sjást þess skýr merki.

Hættumat: engin hætta



Vörslugarður 130, horft til suðvesturs



Varða 129, horft til suðausturs

V. SAMANTEKT

Eins og kom fram að framan voru skráðar 453 fornleifar á svæðinu sem var til úttektar árin 2011 og 2012. Fornleifarnar eru af ýmsum toga en í þessum kafla verður fjallað um helstu minjaflokka, ástand þeirra og einkenni.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás: torfi, grjóti og öðru byggingarefni og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst varð úti í byggingaframkvæmdum á 20. öld.

Í þessari skýrslu birtast upplýsingar um 11 lögbýli en hér eru lögbýli talin allir þeir bæir sem skilgreindir eru sem slíkir í Jarðatali Johnsens frá 1847. Tvíbýli var á Stóru-Vatnsleysu og eru því 12 bæjarhólar/-staði á lögbýlunum. Fjölbýli var einnig í Stóra-Knarrarnesi og á Ásláksstöðum stærri en út frá heimildum má ætla að bæjarhúsin hafi staðið á sama bæjarhólum og eru skráð undir einu númeri á hvorri jörð.

Samkvæmt þekktum rituðum heimildum er elsta lögbýlið á skráningarsvæðinu Stóra-Vatnsleysa og þar á eftir koma Hlöðunes, Ásláksstaðir stærri og Ásláksstaðir innri, Stóra- og Minna-Knarrarnes, Breiðagerði og Minni-Vatnsleysa. Það gefur einnig til kynna háan aldur Stóru-Vatnsleysu að þar var útkirkja. Önnur lögbýli eru að líkindum yngri og voru þau upprunalega hjáleigur frá elstu lögbýlunum. Bæjarhólar sjást í Hlöðunesi 137:001, Ásláksstöðum innri 142:001, Stóra-Knarrarnesi 143:001, Minna-Knarrarnesi 144:001 og í Breiðagerði 145:001. Bæjarhóllinn í Stóra-Knarrarnesi er mjög heillegur og virðist ekki hafa orðið fyrir miklu raski. Eins er bæjarhóllinn á Ásláksstöðum innri heillegur. Bæjarhóllinn í Hlöðunesi, Minna-Knarrarnesi og Breiðagerði hafa orðið fyrir lítilsháttar raski vegna bygginga. Ekki sjást afgerandi bæjarhólar á öðrum lögbýlum.

Á lögbýlisjörðunum var skráður nokkur fjöldi býla, en þau eru 38 talsins. Af þessum býlum eru sjö nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Flest önnur býli eru að líkindum yngri og heimildir benda til þess að þau hafi verið í byggð á 19.-20. öld. Um elstu býlin sem getið er um í Jarðabókinni er oft lítið vitað og staðsetning þeirra ókunn. Þau kunna að vera horfin en einnig getur verið að byggt hafi verið á þeim aftur og býlin fengið ný nöfn. Heillegar minjar um grasbýli má sjá í Móakoti 140:035, Hellum 144:012 og á

Halldórsstöðum 137:021. Heillegar minjar um tómthús má til dæmis sjá í Gerðakoti 140:050 og á Fagurhóli 140:052.

Í töflu 1 hér fyrir neðan er að finna öll bæjarstæði á skráningarsvæðinu en nánari umfjöllun er í fornleifaskrá. Þar sem minjar sjást á bæjarstæðum lögbýla er algengast að einungis sjáist bæjarhólar (uppsöfnun mannvistarlaga) en á einum stað er einnig sýnileg bæjartóft sem skiptist í nokkur hólf. Þar sem minjar sjást á bæjarstæðum annarra býla er algengast að enn sjáist tóftir. Þessar bæjartóftir eru sumar einfaldar en aðrar skiptast í tvö eða fleiri hólf. Uppistandandi hús undir þaki eru á tveimur stöðum. Annað þeirra er of ungt til að teljast til fornleifa og hitt virðist einnig fremur ungt þó að byggingarár þess sé ekki þekkt.

Tafla 1. Upplýsingar um bæjarstæði á skráningarsvæðinu

Númer	heiti	í byggð	ástand
137:001	Hlöðunes	Fyrst getið í heimild 1447	Bæjarhóllinn sést enn og á honum er grunnur síðasta íbúðarhússins með niðurgröfnum kjallara
137:021	Halldórsstaðir	Elsta heimild frá 1919	Býlinu tilheyra tóftir og kálgarðar en á bæjastæðinu sjálfu eru leifar af hlöðnum og steiptum húsum
137:022	Miðhús	19. öld?	Á bæjarstæðinu má enn sjá bæjartóft og túngarður er umhverfis lítið tún
137:023	Bjarghóll	19. öld?	Horfið
137:024	Nýlenda	19. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
137:025	Holt	19.-20. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
137:052	Klöpp	19. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
138:001	Narfakot	Fyrst getið í heimild 1847	Bæjarhóll er ekki sýnilegur og öll bæjarhús horfin. Á bæjarstæðinu stendur nýlegt íbúðarhús
139:001	Hlöðuneskot	Fyrst getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
140:001	Ásláksstaðir stærri (ytri)	Fyrst getið í heimild 1447	Bæjarhóll er ekki sýnilegur. Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús sem byggt var 1884
140:010	Hallandi/Nýibær	19.-20. öld?	Á bæjarstæðinu eru leifar af steiptum og hlöðnum bæjarhúsum og fleiri minjar sjást sem tilheyrðu býlinu
140:011	Garðhús	20. öld	Á bæjarstæðinu eru leifar af steiptu húsi og í túni eru útihúsatóftir og garðlög
140:035	Móakot	19.-20. öld?	Fjöldi tófta tilheyrði býlinu en á bæjastæðinu er gamalt bárujárnshús
140:049	Atlagerði	19.-20. öld?	Tóft
140:050	Gerðakot	19.-20. öld?	Vel greinileg bæjartóft
140:051	Gerðar	19.-20. öld?	Þúst og gerði

140:052	Fagurhóll	19. öld?	Vel greinileg bæjartóft
140:053	Rás	19.-20. öld?	Tóft
141:001	Ásláksstaðakot	Fyrst getið í heimild 1847	Horfið? Staðsetning ókunn
142:001	Ásláksstaðir innri (minni)	Fyrst getið í heimild 1447	Bæjarhóll og tóftir sýnilegar
142:012	Sjónarhóll/Lárusarhús	Byggt um 1886	Steypt hús eru á bæjarstæðinu
143:001	Stóra-Knararnes	Fyrst getið í heimild 1447	Afgerandi bæjarhóll með stórra bæjartóft og kálgörðum auk stakra tófta
143:041	Helgahús	Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir þremur árum	Horfið? Staðsetning ókunn
144:001	Knararnes minna	Fyrst getið í heimild 1447	Bæjarhóll sést en engar byggingaleifar á honum
144:011	Vík	19.-20. öld?	Á bæjarstæðinu er þrískipt útihús undir þaki og má ætla að hleðslur í því miðju séu leifar af bænum. Einnig sjást garðlög í kringum bæjarstæðið
144:012	Hellur	Byggt 1873	Óljósar leifar af bænum sjást á bæjarstæðinu og í túni eru útihúsatóftir og garðar
145:001	Breiðagerði	Fyrst getið í heimild 1447	Bæjarhóllinn sést enn og á honum er steypur húsgrunnur
145:020		19.-20. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
145:021		19.-20. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
158:001	Vatnsleysa minni	Fyrst getið í heimild 1547-48	Bæjarhóllinn sést ekki, mögulega hefur hann horfið við framkvæmdir í tengslum við svínabúið á jörðinni
158:013	Krókur	19.-20. öld?	Horfið
158:016	Búð	Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir fjórum árum	Horfið? Staðsetning ókunn
158:017		Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir fjórum árum	Horfið? Staðsetning ókunn
158:022	Grund	19.-20. öld?	Tóft
158:023	Miðengi	Fyrst getið í heimild 1847	Hlaðinn húsgrunnur með kjallara og tóftir
159:001	Vatnsleysa stærri-Austurbær	Fyrst getið í heimild 1262	Ekki sést bæjarhóll. Á bæjarstæðinu er stórt steinsteypit íbúðarhús með kjallara
159:002	Kofinn	19.-20. öld?	Horfið
159:003	Vatnsleysa stærri-Vesturbær	?	Horfið
159:018	Akurgerði	Getið í heimild 1703 og er þá sögð hafa verið í eyði í yfir hundrað ár	Horfið
159:019		?	Horfið
159:020	Naustakot/Pallakot	19.-20. öld?	Horfið
159:021	Nýibær/Jónasarbær	19.-20. öld?	Horfið
159:022	Móabær	19.-20. öld?	Horfið

159:023	Sigurjónsbær/Garðhús	19.-20. öld?	Horfið
159:024	Garðbær	19.-20. öld?	Horfið
159:086	Skálinn	19. öld	Horfið
159:092		?	Ógreinilegt garðlag
159:097	Vatnsleysukot	Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
159:099		Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
159:100		Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir tveimur árum	Horfið? Staðsetning ókunn

Skipta má lögbýlum og öðrum býlum í aldursflokka út frá því hvenær þeirra er fyrst getið í þekktum heimildum, sjá töflur 2 og 3.

Tafla 2. Vísendingar um aldur lögbýla út frá elstu heimildum sem þekktar eru. Rétt er að geta að sum býlin eru án efa mun eldri en elstu heimildir um þau.

Örugglega í byggð fyrir 1400	Örugglega í byggð fyrir 1600	Örugglega í byggð fyrir 1703	Örugglega í byggð á 19.-20. öld
159:001 Stóra-Vatnsleysa	137:001 Hlöðunes 140:001 Ásláksstaðir stærri 142:001 Ásláksstaðir minni 143:001 Stóra-Knarrarnes 144:001 Knarrarnes minna 145:001 Breiðagerði 158:001 Minni-Vatnsleysa	139:001 Hlöðuneskot	138:001 Narfakot 141:001 Ásláksstaðakot

Öll lögbýlin sem heimildir eru um að hafi byggst fyrir 1703 og síðar hafa endinguna -kot. Öll þessi býli voru sennilega upphaflega hjáleigur eldri jarða og ekkert þeirra átti land utan túns.

Tafla 3. Vísendingar um aldur annarra býla á skráningarsvæðinu úr þekktum heimildum (spurningarmerki er sett aftan við býlin þar sem ekki er vitað um aldur).

Í byggð fyrir 1703	Í byggð á 19.-20. öld
143:041 Helgahús	137:021 Halldórsstaðir
158:016 Búð	137:022 Miðhús
158:017	137:023 Bjarghús
159:018 Akurgerði	137:024 Nýlenda
159:097 Vatnsleysukot	137:025 Holt
159:099	137:052 Klöpp
159:100	140:010 Hallandi/Nýibær

140:011	Garðhús
140:035	Móakot
140:049	Atlagerði
140:050	Gerðakot
140:051	Gerðar
140:052	Fagurhóll
140:053	Rás
142:012	Sjónarhóll
144:011	Vík
144:012	Hellur
145:020	
145:021	
158:013	Krókur
158:022	Grund
158:023	Miðengi
159:002	Kofinn
159:019	?
159:020	Naustakot/Pallakot
159:021	Nýibær/Jónasarbær
159:022	Móabær
159:023	Sigurjónsbær/Garðhús
159:024	Garðbær
159:086	Skálinn
159:092	?

Litlar heimildir eru til um fjölgun lögbýla eða hjáleigna á Vatnsleysuströnd fyrr en í upphafi 18. aldar. Ef til vill má túlka það svo að byggð hafi verið nokkuð stöðug fram að þeim tíma en svo fjölgar býlum mikið og þar eru orðin til byggðahverfi strax á 19. öld. Í töflu 3 sést afar skýrt hversu gríðarleg aukning verður á býlum á svæðinu á 19. og 20. öld þegar útgerð eykst á 19. öld og svo aftur þegar vélbátar og trillur koma til sögunnar í byrjun 20. aldar.

Kirkjur, kuml og legstaðir

Útkirkja 159:002 var á Stóru-Vatnsleysu. Engin skýr ummerki um kirkjuna sjást á yfirborði en kálgarður er á svipuðum stað og kirkja og kirkjugarður eru talin hafa verið. Einnig segir frá því í örnefnaskrá að kotbýli sem nefndist Kofinn hafi verið reist við garðhleðslu sem sögð var tilheyra kirkjugarðinum. Að sögn hélst ekki lengi byggð í Kofanum vegna reimleika. Líklegt er að leifar af kirkjunni séu enn undir sverði. Áletraður steinn 159:052 er um 50 m suðaustan við kirkjuna. Á honum má greina fangamarkið GI og ártalið 1643 eða 1649. Líklegt verður að teljast að steinninn sé legsteinn úr kirkjugarðinum en hann hefur færst úr stað og er ekki lengur innan kirkjugarðs. Ekki er vitað hvenær útkirkjan á Stóru-Vatnsleysu var aflögð en meintur

legsteinn gefur vísbendingu um að hún hafi verið í notkun og að jarðað hafi verið í kirkjugarðinum fram yfir miðja 17. öld. Ekki eru þekktar aðrar kirkjur eða bænhús á skráningarsvæðinu og virðist vera mjög lágt hlutfall bænhúsa í hreppnum.

Ekki er vitað um nein staðfest kuml á skráningarsvæðinu en á þremur stöðum eru þekktar þjóðsagnakenndar frásagnir um meinta legstaði og greindi heimildamaður skrásetjara frá meintum og áður óþekktum legstað. Legstaðirnir eru í Hlöðunesi, Ásláksstöðum stærri, Ásláksstöðum minni og Minna-Knarrarnesi. Allir eru meintu legstaðirnir innan túns og á þremur stöðum sjást þústir en ekki er gott að sjá hvort þær eru manngerðar eða hvort þær eru grónar klappir. Hlöðversleiði 137:044 er í túni á milli Hlöðuness og Narfakots. Staðsetning þess er á reiki. Annars vegar er það talið vera í litlum hól um 80 m NNA við Hlöðunesbæinn 137:001, hins vegar er það talið vera á jafnsléttu um 60 m NNV við bæinn. Þústir eru á meintum legstöðum á Ásláksstöðum stærri 140:058, Ásláksstöðum minni 142:015 og Minna-Knarrarnesi 144:025 (Brandsleiði). Ekki er unnt að skera úr um það hvort þar leynist kuml nema með uppgrefri en staðsetning þeirra bendir síður til þess.

Sjósókn

Sjávarútvegsminjar er nokkuð stór minjaflokkur á skráningarsvæðinu. Þær eru flestallar staðsettar við fjöru eða nærri sjó og mikið af þeim hefur eðli málsins samkvæmt horfið eða raskast vegna ágangs sjávar.

Á skráningarsvæðinu var skráður mikill fjöldi lendinga, en þær eru 27 talsins. Ein lendingin er skráð með Gálgaklettum 158:020, sem nafnsins vegna eru skráðir sem aftökustaður. Á milli klettanna er vik sem kann að hafa verið notað til að lenda bátum í. Um margar lendinganna eru aðeins til heimildir en mannaverk sjást á 10 þeirra. Flestar landingar voru í landi Stóru-Vatnsleysu (5 talsins). Færri landingar eru skráðar á öðrum lögbýlum. Hjáleigur áttu oftast landingar í landi heimajarða sinna.

Alls voru skráð 12 naust á skráningarsvæðinu og fundust einhverjar leifar af átta þeirra. Engar leifar fjögurra nausta (140:017, 145:012, 159:060, 159:061) fundust og er líklegt að þau séu horfin vegna ágangs sjávar. Í Naustakotsnausti 138:010 eru hleðslur útflattar en óljóst má greina tvö hólf. Eins er naust 144:008 í Minna-Knarrarnesi að hluta horfið og sést aðeins hluti þess en það er grjóthlaðið og í því virðist hafa verið eitt hólf. Naust 140:014, 143:028, 143:029, 142:007A og 142:007B eru allt grjóthlaðnar og einfaldar tóftir sem virðast hafa snúið opnum stafni til hafs. Naust 144:028 skiptist í tvö grjóthlaðin og greinileg hólf og tvö ógreinileg hólf. Líklegt er að þar hafi einnig verið hjallur. Heimild er um eitt uppsátur í Minna-Knarrarnesi 144:020.

Skráðar voru þrjár sjóbúðir. Ógreinileg hleðsla er þar sem Breiðagerðisbúð 145:013 stóð að líkindum en engar leifar sjást um hinar tvær sjóbúðirnar (159:062 og 158:015).

Aðrar minjar um fiskveiðar sem skráðar voru eru herslubyrgi, hjallar og fiskreitir. Á svæðinu voru skráðir níu hjallar og sjást ummerki um fimm þeirra enn. Á tveimur stöðum eru grjóthlaðnar tóftir (142:005 og 143:045) og á einum stað hús (159:016) sem er gamalt í grunninn en er enn í notkun. Ógreinilegri leifar sjást á tveimur stöðum þar sem skráð var hleðsla (140:012) og þúst (137:031).

Þrjú herslubyrgi voru skráð en þess má geta að útihús innan túns kunna að hafa verið notuð sem herslubyrgi. Minjar sjást um öll þrjú byrgin. Á tveimur stöðum eru grjóthlaðnar, einfaldar tóftir (137:018 og 140:046) en á einum stað er grjóthlaðin, þrískip tóft og hlaðnir garðar beggja vegna við hana (143:019). Heimild er um einn fiskreit á svæðinu (158:027) en engar leifar hans sjást lengur.

Garðlög og kálgarðar

Á skráningarsvæðinu var skráður mikill fjöldi grjóthlaðinna garðlaga og kálgarða enda ærinn efniviður í hrauninu og fjörunni. Flestir garðanna voru: túngarðar, vörslugarðar, varnargarðar eða landamerki. Tún jarðanna á Vatnsleysuströnd liggja oft saman og liggja meðfram sjó. Túngarðar gegndu því oft margþættu hlutverki og mörkuðu t.d. landamerki og voru sjóvarnargarðar auk þess að girða af tún. Garðlögin og kálgarðarnir voru nær undantekningarlaust grjóthlaðin. Á skráningarsvæðinu voru samtals skráðir 32 garðar. Leifar af þeim sáust á 29 stöðum en á þremur stöðum sást ekki til minja. Varðveisla garðlaga á skráningarsvæðinu er því mjög góð. Nánari skiptingu garðlaga eftir hlutverkum má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Skráð garðlög - raðað eftir hlutverki

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Hlutverk-2
GK-159:104	Þrældómur	landamerki	túngarður
GK-143:010		landamerki	túngarður
GK-158:009		túngarður	útihús
GK-145:011		túngarður	útihús
GK-138:008		túngarður	
GK-143:021	Heiðargarður	túngarður	útihús
GK-158:034		túngarður	
GK-137:020		túngarður	kálgarður
GK-159:108		túngarður	útihús
GK-137:011		túngarður	útihús
GK-140:034		túngarður	vörslugarður

GK-140:033	Ásláksstaðatúngarður	túngarður	
GK-142:014	Heiðargarður	túngarður	
GK-140:031	Túngerðið	túngarður	
GK-143:046		túngarður	kálgarður
GK-159:107	Torfgarður	túngarður	
GK-159:058	Sjávargarður nyrðri	varnargarður	túngarður
GK-158:014		varnargarður	
GK-145:012	Breiðagerðisnaust	varnargarður	naust
GK-143:018	Sjóvarnargarðurinn	varnargarður	
GK-159:059	Sjávargarður syðri	varnargarður	túngarður
GK-159:093		varnargarður	
GK-138:014	Sjávargarður	varnargarður	
GK-159:072	Kota-Sjávargarður	varnargarður	
GK-142:007		varnargarður	naust
GK-140:025		varnargarður	
GK-137:040	Heiðargarður	vörslugarður	
GK-145:031		vörslugarður	
GK-159:076		vörslugarður	
GK-137:069		vörslugarður	
GK-137:042	Rosagerði	vörslugarður	álagablettur
GK-159:130		vörslugarður	

Ætla má að flestir túngarðarnir sem skráðir voru séu frá lokum 19. aldar þegar túnækt eykst í kjölfar aflabrests en margir þeirra kunna að vera miklu eldri í grunninn. Eins má ætla að kálgarðarnir sem skráðir voru á svæðinu séu flestir frá aldamótunum 1900. Alls voru skráðir 35 kálgarðar en 15 þeirra voru skráðir með öðrum minjum s.s. útihúsum og býlum. Oftast er ekki vitað nákvæmlega hvað var ræktað í kálgörðunum en heimild er um að í Halagarði /Halagerði 143:020 hafi verið ræktaðar kartöflur og sú hefur sjálfsagt verið raunin með marga þeirra.

Útihús

Jafnvel þó að mikil áhersla hafi verið lögð á fiskveiðar á Vatnsleysuströnd hefur landbúnaður alltaf haft talsvert vægi og var fjöldi útihúsa skráður í tünnum jarðanna. Á lögbýlunum voru alls skráð 53 útihús. Aðeins er vitað um nákvæmt hlutverk 10 þeirra. Skráð var eitt fjós, þrjú fjárhús, eitt lambhús, eitt hesthús og fjórar hlöður. Leifar 34 útihúsa sjást enn. Útihús sem tilheyrðu öðrum býlum en lögbýlum eru skráð með hverju býli undir einu númeri og eru ekki talin með hér. Þar sem minjar um útihús sjást eru grjóthlaðnar tóftir algengastar. Sementslím er í hleðslum sumra þeirra sem gefur til kynna fremur lágan aldur. Flestar tóftanna eru enn vel greinilegar.

Ein tegund mannvirkja sem merkt er á túnakort frá 1917 en telst ekki til útihúsa eru þrær.² Þrærnar voru niðurgrafin mannvirki, stundum hlaðin að innan, þar sem húsdýraáburði var safnað en einnig fiskislori. Þetta var svo notað sem áburður á tún og til uppgræðslu klappa. Alls voru skráðar 24 slíkar þrær og sáust ummerki um þær á sjö stöðum. Ummerkin sem voru skráð voru sex gryfjur og ein hleðsla. Í nokkrum tilvikum voru þær skráðar með býlum (sjá 137:021, 140:011, 140:035, 142:012, 144:012, 159:021) og í tveimur tilvikum voru þær skráðar með byggingum á bæjarhól (sjá 143:001 og 145:001). Líklegt er að þessum mannvirkjum hafi fjölgað eftir að meiri áhersla var lögð á túnrækt um aldamótin 1900.

Stekkir, kvíar og beitarhús

Alls voru skráðir 11 stekkir á skráningarsvæðinu, sjá töflu 5. Allsstaðar sáust minjar um stekkina nema á einum stað þar sem örnefnið Stekkhóll 159:041 bendir á stekk í landi Stóru-Vatnsleysu en engar leifar stekkjara fundust. Fjánhús voru byggð við Stekkjarhól á 20. öld og eru líklegast að við byggingu þeirra hafi leifum stekkjara verið rutt út.

Tafla 5. Skráðir stekkir á svæðinu.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2	fjarlægð frá bæ	gerð
GK-137:027		tóft	stekkur		895 m	tvískipt/grjóthlaðin
GK-137:049	Árnastekkur/ Arnarstekkur	tóftir	stekkur		925 m	tóft A tvískipt/grjóthlaðin tóft B einföld/torf- og grjóthlaðin
GK-137:059	Ásláksstaða-s tekkur	tóft	stekkur		1700	þrískipt/grjóthlaðin
GK-137:060	Rauðstekkur	tóft	stekkur		1300 m	fjórskipt/torf- og grjóthlaðin
GK-143:034	Borg	tóftir	stekkur	fjárskýli/bei tarhús	1100 m	þrískipt/grjóthlaðin í eldri fjárborg
GK-145:010		tóft	stekkur		530 m	þrískipt með aðrekstrargarði/grjóthlaði
GK-145:018	Litlistekkur	tóft	stekkur		1100 m	tvískipt/grjóthlaðin í eldri tóft
GK-159:041	Stekkhóll	örnefni	stekkur		750 m	ekki sést til minja
GK-159:080	Vatnsleysu-st ekkur	tóft	stekkur		710 m	tvískipt/grjóthlaðin
GK-159:081	Vatnsbergs-st ekkur/Vatnab org	hleðsla	stekkur	fjárskýli	1500 m	þrískipt/grjóthlaðin í eldri fjárborg
GK-159:119		tóft	stekkur		960 m	þrískipt/grjóthlaðin

² Þær eru teiknaðar á túnakortin sem kassar (yfirléitt) með gegnumstriki.

Það er athyglisvert að fjórir stekkir voru skráðir í landi Stóru-Vatnsleysu og í Hlöðunesi en enginn stekkur í landi Ásláksstaða stærri. Fjöldi skráðra stekkja í landi Stóru-Vatnsleysu má skýra með því að tvíbýlt var þar um tíma auk þess sem þar var mikil hjáleigubýggð. Úthagi Minni-Vatnsleysu er skráður undir Stóru-Vatnsleysu og næsta víst að tveir eða fleiri af stekkjum fjórum hafi verið frá Minni-Vatnsleysu og eða öðrum hjáleigum. Fjöldi stekkja í landi Hlöðuness og fæð stekkja í landi Ásláksstaða stærri vekur grun um að ef til vill hafi Árnastekkur 137:049 og/eða Rauðstekkur 137:060 í landi Hlöðuness tilheyrt Ásláksstöðum stærri en þeir eru aðeins 90-120 m vestan við merki Ásláksstaða stærri og Hlöðuness. Rauðstekkur er nefndur í örnefnaskrá Ásláksstaða og rennir það enn frekar stoðum undir að hann hafi tilheyrt Ásláksstöðum stærri eða hjáleigum bæjarins. Nafn Ásláksstaðastekkjjar 137:059 bendir óneitanlega til þess að hann hafi tilheyrt Ásláksstöðum. Hins vegar er hann um 500 m vestan við sömu merki og því langt inni í landi Hlöðuness. Ekki er ólíklegt að Narfakot og ef til vill Halldórsstaðir hafi átt stekk í úthaga Hlöðuness. Þess má geta að fjárskýli 140:036 í landi Ásláksstaða stærri kann að hafa verið stekkur og einnig kann tóft 140:044 að vera af stekk.

Á tveimur stöðum á skráningarsvæðinu voru stekkir sem hlaðnir hafa verið inni í eldri fjárborgir. Þetta eru Vatnsbergsstekkur/Vatnaborg 159:081 og Borg 143:034. Annað þekkt dæmi um samskonar minjar í hreppnum er Þórustaðaborg 149:025 sem fjallað er um í Áfangaskýrslu I. Allstaðar nema á einum stað þar sem fundust leifar af stekkjum á vettvangi var um að ræða grjóthlaðnar stekkjartóftir, oftast grónar. Tvískiptar tóftir eru fjórar talsins og þrískiptar tóftir fimm talsins. Í einni tóft virðast vera fjögur hólf. Lengd stekkjjarvegar á svæðinu er mjög mismunandi. Styst er frá Breiðagerði að stekk 145:010 eða 530 m. Lengsti stekkjjarvegurinn er frá Hlöðunesi að Ásláksstaðastekk eða 1700 m. Meðallengd stekkjjarvegar á svæðinu er um 1 km (1040 m). Það er nokkuð löng leið en skýrist af því hve lítið haglendi er á skráningarsvæðinu.

Kvíar voru skráðar á þremur stöðum á skráningarsvæðinu. Meint kvíatóft var skráð í Vorkvíum 143:022 en ekki sáust minjar um kvíar á merkjum milli Minni- og Stóru-Vatnsleysu 159:084. Ógreinileg tóft er við Stöðulbrunn 159:034 sem gæti verið af kvíum 159:035 eins og örnefnið bendir til. Líklega er að kýr hafi verið mjólkaðar á stöðli nærri brunninum og mjólkin kæld í honum. Tóftin við brunninn tengist þá frekar kælingu mjólkurinnar. Óvenjufáar kvíar voru skáðar og er líklegt að þær hafi verið mun fleiri. Líklegt er að sumar þeirra hafi verið sléttaðar í tún en einnig er möguleiki á því að einhverjar af þeim fjölmörgu tóftum í og við heimatúnin séu af kvíum.

Aðeins voru ein beitarhús skráð en þau eru í landi Ásláksstaða stærri 140:055. Einnig var beitarhúsatóft skráð með stekki/fjárskýli Borg 143:034. Beitarhúsatóft 140:055 er grjóthlaðin og tvískipt. Ekki sáust ummerki um jötur eða garða í beitarhúsunum og aldur þeirra er ekki þekktur. Það er athyglisvert að svo fá beitarhús hafi verið skráð á svæðinu og raun ber vitni. Mögulega hafa fjárskýli frekar verið notuð en beitarhús fyrir fé að skýla sér í á úthagabeit um vetur. Eins hefur fjörubeit verið mikil á þessu svæði á veturna og því minni þörf á beitarhúsum í úthögum en í sveitum inn til landsins.

Fjárskýli og sel

Alls voru skráð átta fjárskýli á svæðinu en að auki voru fjárskýli áður þar sem Vatnsbergstekkur/Vatnaborg 159:081 og stekkurinn Borg 143:034 voru síðar byggð. Á öllum stöðunum nema einum voru sýnilegar minjar. Engin ummerki fundust um Lambabyrgi 159:085 við Lambabyrgishól. Fjárskýli 140:036 er ekki dæmigert að gerð og kann það að vera stekkur. Þar eru tvær litlar einfaldar tóftir. Önnur þeirra er grjóthlaðin undir lágum klapparvegg en hin sem er ógreinileg og gróin er skammt frá. Fjárskýli 159:091 er náttúrulegt jarðfall en á barmi þess sést lítil hleðsla. Breiðagerðisskjólgarður 145:019 er krosshlaðinn grjótgarður. Stæðilegasta fjárskýlið á svæðinu er fjárborgin Gvendarborg 159:047 en hún er grjóthlaðin og stendur enn að hluta. Borgin er um 9 m í þvermál með veggjahruninu. Tvær fjárborgir voru skráðar í landi Hlöðuness. Fjárborg 137:058 er grjóthlaðin en gróin og sigin og er um 8 m í þvermál með áföstum aðrekstrargarði. Fjárborg 137:056 er grjóthlaðin, mjög sigin og er um 8 m í þvermál. Fast við hana er önnur tóft, líklega grjóthlaðin en mjög gróin, hlutverk hennar er óljóst en ekki er loku fyrir það skotið að þar hafi verið stekkur. Tvískipt tóft 137:026 var skráð á háum hól í landi Hlöðuness. Í öðrum endanum er hringlaga, grasi vaxið hól sem er um en í hinum er grjóthlaðið mjótt hól. Gvendarborg er lengst frá bæ eða 4,2 km. Önnur fjárskýli voru 0,6-3,1 km frá bæ.

Alls voru skráð átta sel á skráningarsvæðinu. Af þeim reyndust fimm í landi Stóru-Vatnsleysu. Ummerki um sel fundust á öllum stöðunum nema tveimur. Örnefnið Seltó 159:070 er um 5 km frá bæ á Stóru-Vatnsleysu en engar minjar um sel hafa fundist þar. Líklegt er að nafnið sé til komið af því að fé úr t.d. Rauðhólaseli 159:096 hafi verið rekið á beit á þessu svæði. Sagnir eru um að sel hafi verið við Ásláksstaðaholt 137:062 en þar fundust ekki leifar um sel. Mögulegt er að það hafi orðið uppblæstri að bráð. Fjöldi selja í Stóru-Vatnsleysu skýrist m.a. af því að allar minjar í úthaga Stóru- og Minni-Vatnsleysu eru skráðar með fyrrnefndu jörðinni en Oddafellssel 159:073 var sel frá Minni-Vatnsleysu. Þar er þröngt selstæði á milli

Oddafells og úfins afstapahrauns. Þar eru greinilegar hleðslur annars vegar og mjög signar og fornlegar minjar hins vegar. Í landi Stóru-Vatnsleysu er fornlegt sel 159:102 sem er við merki móti Flekkuvík og er skammt frá Flekkuvíkurseli 157:058. Ekki er útilokað að það sel hafi einnig tilheyrt Flekkuvík. Þar voru skráðar tvær tóftir, þúst, vatnsstæði og varða. Í Rauðhólsseli 159:096 er ein þúst og ein tóft. Minjarnar eru nokkuð fornlegar. Kolhólasel 159:103 virðist vera nokkuð gamalt en þar voru skráðar þrjár tóftir. Ekki er útilokað að hjáleigur Vatnsleysubæjanna hafi átt sel í heiðinni en einnig er líklegt að selstæði hafi færst til vegna vatnsleysis og hagaleysis. Gamla-Hlöðunessel 137:017 er fornlegt en þar sjást tvær signar og grónar tóftir auk einnar vörðu. Selstæðið er illa farið af uppblæstri. Knarrarnessel 145:035 er skráð undir Breiðagerði vegna þess að megnið af minjunum í selinu er innan merkja Breiðagerðis og er þeirri meginreglu haldið hér að fylgja þeim landamerkjum sem sveitarfélagið Vogar hefur látið skráningarmönnum í té. Hins vegar er sá háttur hafður á að minjar í úthaga eru skráðar undir heimajörð á hverjum stað, líkt og gert er í Stóru-Vatnsleysu, Ásláksstöðum stærri og Stóra-Knarrarnesi. Seljaþyrpingin er afar stór og greinilegt að á svæðinu hafa verið a.m.k. þrjú sel. Þar eru bæði fremur ungar tóftir og signar og fornar tóftir. Samkvæmt örnefnaskrá áttu Knarrarnesbæirnir tveir og Ásláksstaðir stærri selstöðu á þessum stað.

Þau sel sem skráð voru fyrri ár og fjallað er um í áfangaskýrslu I mátti gróflega flokka í þrennt eftir gerð: Flokkur 1= Fáar, signar og fornlegar tóftir; Flokkur 2= Þrjár eða fleiri tóftir, greinilegar; Flokkur 3= hleðslur í krosssprungum hólum og tóftir. Á skráningarsvæði eru engar seltóftir sem falla í flokk 3. Skipting selja á skráningarsvæðinu í flokka er ekki klippt og skorin. Í flokk 1 fellur Gamla-Hlöðunessel og Rauðhólasel (þótt það virðist ekki vera jafn gamalt og Gamla-Hlöðunessel). Önnur sel fara í flokk 2, þótt greinilegt sé að eldra byggingarstig sé að finna innan um unglegar tóftir í Knarrarnesseli og Oddafellsseli. Skipting selja í flokka og fjarlægð þeirra frá bæ er sýnd í töflu 6.

Tafla 6. Skipting selja í flokka og fjarlægð þeirra frá bæ.

Flokkur 1	Frá bæ	Flokkur 2	Frá bæ
137.017 Gamla-Hlöðunessel	7,1 km	145:035 Knarrarnessel	5,2 km
159:096 Rauðhólasel	6,5 km	159:073 Oddafellssel	9,3 km
		159:102	3,0 km
		159:103 Kolhólasel	5,0 km

Mikilvægi seljanna á Vatnsleysuströnd er augljóst vegna þess hve lítill hagi var heima við bæina og því enn nauðsynlegra en ella að fara með búfénað í selin. Vatnsleysi og uppblástur olli því að sum selstæðin féllu úr notkun og ný selstæði voru fundin. Það skýrir að einhverju leyti

mikinn fjöldi skráðra selja. Síðast var haft í seli á Vatnsleysuströnd árið 1870 í Flekkuvíkurseli 157:058.

Að ofan hefur verið fjallað um helstu minjaflokka á skráningarsvæðinu. Ýmsar aðrar tegundir minja fundust við skráninguna og tafla 7 sýnir hlutverk og fjölda allra minja sem birtast í þessari skýrslu.

Tafla 7. Hlutverk skráðra fornleifa

aftökustaður	1	huldufólksbústaður	3	rista	1
áfangastaður	1	kartöflugarður	1	samgöngubót	15
beitarhús	1	kálgarður	19	sel	8
brunnur	21	kolagröf	2	sjóbúð	3
bústaður	18	kvíar	3	skotbyrgi	6
byrgi	1	lambhús	1	smalakofi	1
býli	31	landamerki	10	stekkur	11
eyktamark	1	legstaður	4	traðir	5
fiskreitir	1	leið	35	túngarður	14
fjánhús	3	lending	26	uppsátur	1
fjárskýli	8	mógrafir	2	útihús	42
fjós	1	mylla	1	útkirkja	1
herslubyrgi	3	naust	9	varnargarður	10
hesthús	1	ótilgreint	33	vatnsból	2
heygarður	1	óþekkt	65	vörslugarður	6
hjallur	9	refagildra	1	þingstaður	1
hlaða	4	rétt	4	þvottastaður	1

VI. NIÐURSTÖÐUR

Minjar í hættu

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Alls teljast 43 fornleifar í mikilli hættu, í langflestum tilvikum er það vegna landbrots. Hátt hlutfall minja eða 228 staðir töldust í hættu. Flestir þeirra voru taldir í hættu vegna ábúðar, því þó að hefðbundnum búskap sé hætt á svæðinu, er búið á nokkrum jörðum og frístundabyggð er á mörgum þeirra eða þær nýttar fyrir hrossabeit. Þar sem þannig háttar til fylgir óhjákvæmilega hætta á framkvæmdum sem gætu raskað minjastöðum í nágrenninu. Öðrum minjum í hættu ógnaði oflast landbrot og eða almennt rask.

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifarnar eru við bæi, innan gömlu heimatúnanna. Því fækkar fornleifum að jafnaði eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömu leiðis hafa tún verið sléttuð, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að ekkert lifi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að talsvert hlutfall fornminja á hverri jörð sé horfið af yfirborði.

Allar minjar njóta verndunar samkvæmt lögum og eru því jafn hátt settar.³ Hins vegar eru minjar eins misjafnar og þær eru margar. Á skráningarsvæðinu fundust minjastaðir sem kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Margar af fornleifunum eru í alfaraleið en aðrar langt uppi í heiði og að þeim langur gangur.

Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en þar er þó að finna marga áhugaverða minjastaði. Hér vakin athygli á nokkrum þeirra sem taldir eru áhugaverðir fyrir þær sakir að hafa sérlega mikið varðveislu- eða rannsóknargildi og/eða henta vel til kynningar fyrir almenning. Reykjanesið nýtur vaxandi vinsælda sem útivistarsvæði og myndi það auka enn á gildi svæðisins að koma staðsetningum og upplýsingum um menningarminjar innan þess á framfæri fyrir áhugasama.

1) **Gamla heimatún Hlöðuness 137:001** með kálgörðum, túngörðum, varnargarði, útihúsum og brunni er einstök minjaheild sem er að miklu leyti óröskuð frá því að jörðin fór úr ábúð upp

³ Sjá 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012).

úr miðri 20. öld. Mikið er af heillegum minjum í túninu sem hafa mikið varðveislu- og kynningargildi.

2) **Oddastaðasel 159:073** er fallett sel sem lætur lítið yfir sér en er gott dæmi um það hvernig menn gátu lagað sig að þröngum aðstæðum. Í selinu er fjöldi tófta og skammt frá því eru tóftir 159:082 sem tengjast að öllum líkindum seljabúskapnum. Síðasttöldu minjarnar eru í stórhættu vegna ágangs ferðafólks á Keili en gönguleið á Keili liggur yfir eina tóftina. Mikilvægt er að beina umferð fólks framhjá minjunum. Vegna þess hve gönguleiðin liggur nálægt Oddafellsseli ætti að vera auðvelt að kynna minjarnar fyrir þeim sem leið eiga um svæðið. Minjarnar hafa mikið varðveislu- og kynningargildi.

3) **Landamerkjavarða 159:046** hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi. Hún er að sögn á landamerkjum milli Stóru-Vatnsleysu og Akurgerðis, forns býlis sem nú er horfið og lítið er vitað um. Varðan er eini sýnilegi minnisvarðinn um fornbylíð Akurgerði og væri áhugavert að rannsaka hana og reyna að aldursgreina. Varðan er niður við fjöru og er í hættu vegna landbrots.

4) **Áletrun 159:052** á meintum legsteini hefur mikið varðveislugildi. Svo virðist sem að á steininum sé fangamarkið GI og ártalið 1643 eða 1649. Sé um legstein að ræða er hann að öllum líkindum úr kirkjugarði Stóru-Vatnsleysu þó að hann sé ekki lengur á upprunalegum stað. Meintur legsteinn gefur vísbendingu um það hversu lengi kirkjan var í notkun og að jarðað hafi verið í kirkjugarðinum fram um miðja 17. öld.

5) **Knarrarnessel 145:035** og **Knarrarnesselsstígur 143:024** mynda einstaka minjaheild sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Selsstígurinn sést á löngum köflum frá Hrafnagjá og að Knarrarnesseli. Á svæðinu eru þrjú sel og fjöldi tófta en á öllum selstæðunum sjást misjafnlega fornlegar rústir sem bendir til þess að seljabúskapur hafi verið stundaður lengi á þessum stað.

6) Minjar um býlin **Atlagerði 140:049**, **Gerðakot 140:050** og **Gerðar 140:051** eru á Atlagerðistanga. Leifar þurrabúðanna eru nokkuð vel varðveittar en þær eru mikilli hættu vegna landbrots. Minjarnar eru til vitnis aðbúnað og aðstæður þurrabúðarfólks sem hafðist við á þessum býlum. Allgott aðgengi er að minjunum og hafa þær mikið varðveislu- og kynningargildi.

7) Í Stóra-Knarrarnesi myndar **bæjarhóll 143:001** með tóftum og kálgörðum (**143:002** og **143:003**) fallega minjaheild sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.

8) **Kotbrunnur 159:026** hefur mjög mikið kynningar- og varðveislugildi. Brunnurinn er í túni Stóru-Vatnsleysu þar sem fjöldi býla stóð í byrjun 20. aldar. Nánast öll ummerki um byggðina hafa verið jöfnuð við jörðu en brunnurinn er enn á sínum stað, mjög heillegur og fallega hlaðinn. Hann er því mikilvægur minnisvarði um horfna byggð.

9) **Hrísatóarstígur/Rauðhólsstígur 159:078** er rudd gata yfir úfið hraun á milli Rauðhólasels og Seltóar/Hrísatóar. Leiðin hefur mikið kynningar- og varðveislugildi en um mikið mannvirki er að ræða. Mjög gott aðgengi er að leiðinni en hún er greinileg frá malarvegi sem liggur upp að Keili og er auðvelt að fylgja henni inn í Seltó og Hrísató um 900 m langan veg þar sem eru gróðureyjar í úfnu afstapahauninu.

10) Í landi Breiðagerðis er spennandi **þúst 145:030** sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi en er tengist mögulega sjósókn eða er leifar af þurrabúð. Þústin er í hættu vegna landbrots og hefur hún því hátt rannsóknargildi.

HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir:

Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða: Hannes Hólmsteinn Gissurarson. 1996.

Benjamín H.J. Eiríksson Í stormum sinna tíða. Bókafélagið, Reykjavík.

BJ: "Rannsóknir í Gullbringusýslu..." Árbók 1903: Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í

Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1903:31-52.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1853-1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar* fyrri hluti, 1817-1823. 1983. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

GJ: Mannlíf og mannvirki: Guðmundur B. Jónsson. 1987. *Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi.* Útgefið af höfundi, Vogum.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ 1847: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J.Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Jónsson. „Eldgos á sögulegum tíma á Reykjanesskaga“. *Náttúrufræðingurinn* 1983;52 (1-4):127-139.

Landsnefndin 1770-1771. 2. bindi. 1958-61. Sögufélag, Reykjavík.

SG: Örnefni og gönguleiðir: Sesselja G. Guðmundsdóttir. 2007. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins)*. Lionsklúbburinn Keilir, Vatnsleysuströnd.

Strönd og Vogar: Árni Óla. 1961. *Strönd og Vogar: Úr sögu einnar sveitar í landnámi Ingólfs Arnarsonar*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

AM 263 fol. Handrit í vörslu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Eyjólfur R. Bragason, Magnús M. Jónsson og Steinarr Þ. Þórðarson. 1984. *Skólahald í Vatnsleysustrandarhreppi 1872-1982*. [Óprentuð lokaritgerð við Kennaraháskóla Íslands].

GoogleEarth: Loftmyndir frá GoogleEarth, sóttar 2012.

<http://www.ferlir.is>: Heimasíða FERLIR. Ýmsar greinar sóttar 2011-2012 af slóðinni: www.ferlir.is

http://mbl.is/greinasafn/grein/151042/?item_num=70&dags=1994-08-20: Heimasíða mbl.is. „Auðunn Þór Garðarsson” - minningargrein 20. ágúst 1994. Sótt 19. mars 2012 af slóðinni: http://mbl.is/greinasafn/grein/151042/?item_num=70&dags=1994-08-20

IE-Örnefnauppdráttur, Ásláksstaðir: Ingólfur Einarsson. Ljósrit af örnefnauppdrætti af Ásláksstöðum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum: Ómar Smári Ármannsson. 2007. Sel og selstöður á Reykjanesskaganum – vestan Esju. Óútgefin námsritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.

Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af túnnum 1919. Vatnsleysustrandarhreppur.

Ö-Ásláksstaðahverfi: Örnefnaskrá Ásláksstaðahverfis. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ásláksstaðir: Örnefnaskrá Ásláksstaða. Athugasemdir og viðbætur eftir ýmsa aðila. Þórhallur Vilmundarson og Jónína Hafsteinsdóttir skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Breiðagerði: Örnefnaskrá Breiðagerðis. [Skráningarmanns ekki getið]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Flekkuvík: Örnefnaskrá Flekkuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hlöðunes: Örnefnaskrá Hlöðuness. [Skráningarmanns ekki getið]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Knararnes KE: Örnefnaskrá Knararness. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Knarrarnes: Örnefnaskrá Knarrarness. [Skráningarmanns ekki getið]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa: Örnefnaskrá Stóra- og Minni-Vatnsleysu. Jónas Þórðarson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vatnsleysa: Örnefnaskrá Vatnsleysu. [Skráningarmanns ekki getið]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vatnsleysa AG: Örnefnaskrá Vatnsleysu. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn í stafrófsröð

Birgir Þórarinsson, fæddur 23.06. 1965 (Mínna-Knarrarnes).

Guðbergur Ólafsson, fæddur 07.08. 1927 (Stóra-Knarrarnes).

Helgi Davíðsson, fæddur 13.10. 1921 (Ásláksstaðir stærri og Ásláksstaðir innri).

Hólmgrímur Rósenbergsson, fæddur 08.06. 1956 (Breiðagerði).

Sesselja Guðmundsdóttir, fædd 30.11.01947 (svæðið allt).

Sæmundur Þórðarson, fæddur 27.09. 1927 (Stóra-Vatnsleysa og Minni-Vatnsleysa).

VIÐAUKI I: HNITASKRÁR Á ISN93

Samtala	Austur	Norður
137001	335854.74	393788.51
137002A	335841.72	393808.03
137002B	335824.17	393803.3
137003	335828.9	393814.93
137004	335824.17	393827.36
137005	335845.27	393875.68
137006	335790.44	393931.3
137007	335791.62	393940.57
137008	335792.81	393953.59
137009	335800.7	393962.47
137010	335815.29	393970.55
137011A	335790.44	394053.39
137011B	335713.32	393933.67
137012A	335794.19	394057.34
137012B	335799.51	394047.28
137012C	335810.95	394032.88
137012D	335826.34	394038.4
137013	335828.11	394039.39
137014	335847.24	394029.13
137015	336055.13	393925.98
137016	335953.36	393715.73
137017A	339739.88	387797.88
137017B	339740.27	387796.11
137017C	339742.64	387711.69
137018	336294.57	393469.18
137019	335932.84	393746.3
137020A	335730.09	393898.56
137020B	335768.55	393944.32
137021A	335995.76	393850.44
137021B	335985.31	393869.17
137021C	335991.42	393865.62
137021D	335998.52	393864.05
137021E	336003.26	393836.43
137021F	336019.04	393744.13
137021G	335998.52	393846.89
137021H	336000.5	393793.83
137021I	335993.79	393791.46
137021J	336008.19	393880.42
137021K	335973.28	393863.45
137021O	336020.81	393755.37
137022A	335876.04	393992.25
137022B	335844.09	393993.63

137022C	335853.75	394025.78
137023	335991.23	393916.12
137026	336504.04	392497.4
137027	336383.72	393065.05
137028	335884.13	393700.34
137029	335865.19	393777.46
137030	335789.06	394071.74
137031	335790.24	394095.4
137032	336029.69	394000.93
137033	335712.14	393907.44
137034	335834.23	394057.73
137035	335740.14	393929.13
137036	336322.97	393317.7
137037	336114.3	394035.44
137038A	336041.32	394057.93
137038B	336031.07	394058.72
137039	336070.91	394011.78
137040A	336120.22	393741.17
137040B	336200.49	393742.16
137041	335868.35	393802.71
137042A	336108.38	393896.2
137042B	336107.4	393986.14
137043	335940.73	393824.4
137044A	335882.15	393861.88
137044B	335827.52	393843.93
137045	335886.89	393670.16
137046	336018.84	393865.43
137047	336070.71	393607.05
137048	336156.31	393660.11
137049	336551.57	393173.92
137050A	336091.03	394038.21
137050B	336083.14	394032.09
137051	338983.88	389954.65
137053	336060.45	394029.13
137054	336052.57	393988.11
137055	337458.06	391776.71
137056A	337362.01	391973.94
137056B	337375.62	391989.92
137057A	336829.67	392027.19
137057B	336848.61	392028.58
137058	336788.06	392137.25
137059	336539.93	392269.4
137060	336742.49	392811.01

137061	338059.24	390664.5
137062	338776.19	389479.7
137063	337751.16	390492.9
137064	337705.79	390558.98
137065	337576.8	390692.11
137066	337630.84	390783.23
137067	336249.21	393283.39
137068	336038.17	393959.31
137069	335902.47	393639.79
137070	335740.34	393957.34
137071	335879.59	393680.82
137072	335749.61	393807.64
137073	335747.25	393868.39
138001	335924.36	393935.64
138002	335926.14	393942.15
138003	335939.16	393947.67
138004	335919.04	393937.81
138005	335917.26	393928.94
138006	335964.6	393974.7
138007	335964.99	393934.26
138008	335833.44	393896.79
138009	335881.96	394033.67
138010	335888.27	393998.96
138011	335968.35	393982.58
138012	335920.22	393955.76
138013	335886.3	393980.42
138014A	335978.01	393988.3
138014B	335905.82	394005.27
140001	336457.09	393790.68
140002	336454.14	393796.79
140003	336450.98	393799.95
140004	336443.68	393804.28
140005A	336452.36	393801.13
140005B	336475.44	393772.53
140005C	336463.01	393807.44
140006	336457.49	393795.61
140007	336459.86	393788.7
140008	336348.22	393799.95
140009	336438.36	393827.56
140010A	336500.68	393867.79
140010B	336496.15	393883.38
140010C	336548.61	394016.9
140010G	336538.55	394028.74
140010HI	336565.77	394041.16
140011A	336704.63	393606.26

140011B	336749.2	393610.8
140011C	336761.63	393617.7
140011D	336701.67	393589.69
140012	336357.29	394068.78
140013	336384.71	394058.13
140014	336357.89	394074.3
140015	336177.81	394218.28
140016	336131.07	394240.17
140017	336352.36	394094.02
140018	336371.49	394113.94
140019	336470.11	393810.99
140020	336281.75	393970.55
140021	336311.34	393737.42
140022	336369.13	394045.9
140023	336212.72	393916.51
140024	336283.73	393944.72
140025	336432.24	394005.07
140026	338701.24	390216.58
140027	336364.79	394032.88
140028	336450.78	393827.76
140030	336353.94	393806.65
140031	336341.51	394080.81
140032	336439.54	393813.95
140033	336272.09	393839.79
140034	336312.52	393714.54
140035A	336354.14	393915.72
140035B	336354.14	393920.46
140035C	336348.42	393913.16
140035D	336341.91	393895.6
140035E	336374.45	393919.27
140035F	336371.49	393909.02
140035G	336313.31	393923.61
140035H	336307.39	393941.36
140035I	336303.65	393994.62
140035J	336364.59	394020.65
140035K	336382.54	394019.07
140035L	336300.29	393957.54
140036	336772.08	393314.94
140037	336210.75	394206.25
140038	336338.95	393765.63
140039	336253.75	393954.38
140040	337012.11	393030.73
140041	336785.69	393479.04
140042	336762.22	393455.38
140043	336651.57	393494.82

140044	336545.65	393461.29
140045	336923.95	393259.32
140046	336362.62	394094.61
140047	336537.96	393943.34
140048	336368.73	393820.06
140049	336149.01	394238
140050	336242.5	394182.78
140051A	336262.42	394144.12
140051D	336283.53	394136.82
140051E	336277.81	394152.8
140052	336315.48	393789.1
140053	336644.07	393639.4
140054	336894.37	390771.2
140055	337015.47	392754.01
140056	339938.89	388058.03
140057	340087.6	387955.27
140058	336383.13	393861.29
142001	336543.09	393733.28
142002	336521.39	393728.55
142003	336593.38	393787.32
142004	336587.07	393813.16
142005	336593.19	393841.76
142006	336589.44	393913.16
142007A	336608.57	393912.57
142007B	336591.02	393931.7
142007C	336569.91	393942.74
142008	336612.32	393931.5
142009	336556.5	393721.05
142010	336610.94	393840.97
142011	336593.98	393833.48
142012A	336511.14	393697.78
142012B	336488.06	393709.61
142012C	336499.11	393713.56
142012D	336517.45	393658.92
142012E	336494.77	393633.28
142012F	336531.65	393592.65
142013	336549.99	393947.08
142014	336444.67	393632.69
142015A	336548.22	393860.1
142015B	336537.96	393847.48
142016	336485.5	393676.87
142017	336565.38	393729.93
142018	336549.99	393710.2
142019	336616.86	393921.24
142020	336587.27	393892.65

142021	336610.74	393821.44
142023	336559.66	393567.8
143001	337109.35	393745.11
143002A	337081.34	393737.42
143002B	337091.99	393723.42
143003	337111.92	393732.49
143004	337066.95	393734.66
143005	337169.11	393639.4
143006	337141.7	393736.04
143007	337091.99	393598.17
143008	337177	393850.83
143009	336837.17	393455.77
143010	337010.14	393779.24
143011	337007.97	393721.25
143012	337133.81	393859.71
143014	338097.5	392320.48
143015A	336967.54	393333.88
143015B	336971.88	393310.21
143016A	337106	393714.74
143016B	337100.87	393670.95
143017	337157.87	393824.6
143018	337292.78	393630.13
143019	337146.63	393943.34
143020	337303.83	393616.71
143021A	337276.02	393598.37
143021B	337230.26	393632.1
143022	337220	393327.17
143023	338599.07	391692.68
143024A	339510.49	388350.73
143024B	339163.56	389846.37
143025	337107.58	393660.5
143026A	339410.69	389459.98
143026B	339405.96	389456.04
143027	336988.84	393187.73
143028	337162.8	393828.35
143029A	337175.23	393879.63
143029B	337165.17	393874.11
143030	337334.79	392954.4
143031A	337419.6	393513.95
143031B	337367.93	393529.93
143032	339464.93	389410.48
143033	336904.42	393368.2
143034A	337398.3	392783.59
143034B	337415.07	392745.33
143034C	337435.38	392743.75

143035	337745.44	392572.55
143036	337130.26	393882.98
143037	337225.72	393652.22
143038	337094.76	393655.96
143039	337118.82	393914.14
143040	337031.44	393232.89
143042	336925.92	394101.52
143043	337382.33	392843.95
143044	337005.8	393213.76
143045	337153.34	393908.82
143046	337130.26	393858.52
143047	338941.67	390152.08
144001	336942.49	393725.19
144002	336959.85	393731.31
144003	336924.94	393744.52
144004	336934.21	393663.46
144005	336878.98	393698.76
144006	336878.59	393725
144007	336857.48	393743.54
144008	336878.98	393778.64
144009	336829.47	393747.68
144010	336912.51	393558.73
144011	336838.35	393622.24
144012A	336888.45	393499.95
144012B	336865.57	393493.84
144012C	336860.05	393500.94
144012D	336879.77	393503.3
144012E	336851.96	393464.05
144012F	336903.83	393508.23
144012G	336908.76	393534.07
144012H	336877.4	393438.81
144012I	336864.58	393443.74
144013A	336922.37	393623.03
144013B	336910.54	393632.3
144014	336871.68	393775.69
144015	336911.72	393748.27
144016	337000.68	393615.92
144017A	336902.45	393588.11
144017B	336931.25	393610.99
144018	336777.01	393674.31
144019	336777.6	393592.45
144020	336881.35	393770.16
144021	336819.22	393700.34
144022	336953.34	393715.13
144023	336922.77	393691.07

144024	336801.66	393686.93
144025	336984.3	393618.49
144026	336934.6	393608.63
144027	336926.91	393594.62
144028	336769.71	393647.48
145001	337604.81	393697.38
145002	337614.47	393688.9
145003	337569.7	393707.84
145004	337554.91	393722.83
145005	337583.11	393720.85
145006	337577.79	393679.63
145007	337600.66	393601.92
145008	337690.21	393772.92
145009	337658.65	393815.92
145010	337833.01	393214.35
145011A	337687.05	393729.53
145011B	337703.23	393725.39
145012A	337642.48	393809.22
145012B	337545.83	393726.18
145012C	337485.28	393640.58
145013	337642.68	393800.14
145014	337641.3	393820.06
145015	337414.08	393590.28
145016	337559.64	393721.45
145017	337676.6	393654.58
145018	337969.1	392675.51
145019	338443.25	392167.23
145022	337612.3	393254.98
145023	337579.95	393271.16
145024	337628.47	393715.13
145025	337597.9	393717.7
145026	337622.75	393729.33
145027	337533.6	393757.34
145028	337655.5	393659.71
145029	337655.69	393681.21
145030	337440.9	393589.3
145031	337434.79	393573.12
145032	337734	393558.92
145033	339923.9	388970.05
145034A	339737.91	389283.26
145034B	339719.37	389302.39
145035A	339758.02	389159.59
145035B	339773.21	389168.27
145035C	339741.65	389186.42
145035D	339740.86	389136.12

145035E	339788.2	389238.88
145035F	339796.68	389245.19
145035G	339782.88	389214.62
145035H	339798.26	389206.53
145035I	339794.51	389194.31
145035J	339846.58	389244.8
145035K	339789.58	389132.77
145035L	339812.26	389145.59
145035M	339799.25	389141.05
145035N	339793.92	389136.91
145036	337525.52	393760.7
145037A	337641.89	393627.17
145037B	337648.59	393643.93
145037C	337652.73	393627.36
145038	340381.88	388324.3
145039	337579.76	393698.76
145040	337595.34	393711.78
145041	337555.3	393680.62
158001	342658.56	394977.44
158002	342683.02	394953.18
158003	342684.8	394942.13
158004	342673.36	395001.5
158005	342662.9	395001.7
158006	342653.24	394997.36
158007	342671.19	394959.1
158008	342735.49	394984.74
158009A	342586.18	394745.89
158009B	342600.18	394796.38
158009C	342797.81	394971.13
158009D	342772.57	394934.64
158010	342749.88	394905.05
158011	342751.66	394891.84
158012	342744.76	394867.58
158013	342584.6	394661.07
158014A	342783.22	394756.34
158014B	342765.47	394797.96
158019	342670	394709.4
158020	342652.25	395079.8
158021	342643.97	395063.83
158022	342639.24	395025.56
158023A	342726.81	394764.43
158023B	342729.17	394778.03
158023D	342720.1	394771.72
158024	342720.3	394741.15
158025	342768.03	394756.34

158027	342886.96	394988.09
158028	342894.46	394989.08
158029	342914.38	394942.73
158030	342784.99	394898.74
158031	342779.27	394794.21
158032	342618.72	394989.67
158034A	342551.27	394867.97
158034B	342575.13	395006.24
158035	342684.6	394930.89
158036	342709.06	394974.68
159001	342729.37	394510.58
159002A	342767.04	394479.62
159002B	342763.3	394490.86
159003	342711.42	394515.71
159004A	342736.28	394522.42
159004B	342750.87	394522.22
159004C	342731.15	394539.18
159004D	342729.77	394537.21
159004E	342747.91	394539.58
159005	342702.75	394502.69
159006	342716.55	394507.63
159007	342709.25	394518.28
159008A	342709.45	394542.73
159008B	342708.07	394545.3
159008C	342726.61	394547.27
159009	342844.56	394616.89
159010	342703.93	394552.2
159011	342689.33	394559.5
159012	342808.07	394490.27
159013	342850.67	394571.33
159014A	342846.53	394603.48
159014B	342851.07	394600.92
159015	342811.22	394584.35
159016	342840.22	394615.32
159017	342788.74	394722.81
159018	344315.93	393916.31
159019	342811.03	394733.06
159020	342964.08	394457.72
159021A	342912.6	394526.17
159021B	342944.75	394524.59
159021C	342946.92	394534.25
159022A	342868.42	394515.51
159022B	342869.41	394504.67
159023	342979.47	394441.95
159024	342914.58	394419.86

159025	342737.66	394556.34
159026	342913.39	394482.97
159027	342811.42	394718.47
159028	342802.35	394705.25
159029	342840.61	394638.79
159030	342861.52	394627.15
159031	342987.75	394448.26
159032	343029.17	394392.83
159033	342813.2	394637.8
159034	342853.24	394320.45
159035	342849.69	394320.84
159036	342556.99	394163.25
159037	342504.33	393679.63
159038	342380.86	393635.06
159040	342989.53	394147.67
159041	343420.68	394215.32
159042	343701.74	393389.1
159043	344555.97	393998.76
159045A	344858.13	393196.01
159045B	345161.08	392859.53
159045C	345955.15	391612.8
159046	344120.27	394095.6
159047	344599.36	390746.74
159048A	344315.93	388196.89
159048B	344297.59	388194.72
159049	344688.71	387671.85
159050	345916.89	388934.55
159051A	346900.5	386378.38
159051B	347250.59	386785.67
159052	342783.41	394434.06
159053	342352.85	395255.74
159054	342859.94	394620.44
159055	342699.98	394664.62
159057	342926.21	394445.3
159002B	342801.95	394660.88
159059	342897.42	394563.64
159060	342844.16	394612.75
159061	342846.33	394610.78
159062	342835.29	394621.43
159064	344904.09	393122.05
159065	342472.18	394468.97
159066	342744.95	394484.75
159067	342654.62	394525.77
159068A	342849.49	392846.51
159068B	342875.72	392904.5


159069	342833.51	394598.94
159070	346468.36	391002.16
159071	342805.9	394521.23
159072	342953.63	394504.27
159073A	347023.77	386289.43
159073B	347020.42	386279.76
159073C	347015.69	386275.22
159073D	347012.73	386269.11
159073E	347006.42	386262.4
159073F	346995.96	386244.46
159073G	347084.13	386383.7
159073H	347086.3	386390.8
159074	344121.46	394012.76
159075	344612.97	393947.48
159076A	344874.3	393198.18
159076B	344918.09	393314.55
159076C	344934.07	393321.65
159076D	344972.73	393298.38
159077	346889.06	391044.96
159078A	345778.04	390250.5
159078B	345816.5	390486.79
159078C	345913.73	390646.15
159078D	346252.98	390967.65
159079	346546.86	389517.38
159080	342034.32	394356.94
159081	343588.33	393282.99
159082A	347208.98	386722.75
159082B	347245.47	386771.86
159083	342132.54	393987.12
159084	342560.14	394643.13
159085	342413.99	395186.51
159086	342724.05	394524.39
159087	343883.79	392676.1
159088	343691.49	392575.51
159089	343301.55	393241.97
159090	344850.64	388406.15
159091	345294.02	392697.4
159092	344496.4	394070.16
159093	342839.03	394348.06
159094	344121.85	394013.95
159095	342631.54	393673.12
159096A	345909.59	388873.4
159096B	345939.38	388858.81
159098	343740.6	392629.75
159101	347194.58	386482.52

159102A	342271.59	391549.1
159102B	342274.94	391572.37
159102C	342181.65	391572.17
159102D	342244.17	391492.49
159102E	342246.34	391492.29
159103A	343844.93	389622.5
159103B	343862.09	389625.86
159103C	343869.19	389630.79
159104	342567.84	394640.96
159105	342574.54	394574.09
159106	342555.41	394458.71
159107	342546.93	394471.33
159108A	342526.42	394466.8
159108B	342525.04	394474.49
159108C	342517.54	394516.3
159109	342712.61	394672.32
159110	343560.32	392662.1
159111	342758.56	394230.12
159112	343469.79	392450.66
159113	342092.89	394653.38
159114	342571.58	394385.34


159115	342992.68	394459.89
159116	343947.3	389749.52
159117	342152.46	392030.15
159118A	342075.54	392217.13
159118B	342101.38	392221.08
159118C	342119.13	392216.54
159119	342398.61	393607.44
159120	342300.39	394015.92
159121	344998.37	390547.14
159122	343903.71	389854.85
159123	344195.42	388755.65
159124	343524.62	394011.38
159125	343466.05	392351.06
159126A	343279.86	392281.23
159126B	343281.83	392277.29
159126C	343273.35	392280.25
159126D	343282.22	392285.18
159127	343132.32	392277.68
159128	342976.7	392255
159129	343039.23	393070.57
159130	345242.35	392734.87

VIÐAUKI II: TÚNAKORT FRÁ 1919



Túnakort - Ásláksstaðir stærri og Ásláksstaðir innri




Túnakort Minna-Knarrarnes og Stóra Knarrarnes



Byggt á túnakorti frá 1919




Túnakort - Breiðagerði



Byggt á túnakorti frá 1919

Túnakort - Minni-Vatnsleysa og Stóra-Vatnsleysa



VIÐAUKI III: MINJAKORT

Loftmyndirnar voru fengnar hjá Sveitarfélaginu Vogum en eru eign Loftmynda ehf.

Yfirlitskort: Skráðar fornleifar í Sveitarfélaginu Vogum 1



Skýringar


- Skráðar fornleifar
- ↯ Grófar útlínur túnakorts
- ↯ Garðlög
- ↯ Leiðir
- ↯ Landamerki*

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki



kilómetrar

Yfirlitskort: Skráðar fornleifar í Sveitarfélaginu Vogum 2





Skýringar

- Skráðar fornleifar
- ▬ Grófar útlínur túnakorts
- ▬ Garðlög
- ▬ Leiðir
- ▬ Landamerki*

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki



Minjakort: Narfakot og Hlööðunes 1



Minjakort: Hlökkunes 2



137018
137036
137067
137049
137027

137060
137026

137059
137058
137057A-B


137056A-B
137055

137066
137065
137061
137064
137063


137062

137051

137017A-C



Minjakort: Ásláksstaðir innri og Ásláksstaðir stærri 1




Minjakort: Ásláksstaðir stærri 2




140045
140040
140055

140026

140056
140057



Minjakort: Minna-Knarrarnes og Stóra-Knarrarnes 1



Minjakort: Stóra-Knarrarnes 2



143027

143030

143043

143034A,C

143035

143014

143047

143024B

143026A-B

143032



kilómetrar



Minjakort: Breiðagerði 1



Minjakort: Breiðagerði 2



145010

145018

143014

145019


143023

145034A-B


145035A-I

145033

145038



Minjakort: Minni-Vatnsleysa og Stóra-Vatnsleysa 1



0 0,15 0,3

kilómetrar

159053

159085

158020

158021

158022

158034B

158032

158034A

158009B

158009A

158013

159084

159104

159105

159108C

159065

159108B

159108A

159107

159106

159080

158005

158004

158006

158008

158007

158002

158001

158003

158035

158023A-C

158024

158019

159055

159010

159011

159086

159007

159003

159005

159001

159006

159035

159034

158012

158014B

158031

158014A

159019

159017

159027

159028

159058

159033

159015

159010

159008A-C

159025

159004A-E

159074

159002B

159012

159002A

159066

159052

159057

159024

159093

158028

158027

158029

158010

158030

158011

158014B

158031

158014A

159019

159017

159027

159028

159058

159033

159015

159010

159008A-C

159025

159004A-E

159074

159002B

159012

159002A

159066

159052

159057

159024

158009C

158009D

158010

158030

158011

158014B

158031

158014A

159019

159017

159027

159028

159058

159033

159015

159010

159008A-C

159025

159004A-E

159074

159002B

159012

159002A

159066

159052

159057

159024

159029

159030

159016

159009

159054

159060

159061

159014A

159014B

159059

159021A

159022A-B

159072

159026

159020

159015

159011

159010

159032

159031

159030

159029

159028

159027

159026

159025

159024

159023

159022

159021

159020

159019

159018

159017

159016

159015

159014

159013

159012

159011

159010

159009

159008

159007

159006

159005

159004

159003

159002

159001

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000

158000


158000

158000

158000

158000

Minjakort: Stóra-Vatnsleysa 2



Minjakort: Stóra-Vatnsleysa 3



159122

159116

159103A-C

159123

159090

159048A-B

159049

159078D

159078C

159078B

159078A

159050

159096A-B

159079

159070

159077

159051B

159082A-B

159101

159073G-H

159073A-F

159051A

0

1

2

kílómetrar

